

14



Rannsóknir á burnirót

30

Elsta starfandi
járnvöruverslun Íslands

32

Atferli og atorka
býflugnanna

Bændablaðið

14. tölublað 2022 • Fimmtudagur 21. júlí • Blað nr. 615 • 28. árg. • Upplag 32.000 • Vefur: bbl.is



Árangur þeirra Jóns Arnar Ólafssonar og Eddu G. Ævarsdóttur á Nýjabæ undir Eyjafjöllum hefur vakið athygli en þau hafa átt eina þyngstu og vaxtarmestu nautgripi landsins síðustu ár. Það er meðal annars að þakka nautinu Vísi, sem er úr hópi fyrsta árgangs Aberdeen Angus gripa sem fluttir voru inn sem fósturvisar frá Noregi. Jón Örn og Vísir eru mestu mátar eins og hér sést, en þrátt fyrir að vera stærðarskepna er Vísir sérlega geðgöður og kelinn með eindæmum. – Sjá nánar á bls. 28–29.

Mynd / Guðrún Hulda Pálsdóttir

Landbúnaður í Úkraínu

Úkraínski landbúnaðarblaðamaðurinn Iurri Mykhailov segir ástandið í heimalandi sínu einkennast af ringulreið og fullkominni óvissu.

Ræktarland í Úkraínu er eitt það besta í heimi og talið að í landinu sé að finna um 30% af allri svartri og bestu ræktunarmold heimsins, um 42 milljónir hektara. Landið er stundum kallað brauðkarfa Evrópu vegna mikillar kornræktar. Ræktun á korni og sólblómum er stórtæk í landinu og flestir akrar á stærðarbilinu tíu þúsund til hundrað þúsund hektarar og umfangið því gríðarlegt.

Mykhailov segir að ef horft sé til áhrifa stríðsins á landbúnað þá sitji þjóðin uppi með rúmlega 20 milljón tonn af korni af uppskeru síðasta árs sem ætluð var til útflutnings. Uppskeyra korns þessa árs er hafin og búist er við að hún verði yfir meðallagi og einhvers staðar á bilinu 60 til 70 milljón tonn.

„Geymslugeta í landinu er ekki næg til að taka á móti öllu því magni til viðbótar við þau 20 milljón tonn sem fyrir eru. Ástandið er því þannig að Úkraínemenn vita ekki hvað þeir eiga að gera við uppskeruna á meðan ekki er hægt að flytja hana úr landi,“ segir Mykhailov. /VH

Sjá nánar á bls. 20–21.

Aukinn áhugi fjárfesta á matvælaframleiðslu:

Fasteignafyrirtæki kaupir Lambhaga

– Heildarvirði hins selda gæti numið allt að 4.230 milljónum króna

Viðræður um kaup fasteignafélagsins Eikar hf. á garðyrkjustöðvunum Lambhaga í Úlfarsárdal og Lundi í Mosfellsdal eru í lokaferli.

Ákvörðun endanlegs kaupverðs er háð fyrirvörum, meðal annars um framkvæmd og niðurstöður áreiðanleikakannana, en að óbreyttu gæti heildarvirði hins selda í viðskiptunum numið allt að 4.230 milljónum króna. Kaup Eikar á Lambhaga sýna aukinn áhuga stórra fjárfesta á matvælaframleiðslu.

Lambhagi er löngu landsþekktur fyrir framleiðslu sína á Lambhagasalat og kryddi og stærsti framleiðandi salats á landinu. Hafberg Þórisson, eigandi Lambhaga, stofnaði stöðina árið 1979. Kaupverðið er áætlað rúmlega 4,2 milljarðar króna.

Lambhagavegur 23 á 11.944 fermetra gróðurhúsi í Úlfarsárdal í Reykjavík auk íbúðarhúsnæðis og Laufskálar eiga lóð og fasteign í Lundi í Mosfellsdal, sem er 6.821 fermetri auk 14.300 fermetra byggingarheimildar. Í

atvinnuhúsnæði félaganna fer fram grænmetisrækt Lambhaga ehf. sem einnig er í eigu seljanda.

Fasteignamat rúmir 1,3 milljarðar

Með í kaupunum fylgir nýleg starfsemi fyrirtækisins að Lundi í Mosfellsdal með nýjum gróðurhúsum og tæknibúnaði. Fasteignamat eignanna árið 2023 er rúmlega 1,3 milljarðar króna. Samkvæmt fasteignamati Þjóðskrár fyrir árið 2023 er fasteignamat Lambhaga tæplega 790 milljónir en Lundar í Mosfellsdal 513 milljónir króna.

Samkvæmt ársreikningi var 38 milljónir króna tap á rekstri Lambhaga árið 2020 en á árunum 2017 til 2019 hagnaðist fyrirtækið um 94 milljónir króna. Ársreikningur fyrir 2021 liggur ekki fyrir.

Eina lögbýlið innan borgarmarkanna

Lambhagi er vel staðsett í Úlfarsárdal og því geysilega verðmætt land sem

gæti orðið byggingarland í náinni framtíð. Bæði Lundur og Lambhagi eru lögbýli. Munurinn á lögbýli og annars konar býlum felst meðal annars í því að lögbýlum fylgir lagaleg festa og ekki er hægt að brjóta þau upp með eignarnámi nema eftir lögformlegum leiðum.

Staða lögbýla er sterk í Evrópu og litið á þau sem fæðuframleiðslusvæði sem ekki má taka undir byggingarland nema við mjög sérstakar aðstæður og langt og strangt ferli.

Sáttur við kaupverðið

Hafberg Þórisson, garðyrkjubóndi og eigandi Lambhaga og Lundar, segir að þrátt fyrir að kaupin séu enn í ferli eigi hann ekki von á að þau gangi eftir.

„Mér skildist að samþykki ætti að liggja fyrir í lok síðustu viku en núna skilst mér að þar vanti formlegt samþykki hluthafafundar fyrir kaupunum sem verður haldinn í byrjun næstu viku.“

Fasteignafélagið Eik hf. kaupir land og húsnæði Klappar sem er

eignarhaldsfélag sem heldur utan um eignir Lambhaga og Lundar. Síðan er hugmyndin að selja eða leigja reksturinn án þess að ég geti sem stendur sagt hver komi til með að gera það.“

Að sögn Hafbergs fékk hann úthlutað landi við Lambhaga árið 1977 og hefur rekið þar garðyrkjustöð frá 1979, en hann keypti Lund í Mosfellsdal árið 2007 og hóf uppbyggingu þar.

Hafberg segist vera sáttur við kaupverðið. „Þetta leggst vel í mig og ég held eftir skika af Lundi og ætla að reisa mér hús þar og njóta lífsins. Ég fylgi ekki með í kaupunum og ætla að láta öðrum eftir reksturinn og áframhaldandi uppbyggingu stöðvanna.“

Vænleg fjárfesting

Garðar Hannes Friðjónsson, forstjóri fasteignafélagsins Eikar, sagði í samtali við Bændablaðið að hugmyndin væri að báðar garðyrkjustöðvarnar yrðu leigðar áfram til rekstraraðila sem héldi

áfram rekstri í þeim. Samhliða kaupum Eikar á fasteignunum mun því annar aðili kaupa reksturinn.

„Fjárfestingin býður upp á vænlega arðsemi auk stuðnings við íslenska matvælaframleiðslu. Það er mat okkar að matvælaframleiðsla sé vaxandi atvinnugrein á Íslandi sökum fjölgunar íbúa og ferðamanna, auk þess sem viðskiptin falla vel að yfirlýstum markmiðum stjórnvalda, um að auka sjálfbærni og efla fæðuöryggi.“

Í tilkynningu frá fasteignafélaginu Eik hf. vegna viðræðna um kaupin segir að Eik fasteignafélag hf. hafi skrifað undir samkomulag um helstu skilmála kaupsamnings um allt útgefið hlutafé í Lambhagavegi 23 ehf. og Laufskálum fasteignafélagi ehf.

Samkomulagið felur jafnframt í sér einkarétt til að vinna með seljanda og ráðgjöfum hans við að ná endanlegu samkomulagi um viðskiptin og klára kaupsamningsgerð og áreiðanleikakönnun. Bæði félögin eru að fullu í eigu Klappar eignarhaldsfélags ehf. /VH

FRÉTTIR

Greiðslna að vænta í september

Unnið er að undirbúningi greiðslna til bænda samkvæmt tillögum spretthóps sem matvælaráðherra skipaði í júní, að því er fram kemur í tilkynningu frá matvælaráðuneytinu.

Tillögurnar miðuðu að því að styðja sérstaklega við íslenskan landbúnað með 2,5 milljarða króna framlagi til að tryggja fæðuöryggi á Íslandi.

Í tilkynningunni kemur fram að kapp sé nú lagt á að hægt verði að greiða fyrstu greiðslur í september, en gert er ráð fyrir því að stærsti hluti þeirra fjármuna sem



eru til ráðstöfunar verði greiddur í formi álags á greiðslur skv. búvörusamningum.

Greiðslur vegna svína-, alifugla- og eggjaframleiðslu eru síðan á áætlun í október. /ghp

Tilboðsmarkaður mjólkur

Næsti markaður fyrir greiðslu mark mjólkur verður haldinn 1. september næstkomandi.

Opnað hefur verið fyrir tilboð, en tilboðsfrestur rennur út á miðnætti 10. ágúst næstkomandi. Tilboðum um kaup og sölu greiðslumarks skal skila rafrænt inn á www.afurd.is.

Líkt og áður er að hámarki hægt að óska eftir 50.000 lítrum til kaups á hverjum markaði, eða alls 150.000 lítrum árlega. /VH



Sumarlokun Bændasamtakanna

Skrifstofur Bændasamtakanna verða lokaðar frá 18. júlí til 9. ágúst vegna sumarleyfa starfsfólks. Bændur sem vantar aðstoð við skýrsluhaldsforritin Huppa, Fjávís, World Fengur, Heiðrún, Jörð og dkBúbót er bent á að hafa samband við Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (s. 516-5000). Fyrirspurnum um opinberar greiðslur skal beina til matvælaráðuneytisins (s. 545-9700).

Bændablaðið kemur út þann 21. júlí nk. og verður ritstjórn blaðsins að störfum til og með 20. júlí en þá skella þau sér einnig í vel verðskuldað sumarfrí til 12. ágúst. Bændablaðið mun því ekki koma út þann 11. ágúst en útgáfa blaðsins þann 25. ágúst verður stærri að umfangi. Fram að 20. júlí verður hægt að ná í ritstjórn Bændablaðsins í gegnum bein númer starfsmanna, sem nálgast má á vefsíðu Bændablaðsins, bbl.is og á bondi.is.

Njótið sumarsins!

Kartöfluuppskera lofar góðu:

Fyrstu kartöflurnar komnar í verðslanir

Kartöflubændur við Hornafjörð og í Þykkvabæ eru farnir að taka upp fyrstu kartöflurnar og senda í verðslanir. Að sögn kartöflubændna lítur ágætlega út með kartöfluuppskeru í ár.

Kartöflumygla náði talsverðri útbreiðslu á Suðurlandi síðastliðið sumar, ekki síst í Þykkvabæ. Mygla breiddist hratt út og hennar varð vart í Flóanum, í uppsveitum Arnessýslu, í Landeyjum og víðar á þeim slóðum.

Hornfirðingar hafa í gegnum tíðina passað sig á að setja ekki niður útsæði frá myglusvæðum og haft með sér samtök um það og kartöflumygla óþekkt þar um slóðir.

Fyrst premier og svo gullauga

Hjalti Egilsson, kartöflubóndi að Seljavöllum í Nesjum við Hornafjörð, tók upp fyrstu kartöflurnar til heimilisins í síðustu viku.

„Ég byrjaði svo fyrir alvöru að taka upp um helgina og sendi fyrstu uppskeruna, tvö til þrjú tonn á dag, í verðslanir í Reykjavík í kjölfarið. Eg sé ekki betur en að uppskeruhorfur séu góðar þrátt fyrir að við höfum tvisvar sinnum, það sem af er sumri, fengið mikið hvassviðri sem dró úr vexti og seinkaði uppskerunni.

Fyrstu dagana tókum við upp premier, sem er fljótspottid afbrigði, en í framhaldi af því snúum við okkur alfarið að gullauga.

Að sögn Hjalta hefur hann ekki heyrt annað en að kartöfluvöxtur líti almennt vel út hjá bændum við Hornafjörð og að þeir sem ekki eru þegar byrjaðir að taka upp muni gera það fljótlega.

Blessunarlega laus við myglu

Markús Ársælsson, bóndi í Há koti í



Hjalte Egilsson, bóndi á Seljavöllum, með nýjar premier kartöflur.

Mynd / Halldóra Hjaltadóttir



Markús Ársælsson, bóndi í Há koti, með fyrstu uppskeru ársins.

Mynd / Halldóra Hafsteinsdóttir.

Þykkvabæ, segir að nokkrir bændur í sinni sveit séu farnir að taka upp og senda í verðslanir.

„Ætli sá fyrsti hafi ekki byrjað fyrir hálfum mánuði en ég tók fyrstu kartöflurnar upp um miðja síðustu viku. Það er fullsnemma að segja til um hvernig uppskeran verður eftir sumarið enda bara miður júlí en sé horft til þess sem komið er lítur sprettan vel út. Eins og alltaf eru það fljótspottin afbrigði eins og premier sem við tókum upp fyrst.“

Kartöflumygla var talsvert vandamál í gördum í Þykkvabæ á síðasta ári en Markús segir að þau hafi verið blessunarlega laus við hana það sem af er þessu sumri.

„Menn eru því á verði gagnvart henni og gert þær ráðstafanir sem í þeirra valdi eru til að koma í veg fyrir hana.“ /VH

Greina hráefni í unnum matvörum

– Matvælavinnslur geta innleitt tækni í gæðaeftirlit

Unnar matvörur eru berskjaldaðar fyrir matvælasvindli. Erlendis hefur komist upp um mörg tilvik þar sem slíkar vörur hafa verið ranglega merktar. Mátis hefur nýlega lokið verkefni sem prófar raðgreinatækni sem greinir hráefni á unnum matvælum.

„Oft og tíðum hefur vantað merkingar um tilteknar fisk- og dýrategundir á innihaldslýsingu vöru. Auðvitað getur alltaf verið um mistök að ræða af hálfu framleiðenda en engu að síður er tegundasvindl í matvælaframleiðslu gjarnan vísitandi, þar sem dýru hráefni er skipt út fyrir ódýrari vöru,“ segir Sæmundur Sveinsson, verkefnastjóri hjá Mátis.

Hann bendir á að tap á trausti neytenda geti verið mjög dýrkeypt fyrir fyrirtæki í matvælaframleiðslu og smávöruverðslanir. Ef upp kemst um tegundasvindl í matvælaframleiðslu getur það haft mikið tjón í för með sér fyrir orðspor fyrirtækjanna og getur minnkað umsvif viðskipta sem hefur að lokum neikvæð áhrif á samkeppnishæfni greinarinnar í heild.

„Hefðbundnar greiningaraðferðir á innihaldsefnum í unnum matvælum eru flestar flóknaar í



Sæmundur Sveinsson, verkefnastjóri hjá Mátis.

framkvæmd og hægvirkar.

Nýlegar og afkastamiklar aðferðir í raðgreiningu erfðaeftnis (DNA) eru margar mjög kostnaðarsamar og innleiðing þeirra felur í sér háan fjárfestingarkostnað, bæði í tækjabúnaði og hjálfulum starfsfólki,“ segir Sæmundur, sem hefur unnið að verkefnum DNA Complex á síðustu misserum en það miðar að

þróun aðferða sem byggja á notkun Nanopore raðgreiningartækni til hraðvirkra og hagkvæmra greininga á innihaldsefnum unninna matvæla.

Einföld tækni

Verkefnið nýtir sér MinION raðgreini, frá fyrirtækinu Oxford Nanopore, til þróunar á áreiðanlegum, hraðvirkum og hagkvæmum greiningum innihaldsefna í unnum matvörum með DNA raðgreiningu að sögn Sæmundar. „MinION er lítill og meðfærilegur DNA raðgreinir og vonir standa til að þetta verkefni muni skila af sér hagkvæmri aðferð til greiningar innihaldsefna í unnum matvælum. Tæknið er ódýrt og einfalt í notkun og markmiðið er að þjálfa starfsfólk belgískar verðslanakeðju í notkun tækisins.“

Verkefninu er nú nýlega lokið. Helstu niðurstöður þess eru að MinION tækni virkar vel til að greina hráefni í unnum matvælum og ekki skiptir máli hvort um kjöt- eða fiskafurð er að ræða. Tækni er einföld í notkun og því gætu matvælavinnslur innleitt aðferðafræðina í tengslum við hefðbundið gæðaeftirlit. /ghp

TILBOÐ Á GARÐHÚSUM! TIL Á LAGER

BREKKA 34 - 9 fm

25% afsláttur

Tilboðsverð
489.000 kr.

Afar einfalt er að reisa húsin okkar. Uppsetning tekur aðeins einn dag

VANTAR ÞIG PLASS?

STAPI - 14,98 fm

25% afsláttur

Tilboðsverð
779.000 kr.

NAUST - 14,44 fm

30% afsláttur

Tilboðsverð
539.000 kr.

Ítarlegar upplýsingar og teikningar ásamt ýmsum öðrum fróðleik má finna á vef okkar

www.kofaroghus.is - Sími 553 1545



KOFAR OG HÚS

KRONE heyvinnuvélar

til afgreiðslu strax!



ActiveMow R320

Hliðartengd sláttuvél

Vinnslubreidd 3.22 m.

1.799.000 + vsk.

EasyCut F320 M

Frams láttuvél

Vinnslubreidd 3.16 m.

1.999.000 + vsk.



Swadro TC880 Plus

Miðjurakstrarvél

Vinnslubreidd 7.6-8.8 m.

4.499.000 + vsk.

Plus útfærsla: Auka stjórnbox inn í vél og hægt að gera meira með rafstýringu og vökva, ekkert mekanískt og þarf aldrei út úr vél. Gormafjöðrun á stjörnum.

KW 7.92/8

Lyftutengd snúningsvél

Vinnslubreidd 7.9 m.

2.399.000 + vsk.



Segway Snarler AT6 L fjórhjól

Virkilega vel útbúin 570 cc. hjól til afgreiðslu strax!

Rafmagnsstýri, spil, dráttarkúla, rafmagnsdriflæsingar, 14" beadlock felgur, 26" dekk, handahlífar, dráttarvélaskráning.



Verð aðeins
1.899.000 m/ vsk.

Þú finnur allt um Segway fjórhjól og buggybíla á

hesja.is



HESJA

hesja.is | hesja@hesja.is | Kópavogur: 546-0415 | Akureyri: 415-6415

FRÉTTIR

Fundir með bændum

Bændasamtök Íslands halda bændafundi um allt land í ágúst.

Rætt verður um stöðu landbúnaðar, komandi búvörusamninga, afkomu, horfur og annað sem brennur á bændum.


Léttar veitingar verða í boði á fundunum, en þeir verða sem hér segir:

- 22. ágúst kl. 12 á Landnámssetrinu í Borgarnesi
- 22. ágúst kl. 20 í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði
- 23. ágúst kl. 12 á Hótel Laugarbakka
- 23. ágúst kl. 20 á Ljósheimum í Skagafirði
- 24. ágúst kl. 12 í Hlíðarbæ í Eyjafirði
- 24. ágúst kl. 19 í Breiðamýri í Þingeyjarsveit



BÆNDASAMTÖK
ÍSLANDS

- 25. ágúst kl. 20 í Kirkjubæjarklaustri
- 26. ágúst kl. 12 í Goðalandi í Fljótshlíð
- 26. ágúst kl. 16 á Icelandair Hótel Flúðum.



Fleiri nýir sveitarstjórnar ráðnir

Á síðustu vikum hafa nokkrir nýir sveitar- og bæjarstjórnar ráðnir til starfa kringum landið.

Geir Sveinsson fékk starf bæjarstjóra í Hveragerði og tekur þar við af Aldísi Hafsteinsdóttur sem hefur stýrt bænum í 16 ár.

Í Mosfellsbæ tekur **Regína Ástvaldsdóttir** við bæjarstjórastól Mosfellsbæjar, en hún var áður bæjarstjóri á Akranesi og sviðsstjóri velferðarsviðs Reykjavíkurborgar. Í Norðurþingi tekur **Katrín Sigurjónsdóttir**, fyrrverandi sveitarstjóri Dalvíkurbyggðar, við keflinu af Kristjáni Þór Magnússyni. Þá mun **Iða Marsibil Jónsdóttir** gegna embætti sveitarstjóra Grímsnes- og Grafningshreppar, en hún hefur á undanföllum árum alið manninn í Vesturbyggð og var þar meðal annars forseti bæjarstjórnar.

Nokkur umræða skapaðist um ráðningu **Björns Bjarka Þorsteinssonar** í starf sveitarstjóra Dalabyggðar, en hann var ekki meðal umsækjenda um stöðuna.

Hann hefur verið framkvæmdastjóri Brákarhlíðar í Borgarnesi.

Unnur Valborg Hilmarsdóttir var ráðin í starf sveitarstjóra Húnaþings vestra í byrjun mánaðarins en er málefnum sveitarfélagsins nokkuð kunn, enda fyrrum oddviti sveitarstjórnar. **Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir** verður sveitarstjóri Dalvíkurbyggðar en hún hefur áður gegnt starfi sveitarstjóra á Tálknafirði.

Sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps réði **Þórunni Sif Harðardóttur** í starf sveitarstjóra en hún hefur unnið hjá hreppnum undanfarið ár og áður verið virkur þátttakandi í sveitarstjórnarmálum hjá Akureyrarbæ. **Stefán Broddi Guðjónsson** tekur við kefli Þórdísar Sifjar Sigurðardóttur í Borgarbyggð. Stefán Broddi ólst upp í Borgarnesi og hefur síðastliðinn áratug starfað hjá Arion banka.

Þá er **Hulda Kristjánsdóttir** nýr sveitarstjóri í Flóahreppi og tekur þar við starfi af Eyðísi Þ. Indriðadóttur. /ghp



Mikil tækifæri geta falist í því fyrir bændur að verka og selja kjöt milliliðalaust.

Myndir / Eyðís Magnúsdóttir

Slátrun á lífrænu sauðfé vandkvæðum bundin:

Slátruhús sjá ekki hag sinn í að viðhalda lífrænni vottun

Eyðís Magnúsdóttir og Rúnar Máni Gunnarsson í Sölvanesi í Skagafirði fengu lífræna vottun fyrir sauðfjárnúttu sitt vorið 2021, eftir að hafa farið í gegnum þriggja ára aðlögunarferli. Í sömu viku og vottunarstofan Tún fullgilti lífræna vottunina þeirra bárust fréttir af því að öll slátruhús í þeirra landshluta myndu ekki endurnýja sína lífræna vottun.

Með því varð Slátruhús Vesturlands í Borgarnesi eina slátruhúsið á landinu sem hefur viðhaldið sinni lífræna vottun frá Túni. Þetta gerist í kjölfar þess að breytingar urðu á aðbúnaðarkröfum til lífræns sauðfjárnúttu sem varð til þess að allir sauðfjárnúttu, nema þau í Sölvanesi, misstu sína vottun. Bæði vegna hás flutningskostnaðar og þeirrar þversagnar að flytja lífræna slátrugripi um svo langan veg fannst þeim óraunhæft að senda féð í Borgarnes. Þar af leiðandi slátruðu þau öllum sínum lömbum í slátruhúsi SAH á Blönduósi haustið 2021 og gátu ekki markaðssett kjötið sem lífrænt.

„Síðasta haust voru lömbin okkar lífræn alveg þangað til þau fóru í slátruhúsið,“ segir Rúnar Máni.

Slátruhúsin þurfa að sækja um þessa lífræna vottun á hverju ári og er það kostnaðarsamt. SAH afurðir á Blönduósi höfðu endurnýjað sína vottun þangað til á síðasta ári.

„Okkur fannst skjóta skökku við að keyra féð okkar í Borgarnes og koma svo með það til baka aftur til þess að verka það – en við vinnum allt kjötið á Skagaströnd og seljum sjálf,“ segir Rúnar Máni.

„Það er ekki alveg í takti við þessa lífræna hugmyndafræði að lengja flutningsleiðina – meira en tvöfalda hana,“ bætir Eyðís við.

Kostnaður við vottun lendir á Sölvanesbændum

Rúnar segir að þau séu í viðræðum við SAH afurðir núna, í samvinnu við Tún, um að þeir slátri í verktöku undir þeirra vottun. „Við þurfum þá persónulega að sjá til þess að Tún fái aðgang að slátruhúsinu til þess að skoða aðbúnað – og greiða sjálf



Eyðís Magnúsdóttir og Rúnar Máni Gunnarsson eru með lífrænt sauðfjárnúttu í Sölvanesi. Þeim hefur reynst erfitt að koma lömbunum í slátruhús sem eru lífrænt vottuð.

fyrir úttektina.“

Ef það gengur eftir þá fá þau að nota vottunarmerkið. „Við erum ekki búin að fá á hreint hver kostnaðurinn við að votta slátruhúsið verður. Nú erum við þegar búin að borga rúmlega 200 þúsund fyrir vottunina hérna heima og þurfum við að gera það á hverju ári,“ segir Eyðís.

Þegar málin fara að skýrast þá þurfa þau að meta það hvort þessi aukakostnaður borgi sig. Rúnar segist alveg búast við því að það verði svipað dýrt og að fá vottunina á bænum og þar með tvöfaldað vottunarkostnaðurinn.

„Þá er orðið býsna mikið sem við þurfum að leggja á lambakjötið til þess að þetta borgi sig. Við slátrum ekki nema 300 lömbum á ári þannig að það getur orðið snúið að láta dæmið ganga upp.“

Hvort kemur á undan, hænna eða eggjó?

Eyðís bendir á að Ísland sé búð að skuldbinda sig til til þess að styðja við lífrænan búskap.

„Það er gert á margan hátt – t.d. aðlögunarstyrkjum til bænda og með því fjármagni sem fer til VOR. Spurningin er þó hvort það þyrfti ekki eitthvert fjármagn að vera í boði fyrir slátruhús sem myndu vilja endurnýja sína lífræna vottun. Ef ekki er hægt að slátra lífræna búfé þá eru ekki miklar líkur til þess að

fleiri myndu vilja komast í þann búskap og ef enginn er í lífrænni ræktun þá munu slátruhúsin ekki endurnýja sínar vottanir. Þetta er eins og með eggjó og hænuna – hvort kemur á undan? Það er mjög skýrtin staða að vera komin með lífræna vottun heima á bæ, en vera svo komin út í horn með slátrumálin.“

Lífrænt býður upp á ýmis tækifæri

Rúnar segir að lambakjöt selt beint frá lífrænt vottuðu sauðfjárnúttu sé auðseljanleg vara. Þau verka allt sitt kjöt sjálf og koma því til neytenda upp á eigin spýtur.

„Virðisaukinn verður eftir heima á búinu þar sem við erum ekki að borga öðrum fyrir að verka kjötið og koma því á markað. Svo er enginn sem bannar okkur að segja frá því að sjálft búíð sé vottað en þetta slitni í slátruhúsinu.“

Eyðís telur tækifæri leynast í lífrænum búskap – sérstaklega fyrir minni sauðfjárnúttu sem selja afurðir sínar sjálf. „Þau sem vilja kaupa okkar vörur geta haft beint samband við okkur, en við seljum beint frá býli á haustin – og keyrum heim til fólks.“

Einnig er hægt að fá kjötið þeirra á Kaffi Laugalæk, á stöku bændamörkuðum og með Bíl smáframleiðenda sem ferðast um Norðurlandið. /AL

KJARNAGLUGGAR

GLUGGI Í GLUGGA

- TILVALIÐ VIÐ ENDURNÝJUN
GLUGGA

- ENDINGAGÓÐIR
PLASTGLUGGAR



Kjarnagluggar ehf. | Roðamói 9 | 626 1011
sala@kjarnagluggar.is | www.kjarnagluggar.is

Velkomin í nýja verslun Skeljungs!

Þú færð gæða vörur frá Shell, Koch-Chemie,
VatOil og Venol í nýrri verslun Skeljungs,
Skútuvoði 1, Reykjavík. Vertu velkomin.



Þú gætir
unnið ferð
á enska
boltann!

Allir sem versla vörur í nýrri verslun Skeljungs Skútuvoði 1 eða á vefverslun eiga möguleika á að vinna ferð fyrir tvo á enska boltann í haust.

Skeljungur, traustur félagi



Skeljungur

Bændablaðið

– Mál gagn bænda og landsbyggðar –

Ritstjóri: Guðrún Hulda Pálsdóttir (ábm.) gudrunhulda@bondi.is – Sími: 563 0339 – Blaðamenn: – Ástvaldur Lárússon astvaldur@bondi.is – Margrét Þóra Þórsdóttir mth@bondi.is

Sigrún Pétursdóttir sigrunpeters@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vilundur Hansen vilundur@bondi.is

Auglýsingastjóri: Þórdís Una Gunnarsdóttir thordis@bondi.is – Sími: 563 0303

Netfang auglýsinga: thordis@bondi.is – Sími smáauglýsinga: 563 0300 – Vefur blaðsins: www.bbl.is – Netfang blaðsins: (fréttir og annað efni) er bbl@bondi.is

Frágangur fyrir prentun: Sigrún Pétursdóttir – Prentun: Landsprent ehf. – Upplag: sjá forsiðu – Dreifing: Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

Bændablaðið kemur út 24 sinnum á ári. Því er dreift ókeypis á yfir 400 stöðum á landinu og á öllum lögbýli landsins.

Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu burðargjalds. Árgangurinn (24. tölublað) kostar þá kr. 12.200 með vsk. (innheimt í tvönu lagi). Ársáskrift fyrir eldri borgara og öryrkja kostar 8.000 með vsk.

Heimilisfang: Bændablaðið, Bændahöll við Hagatorg, 107 Reykjavík.

Sími: 563 0300 – Kt: 631294-2279

Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.

SKOÐUN

Gúrkutið

Runnin er upp sumartíð, ferðatíð og þar með gúrkutið hjá fjölmöldum. En ekki bændum.

Þeir hafa í nógu að snúast langa sumardaga og nætur við bústörf, heyverkun og framleiðslu svo við hin getum gengið að góðum mat vísium í næstu búð. Árstiðabundnar vörur garðyrkjubænda fara nú að tínast í verslanir og vert að velja þær gæðavörur þegar það er í boði. Eins og fram kemur í blaðinu er kartöfluppskera hafin og brátt bætist útiræktaða grænmetið við.

Við búum svo vel að matarkistunni sem eyjan okkar er. Dag hvern berast nú hamfarafreittir af hitabylgjum, flóðum og skógareldum sem raskar landbúnaði og lífsgæðum um allan heim. Bætist sá vandi ofan á volæði og ömurð síðustu missera og undirstrikar sem aldrei fyrr mikilvægi þess að stuðla að sjálfbærni þjóða. Eins og staðan er í dag eru möguleikarnir til þess að mörgu leyti betri hér á landi en víða annars staðar. Hér er friður og pláss. Nóg er af landgæðum, hita og vatni auk þess sem veðurskilyrði eru að breytast til hins betra fyrir ýmsa jarðyrkju. Hér er líka hugvit og þekking, metnaður og vilji til verka.

Vaxtarmöguleikar í garðyrkju og kornrækt eru gríðarlegir og það eru stórfjarfestar að átta sig á eins og kemur fram í forsiðufrétt blaðsins. Kaup Eikar á Lambhaga eru risavaxin, fela í sér tröllauknar fjárhæðir fyrir verðmæta borgarlóð fyrirtækis sem framleiðir yfir 80% af öllu salati á landinu. Áhugavert verður að fylgjast með þróun á umhverfi garðyrkjuframleiðslu í framhaldi af þessari stórfregni.

Eins og staðan er núna sjá um 200 garðyrkjubændur fyrir um 43% af framboði grænmetis á landinu og innlend framleiðsla á korni til manneldis er aðeins um 1% af heildarneyslu.

Einhverra hluta vegna hefði ég haldið að umfang garðyrkjuframleiðslu hefði aukist mikið á síðastliðnum áratug en svo fer fjarrí, ef marka má framleiðslutölur úr mælaborði landbúnaðarins. Þar munar varla neinu á mörgum magnötolum milli árána 2021 og 2011. Jafn mikið var framleitt af blómkáli, gulrótum, sveppum þá og nú. Gúrkur, tómatar, paprikur, rófur og kartöflur hafa vaxið eitthvað. Hástökkvaramir eru hvítkál og kínakál. Árið 2011 var framleitt 207 tonn af hvítkáli og 54 tonn af kínakáli, en í fyrra var talan 449 tonn fyrir hvítkál og 185 tonn fyrir kínakál.

Þessar tölur eru takmörkunum háðar og miðast til að mynda við skilyrði um opinberan rekstrarstuðning sem nú loksins er verið að endurskoða. Löngum hefur verið hvatt til meiri fjölbreytni afurða og aukins sveigjanleika bænda til að framleiða fleiri tegundir. Þá án þess að verða af sömu möguleikum á eðlilegu lífsviðurværi og ræktun einnar tegundar gefur. Væri ekki dásamlegt ef normið væri að íslenskar baunir, kúrbítur, eggaldin og aspas fengjust alla jafna út í búð?

Annar þáttur sem gæti gefið garðyrkjunnar byr undir báða vængi væri uppfærsla og efling menntunar á sviðinu, en vænta má mikils af Fsu gagnvart iðnnáminu. Þá væri akkur í garðyrkjumenntun á háskólastigi.

Þriðji þátturinn tengist aðgengi að vinnuástöðu og innviðum. Þörf er á landsvæðum með jarðhita, fjármagni til að byggja upp framleiðslu, tækjum til að vinna úr afurðunum neysluhæfar matvörur svo ekki sé talað um húsnæði fyrir starfsfólk sem kys að starfa við garðyrkju. Vona ég að nýtt átak í húsnæðismálum sem innviðaráðherra kynnti nýlega muni verða til þess að framboð á hífylum í nálægð við garðyrkjuframleiðslu aukist.

/ghp

Innviðirnir okkar

Gunnar Þorgeirsson

formaður Bændasamtaka Íslands

gunnar@bondi.is



Um enga grein jarðyrkjunnar hefur verið jafntíðrætt eins og kornyrkjuna. Ótal margir hafa reynt við verkefnið, sumum lánast vel, öðrum miður.

Stjórnvöld hafa svo lengi sem elstu menn muna, hvatt og styrkt til þessarar viðleitni. Enn á þó eftir að finna fullkomna lausn á því hvernig við eflum kornrækt hér á landi og hvað sé arðvænlegt og hagkvæmt. Nauðsynlegt er að stórefla kynbætur á korni til að aðlagja það að íslenskum aðstæðum. Þá þurfi einnig að skapa bændum sem hefja slík verkefni vænleg starfskilyrði, t.a.m. með korntryggingum, líkt og Norðmenn hófu að gera upp úr 19. öldinni sem varð til þess að kornrækt óx hröðum skrefum þar á landi.

Landbúnaðarháskóla Íslands hefur nú verið falið að vinna drög að aðgerðaáætlun til eflingar kornræktar. Áætlunin er unnin að beiðni Svandísar Svavarsdóttur matvælaráðherra. Mikilvægi innlendir kornræktar hefur aukist verulega í takti við aukið vægi fæðuöryggi síðustu misseri. Það er mikilvægt að við sem þjóð séum sem mest sjálfbjarga og einn liðurinn í þeirri sjálfsbjargarviðleitni er kornræktin.

Starfshópi ráðherra verður m.a. falið að kanna fýsileika innlends kornsamlags, ásamt því að skilgreina þarfir á lágmarkskornbirgðum í landinu. Einnig er hópnun falið að skilgreina heppileg landsvæði til kornræktar og það er von mín að hópurinn sé reiðubúinn að stíga út fyrir boxið, jafnvel til Bessastaða þar sem sáð var korni um miðja 18. öld sem heppnaðist vel! Vinna hefst við verkefnið í ágúst nk. og áætlað er að stöðuyfirlit verði veitt í desember 2022 og lokaskýrsla skilað í mars 2023.

Það verður athyglisvert að fylgjast með framvindu þessara tillagna þar sem Bændasamtökin hafa kallað eftir skýrri stefnu um framþróun á kornrækt og akuryrkju á Íslandi. Ég tel að þarna séu möguleikar fyrir íslenskan landbúnað til stóreflingar á ræktun afurða sem ella eru fluttar inn. Það er mikilvægt að samtali verði við þá sem stunda þessa framleiðslu, hvort sem er í smáum eða stórum stíl. Það er mikilvægt að hlúa einnig að þeirri framleiðslu sem nú þegar er í landinu svo þau tækifæri sem er verið að nýta í dag verði eflað. Þetta verkefni á ekki að vera átaksverkefni heldur uppbygging til framtíðar með skýra framtíðarsýn.

Staðsetningin skiptir máli

Á Þorvaldseyri hefur verið ræktað korn á hverju ári frá 1960. Á svæðinu, var áður fyrr heykökuværsmiðja og var það mikið lán fyrir ábúendur, á þeim tíma, að geta nýtt ýmsan vélbúnað og breyta í kornþurrkara. En það er skortur á innviðum í fullvinnslu og úrvinnslu korns sem háir kornbændum verulega, enda er þurrkun korns orkufrek og krefst innviða í lagningu raforku. Einnig má benda á að til að fullvinnslan geti átt sér stað hérlendis þarf að byggja miðlæggar myllur til mölunar á korni sem væri mikið framfaraspor fyrir kornbændur og neytendur hér á landi.

Staðsetning væntanlegs samlags auk þurrkstöðva og korngeymslna er því sérlega mikilvæg og því verður lögð áhersla á að finna sem hentugasta staðsetningu. Þar spilar inn í nálægð við framleiðendur, markaði, nýtingu jarðvarma o.fl. Þá sé mikilvægt að kanna hvort hægt sé að nýta fyrirleggjandi innviði sem best í þessu samhengi, s.s. þurrkstöðvar og minni geymslur sem eru nú þegar í rekstri.

Loftslagsóeirðir

Í 14. tbl. Bændablaðsins var fjallað um mótmæli bænda í Hollandi þar sem þingmenn greiddu atkvæði um lagabreytingu sem ætlað er að draga úr losun köfnunarefnisoxíðs og ammóníaks úr búfé nærri náttúrusvæðum, um allt að 50% á landsvísi fyrir árið 2030. Mikið er í húfi því landbúnaður er lykilgrein hollenska hagkerfisins og það sætir furðu að enginn annar fjölmiðill hér á landi hafi fjallað um mótmælin með svo ítarlegum hætti eins og umfjöllun Bændablaðsins ber merki.

En loftslagsáskoranirnar á landbúnaðinn er ekki bundin við Holland, því danskir bændur hafa hætt við 7% minni framleiðslu á korni til að tryggja nægt framboð af korni í landinu á næsta ári, sem tengja má við stríðið í Úkraínu. En minni framleiðsla átti að vera framlag danskra bænda til að draga úr kolefnislosun í landbúnaði og standast þær kröfur sem Evrópusambandið hefur sett fram. Danir hafa dregið þessa ákvörðun sína til baka þrátt fyrir áður ákveðin markmið tengt loftslagsaðgerðum stjórnvalda þar á landi.

Ef til vill líður ekki á löngu þar til íslenskur landbúnaður stendur frammi fyrir slíkum þrýstingi en náttúruverndarsamtök hafa m.a. fullyrt að nær ógjörningur sé að ná samdrætti í losun frá landbúnaði án fækkunar jörturdýra. Á sama tíma eru stjórnvöld og neytendur að huga að kolefnisspori, eða matarspori matvæla og matvælaframleiðendur er gert að efla og auka framleiðsluna sína til að gera okkur enn sjálfbærari á stríðstímum. Fyrirsjáanleikinn er þar af leiðandi takmarkaður og óvissan gæti orðið algjör.

GAMLA MYNDIN: AKRANESTRAKTORINN



Rúm eitt hundrað ár eru síðan fyrsta dráttarvélin var flutt til landsins. Traktorinn var af gerðinni Avery 8-16 og framleidd í Bandaríkjunum. Dráttarvélin og var í framleiðslu frá 1916 til 1922. Hún var með flatleggjandi steinolíumótör, tveggja strokka og sextán hestöfl. Dráttarvélin vó 2,5 smálestir en ein smálest jafngildir einu tonni. Averyinn var 1,5 metrar að breidd og 3,5 metrar að lengd, á járnhjólum og er sagt að hún hafi dregið þrjá plóga. Vélin vó um 2,5 tonn og stærðarinnar vegna fékk hún viðurnefnið Gríður sem er tröllkonuheit. Við stýrið er Jón Sigmundsson sem setti vélinna saman við komu hennar til landsins auk Jóns Diðrikssonar, bónda á Elínarhófa. / Myndin er í eigu Ásmundar Ólafssonar

MÆLT AF
MUNNI FRAM

Hekla Katharína Kristinsdóttir fór fyrir skrautreið við setningu Landsmóts.



Búgreinadeild hrossabænda heiðruðu Kristin Guðnason í Skarði fyrir framlag sitt til hrossarættarinnar. Hjá honum stendur Heiðrún Ósk Eymundsdóttir, varaformaður deildarinnar, og Sveinn Steinarsson formaður. Áhorfendur standa Kristni til heiðurs.



Þetta mun ekki vera í fyrsta sinn sem fjölskyldan í Garðshorni á Þelamörk tekur á móti verðlaunum fyrir hæst dæmda 4 vetra stóðhest Landsmótsins. Valiant hlaut titilinn í ár. Hann situr Agnar Þór Magnússon og Birna Tryggvadóttir heldur á verðlaunagrip. Dóttir þeirra Ylva Sól hampar stolt bikarum.



Ágúst Sigurðsson í Kirkjubæ tók við æðstu viðurkenningu íslenskrar hrossarættar fyrir stóðhestinn Sjód frá Kirkjubæ. Teitur Arnason situr Sjód og lyftir verðlaunum ásamt Guðmundi Björgvinssyni, sem líklega situr Þyrnirós frá Rauðalæk. Núverandi eigandi Sjóds, Alexandra Hoop, heldur á mynd af bikarum.



Kristín Eir Hauksdóttir Holaker vann barnaflokk á þyt frá Skáney.



Benedikt Ólafsson og Biskup frá Ólafshaga sigruðu sitt annað Landsmót í röð, ungmennaflokk í þetta sinn, en síðast voru þeir í unglingsflokk.



Sigurður Steingrímsson fór sannkallaða fjalla-baksleið að sigri í unglingsflokk á hryssunni Hátíð frá Forsæti II. Fyrst siguruðu þau B-úrslit og komu svo galvösk inn í aðalúrslit og alla leið.

Svipmyndir af Landsmóti 2022

Allir bestu hestar landsins komu saman á Rangárbökkum við Helli í byrjun mánaðarins á Landsmóti hestamanna.

Þótt veðrið hafi ekki beint leikið við Landsmótsgesti hafði það engin áhrif á rifandi stemningu og góðan anda, enda ekki annað hægt en að kætast yfir þeim hestagullum sem komu fram í kynbótasýningum og hinum fjölbreyttu keppnum. Talið er að milli sjö og átta þúsund manns hafi setið í brekkunni þegar mest var. Miðað við glæsilegan og fjölbreyttan hestakost ungra sem aldinna á mótinu er hægt að fullyrða að íslensk hrossarækt er eitt af dýrmætustu menningarverðmætum þjóðarinnar. /ghp



Þrjár af stjörnum mótsins stilla sér upp fyrir framan brekkuna. Fv: Gandi frá Rauðalæk, hæsti hestur landsins á herðakamb, knapi er Guðmundur Björgvinsson. Viðar frá Skör og Helga Una Björnsdóttir og Sindri frá Hjarðartúni, sem hlaut hæsta hæfileikadóm sem nokkur hestur hefur hlotið, 9,38. Knapi er Hans Þór Hilmarsson.



Það heyrði til tíðinda að af átta hrossum sem tóku þátt í úrslitum B-flokks gæðinga voru fimm rauðskjótt. Frá vinstri: Sigur frá Stóra-Vatnsskarði og Hinrik Bragason, Álfrímur frá Syðri-Gegnishólum og Olil Amble, Ísak frá Þjórsárþakka og Teitur Arnason, Þröstur frá Kolsholti 2 og Helgi Þór Guðjónsson, svo Ljósvalki frá Valstrýtu og Árni Björn Pálsson sem stóðu uppi sem sigurvegarar.

Mikið gersemi og einstakt gleðiefni barst mér í pósti nýverið.

Sjöunda Davíðsbók er komin út hjá Óðinsauga útgáfu. Davíð Hjálmar Haraldsson á Akureyri er með iðnari andans mönnum í dag, og fáir núlifandi eiga stærri útgáfu að baki.

Í þessum þætti verður einvörðungu tekið efni úr þessari bráðskemmtilegu bók Davíðs Hjálmars, og lesendur hvattir til að kaupa sér eintak hið snarasta. Skopskyn Davíðs er með þeim hætti sem getur glatt hvern einasta þann sem vísun ann og veit til kveðskapar. Með bókgargjöfinni fylgdi fyrsta vísa þáttarins, enda er hún sérstaklega merkt Bændablaðsþættinum:

*Í fjölmöldum er fjargviðrast og jagast,
flesta bændur plagar last og hnjóð,
en eitthvað gætu blessuð blóðin lagast
birtust í þeim fleiri Davíðsljóð.*

Davíð orti um þrjá athafnamenn sem hlutu nýsköpunarverðlaun fyrir lífræna ræktun, en voru svo árið eftir handteknir fyrir hassræktun í Svarfaðardal:

*Langþreyttir bændurnir kvarta um kal
á kotbýlum norður í rassi
en nýsköpun sögð er í Svarfaðardal
og sífrerinn ilmar af hassi.*

Höfundur var á ferð um Vesturland, og heimsótti meðal annars geitabúíð á Háafelli, og þótti stórfróðlegt:

*Úr geitahári gott er að
gera band og þrjóna.
Úr kiðlingunum kemur tað.
Klinist það í skóna.*

Meðal allmargra veðurvísna Davíðs er að finna þessar:

*Opnar dyrnar upp á gátt
Ingveldur í Sogni.
Naumast blæs þar nokkur átt
nema í stafalogni.*

*Leiðist mest í logni og yl
Leopold á Hóli,
hann vill fimbulfellibyl
en fjarviðri í skjóli.*

*Á Stafni fellur steypiregn
stöðugt. Þó að linni
blotnar þvottur þar í gegn
í þurrkklefanum inni.*

*Þurrast veit ég veðurfar
í vindinum á Grundum.
Fyllibyttur þorna þar
á þremur klukkustundum.*

Limra um tíkina Týru:

*Hún Týra var löt að leita
að lömbum og uppnefnd „Feita“
og ánum að smala
var ekki um tala:
„Nei fyrr skal ég hundur heita.“*

Ráðuneyti þótti kaupa ráðgjöf úr hófi eftir hrun:

*Virðist þegar vel er gáð
varla yfirð skrýtið
þó að stöðugt þiggi ráð
þeir sem vita lítið.*

Og þessi limra er um Lóu:

*Af Lóu fer lykt mig að pirra
þó lagi það reykelsi og myrra
en fnykurinn vex,
þetta füllýnda hex
varð allt þriðja ágúst í fyrra.*

Menn verða gleymnir þegar þeir fullorðnast. Um það orti Davíð þessa limru:

*Ég eldist en alltaf mig spjara
þótt örðugt sé stundum að svara
ef einhver mig spyr
hér úti við dyr:
Hvort ertu að koma eða fara?*

Umsjón:
Árni Geirhjórtur Jónsson
kotabyggd1@gmail.com



FRÉTTIR

Mjólkurpósturinn:

Sala á drykkjarmjólk dregst saman

Sala á mjólkurvörum síðustu sex mánuði er yfir áætlunum. Sala á Smjöri og Smjörva helst nokkurn veginn óbreytt miðað við sama tímabil í fyrra en sala á osti hefur aukist um 2,6%.

Samkvæmt því sem segir í Mjólkurpóstinum, fréttabréfi Mjólkursamsölnunnar, heldur sala á drykkjarmjólk áfram að gefa eftir en sala á bragðbættri mjólk eins og Kókómjólk, Hleðslu og Næringu eykst um 4,9% frá sama tíma í fyrra. Sala á skyri, jógúrt og rjómvörum dregst saman um 1,5%. Mjólkursamsalan gerði ráð fyrir 14.595 milljóna sölu, en sala var yfir áætlun og fór í 14.777 milljónir króna eða 183 milljónir yfir tekjuáætlun tímabilsins.

Ferðamenn auka sölu. Í kjölfar



afléttinga vegna Covid-19 hefur sala á hótélum, veitingastöðum og kaffihúsum aukist og hefur það skilað sér til Mjólkursamsölnunnar í auknum viðskiptum.

Í Mjólkurpóstinum segir að hjá MS hafi orðið vart við neyslubreytingar sem koma meðal annars fram í aukinni neyslu á nýmjólk en samdrætti í fituminni mjólk og bragðbættar drykkjarvörur hafa verið í sókn undanfarið. /VH



Vindmyllur eru komnar á dagskrá stjórnvalda. Tillögur starfshóps um nýtingu vindorku eiga að vera klárar fyrir 1. febrúar 2023. Mynd/ Jesse de Meulenaere

Vindorka:

Hvernig verður vindurinn beislaður?

Guðlaugur Þór Þórðarson umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra hefur skipað þriggja manna starfshóp sem á að skila tillögum til ríkisstjórnarinnar um fyrirkomulag við nýtingu vindorku.

Í starfshópnum sitja Hilmar Gunnlaugsson hrl., Björt Ólafsdóttir, fyrrverandi ráðherra umhverfis- og auðlindamála og Kolbeinn Óttarsson Proppé, fyrrv. alþingismaður. Tillögum skal skilað til ráðherra fyrir 1. febrúar 2023. Frá þessu er greint í fréttatilkynningu frá umhverfis-, orku- og loftslagsráðinu.

Samkvæmt Guðlaugi Þór ber okkur að nýta vindinn ef við ætlum að ná markmiðum okkar

í loftslagsmálum. Jafnframt er nauðsynlegt að breið samstaða náist um það hvernig farið er í þá nýtingu. Guðlaugur vill ná fram „jafnvægi milli náttúruverndar og nýtingar“.

Nýting vindorku er sérstaklega nefnd í sáttmála ríkisstjórnarinnar og er stefnt að lagasetningu um þau málefni sem almenn sátt er á bakvið. Sér í lagi er nefnt að taka skuli tillit til sjónrænna áhrifa, dýralífs og náttúru. Einnig kemur fram að fyrirkomulag gjaldtöku skuli verða skilgreint í nýjum lögum.

Starfshópurinn mun vinna náð með Sambandi íslenskra sveitarfélaga ásamt öðrum hagsmunaaðilum, ráðuneytum og stofnunum eftir því sem við á. /AL

Endurvinnsla og umhverfismál:

Endurunnið rúlluplast prófað við íslenskar aðstæður

– Tryggvi Þór Marinósson flytur inn rúlluplast úr 100% endurunnu plasti

Umhverfismál eru mörgum ofarlega í huga og hefur mikil hugarfarsbreyting átt sér stað síðustu ár. Mikilvægi endurvinnslu er orðin skýr og einstaklingar vilja vera umhverfisvænni og velja eftir því.

Plastnotkun bænda við heyskap er enn óhjákvæmileg en nú er komið í prófun heyrúlluplast úr 100% endurunnu plasti frá fyrirtækinu Folgos í Póllandi.

Helstu framleiðendur á rúlluplasti eru farnir að bjóða upp á plast þar sem endurunnu rúlluplasti er blandað saman við nýtt plast og eru jafnvel dæmi um prófun og þróun á 100% endurunnu rúlluplasti.

Tryggvi Þór Marinósson og Björgúlfur Bóasson nýttu sér heimsfaraldurinn í að stofna nýtt sprotafyrirtæki, Silfraberg. Silfraberg sérhæfir sig í ráðgjöf og sölu á umhverfisvænum umbúðalausnum. Þrátt fyrir stutta rekstrarsögu hefur Silfraberg náð góðum árangri að mati Tryggva. „Þetta er ungt fyrirtæki sem ég og mágur minn stofnuðum með það að leiðarljósi að aðstoða fyrirtæki í að minnka plastnotkun í starfsemi sinni. Annaðhvort með því að breyta efnisnotkun fyrirtækja úr plasti yfir í önnur efni eða þá hreinlega með því að besta ákveðna ferla t.d. plöstun á vörubrettum.“

Hann segir að árið 2021 hafi Silfraberg minnkað plastnotkun hjá viðskiptavinum sínum um 50,8 tonn og þar með minnkað kolefnisútblástur um 130 tonn.

Nú komið að bændum

Tryggvi er fæddur og alinn upp í sveit, í Hvítanesi í Skilmannahreppi, en foreldrar Tryggva og Jón Þór, bróðir hans, eru bændur þar í dag. Bændastörf standa Tryggva því nærri og þegar hann rakst á 100% endurunnið rúlluplast frá fyrirtækinu Folgos í Póllandi varð hann að flytja inn vöruna til prófunar.

„Jákvæð umhverfisleg áhrif af notkun á endurunnu plasti í stað þess sem framleitt er úr frumefnum er verulegur. Til að framleiða kíló af venjulegu rúlluplasti verða til 2,6 kg af kolefnisútblæstri en endurunnið plast lækkar kolefnisútblásturinn um allt að 79%. Þetta er því afar áhugaverð vara að mínu mati sem gæti komið íslenskum bændum í fremstu röð í heiminum hvað varðar lágmörkun kolefnisútblásturs vegna notkunar á plasti til heyrverkunar,“ segir Tryggvi.

Nánast allt plast sem bændur nota í dag hér á landi er unnið úr frumefnum. Ef plastið stenst prófanir



Tryggvi Marinósson stendur hér við heyrúllu í Hvítanesi sem pakkað var með 100% endurunnu plasti síðasta sumar. Mynd/ Skessuhorn/MM



Mælingar á virkni plastsins sýna hvort munur verði á fódurgæðum í því heyr sem pakkað er inn með hinu nýja endurunna plasti. Mynd/ TM

við íslenskar aðstæður og niðurstaðan yrði sú að plastið sé sambærilegt hefðbundnu heyrúlluplasti, yrði plastið góð viðbót við lausnir á því að gera íslenskan landbúnað umhverfisvænan.

Prófanir hjá Landbúnaðarháskólanum

Plastið frá Folgos er í notkun víða í Evrópu, t.d. í Póllandi, Noregi, Hollandi og Þýskalandi en ekki er enn komin reynsla á það hér á landi. Í sumar fer plastið í almenna prófun hér á landi og mun Landbúnaðarháskóli Íslands framkvæma ítarlegar gæðaprófanir.

„Mælingar þeirra munu sýna hvort munur sé á fódurgæðum í því heyr sem pakkað er inn með 100% endurunna plasti miðað við heyr sem pakkað er inn í hefðbundið heyrúlluplast. Ef plastið reynist vel við íslenskar aðstæður í sumar þá munum við taka mikið stærra skref árið 2023 og flytja inn enn meira

magn af plastinu,“ segir Tryggvi. Plastið er nú þegar til sölu í Fódurblöndunni og er ekki mikill verðmunnur á því og á öðru plasti.

Tryggvi flutti inn tiltölulega lítið magn af vörinni enda vill hann að reynsla fái á plastið áður en verulegt magn verður flutt inn.

Nú þegar séu bændur farnir að kaupa plastið, en einungis fyrir nokkrar rúllur til að prófa með venjulegu plasti. Þannig vonast Tryggvi til að varan fái sem víðtækustu reynsluna. Tryggvi og Jón Þór, bróðir hans prófuðu plastið á nokkrar rúllur síðasta sumar.

„Þetta er alveg eins og annað plast í notkun. Það fer í allar rúlluvélar og virkni plastsins er algjörlega sambærilegt öðru plasti sem framleitt er úr frumefnum. Þegar við prófuðum það á nokkrar rúllur í Hvítanesi gekk það gríðarlega vel, það t.d. slitnaði aldrei. Hver veit nema eftir nokkur ár munum við lifa í fullkomnum heimi þar sem bændur munu nota sama rúlluplastið ár eftir ár.“ /VH

Hreindýr:

Tarfaveiðar hafnar

Veiðar á hreindýratörfum hófust 15. júlí síðastliðinn en fram til 1. ágúst má ekki veiða tarfa sem eru í fylgd með kúm þannig að veiðarnar trufla ekki kúr og kálfa í sumarbeit.

Umhverfisstofnun vekur athygli á því á heimasíðu sinni að veturgamlir tarfar eru alfriðaðir og miðast tarfaveiði því við tarfa sem eru tveggja vetra og eldri.

Veiðimenn á veiðisvæði níu, Hornafjörður, Mýrar og Suðursveit, eru hvattir til að veiða tarfa vestast á svæðinu. Það er gert í þeim tilgangi að fækka dýrum þar þannig að það



dragi úr líkum á að dýrin fari vestur yfir Jökulsá á Breiðamerkursandi. Það er einnig gert til að koma í veg fyrir gróðurskemmdir, ef dýrin verða of mörg á svæðinu.

Samkvæmt því sem segir í

tilkynningu frá Umhverfisstofnun ættu tarfaveiðimenn að hafa fengið veiðileyfi sín send með pósti.

Ef leyfin berast ekki verða veiðimenn að hafa samband við stofnunina sem fyrst.

Í þeim tilgangi að draga úr pappírnotkun er á leyfinu QR kóði sem vísar á bréf til veiðimanna sem að jafnaði hefur verið í umslaginu. Í bréfinu eru ýmsar gagnlegar upplýsingar fyrir leyfishafa.

Veiðileyfi á kúr verða send út um 20. júlí og ættu þá að hafa borist leyfishöfum fyrir upphaf veiðitíma á kúm sem hefst 1. ágúst. /VH

ÓDÝR
gleraugu umgjörð og gler

Gleraugu með glampa og rispuvörn
19.900 kr.
Sérsmíðum samdægurs í styrk +/- 6,0 með cyl. til 2,0

Margskipt gleraugu
39.900 kr.
Margskipt gler frá Essilor (afgreiðslutími +/- tvær vikur)

Hamrahlíð 17
Hús Blindrafélagsins
Sími • 552-2002

Panasonic

Gæðaverkfæri í úrvali

Hleðsluborvél EY 74A2 LJ2G32

Patróna: 13 mm
Rafhlaða: 18V, 2 x 5,0 Ah
Li-Ion KOLALAUS
2,05 kg
ToughTool IP

Verð:
39.990 kr.



Hleðsluborvél EY 7451

Patróna: 13 mm
Rafhlaða: 18V, 2 x 3,0 Ah
Li-Ion KOLALAUS
1,65 kg
ToughTool IP

Verð:
35.960 kr.



Hleðsluskrúfjárn EY 7420

Rafhlaða: 7,2V, 2 x 1,5 Ah
2 gírar
Kúpling

0,6 kg
Verð:
29.760 kr.



Hleðsluborvél EY 7441 LS2S

Patróna: 13 mm
Rafhlaða: 14,4V, 2 x 4,2 Ah
Li-Ion
2 gírar
1,75 kg
ToughTool IP

Verð:
49.600 kr.



Hjólsög EY 45A2 XM32

Notar bæði 14,4V
og 18V rafhlöður
Án rafhlöðu
Án hleðslutækis

Verð:
43.400 kr.



Slípirokkur EY 46A2 X

notar bæði 14,4V og 18V rafhlöður
Án rafhlöðu
Án hleðslutækis

Verð:
43.400 kr.



AUÐVELDAÐU ÞÉR VINNUNA MEÐ GÓÐUM GRÆJUM

Sverðsög EY 45A1 X32

Notar bæði 14,4V
og 18V rafhlöður
Án rafhlöðu
Án hleðslutækis

Verð:
43.400 kr.



Útvarp EY 37A2 B

Hágæðaútvarp
með kraftmiklum hátölurum
14,4V – 18V + 230 VOLT
Bluetooth, IP64
Án rafhlöðu
Án hleðslutækis

Verð:
19.840 kr.



Stingsög EY 4550 X

Notar bæði 14,4V
og 18V rafhlöður
Án rafhlöðu,
Án hleðslutækis

Verð:
43.400 kr.



Hleðsluborhamar SDS+ EY 78A1 LJ2G

Rafhlaða: 18V, 2 x 5.0 Ah
Li-Ion
2,6 kg
Tough Tool IP

Verð:
96.410 kr.



Hleðsluskrúfjárn EY 7412 SB32

Rafhlaða: 3,7V, USB 8 Nm
0,3 kg
Li-Ion

Verð:
7.843 kr.



FRÉTTIR

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið:

Hringrásarhagkerfi Íslands styrkt

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið úthlutaði fyrir skömmu 230 milljónum króna til 22 verkefna sem ætlað er að efla hringrásarhagkerfið á Íslandi. Hæstu styrkir sem veittir eru til einstakra verkefna eru 20 milljónir króna.

Hringrásarhagkerfi er flokkað sem hagkerfi þar sem vörur, hlutir og efni halda verðmæti sínu og notagildi eins lengi og mögulegt er. Innan kerfisins er hönnun og framleiðsla vöru þannig háttáð að hún endist lengi og auðvelt er að gera við hana og endurvinna og er deilijónusta nýtt og neytendur endurnota vörur. Verði vara að úrgangi innan kerfisins tekur við skilvirk flokkun, söfnun og endurvinnsla sem heldur hráefnum í hringrás. Markmið hringrásarhagkerfisins er að draga úr auðlindanotkun, auka líftíma auðlinda og koma í veg fyrir að efni og hlutir hverfi úr hagkerfinu sem úrgangur.

Fjölbreytt verkefni

Verkefni sem hlutu styrk að þessu sinni eru af margvíslegum toga og til marks um mikinn áhuga á hringrásarhagkerfinu um allt land. Heildarstyrkuppþæðin var 230 milljónir króna, þar af er 141 milljón veitt vegna nýsköpunarverkefna og 89 milljónir vegna annarra verkefna.

Meðal verkefna sem ráðuneytið styrkir sem hluta af hringrásarhagkerfinu eru: Græn efnavara



Hringrásarhagkerfi er flokkað sem hagkerfi þar sem vörur, hlutir og efni halda verðmæti sínu og notagildi eins lengi og mögulegt er.

Mynd / www.ssne.is

úr úrgangi og útblæstri, Notkun plastúrgangs í stað kola í kísilmálms- og málmblendiframleiðslu, Endurvinnsla á sláturúrgangi, Endurnýting byggingarefna á Íslandi og Blöndun kjötmjols og mykju við áburðardreifingu.

Innleiðing hringrásarhagkerfis mikilvæg

Í tilkynningu vegna úthlutunar styrkjanna er haft eftir Guðlaugi Þór Þórðarsyni umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra að innleiðing hringrásarhagkerfis sé mikilvægur liður í að Ísland nái markmiðum sínum í loftslagsmálum.

„Það er því ánægjulegt og veitir tilefni til bjartsýni að skynja hversu mikill áhugi er á þessum málaflokki og verður áhugavert að fylgjast með framþróun þeirra verkefna sem hér hljóta styrk.“

/VH



Almenningur getur með hjálp snjalltækninnar safnað miklu magni af gögnum án mikils tilkostnaðar.

Landgræðslan vill fá almenning í lið með sér:

Sjálfböðaliðar vakta landið

Landvöktun – Lykillinn að betra landi er nýtt verkefni sem var hleypt af stokkunum í síðasta mánuði á vegum Landgræðslunnar.

Því er ætlað að virkja almenning í því að vakta og safna gögnum um ástand lands. Vonast þau til að öll þau sem hafa áhuga á eða nýta náttúruleg svæði á einn eða annan hátt leggi fram krafta sína í gagnaöflun. Með þessu er stefnt að því að safna nægum gögnum til þess að auka sjálfvirkni og áreiðanleika tölvukerfa sem meta ástand lands út frá gervihnattamyndum. Þetta kemur fram í fréttatilkynningu frá Landgræðslunni.

Hluti af GróLind

Við framkvæmd og skipulagningu verkefnisins er unnið eftir hugmyndafræði Lýðvísinda (e. citizen science). Þannig getur almenningur með hjálp snjalltækninnar safnað miklu magni af gögnum með litlum tilkostnaði. Notast er við smáforritið Survey123 til þess að vakta árlega svæði sem er 50 metrar í þvermál. Þátttakendur merkja miðju vöktunarsvæðisins með staur frá Landgræðslunni og fylgja aðferðarfræði sem auðvelt er að læra.



Jóhann Helgi Stefánsson.

Þetta verkefni er hluti af verkefninu GróLind sem Landgræðslan hefur unnið að undanfarin ár. Í því verkefni er notast við fjölbreyttar aðferðir við gagnaöflun til þess að meta ástand lands og eru lýðvísindi ein aðferð af nokkrum. Aðrar aðferðir eru til að mynda varanlegir vöktunarreitir sem starfsfólk Landgræðslunnar kannar á fimm ára fresti og notkun loftmynda ýmist frá gervitunglum eða drónum.

Landgræðslan vonast til þess að sem flestir taki þátt í þessari gagnaöflun, en þetta er sérstaklega viðeigandi fyrir bændur,

landeigendur, ferðafólk og landverði. Skilyrði er að vöktunarsvæðið sé einsleitt og náttúrulegt. Með einsleitni er átt við að svæðið sé ekki á mörkum tveggja vistgerða. Skógrækt, tún, akkrar og græn svæði í byggð falla ekki undir skilgreiningu Landgræðslunnar um náttúruleg svæði.

Fylgjast með og hafa áhrif

„Þarna er komið tækifæri fyrir fólk til að fylgjast með landinu sínu með skipulögðum hætti, sjá árangur af uppgræðslu, glöggva sig á þróun gróðurfars og hafa bein áhrif á þá þekkingu sem við erum að skapa á hverjum degi,“ segir Jóhann Helgi Stefánsson, umhverfis- og auðlindafræðingur hjá Landgræðslunni sem stjórnar verkefninu.

Áhugasömum er bent á að skoða kynningarmyndbönd sem Landgræðslan hefur sett á youtube.com, en þau er hægt að finna með því að nota leitarorðið „landvöktun“. Einnig er hægt að hafa samband við Jóhann Helga sem stýrir verkefninu í síma 866-7119 eða með því að senda póst á netfangið johannhelgi@land.is. /ÁL

Samstarf Nova og Ljósleiðarans:

Aðgengi að ljósleiðara aukið

Nova og Ljósleiðarinn hafa undirritað samning um nýtingu ljósleiðara á landsvísu, sem mun flýta fyrir uppbyggingu 5G.

Uppbyggingunni verður sérstaklega hraðað á Vestfjörðum og Norðausturlandi. Þá hafa 65 sendar þegar verið settir upp í öllum landshlutum og er áætlað að þeir verði orðnir 200 árið 2024.

„5G Nova er nú þegar komið upp í öllum landshlutum og mun eflast hratt á næstu mánuðum þar sem samstarf félaganna gegnir lykilhutverki. Fleiri og öflugri sendar auka öryggi landsmanna.“

Nova hefur fjárfest umtalsvert í innviðum sínum á síðustu árum sem hefur gert félaginu kleift að stíga mikilvæg skref sem þessi og halda áfram að vera leiðandi og í fremstu röð í innleiðingu 5G á Íslandi,“ segir Margrét Tryggvadóttir, forstjóri Nova.

99,9% þjóðarinnar með aðgengi að ljósleiðara

Samstarf Nova og Ljósleiðarans ýtir enn frekar undir það markmið stjórnvalda að fyrir árslok 2025 verði 99,9% þjóðarinnar með aðgengi að ljósleiðara.



Erling Freyr Guðmundsson frá Ljósleiðaranum (t.v.), ásamt Margrét Tryggvadóttur og Benedikt Ragnarssyni frá Nova. Mynd/Gunnar Svanberg

„Aðgengi heimila, fyrirtækja og stofnana að öruggum fjarskiptum er mikilvægt í nútímasamfélagi. Uppbygging þessara innviða gegnir mikilvægu hlutverki í aukinni samkeppni á fjarskiptamarkaði og ekki síst fyrir heildsölu- og stórnotendur á landsbyggðinni,“ bætir Margrét við.


„Við ætlum að leggja ljósleiðarakerfi, sem getur borið yfir 1.000 þræði um allt land og með því fá allir landsmenn betra aðgengi

og öruggari fjarskiptajónustu,“ segir Erling Freyr Guðmundsson, framkvæmdastjóri Ljósleiðarans.

Að sögn hefur Nova verið í fararbroddi í innleiðingu nýjustu tækni og er komið lengst í uppbyggingu 5G á Íslandi.

Ljósleiðarinn samdi nýverið við utanríkisráðuneytið um afnot af tveimur af átta ljósleiðaraþráðum í ljósleiðarastreng NATO. Sá strengur liggur hringinn í kringum Ísland og til Vestfjarða. /MHH

ZIPWAKE Svansson ehf



ZipWake er bylting í stöðugleikabúnaði fyrir báta. Búnaðurinn sjálfvirkur og virkar 5 til 10 sinnum hraðar en hefðbundnir flapsar og er með innbyggðum gír og GPS.

Landbúnaðartæki, björgunartæki og búnaður Svansson ehf

Sími : 697-4900 • sala@svansson.is • www.svansson.is

Bændablaðið

Kemur næst út

25. ágúst



VÉLFANG

– VERKIN TALA



Vélfang ehf. selur og þjónustar jafnt nýjar sem notaðar vélar og tæki fyrir landbúnað, verktaka, golfvelli og sveitarfélög ásamt varahluta- og viðgerðarþjónustu.

FENDT



Fer fremstur

CLAAS



Fjölskyldufyrirtæki í fararbroddi



Leiðandi afl í 190 ár

Kverneland



Framtíðarsýn í landbúnaði

Framúrskarandi þjónusta við viðskiptavinum

Schäffer



Styrkur - afköst- skilvirkni



Nýsköpun - metnaður - framsækni

FRÉTTIR



Stjórnvöld í Noregi vilja tryggja fæðuöryggi með því að koma upp korngeymslum með sex mánaða lager.


Mynd / Miguel Bernardo

Noregur:

Vilja eiga hálfárs birgðir af korni

Landbúnaðarstofnuninni í Noregi (n. Landbruksdirektoratet) var falið af landbúnaðar- og matvælaráðuneytinu þar í landi að kanna fýsileika þess að hið opinbera kæmi sér upp korngeymslum sem hægt væri að sækja í ef innflutningur á korni stöðvast.

Vinna stofnunarinnar leiðir í ljós að sex mánaða birgðir í korngeymslum hins opinbera séu nauðsynlegar til þess að tryggja fæðuöryggi. Sé miðað við notkun á fóður- og matvælakorni í meðalári þýða þetta 165.000 tonn. Þessi lager er þá viðbót við þær geymslur sem eru þegar í notkun á vegum einkaaðila. Frá þessu greinir Bondebladet.



Sjái norskir bændur fram á að tryggur kaupandi sé að korninu þeirra, þá er bent á að framboð af innlendu korni verði áreiðanlegra.

Mynd / Nicolas Messifet

kornið. Einkaaðilar munu svo sjá til þess að það sé velta á birgðunum. Ekki er tekin afstaða til þess hvort forðabúrið skuli innihalda innlent eða erlent korn.

Bent er á að sú stefna sem tekin er í því máli muni hafa mikil áhrif á það hvaða aðilar muni sækjast eftir að taka þátt í verkefnum. Ef stefnt er að því að nýta innlent korn getur korngeymsla sem þessi styrkt norska ræktun. Sjái norskir bændur fram á að tryggur kaupandi sé að korninu þeirra, þá er bent á að framboð af innlendu korni verði áreiðanlegra.

Þess má geta að Íslendingar eiga á hverjum tíma 4-6 vikna kornbirgðir sem eru að mestu í eigu fóðurframleiðenda. /AL

Neyðargeymslur voru áður til

Nú þegar eru til korngeymslur í einkaeigu sem er hægt að nýta fyrir hluta þess sem stofnunin leggur til.

Stjórnvöld voru áður eigendur að Stavanger Havnesilo, sem rúmar 190.000 tonn korns og var byggt sem neyðargeymsla á árum áður. Felleskjöpet Agri er eigandi þeirra korngeymsla í dag og hafa boðið stjórnvöldum geymslupláss fyrir 50.000 tonn korns, sem er tveggja mánaða forði. Ríkisstjórnin þurfi því að fara í framkvæmdir til þess að koma upp því geymsluplássi sem upp á vantar. Minnst sjö ár taki að byggja umrætt geymslupláss frá því ákvörðun um byggingu liggur fyrir.

Getur eftl innlenda framleiðslu

Stofnunin segir að hið opinbera skuli koma að því að kaupa inn



Sveitasæla á Jótlandi.

Myndir / VH

Alþjóðþing landbúnaðarblaðamanna 2022:

Framtíð landbúnaðar á óvissutímum

Fréttir og upplýsingar um landbúnað og fæðuframlæiðslu í heiminum og heima fyrir hafa sjaldan verið mikilvægari en nú á tímum.

Talsverð óvissa ríkir um matvælaframleiðslu í heiminum vegna hækkanði verðs á olíu- og aðföngum til landbúnaðar. Auk þess sem afleiðingar loftslagsbreytinga á fæðuöryggi ólíkra heimshluta eru ófyrirsjáanlegar.

Dagana 27. júní til 4. júlí síðastliðinn fór fram í Vejle í Danmörku alþjóðþing og ráðstefna landbúnaðarblaðamanna. Á rástefnunni voru vel á annað hundrað blaðamenn og fulltrúar fjölmiðla sem sérhæfa sig í skrifum um landbúnað og matvælaframleiðslu frá tæplega 50 löndum. Bændablaðið átti fulltrúa á þinginu.

Þétt dagskrá

Að öllu jöfnu er þingið haldið árlega en vegna Covid-19 varð hlé á því í þrjú ár og því margt að fjalla um. Dagskrá ráðstefnunnar var því þétt og skiptist í fyrirlestra, vinnustofur og vettvangsferðir þar sem þátttakendur fengu að kynna dönskum landbúnaði, nýsköpun í danski matvælaframleiðslu og umhverfisvernd.

Hægt var að velja á milli um það bil 50 ólíkra vettvangsferða á fjórum dögum. Þátttakendur gátu valið eina ferð á dag og í hverri ferð voru heimsótt fjögur eða fimm ólík býli eða nýsköpunarfyrirtæki.

Hvernig á að fæða 10 milljarða?

Áætlaður fólksfjöldi í heiminum í dag er tæplega átta milljarðar en gert er ráð fyrir að sú tala verði komin í tíu milljarða árið 2050.

Í inngangsfyrirlesturum var meðal annars varpað fram þeirri spurningu hvernig ætti að fæða þá tíu milljarða sem búist er við að mannkynið telji árið 2050. Niðurstaða umræðunnar var sú að landbúnaður í dag væri vel fær um að framleiða mat fyrir 10 milljarða jarðarbúa en að ástæða þess að víða um heim ríkti alvarleg hungursneyð væri ójöfnuður og



Hluti þátttakenda í vettvangsferð.



Rådsteffusetrið í Vingsted.

fátækt sem leiddi til matvælaþess. Breytingar á veðurfari hafa einnig leitt til þurrka og uppskerubrests á svæðum þar sem fólk gat áður reitt sig á árvissa uppskeru.

Skammtíma- og langtímaáskilningarmál

Á þinginu kom fram að vandamálín sem matvælaframleiðsla heimsins á við að etja séu tvíþætt, annars vegar skammtíma- og hins vegar langtímaáskilningarmál.

Til skammtímaáskilningarmála teljast meðal annars hækkanir á aðföngum til landbúnaðar vegna ófriðar og stríða. Sagan sýni að slíkar hækkanir leiti jafnvægis og að matvælaaverð lækki aftur eftir að átökin hætta. Langtímaáskilningarmál eru aftur á



Fyrirlestur um kynbætur og fræðslu.

móti veðurfarsbreytingar að völdum losunar gróðurhúsalofttegunda og langtímaafleiðingar þess.

Fjöldi ávarpa

Meðal þeirra sem ávörpuðu þingið voru Eduardo Mansur, framkvæmdastjóri sviðs loftslagsbreytinga, líffræðilegs fjölbreytileika og umhverfismála hjá FAO, Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, Denise Cambell Baur, sendiherra Bandaríkjanna í París, David Leishmann, landbúnaðarráðgjafi við sendiráð Bandaríkjanna í París, og Henning Otte Hansen, markaðsfræðingur og ráðgjafi hjá matvælaráðuneyti Dana.

Nánar verður fjallað um ráðstefnuna og vettvangsferðir henni tengdri í næstu tölublöðum Bændablaðsins. /VH




Tinger Armor

Eigum til á lager þessi frábæru farartæki, sem henta nánast við allar aðstæður.t.d

Landbúnað-björgunarsveitir-slökkvilið-línuviðgerðir á hálendinu-verktakar ofl.

Góð burðargeta-skráður fyrir 6 á landi en 4 á vatni.

Mjög hagstæð verð.



Skutull ehf.
S. 517-9991 & 842-1314

Lóa – nýsköpunarstyrkir fyrir landsbyggðina:

Verðmætasköpun úr þörungum áberandi



Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunar-ráðuneytið úthlutaði tæpum 100 milljónum króna úr Lóu, nýsköpunarstýrkjum fyrir landsbyggðina, þann 11. júlí sl. Um 100 umsóknir bárust sjóðnum en 21 umsókn hlutu brautargengi.

Stærsta styrkinn, 12,5 milljón króna, hlaut Sjótaekni ehf. fyrir rannsóknarverkefnið StaðarOrka, sem hefur það að markmiði að kanna nýtingu straumrasta eða sjávarfalla á Vestfjörðum í eða nærri vegamannvirkjum í þveruðum fjörðum til framleiðslu raforku.

Tvö verkefni tengjast sjávarföllum. Valdimar Óssurson hlaut styrk til að kanna raunhæfi sjávarfallavirkjana en niðurstöður verkefnisins munu nýtast við stefnumótun í byggða- og orkumálum við þróun sjávarorkutækni. Dagný Hauksdóttir hlaut styrk til að gera forathuganir og undirbúa nýtingu sjávarorku við Vestmannaeyjar.

Fjögur verkefni snúa að þörungum. Nýstofnað rannsóknar- og þróunarsetur um stórþörunga á Reykhólum, Þörungamiðstöð Íslands, hlaut 8,1 milljón króna til stefnumótunar þar sem framtíðarsýn og sóknaráætlun ásamt upphafsáðgerðum verða mótuð.

Þá áformar Algó ehf. upp-skölun á framleiðslu sæmetis, sjávargrænmetis úr þörungum og fékk styrk í verkið.

Blábjörg fékk styrk til að þróa vörur og sjálfbæra framleiðslu úr þara. Verkefnið mun skila vörum fyrir framleiðslu á sterku áfengi, kryddi í matreiðslu og heilsuvörur.

Þá eru Tamar Seeds ehf. og Vaxa ehf. að þróa lífvirkar húðvörur sem byggja m.a. á efnun úr örþörungarekt Vaxa á Hellisheiði sem þau hyggjast nýta styrk til að þróa.

Ýmis þekkingar- og fræðslu-verkefni hlutu einnig stuðning Lóu. Þróunarverkefnið STEM á Húsavík, félagasamtökin Blámi á Vestfjörðum og Nýheimar þekkingarsetur á Höfn eru þar á meðal.

Norðanátt og Sunnanátt með hvort sitt verkefnið norðan og sunnan heiða sem byggir á að virkja einstaklinga og fyrirtæki að taka þátt í nýsköpunarverkefnum.

Styðja nýliða

Opnað hefur verið fyrir umsóknir um nýliðunarstuðning í landbúnaði.

Markmið stuðningsins er að aðstoða nýliða við að hefja búskap og auðvelda ættliðaskipti í landbúnaði. Umsækjendur verða að uppfylla kröfur sem tiltekna eru í tilkynningu á vef matvælaráðuneytisins. Meðal skilyrða er að vera á aldrinum 18-40 ára og hafi lagt út fyrir fjárfestingu annaðhvort með eigin fé eða lántöku. Áhugasömum er bent á að kynna sé vel reglur um forgangsroðun í nýliðaumsóknum.

Umsóknum skal skila inn á afur.is fyrir 1. september. /ghp

Hrútapukl á Ströndum

Átjándi Íslandsmótið í hrútaðómum verður haldið á Sauðfjarsetrinu í Sævangi á Ströndum sunnudaginn 21. ágúst næstkomandi.

Þessari skemmtilegu keppni hefur verið aflýst tvö ár í röð vegna sóttvartakmarkana, en verður nú endurvakin, að því er fram kemur í fréttatilkynningu frá Sauðfjarsetrinu.

Þar er haft eftir Ester Sigfúsdóttur framkvæmdastjóra að hrútapuklið sé stærsti viðburðurinn í starfi Sauðfjarsetursins. Oft hafi á bilinu 300-500 gestir mætt á viðburðinn og vonast til að fólk fjölmenni einnig í ár. /ghp



Síðast þegar keppt var, árið 2019, sigraði Jón Þór Guðmundsson á Galtarholti í Hvalfjarðarsveit. Mynd / Sauðfjarsetrið



VALTRA

T5 línan

Snjöll, þægileg og kraftmikil T-línan gerir engar málamiðlanir

- Styrkur fyrir hvaða verkefni sem er: 6 strokka AGCO aflmikil vél sem er gerð til að endast.
- Þægindi, gott vinnuumhverfi og auðveld í notkun.
- Alltaf sama gæða útsýnið dag og nótt allt árið.

- Möguleiki á bakkeyrslubúnaði með eykur útsýni og þægindi.
- Nær ótakmarkaðir möguleikar á aukahlutum og búnaði.
- Lipur vél sem hönnuð er til að spara peningana þína, eldsneyti og tíma.

Vinnuþjarkurinn þinn!



Framsláttuvél



Sláttuvél með og án knosara



Sláttufiðrildi 8,3m



Miðjurakstrarvél 8m



Rakstrarvél

PRONAR

Mikið úrval VALTRA dráttarvéla og PRONAR hevvinnutækja TIL AFGREIÐSLU STRAX

AFLVÉLAR

www.aflvelar.is
Vesturhrauni 3, Garðabæ, sími 480-0000
Austurvegi 69, Selfossi, sími 480-0400

FRÉTTIR

Rannsóknir á burnirót:

Ein merkasta lækningajurt landsins

– Markmið að gera ræktun burnirótar að raunhæfri aukabúgrein fyrir bændur

Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is

Þóra Ellen Þórhallsdóttir, prófessor í grasafræði við Háskóla Íslands, leiðir teymi sem fékk styrk úr Tækniþróunarsjóði RANNÍS til rannsókna á burnirót og möguleikum til ræktunar á henni hér á landi. Burnirót er víða komin á valista yfir plöntur í útrýmingarhættu vegna ásóknar í hana sem náttúruylfs.

Þóra segir að rannsóknin kallist Val og ræktun burnirótar sem hágæðavöru á markaði. „Í verkefninu stendur til að bera saman ólíkra stofna burnirótar á Íslandi og er þá meðal annars horft til vistfræði, efnaframleiðslu, erfðafjölbreytni og skyldleika. Plöntur verða settar í tilraunarektun í tvö ár til að bera saman vaxtarhraða og eiginleika ólíkra stofna og hvernig best er að fjölga plöntum í ræktun.“

Lokamarkmið verkefnisins er að gera ræktun og sölu burnirótar að raunhæfri aukabúgrein fyrir íslenska bændur sem geti leitt til þess að ný og verðmæt afurð komi á markaði sem íslensk fyrirtæki á snyrtivöru-, náttúruylfja- og fæðubótarefnamarkaði geti nýtt sér.

Einkynja arðstöngull

Burnirót, burn eða blóðrót óx eða var ræktuð á þökum torfbæja hér á landi og notuð til lækninga. Það er einnig gömul trú að plantan komi í veg fyrir bruna.

Rhodiola rosea, eins og plantan kallast á latínu, er fjölær jurt af helluhnoðraætt sem myndar þúfur og vex á norðurslóðum og til fjalla.

Að sögn Þóru Ellenar vex burnirót innan landamæra 29 þjóðríkja á norðurhveli jarðar og í nánast þeim öllum hefur hún verið notuð til hefðbundinna lækninga. Notkun hennar er þekkt frá 1. öld eftir Krist. Í dag er hún notuð í



Þóra Ellen Þórhallsdóttir, prófessor í grasafræði við Háskóla Íslands.

Mynd / ÞEP

húð- og hárvörur og plantan er markaðssett sem fæðubótarefni og jurtalyf af yfir 40 fyrirtækjum á alþjóðamarkaði en í aðeins örfáum tilfellum er framleiðslan studd birtum vísindarannsóknum.

Á vef Náttúrufræðistofnunar segir að burnirót sé meðalhá planta, 10 til 30 sentimetrar með mörg

og þykk blöð upp eftir stilknum. Blómin mörg saman á stöngulenda og blömgast í júní. Upp af gildum jarðstöngli vaxa hliðarstönglar sem eru 2 til 6 millimetrar að gildleika og þéttsetnir tungulaga blöðum. Blómin mörg saman í greinóttum skúf eða hálfsvaip á stöngulendum, einkynja í sérbylí. Karlblómin eru gul en kvenblómin rauðleit.

„Þarna er burnirótin í litlum hópi plantna en af um það bil 450 tegundum íslenskra blómplantna eru aðeins tíu með aðskilin kyn. Þá eru burnirótin og ættingjar hennar flagahnoðri, helluhnoðri og skriðuhnoðri einu innlendu plönturnar sem teljast til þykkblöðunga,“ segir Þóra Ellen.

Vex helst í þurrum sendnum jarðvegi, allt frá láglendi og upp í 1000 metra hæð hér á landi. Burnirót á Íslandi vex þar sem hún fær frið fyrir beit og því aðallega í klettum og gljúfrum.

Burnirót hefur einnig gengið undir nöfnunum greiðurót, höfuðrót, svæfla og munnsviðarót og vísa þessi nöfn í eiginleika jurtarinnar við notkun. Því var trúað að hún yki hárvöxt en til þess þurfti að bera burnirótarsteina í hár kvöld og morgna í nokkurn tíma. Að auki var holdsveikum ráðlagt á sínum tíma að nota burnirót sér til lækninga.

Þóra Ellen segir að hún hafi sér til skemmtunar verið að reyna að rekja orðsifjar burnirótar. „Svo virðist sem burn eigi sér ekki neina samsvörun í skyldum málum og uppruni heitisins með öllu óljós. Í skandinavísku málunum er plantan kennd við rós, rósarót.“

Algengari fyrr á tímum

Þóra Ellen segir að burnirót hafi áreiðanlega vaxið víðar hér á landi áður fyrr. „Plantan er mjög eftirsótt beitarjurt og hverfur þar sem sauðfjárbreit er stöðug. Hún er líka ein allra verðmætasta lækningaplantan í

íslensku flórinni.

Ég held að burnirót hafi eitthvað verið safnað hér á landi síðastliðinn áratug og hún virðist vera horfin á einum stað á miðhálandinu og ég tel líklegra að það sé vegna söfnunar.

Burnirót er algjörlega horfin í Þúfuveri á innan við áratug og þess vegna finnst mér miklu líklegra að hún hafi verið grafinn upp frekar en ofanjarðarhlutarnir bitnir. Ég hef séð hóp af fólki þarna með stóra poka að tína fjallagrös. Í nokkur ár voru seld íslensk burnirótarhylki en ég hef ekki séð þau á markaði nýlega.“

Samkvæmt því sem segir á vef Háskóla Íslands um rannsóknina fellur hún vel að Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna, ekki síst því sem vikur að hnignun líffræðilegar fjölbreytni og að tryggja sjálfbæra nýtingu vistkerfa.

Rannsóknin er líka einstaklega hagnýt og segir Þóra að árlegt markaðsvirði afurða burnirótar hafi verið metið yfir 3,5 milljarða króna árið 2015 og að eftirspurn vaxi stöðugt og um 8% á ári.

„Vegna þessa hefur ofnýting leitt til hnignunar burnirótarstofna,“



Undir Arnarfelli.



Á Sauðlauksdalsfjalli milli Patreksfjarðar og Rauðasands.

ÍSFELL

Vinnufatnaður

VINNUFATNAÐUR

Úrval af vinnu- og regnfatnaði, stígvélum og öryggisskóm. Hafðu samband og kynntu þér vöruúrvalið og þjónustuna!

isfell.is • sími 5200 500

Þekking og þjónusta

segir Þóra Ellen, „og að burnirót er komin á valista sums staðar, til dæmis í fimm Evrópulöndum og hefur Alþjóðanáttúruverndarráðið (IUCN) og undirstofnanir Sameinuðu þjóðanna hvatt til ræktunar burnirótartil að stemma stigu við eyðingu villtra stofna.“

Garð- og lækningajurt

Að sögn Þóru Ellenar er burnirót ræktuð í nokkrum löndum en ræktun enn í smáum stíl.

„Margir þekkja hana úr gördum sem skrautjurt sem ber bæði fögur gul og rauð blóm.

Burnirót er notuð gegn streitu og þróttleysi og til að auka einbeitingu og úthald. Klínískar rannsóknir virðast styðja við þessa verkun þótt hún sé ekki að fullu sönnuð og þörf sé á ítarlegri rannsóknum. Þá má nefna að burnirót hefur sýnt mótverkandi áhrif gegn veirum og öndunarferasjúkdómum af þeirra völdum og rannsóknir hafa m.a. beinst að áhrifum hennar á æðasjúkdóma, krabbamein og sykursýki.

Í þessu verkefni sem ég stjórna koma saman aðilar sem vilja finna bestu leið fyrir ræktun burnirótartil á Íslandi með afurðum sem markaðssetja má sem sjálfbært framleidda hágæðavöru.“

Fjöldi lífvirkra efna í plöntunni

Þóra Ellen segir að greind hafa verið rúmlega 140 lífvirk efni úr burnirót og verðmætustu þeirra séu virku efnin rosin, rosavín, rosarin og salidrosíð sem eru einku í jarðstöngli plöntunnar og því er plantan öll fjarlægð fyrir uppskeru.

„Sala burnirótartil í dag byggist að mestu leyti á villtum plöntum. Erlendis hefur skortur á gæðaeftirliti leitt til þess að hráefni og vörur sem seldar eru sem burnirót eru blönduð með öðrum auðfengnari plöntutegundum eða eru alfarið aðrar tegundir sem annaðhvort innihalda alls ekki hin verðmætu virku efni eða aðeins í lágum styrk.

Það er því mikil þörf á að koma á fót sjálfbærri framleiðslu burnirótartil sem er stöðluð með tilliti til virkra innihaldsefna og tryggja gæði.

Tilgangurinn með verkefninu okkar er að skapa nýja þekkingu á því hvernig best megi nýta íslenska burnirótartil til ræktunar og framleiðslu verðmæts hráefnis. Niðurstöður rannsókna mun skýra hvaða stofn íslenskrar burnirótartil framleiðir mest af virkum innihaldsefnum og er hentugastur til ræktunar. Á sama tíma mun skapast þekking á hvaða ræktunarskilyrði eru best og ólíkar leiðir til að fjölga og viðhalda plöntum í ræktun.“

Þverfagleg rannsókn

„Við ætlum að bera saman þrjá ólíka stofna: láglandisstofn í klettum á Suðurlandi, hálandisstofn sem vex í um 600 metra hæð á miðhálandinu og fjallastofn á Vestfjörðum.

Þar munum við meðal annars rannsaka erfðafjölbreytni og skyldleika þessara stofna, vistfræðilega þætti, stærðardreifingu, blómgunartíðni og hvernig lífmassi deilist milli ofanjarðar- og neðanjarðarhluta.

Helstu virku efnin verða greind í jarðstönglinum og styrkur þeirra mældur. Plöntur úr öllum þremur stofnum verða svo fluttar norður í Skagafjörð og ræktaðar þar í tilraunareitum í tvö sumur. Þar verður fylgst með vaxtarhraða, fræframleiðslu og frægaðum.

Við munum líka greina kosti og ókosti þess að fjölga plöntum með því að búa jarðstöngulinn niður og rækta plöntur upp af fræi. Í lok tilraunarinnar verða virku efnin svo mæld aftur. Ein af afurðum verkefnisins verður leiðarvísir um ræktun burnirótartil á Íslandi.“

Þóra Ellen telur að verkefnið hafi margháttað mikilvægi.

„Í rafrænum gagnagrunnum fyrir vísindatímarit eru um eitt þúsund greinar um burnirót en þær eru næstum allar tengdar virkum efnum og meintum lækningamætti hennar. Aðeins örfáar rannsóknir hafa verið birtar um líffræði hennar eða vistfræði og við teljum að okkar rannsókn muni bæta við nýrri grunnþekkingu.

Það er að finna burnirótartil í nokkrum löndum en við höfum ekki séð að þeir framleiðendur byggji á vísindalegum rannsóknum á virkum efnum. Einn mikilvægur þáttur í okkar verkefni er að veita væntanlegum íslenskum ræktendum traustan gæðastaðal þannig að hægt

verði að markaðssetja íslensku burnirótina sem hágæðavöru.“

Að sögn Þóru Ellenar koma auk hennar að verkefninu Snæbjörn Pálsson, prófessor í stofnlíffræði, Elín Soffía Ólafsdóttir, prófessor í lyfja- og efnafræði náttúruafna, og Maonian Xu, sérfræðingur hjá Heilbrigðisvísindastofnun.

Aðrir þátttakendur eru María Eymundsdóttir og Pálmi Jónsson, sem reka HulduLand í Skagafirði, þar sem tilraunarektun burnirótartil mun fara fram og Guðrún Marteinsdóttir, prófessor í fiski- og fiskavistfræði við Háskóla Íslands, en hún er frumkvöðull í hagnýtingu náttúruafna.



Burnirótartil við Arnarfellsmúla.



RAFEINING



Rafeining ehf
Sími: 565-3049
Netfang: rafeining@rafeining.is

Flatahrauni 5b
Fax: 565-3048

220 Hafnarfjörður
Farsími: 892-9160
Vefsíða: www.rafeining.is



Agrilight lýsing fyrir allan landbúnað.



Okkar Þjónusta AGRILIGHT® þitt rekstaröryggi.

Sem söluaðilar Agrilight á Íslandi er okkar ánægja að gera verðtilboð í stóra sem smáa lýsingapakka. Reiknum út lýsingaþörf og gerum lampaplan kaupendum að kostnaðarlausu.

BETTER LIGHT, BETTER LIFE



Ýmsar vörur frá Keraf. Framlengingarkefli, vinnutöflur, Led ljóskastarar í ýmsum stærðum og gerðum, tenglar, klær, hulsur o.fl.. Vara sem er framleidd í Hollandi.



Rafmagnskefli 2,5q 25 og 40mtr á lager. Hægt að fá í ýmsum útfærslum



Vinnutöflur í ýmsum stærðum og gerðum



Tenglar hulsur og klær, einfasa og þriggjafasa í öllum stærðum og gerðum



Led kastarar í öllum stærðum og gerðum frá 2.350lm til 45.000lm, 60° eða 120° geislahorn, IP65



Led ljós í ýmsum stærðum og gerðum frá NightSearcher drifin af Li-Ion rafhlöðum. Handljós, kastarar, aðvörunarljós, höfðuðljós o.s.fr.

Lýsing & ljósabúnaður.

Eigum til á lager Hi-bay lampa 200W, 90°, 4000k 28.000lm. Getum einnig útvegað Hi-bay lampa í mismunandi útfærslum.



Rafhliðukastarar allt að 40.000lm




Höfuðljós í ýmsum gerðum



Aðvörunarljós



Handljós allt að 11.600lm



NYTJAR HAFSINS

Eignarréttur skapar skynsamlega hvata

– Dr. Michael DeAlessi rannsakar skipulag fiskveiða og áhrif þeirra á samfélög

Sigurgeir B. Kristgeirsson
binni@vsv.is



Skynsamlegt skipulag skiptir miklu um framþróun. Stærsta skref mannkyns var þegar menn tóku sér fasta búsetu, hófu að yrkja jörðina og nýttja búfé. Þar með hófst landbúnaðarbyltingin fyrir um 11.500 árum.

Landbúnaður verður ekki stundaður nema með skýrum eignarrétti lands og búfjár en hann er forsenda þeirrar þróunar sem við njótum góðs af í dag.

Skipulag mannlægs samfélags skiptir miklu um velferð fólks en það er líka auðvelt að brjóta það niður eins og dæmin sanna.

Í Norður- og Suður-Kóreu býr sama fólkið, jafnvel sömu fjölskyldurnar, hvort sínum megin við landamærin. Trúin, siðirnir, fólkið var það sama fyrir rúmum 70 árum en þá skildu leiðir. Kommúnismi, þar sem ríkið á allt, tók við norðanmegin en lýðræðislegt fyrirkomulag með eignarrétti einstaklinga sunnanmegin. Ekki þarf að upplýsa lesendur um stöðu þessara þjóða. Þjóðarframléiðsla S-Kóreu á mann er svipuð og í Evrópusambandinu og almennt eru aðstæður þjóðarinnar góðar. Íbúar N-Kóreu búa aftur á móti við fátækt og ömurlegar aðstæður. Rangt skipulag er því ekki lengi að hafa alvarlegar afleiðingar fyrir heilu þjóðirnar.

Michael DeAlessi

Dr. Michael DeAlessi er rannsóknarprófessor við University of Washington, á vesturströnd Bandaríkjanna. Hann hefur aðallega fengist við að rannsaka skipulag fiskveiða og áhrif þeirra á samfélög og fólkið sem þau byggja.

Hann var staddur hér á landi í vor til að kynna sér íslenskan sjávarútveg betur. Tilgangur ferðarinnar var að reyna að meta áhrif fiskveiðistjórnunar á lífskjör þjóða og samfélaga sem byggja á sjávarútvegi og reyna að þróa mælistiku sem mælir árangur fiskveiðistjórnunar á hag fólks. Hann þekkir vel til sjávarútvegs í Bandaríkjunum, Nýja-Sjálandi og Indónesíu, svo nokkur ríki séu nefnd.

Eignarréttur ostruveiðmanna í Willapa Bay

Michael DeAlessi birti fyrir nokkrum árum áhugaverða rannsókn um þróun ostruveiða í Willapa Bay



Ostrur eru síur sem sía næringuna úr sjó eða vatni og lifa víða um heim. Sums staðar mynda þær mikil rif og veita öðrum lífverum mikilvægt skjól.

Mynd / Ben Stern

í Washingtonríki, sem er flói á vesturströnd Bandaríkjanna. Stutta og einfalda sagan er þessi: Við landnám vesturstrandarinnar, um miðja 19. öldina, uppgötvuðu landnemar í Willapa Bay gnægð ostra í flóanum og hófu þegar veiðar.

Ekki leið á löngu þar til ofveiði varð og ávinningurinn minnkaði. Þar sem Washingtonríki hafði ekki verið stofnað, þá slógu landnemarnir eign sinni á flóann og skiptu honum á milli sín, líkt og landnemar gerðu við landnám Íslands. Þar með gátu þeir stýrt veiði sinni og nýtingu en um leið útilokað aðra frá veiðum. Washingtonríki var stofnað 1889 en þá voru ostruveiðimennirnir byrjaðir að leita leiða við að rækta ostrurnar, hlúa að búsvæðum hennar og um leið hrygningu. En ríkið hélt áfram að þróa með frekara landnámi. Skógarhögg hófst og sögunarmyllur risu upp með ánum sem féllu í flóann með tilheyrandi mengun.

Ostrurnar eru síur, það er að segja, þær sía næringuna úr sjónum. Um leið og affall sögunarmyllanna og önnur mengun barst í flóann minnkaði vöxtur og viðkoma ostranna með tilheyrandi tjóni fyrir ostrubændurnar. Þeir tóku sig saman og töluðu fyrir því við þingmenn á þingi Washingtonríkis að sett yrðu lög sem takmörkuðu heimildir manna til að menga árnar. Þeir væru að rýra eignarrétt ostrubændanna. Það tókst og þingið bannaði þeim sem bjuggu við árnar að losa úrgang í þær. A tiltölulega skömmum tíma jókst „framléiðsla“ ostrubændanna á ný og tekjur þeirra og afkoma batnaði.



Willapa Bay í Washington-ríki.



Chesapeake Bay á austurströnd Bandaríkjanna.

Á þeirri einni og hálfri öld sem liðin er frá því að ostruveiðimennirnir slógu eign sinni á flóann og hófu ostrubúskap þá er Willapa Bay nú eitt af hreinustu hafsvæðum Bandaríkjanna og ostruframléiðslan nemur nú um 25% allrar

ostruframléiðslu í Bandaríkjunum. Ostrubændur í Willapa Bay reka nú myndarleg bú og dæmi eru um að fimmta kynslóð ostrubænda sé nú að yrkja ostrubúin. En auðvitað hafa skipst á skin og skúrir í þeim búskap eins og öðrum.



Michael DeAlessi er með doktorsgráðu í hagfræði og hefur aðallega fjallað um fiskveiðar. Hann er nú rannsóknarprófessor við University of Washington, á vesturströnd Bandaríkjanna.

Mynd / SBK

Chesapeake Bay, án eignarréttar

Michael DeAlessi benti á algera andstæðu þeirrar þróunar sem átt hefur sér stað í Willapa Bay, en hún er á austurströnd Bandaríkjanna.

Í Chesapeake Bay, flóa sem liggur að ríkjum Maryland, Virginíu og Delaware, skammt frá höfuðborginni, Washington, voru fengisælustu ostrumið Bandaríkjanna, mun betri en í Willapa Bay. Í flóann falla margar ár eins og í Willapa Bay. Ostrur voru fyrst veiddar á smábátum á grunnsævi en síðar á seglbátum seint á 19. öldinni, sem drógu plóga. Smám saman fjölgaði bátum, ágreiningur jókst en öllum var ljóst að takmarka þurfti veiðina. Deilurnar leiddu meðal annars til skotbardaga milli sjómanna frá mismunandi ríkjum undir lok 19. aldarinnar. Þing ríkjanna settu mismunandi lög um ostruveiðar þar sem veiðar voru takmarkaðar með ýmsum hætti, t.d. með háum sköttum, veiðibönnum eða öðrum aðferðum en ekkert virkaði.

Með vélbátavæðingu upp úr 1900 jukust afköstin en aflinn dróst að sama skapi mjög mikið saman. Ríkin tóku sig saman og leyfðu veiðar með vélarafl tveggja vikunnar en hina dagana þurftu fiskimennirnir að nota segl. Þetta fyrirkomulag er enn við lýði í dag en aflinn er nánast enginn. Bátarnir eru örfáir og fiskimennirnir eru fátækir.

Börnin vilja ekki taka við útgerð foreldranna enda ekki hægt að framfleyta fjölskyldu af þeim.

En það var ekki bara að sóknarstýringin mistókst. Mengun fór að berast með vatni í ánum sem féllu í flóann frá borgunum í kring og ýmiss konar iðnaði. Ostrusjúgumennirnir sáu að afleiðingarnar voru þær sömu og á vesturströndinni, mengun hafði alvarlegar afleiðingar á vöxt og viðgang ostranna í flóanum, og höfðuðu mál á hendur ríkjum.

Árið 1919 felldi Hæstiréttur Bandaríkjanna dóm í málinu þar sem réttur ríkjanna var staðfestur um að þau mættu deila skólpi í árnar og þar með sjóinn og menga búsvæði ostranna.

Afleiðingarnar hafa ekki látið á sér standa. Undanfarna áratugi hafa margvíslegir sjúkdómar herjað á ostrurnar í Chesapeake Bay og ostrustofninn er innan við 1% af því sem hann var í lok 19. aldar. Hvort tveggja er enn við lýði, sóknarstýring báta sem mega sækja ostrumiðin á seglbátum með aðferðum í lok 19. aldar og enn er dælt í sjóinn mengun sem hleypir af stað sjúkdómum og eyðileggur búsvæði ostranna.

Það vinna ekki allir
en þjóðin er betur sett

„Í öllum löndum, atvinnugreinum eða íþróttum vinna einhverjir og aðrir tapa,“ segir Michael DeAlessi.

„Þannig er það líka með eignarrétt. Hvatarennir skipta mestu máli. Þeir verða að vera réttir. Við sjáum hvernig skipulag fiskveiða í Nýja-Sjálandi, sem byggir á eignarrétti sem ég þekki vel, er miklu ábatasamara en skipulag fiskveiða annarra þjóða, t.d. í Indónesíu.

Munurinn milli landanna er að rétturinn til fiskveiða er mun skýrari á Nýja-Sjálandi en í Indónesíu. Fólkið er ekki öðruvísi, það er skipulag fiskveiða sem inniheldur rétta hvata sem skiptir mestu máli. Fiskimenn þar sem eignarréttur er vel skilgreindur eru mun betur settir en þar sem hann er það ekki.

Þeir leggja mun meira til þjóðarbúsins en þeir sem búa við lélegt skipulag. Það er einfaldlega þannig að eignarréttur skapar skynsamlega hvata.“

Ýmsar bátavörur á hagstæðu verði

Lensidælur og rofar, ljóskastarar, siglingaljós, sæti og standar, ryðfrí handföng, pollar og kefar, rofabretti og rafmagnsvörur, stýrisbúnaður og ýmislegt fleira.



S. 666 6012 / batavorur.is



SUMMAR ÚTSALA

ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR!



VERKFERA
SALAN

VERKFERASALAN • SÍÐUMÚLA 9, REYKJAVÍK • DALSHRAUNI 13, HAFNARFIRÐI • TRYGGVABRAUT 24, AKUREYRI • S: 560 8888 • vfs.is



Husqvarna á Íslandi



Husqvarna FS400

Gólfisög - Sögunardýpt 16,2cm



Husqvarna 545RX

Sláttuorf - 3 heðstöfl



Husqvarna 535RX

Sláttuorf - 2,2 heðstöfl



Husqvarna Traktor TC238T

Sláttutraktor - 18 heðstöfl



Husqvarna Rider 320X AWD

Sláttutraktor - 20 heðstöfl



Husqvarna LF75LAT

Jarðvegsþjappa - 95KG



Husqvarna K770

Steinsög - Sögunardýpt 12,5cm



Husqvarna K970

Steinsög - Sögunardýpt 15,5cm



Husqvarna K3600 MK II

Steinsög - Sögunardýpt 27cm



Husqvarna K7000 Ring

Steinsög - Sögunardýpt 27 & 32cm



Husqvarna 550XP MKII

Keðjusög - 4,2 heðstöfl



Husqvarna AM310 MK II

Slátturóbot - 1000m² - 40% halli



Husqvarna AM415X

Slátturóbot - 1500m² - 40% halli



Husqvarna AM430X

Slátturóbot - 3200m² - 45% halli



Husqvarna AM450X

Slátturóbot - 5000m² - 45% halli



Husqvarna AM305

Slátturóbot - 600m² - 40% halli

HAGTÖLUR LANDBÚNAÐARINS


Verðhjöðnun á hrávörumörkuðum

Síðustu vikurnar hefur heimsmarkaðsverð á hveiti lækkað nokkuð. Í júlí voru viðskipti með hveiti á markaðnum í Chicago komin niður undir það verð sem var fyrir innrás Rússa í Úkraínu. Framboð hefur verið að styrkjast sem leiðir til lægra verðs. Vonir eru bundnar við að samkomulag náist milli Úkraínu og Rússlands um að hefja aftur útflutning á hveiti frá hafnarborgum í Svartahafi.

Verð á soja fer einnig lækandi, einkum vegna þess að þar er gert ráð fyrir því að eftirspurn dragist saman og síðan eru uppskeruhorfur góðar í Bandaríkjunum og öðrum mikilvægum framleiðsluvæðum.

Nokkur óvissa ríkir á mörkuðum með maís. Líklegt er að hitabylgja í Evrópu dragi úr uppskeru. Það mun einnig skipta máli hvort samkomulag náist milli Rússlands og Úkraínu um útflutning á kornvörum, þar sem bæði lönd hafa talsverða markaðshlutdeild í heimsviðskiptum með maís.

Heimsmarkaðsverð á fódurhráefnum



Breyting yfir 12 mánaða tímabil

Hveiti + 56%	Hveiti + 56%	Soja + 12%
------------------------	------------------------	----------------------


Heimsmarkaðsverð á áburði lækkar

– Mikil óvissa á mörkuðum

Verð á köfnunarefnisáburði hefur lækkað lítillega síðustu vikurnar samhliða lækkingu orkukostnaðar og samdráttar í eftirspurn, sem er vanalegt á þessum tíma árs. Mikil óvissa er á mörkuðum og þá sérstaklega tengt því hvort settar verði takmarkanir á útflutning áburðar frá Rússlandi og Úkraínu.

Afhending Rússa á gasi mun hafa afgerandi áhrif á orkuverð í Evrópu á komandi mánuðum og þar með kostnaði við áburðarframleiðslu. Vegna hækkunar orkuverðs hefur verið dregið talsvert úr framleiðslu köfnunarefnis í Evrópu og jafnvel verksmiðjum lokað. Ekki er ljóst hvenær eða hvort framleiðsla ná fyrri getu sem skapa óvissu um framboð og verð á næsta ári. Ekki hafa orðið miklar verðbreytingar á fosfór og kalí á mörkuðum síðustu vikurnar. Þróun næstu misserin mun ráðast af því hvort Rússland og Hvíta-Rússland fái að flytja út sína framleiðslu.

Heimsmarkaðsverð á áburði



Breyting yfir 12 mánaða tímabil


N + 56%	P + 34%	K + 177%
-------------------	-------------------	--------------------

Gífurleg hækkun á framleiðslukostnaði landbúnaðarvara

Í flestum okkar nágrannalöndum er mánaðarlega gefin út vísitala yfir framleiðslukostnað landbúnaðarvara. Slík vísitala er samsett úr fjölda kostnaðarliða, svo sem áburði, fóðri, olíu og ýmsum öðrum rekstrarvörum. Síðustu 12 mánuði hefur vísitala framleiðsluverðs landbúnaðarvara hækkað gífurlega, eða um 30-40%.

Í apríl var 12 mánaða hækkun vísitölu framleiðslukostnaðar landbúnaðarvara í Bretlandi um 30% á meðan almenn verðbólga þar í landi var um 9%. Sambærileg gögn á Írlandi gefa til kynna mun meiri hækkun, eða 41%. Gert er ráð fyrir því að vísitalan haldi áfram að hækka fram eftir ári en þó verði vöxturinn mun minni en verið hefur síðustu misserin.

Vísitala framleiðsluverðs landbúnaðarvara



ÞAÐ ER BARA SOLIS – MEST SELDA DRÁTTARVÉLIN

SOLIS



SOLIS 90 verð frá
5.695.000+vsk
Með ámoksturstækjum
6.970.000+vsk



SOLIS 50 verð frá
4.980.000+vsk
Með ámoksturstækjum
6.180.000+vsk



SOLIS 26 sjálfskipt verð frá
1.900.000+vsk
Með ámoksturstækjum
2.640.000+vsk



SOLIS 16
TILBOÐSVERÐ:
1.250.000+vsk
með sláttuvél

Mikið úrval fylgihluta í boði

10% afsláttur af ávinnsluherfum

Galv. ávinnsluherfi 4-6-8m



Tromlúsláttuvél 165cm 312.000+vsk



BOMET tætarar
1,8m 560.000+vsk
2m 660.000+vsk



Ruddasláttuvélar
í miklu úrvali.



Rúlluvél mini
980.000+vsk



vallarbraut.is S-4540050 vallarbraut@vallarbraut.is Trönuhrauni 5 220 Hafnarfirði

EUREKA!

Það þarf engan snilling til þess að sjá að Eureka sóparnir og skúringavélarnar eru fullkomin lausn fyrir fyrirtæki sem að vilja halda húsnæðinu sínu snyrtilegu og aðgengilegu. Skilvirkar og endingargóðar vörur sem að skila alltaf sínu!



AUTHORIZED
DEALER

PICOBELLO 151 ECOVAC Sópur



Verð: 139.000 + vsk

KOBRA vélsópur



Verð: 569.900 + vsk

E36 Skúringavél



Verð: 395.000 + vsk



FRÉTTASKÝRING

Landbúnaður í stríðshrjáðu landi

– Úkraínski landbúnaðarblaðamaðurinn Iurri Mykhailov segir stöðuna í heimalandi sínu einkennast af fullkominni óvissu

Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is



Innrás Rússa í Úkraínu hófst 24. febrúar síðastliðinn og ekki sér fyrir endann á þeim átökum enn. Deilur milli þjóðanna eiga sér langa sögu sem meðal annars felst í því að Rússar hernámu og innlimuðu Krímskaga frá Úkraínu árið 2014. Úkraínski landbúnaðarblaðamaðurinn Iurri Mykhailov segir í samtali við Bændablaðið að ástandið í Úkraínu einkennist af algjerri óvissu.

Úkraína var hluti af rússneska keisaraveldinu og síðan Sovétríkjunum þar til Sovétríkin liðuðust í sundur árið 1991. Fyrstu árin eftir að Úkraína hlaut sjálfstæði var rík spillning í landinu og tengsl stjórnvalda við Rússland mikil. Það var ekki fyrr en eftir svonefnda appelsínugulu byltingu, sem stóð frá því í nóvember 2004 þar til í janúar 2005, til að mótmæla kosningasvikum í landinu, að lýðræðisöfl óháð Rússlandi náðu völdum í landinu.

Brauðkarfa Evrópu

Úkraína er annað stærsta landið í Evrópu. Íbúar þess eru um 40 milljónir og þar af búa 30% í sveit. Ræktarland þar þykir vera eitt það besta í heimi og talið að í landinu sé að finna um 30% af allri svartri og bestu ræktunarmold heimsins, um 42 milljónir hektara. Úkraína er jafnframt talin vera ein af vöggum akuryrkjumeningarinnar í heiminum. Ræktanlegt land á íbúa er hátt, eða 0,71 hektari, sem er þriðja hæsta hlutfall í heimi.

Landið er stundum kallað brauðkarfa Evrópu vegna mikillar kornræktar. Ræktun á korni og sólblómum er stórtæk í landinu og flestir akrar á stærðarbilinu tíu þúsund til hundruð þúsund hektarar og umfangið því gríðarlegt. Stærstu akrarnir eru í eigu stórra alþjóðlegra landbúnaðarfyrirtækja og moldríkra landbúnaðarólígarka.

Um það bil 10% af hagkerfi Úkraínu grundvallast af landbúnaði og um 30% af útflutningstekjum landsins fengust fyrir landbúnaðarvörur fyrir innrás Rússa. Þar af fengust rúm 21% af útflutningstekjunum fyrir sólblómaolíu, 20% fyrir maís, 14% fyrir hveiti og 5% fyrir repjufræ.

Ræktunarárið 2020/21 var Úkraína í sjötta sæti yfir stærstu útflytjendur hveitis í heiminum með um 9% heimsframleiðslunnar. Samkvæmt tölum matvæla- og landbúnaðarráðuneytis Úkraínu var heildar kornuppskera landsins á árinu 2021 83,8 milljón tonn. Inni í þeirri tölu er 32,1 milljón tonn af hveiti og 40 milljón tonn af korni. Auk þess sem í landinu er ræktað mikið af maís, byggi og sólblómum. Fyrir innrás Rússa flutti landið út um 50% heimsframleiðslunnar af sólblómaolíu.

Ómældar hörmungar

Auk mannfalls, tilfærslu milljóna flóttamanna, ónefndra og ómældra annarra hörmunga í Úkraínu, hefur innrás Rússa í landið haft gríðarleg áhrif út fyrir landsteinana, meðal annars með hækkanði orku- og matvælavæði um allan heim. Eitthvað sem ekki hefur farið framhjá bændum á Íslandi með hækkanði verði aðfanga eins og áburði og fõðri, auk þess sem neytendur finna fyrir hækkanði orku- og matvælavæðis.

Fullkomin óvissa

Úkraínski landbúnaðarblaðamaðurinn Iurri Mykhailov, annar af tveimur fulltrúum Úkraínu á Alþjóðþingi landbúnaðarblaðamanna



Landbúnaður á stríðstímum. 10% af hagkerfi Úkraínu grundvallast af landbúnaði og 30% af útflutningi landsins eru landbúnaðarvörur. Mynd / inthesetimes.com



Jarðsprengjuvari á hveitiakri.

Mynd / Genya Savilov

í Danmörku fyrir skömmu, segir í samtali við Bændablaðið að best væri að lýsa ástandinu í Úkraínu þannig að það einkenndist af algjerri óvissu.

„Við vitum ekki hvenær stríðinu lýkur, hver útkoma þess verður eða hversu mikla skemmdirnar og skaði verður í kjölfar þess.“

Verð fyrir land lágt

Fjöldi býla er mikill í Úkraínu og stærð þeirra er mjög breytileg. „Til lítilla búa teljast býli sem eru um 100 hektarar að stærð en svo eru jarðir í eigu stórra landbúnaðarfyrirtækja nokkur hundruð þúsund hektarar að stærð. Auk korns rækta sum þessara stóru fyrirtækja sólblóm og framleiða sína eigin sólblómaolíu og eru með gríðarlega stóra korngeymslur.

Verð fyrir land í Úkraínu hefur lengi verið lágt miðað við land í Evrópu og mikið um að stór landbúnaðarfyrirtæki hafi keypt upp stór svæði og hafið ræktum á sólblómum og korni þar.“

Birgðir af korni

Mykhailov segir að ef horft sé til áhrifa stríðsins á landbúnað í Úkraínu þá sitji þjóðin uppi með rúmlega 20 milljón tonn af korni af uppskeru síðasta árs sem ætlað var til útflutnings. „Við eðlilegar aðstæður er 95% af öllu korni flutt út sjóleiðina en vegna þess að Rússar hafa lokað höfnunum er það ekki hægt.“ Hann segir að reynt sé eftir megni að flytja það sem hægt er af korninu út með lestum og vörubílum til Evrópu en flutningageta sé takmörkuð. „Breiddin milli öxla úkraínskra



Úkraínski landbúnaðarblaðamaðurinn Iurri Mykhailov. Mynd / VH

jámbrautalesta er önnur en í löndum Evrópusambandsins og því ekki hægt að aka úkraínskum lestum yfir landamærin og áfram á evrópskum lestarteinum. Annaðhvort verður því að flytja kornið á milli lesta eða skipta um öxla undir lestunum. Skiljanlega veldur þetta miklum töfum á flutningi á korninu, um allt að þremur mánuðum, sem er skelfilegt. Í dag er afkastageta lestanna um 1,5 til 2 milljón tonn á mánuði sem er fjórum sinnum minna en hægt er að flytja út með skipum við eðlilegar aðstæður.“ segir Mykhailov

Hvað flutninga með vörubílum varðar er ástandi ekki skárra. „Samkvæmt lögum Evrópusambandsins þurfa allir vörubílar sem notaðir eru til flutninga innan þess að fá vottun á þriggja ára fresti en slíkar



Rússar hafa víða komið fyrir jarðsprengjum á korn- og sólblómaökrum og bændur því hræddir við að vinna og uppskera á ökrunum og víða hefur verið hætt við að uppskera á svæðum þar sem vítað er um jarðsprengjur.

Mynd /The stadte emergency of Ukraine.

reglur gilda ekki um vöruflytningabíla í Úkraínu. Fjöldi kornflutningabíla og bílstjóra í landinu er heldur ekki nægur til að flytja allt þetta korn. Reglur Evrópusambandsins gera einnig ráð fyrir að í hverjum flutningabíl sem ekur yfir ákveðna vegalengd þurfi að vera tveir bílstjórar með réttindi og að þeir geti tjáð sig á að minnsta kosti einu evrópsku tungumáli.

Auk þess sem hverjum bíl þurfa að fylgja ýmiss konar vottorð. Afgreiðsla bílanna er líka hæg, raðir langar og bíðin til að komast yfir landamærin allt að tvær vikur.“

Ný uppskera

Að sögn Mykhailov er uppskera korns þessa árs hafin í Úkraínu og búist er við að hún verði yfir meðallagi og einhvers staðar á bilinu 60 til 70 milljón tonn.

„Geymslugeta í landinu er ekki næg til að taka á móti öllu því magni til viðbótar við þau 20 milljón tonn sem fyrir eru. Ástandið er því þannig að Úkraínnumenn vita ekki hvað þeir eiga að gera við uppskeruna á meðan ekki er hægt að flytja hana úr landi. Til að

nýta kornið hefur meðal annars verið varpað fram þeirri hugmynd að brenna það í kolbrenslum til orkuframleiðslu en gallinn við hana er að okkur skortir verkþekkingu til að framkvæma hugmyndina. Önnur hugmynd felst í því að framleiða lífrænt etanól úr korninu en til að slíkt sé hægt verður að fjárfesta í dýrum tæknibúnaði sem ekki er til í landinu og slíkt er ekki vænlegt á óvissutímum.“

Aðspurður segir Mykhailov að þrátt fyrir að Evrópusambandið sé viljugt til að liðka til fyrir flutningi kornsins yfir landamærin gangi það hægt. „Mikil skrifinnaska fylgir því og óþarfa seinangangur að okkar mati.“

Jarðsprengjur á kornökrum

Mykhailov segir að Rússar hafi víða komið fyrir jarðsprengjum á korn- og sólblómaökum. Bændur eru því hræddir við að vinna og uppskera á ökrum og hætt hafi verið að uppskera á svæðum þar sem vitað er um jarðsprengjur.

Lán á gjalddaga

Skuldastað bændu í Úkraínu er víða slæm og margir með lán sem eru fallin. „Fjöldi bændu tók lán í vor til að standa undir kostnaði við kaup á áburði og sáðvöru og núna er komið að skuldadögum án þess að nokkuð hafi fengist fyrir kornið. Þar sem ekki er fyrirjáanlegt að það seljist í nánustu framtíð er hætta á að margir þeirra verði gjaldþrota og tapi jafnvel jörðunum sínum.“

Yfirvöld vinna í samvinnu við bankana að því að leysa greiðsluvanda bændu með því að framlengja lánin en þar sem langflestir bankarnir eru í einkaeigu eru þeir margir hverjir í fjárhagslegum vandræðum sjálfir. Eg tel að eins og er verði hægt að koma flestum bændunum til hjálpar en ef óvissan í landinu heldur áfram gæti allt farið á versta veg fyrir þá.“

Mykhailov segir að bændur í landinu séu ekki þeir einu sem séu í fjárhagsvandræðum því slíkt eigi við flesta íbúa landsins og ekki sist ríkið sjálft. „Þjóðin öll er kominn í skuld og vonlaust fyrir ríkið að standa í skilum með erlend lán á meðan lítið sem ekkert er flutt út vegna hafta og tekjur engar. Að óbreyttu blasir ekkert annað við en gjaldþrot þjóðarinnar, sem hæglega gæti leitt til þess að landið leystist upp í mörg smáríki. Slíkt myndi auðvelda Rússum að leggja það undir sig, leiða til blóðbaðs og í kjölfarið gríðarlegar bylgu flóttamanna til Evrópu.“

Mjólk og kjöt til innanlandsneyslu

Um tvö milljón tonn af mjólk eru framleidd árlega í Úkraínu. Mest af mjólkinni er framleitt á smærri býlum og gæði hennar lítil, að sögn Mykhailov.

„Einungis um 30% mjólkur sem framleidd er í Úkraínu stenst gæðastaðla Evrópusambandsins og mjólkinn því ekki flutt út og einungis neytt innanlands að undanskildu lítills háttar af smjöri og osti.“

Neysla á svínakjöti er mikil í landinu og alifuglakjöt fylgir þar fast á eftir og er framleiðslan nokkurn veginn á pari við innanlandsneyslu.



Sprengjuárás Rússa með langdrægum eldflaugum á kúabú sem drap 110 mjólkurkúr. Mynd /dairyglobal.net.



Þrátt fyrir að mjólkur-, kjöt- og eggjaframleiðsla sé ekki útflutningsvara eru bændur sem leggja stund á slíkt komnir í vandræði. Mynd /Anastasia Vlasova



Samkvæmt tölum matvæla- og landbúnaðarráðuneytis Úkraínu var heildarkornuppskera landsins á árinu 2021 83,8 milljón tonn. Mynd /kyvindependent.com

Fjöldi afurðastöðva eru á svæðum sem Rússar hafa hernumið og þeim lokað og bændur því víða gripið til heimaslátrunar.

„Þrátt fyrir að mjólk, kjöt og egg í landinu séu ekki útflutningsvara er ekki þar með sagt að bændur sem leggja stund á slíka framleiðslu séu ekki komnir í vandræði. Aðgangur að aðföngum hefur dregist saman og verð á föðri hefur margfaldast á sama tíma og eftirspurn eftir matvælum hefur minnkað.“

Margar ástæður fyrir innrásinni

Mykhailov segir nokkrar meginástæður fyrir því að Rússar, með Pútín í fararbroddi, hafi ráðist inn í Úkraínu. „Árið 2014 hernámu Rússar Krímskaga í heim tilgangi að koma sér upp höfn fyrir herskipaflota sinn við Svartahafið. Vegna skorts á vatni er Krímskagi óhentugur til landbúnaðar og treystir á vatn sem rennur í síki frá Úkraínu. Eftir að Rússar hernámu skagann lokuðu Úkraínurmenn fyrir vatnsflæðið og Rússar vilja ná yfirráðum yfir síkinu.“

Íðnaður og hergagnaframleiðsla í Úkraínu er, eða var að minnsta kosti fyrir innrásina, mjög þróuð og í landinu voru framleiddar flugvélar, eldflaugar og skriðdrekar og Rússar vilja komast yfir þá framleiðslu líka. Í Úkraínu er einnig að finna

oliulindir sem Rússar ásælast og hafa hernumið þrátt fyrir að framleiðslan nægi ekki nema fyrir um helmingi innanlandsnotkunar Úkraínuranna og þurfa þeir að flytja inn mikið af olíu árlega.“

Sögulegar forsendur innrásarinnar

Innrásin á sér einnig sögulegar forsendur sem byggja á því að höfuðborgin Kyiv er yfir eitt þúsund

og fimm ára gömul og gekk undir heitinu Kievan Rus og svæðið umhverfis hana er hið upprunalega Rússland [Garðaríki]. Heitið Rússland kom ekki fram fyrr en á að átjándu öld og yfirvöld í Moskvu líta því svo á að Rússland án Kyiv sé ófullkomið land, að sögn Mykhailov „Úkraína er lýðræðisríki með sín eigin vandamál en þar eru haldnar kosningar reglulega og í landinu er borin virðing fyrir frelsi fjölmíðla. Rússland er aftur á móti einræðisríki



Sólblóm er þjóðarblóm Úkraínu og landið er stærsti framleiðandi sólblómaolíu í heiminum. Mynd /Wikipedia

og Úkraína því þyrnir í augum yfirvalda þar. Eins og staðan er í dag sokkin upp að augum í skítahaugi og reyna eftir megni að draga alla sem þau geta inn í hauginn til sín.“

Þakklát fyrir alla aðstoð

Að lokum segist Mykhailov vilja koma á framfæri þakklæti til allra þeirra sem hafi stutt þjóð sína í framhaldi af innrásinni hvernig sem sá stuðningur hefur verið.

„Ég vil að heimurinn viti að við erum mjög þakklát fyrir hjálpinu.“



Úkraína hefur verið nefnd brauðkarfa Evrópu. Mynd / Bændablaðið.

VARAHLUTIR Í KERRUR

stalogstansar.is

KNOTT
BREMSEN • ACHSEN

AL-KO
QUALITY FOR LIFE

DEXTER AXLE

Stál og stansar

Vagnhöfði 7, 110 Reykjavík | Sími: 517 5000 | stalogstansar.is

Dagur íslenska fjárhundsins haldinn hátíðlegur

– „Fjárhundurinn er þjóðarhundur Íslendinga,“ segir Sóley Ragna Ragnarsdóttir

Mikill áhugi er á íslenska fjárhundinum og ræktun hans enda fjólgar þeim stöðugt í landinu. Ekki eru nema um 70 ár síðan tegundin var í útrýmingarhættu.

„Á fyrri hluta 20. aldar fækkaði hundum ört á Íslandi en það var bein afleiðing hundabannsins, sem sett var á 1924. Enn frekar hafði aukinn innflutningur annarra tegunda áhrif á stofnstærð íslenska fjárhundsins, en um 1960 var nánast hvergi að sjá þessa vinalegu hunda, með upprétu eyrun og hringaða skottið. Með mikilli vinnu, skipulagi og alúð tókst góðum hópi af fólki að finna tegundatýpiska hunda um allt land og byggja upp stofn af fallegum, kynsterkum íslenskum fjárhundum,“ segir Sóley Ragna Ragnarsdóttir, sem er í forsvari fyrir vinnuhóp dags íslenska fjárhundsins, sem er 18. júlí ár hvert. Hún er líka eigandi slíks hunds og hefur gert mikið af því að taka ljósmyndir af tegundinni.

Þúsund hundar í landinu

Sóley segir að öflugir ræktendur og unnendur tegundarinnar hafi tekið við keflinu og í dag er stofn íslenska fjárhundsins ört vaxandi. Það eru um 80 ræktendur innan Hundaræktarfélags Íslands að rækta íslenska fjárhunda og talið er að um 1.000 hundar séu á landinu í dag.

„Íslenski fjárhundurinn er eini þjóðarhundur Íslands og þrátt fyrir að svipa töluvert til skyldra hundategunda á Norðurlöndum býr tegundin yfir ýmsum eiginleikum sem greinir íslenska fjárhundinn frá öðrum tegundum. Sambland af miklu vinnueðli, sjálfstæði og ljúfu geðslagi gera íslenska fjárhundinn að frábærum vinnu- og heimilishundi. Eitt af einkennum tegundarinnar er þéttur, veðurþolinn feldur sem gerir þeim kleift að þrífast vel í öllum veðrum og vindum,“ segir Sóley.

Mikið af hundum erlendis

Að sögn Sóleyjar hefur íslenski fjárhundurinn verið nokkuð eftirsóttur erlendis.

Til séu heimildir frá 15. öld um að



Sóley Ragna Ragnarsdóttir með hundinn sinn, Dranga Kappa Keisara.
Myndir / Sóley Ragna



Frá landnámi hefur íslenski fjárhundurinn reynst bændum mjög vel við rekstur og smölu á kindum og öðrum búfænaði og lengi vel bjuggu þeir nánast eingöngu í sveitum landsins.



enskar hefðarkonur og bændur hafi sóst eftir íslenskum fjárhundum og keypt þá dýrum dómum.

„Undanfarin 20-30 ár hefur áhuginn á tegundinni erlendis aukist til muna. Þá sérstaklega í Svíþjóð og Danmörku en einnig víðar í Evrópu og í Ameríku,“ segir Sóley aðspurð hvort hundategundin sé mikið hjá fólki sem býr erlendis.

Hún segir enn fremur að sjarmi og fegurð íslenska fjárhundsins sé óumdeild og hefur ásamt áhugaverðri sögu tegundarinnar, kveikt áhuga fólks um allan heim á dásamlega þjóðarhundi okkar Íslendinga.

Íslenski fjárhundurinn á 18. júlí

Dagur íslenska fjárhundsins var haldinn hátíðlegur í sjöunda sinn 18. júlí síðastliðinn, en tilgangur dagsins er að vekja athygli á honum.

Unnendur íslenska fjárhundsins hittust um allan heim með hundana sína og nutu dagsins. Til að mynda voru skipulagðir viðburðir í Árbæjarsafni og í Glaumbæ þar sem gestir og gangandi gátu fræðst um íslenska fjárhundinn og sögu tegundarinnar.

Á Þingvöllum, Selfossi og meira að segja í Svíþjóð og Danmörku voru skipulagðar göngur


þar sem íslenskir fjárhundar stálu senunni og stoltir eigendur vöktu mikla lukku.

Saga tegundarinnar

Dagur Íslenska fjárhundsins verður að sjálfsögðu haldinn aftur að ári, þann 18. júlí 2023. Þema dagsins þá verður saga tegundarinnar og óskar vinnuhópur dagsins eftir myndum af íslenskum fjárhundum.

„Við hvetjum því alla til að fara í gegnum myndaalbúmin sín, kíkja í gömlu kassana í geymslunni og rýna í myndirnar sem hanga upp á vegg hjá ömmu og afa.

Ef þú kemur auga á fallega mynd af íslenskum fjárhundi sem var fæddur fyrir árið 2003 má endilega senda hana á netfangið difdagur@gmail.com,“ segir Sóley. /MHH



Í dag eru um eitt þúsund íslenskir fjárhundar á Íslandi og fer þeim alltaf fjólgandi. Sóley Ragna hvetur alla til að kynna sér okkar frábæra þjóðarhund enda trygglyndir, vinnusamir fjölskylduhundar, sem þjóðin má vera stolt af.



Íslenskir bændur og íslenski fjárhundurinn hafa átt einstakt samband frá landnámi, enda mikið um hundakynið í sveitum landsins.



MASSEY FERGUSON

dráttarvélar og heyvinnutæki
til afhendingar strax

MF HEYVINNUVÉLAR Á LAGER: Sláttuvélar, snúningsvélar, rakstrarvélar og rúllusamstæður (val; netplöstudarbúnaður).

Styrkur - Einfaldleiki - Hátækni



MASSEY FERGUSON

Stuttur afgreiðslutími
Upplýsingar hjá sölumönnum okkar

Búvélur ehf, Austurvegi 69, Selfossi
Sími 4800080, sala@buvelar.is
www.buvelar.is



Húsqvarna®

HÁ verslun ehf tók við umboði Husqvarna byggingavörum á Íslandi þann 11. júní 2021.

- Steinsagir
- Kjarnaborvélar
- Jarðvegsþjöppur
- Sagarblöð
- Kjarnaborar



Husqvarna K3600
Vökvasög
Sögunardýpt 27 cm



Husqvarna K7000
Pre Cut
Sögunardýpt 14,5 cm



Husqvarna K7000
Ring
Sögunardýpt 32,5 cm



Husqvarna DM230
Kjarnaborvél
150mm Max



Husqvarna K970
Sögunardýpt 15,5 cm



Husqvarna K770 14''
Steinsög/hellusög
Sögunardýpt 12,5cm



Husqvarna K4000
Rafmagnssög
Sögunardýpt 12,5cm

Þjónustuverkstæði og varahlutir



Víkurbær 4 - 203 Kópavogur
Opíð mán. - fös. kl. 8-17.
S. 588-0028
haverslun@haverslun.is
haverslun.is

LOKSINS · LOKSINS · LOKSINS

Vorsendingin okkar er loksins komin í hús

Nú eigum við öll garðhúsin okkar og minni gestahúsin til á lager - **Takmarkað magn**

FYRSTUR KEMUR - FYRSTUR FÆR - EKKI MISSA AF ÞESSU

www.volundarhus.is



44 mm bjálki / Tvöföld nótun

GARÐHÚS 14,5 m²

volundarhus.is

Vel valið fyrir húsið þitt

volundarhus.is · Sími 864-2400

Nánari upplýsingar á heimasíðu okkar volundarhus.is og í síma 864-2400.

50% afsláttur af flutningi á **GARÐHÚSUM** og **GESTAHÚSUM** á allar þjónustustöðvar Flytjanda.

GESTAHÚS og **GARÐHÚS** sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður

Sjá fleiri **GESTAHÚS** og **GARÐHÚS** á tilboði á heimasíðunni volundarhus.is



GARÐHÚS 4,4m²



GARÐHÚS 4,7m²



GARÐHÚS 9,9 m² án gólfs



GARÐHÚS 9,7m²



Staðgreiðsla

VISA Lán

- HAGSTÆÐAR AÐFORGANIÉ

www.volundarhus.is

Á döfinni í júlí & ágúst

Austurland & Austfirðir

- 21.-24. júlí Franskir dagar - Bæjarhátíð á Fáskrúðsfirði
 23. júlí Tónlistarhátíðin Bræðslan
 24. júlí Flug & Fákur á Egilsstaðaflugvelli milli kl. 12.-16, boðið er upp á að skoða bæði fornbíla og flugvélar
 29. júlí-1. ág. Verslunarmannahelgin Neistaflug - Fjölskylduhátíð í Neskaupstað, markaður, strandblaksmót, flugeldar o.fl.
 12.-14. ág. Flugeldasýning Jökulsárlóni

Norðurland & Norðausturland

- 22.-24. júlí Mærudagar Húsavíkur
 23. júlí Fjölskylduhátíðin Trilludagar á Siglufirði, útsýnis-siglingar, trilluball og markaðir
 29. júlí-1. ág. Síldarævintýri á Siglufirði - fjölskylduhátíð
 29. júlí-1. ág. Ein með öllu og Íslensku sumarleikarnir á Akureyri
 29. júlí-1. ág. Berjadagar, árleg tónlistarhátíð í Ólafsfirði
 26.-28. ág. Akureyrarvaka – Menningarhátíð Akureyrar

Reykjanes, Suðurland, Suðaustur- & Suðvesturland

28. júlí-1. ág. Flúðir um Versló - Bæjarhátíð á Flúðum
 29. júlí-1. ág. Tónlistarhátíðin Innipúkinn í Reykjavík
 29. júlí-1. ág. Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum
 29. júlí-1. ág. Unglingalandsmót UMFÍ - vímulaus íþrótta- og fjölskylduhátíð þar sem börn og ungmenni á aldrinum 11-18 ára reyna með sér í fjölmörgum íþróttagreinum
 29. júlí-1. ág. Kotmót Hvítasunnukirkjunnar, kristilegt fjölskyldumót að Kirkjulækjarkoti í Fljótshlíð
 Hamingjan við hafið - Fjölskylduhátíð í Þorlákshöfn
 2.-6. ág. Sumar á Selfossi - Bæjarhátíð á Selfossi
 4.-7. ág. Grímsævintýri, fjölskylduhátíð í Borg í Grímsnesi
 6. ág. Hátíðin Hinsegin dagar eru í Reykjavík
 6. ág. Gleðigangan, hápunktur Hinsegin daga fer fram
 2.-7. ág. Töðugjöld - Bæjarhátíð á Hellu á Rangárvöllum
 12.-14. ág. Blómstrandi dagar - Bæjarhátíð í Hveragerði
 12.-14. ág. Bæjarhátíðin Fjölskyldudagar í Vogum
 20. ág. Menningarnótt í Reykjavík - tónleikar, skemmtanir flugeldasýning o.fl.
 22.-28. ág. Bæjarhátíð í Suðurnesjabæ
 26.-28. ág. Í túninu heima – Bæjarhátíð Mosfellsbæjar
 26.-28. ág. Kjötsúpuhátíðin á Hvolsvelli

Vesturland, Norðvesturland & Vestfirðir

- 20.-24. júlí Eldur í Húnaþingi - Bæjarhátíð á Hvammstanga
 22.-24. júlí Reykholtshátíðin - Tónlistarhátíð sem leggur áherslu á klassíska tónlist frá 18. og 19. öld.
 29. júlí-1. ág. Norðanþönk í Laugarbakka Vestur-Húnavatnssýslu
 29. júlí-1. ág. Sæludagar KFUK&KFUM - vímulaus hátíð við Eyrarvatn
 4-6 ág. Act Alone – árleg leiklistarhátíð á Suðureyri.

(Svo er nú sjálfsagt eitthvað sem hefur ekki komist á lista, en hér að ofanverðu er ýmislegt upptalið sem má skemmta sér við.)



Sixpensararar þykja afar móðins þessa dagana.

Ítalskar vörur sem henta íslenskum aðstæðum

Á Landsmóti var nokkuð um að fyrirtæki kynntu vörur sínar og var Elmar Guðlaugsson einn þeirra.

„Sixpensarar eru afar vinsælir þessa dagana, eiginlega vegna Peaky Blinders þáttanna sem hafa verið að slá í gegn – fólk hefur verið að falla fyrir þeim þar,“ segir Elmar, hjá fyrirtækinu sixpensarar.is.

„Auk þess eru sixpensarar mjög þægileg höfuðföt að bera. Þeir eru til í mismunandi stærðum og gerðum hjá okkur og því er málið að finna hvað passar hverjum og einum.“

Hattarnir að sama skapi, sem er hægt að fá vatnshelda og eru akkúrat að verða uppseldir hjá mér núna. Þetta eru ítalskar vörur sem henta svona vel fyrir íslenskar aðstæður – og fólk hefur verið að skipta þessu út fyrir húfurnar, enda mjög kúl.



Elmar Guðlaugsson.

Svo eru til sixpensarar á krakkana líka í ýmsum litum þannig að öll fjölskyldan getur verið í þessu, enda unisex, bæði hattar og sixpensarar,“ segir Elmar og glottir. „Annars, eins og áður sagði, eru sixpensararnir gríðarlega vinsælir og verða komnir víða núna eftir Landsmóti.“ /SP



Gott getur verið að ræða málin í rigningunni.



Kvenfélagið Hringurinn seldi gestum Landsmóts handþrjónaðar ullarvörur í bilförmum. Allur ágóði sölnunnar rann beint til Barnaspítala Hringins. Hringurinn er kvenfélag, stofnað árið 1904. Félagið hefur að markmiði að vinna að líknar- og mannúðarmálum, sérstaklega í þágu barna.



Starfsmenn Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins stóðu vaktina í markaðstjaldinu.




Þétt var setið í brekkunni en þröngt mega sáttir sitja.



Þórir Haraldsson, forstjóri Líflands, Sveinbjörn Eyjólfsson hjá Nautastöðinni og Örn Bergsson, kenndur við Hof í Öræfum, voru hressir á kantinum.



Ungviðið lét ekki rigninguna á sig fá heldur stappaði sem fastast í pollunum.




Dagarnir 3. júlí–10. júlí 2022:

Mannlíf á Landsmóti

Nýverið var haldið Landsmót hestamanna í 24. sinn, en það er einn stærsti íþróttavíburður landsins.

Hefur mótið verið haldið á fjögurra ára fresti síðan 1950, þegar fyrsta Landsmótið var haldið á Þingvöllum, en þar voru sýnd yfir hundrað hross, gæðingar, kynbóta- og kappreiðahross. Mikill fjöldi gesta sækja mótið hvaðanæva af landinu og þetta fyrsta ár mættu í kringum 10.000 gestir sem þótti gífurleg aðsókn. Það met var þó slegið árið 2008, er fjöldinn fór upp í 14.000. Nú í ár litaði rigning og hvassviðri mótið að nokkru leyti en þó var þétt setið í brekkunni á félagssvæði hestamannafélagsins Geysis á Rangárbökkum. Gestir létu þó veðurfarið ekki á sig fá heldur nutu mótsins eftir bestu getu á meðan yngsta kynslóðin ósلاði um í pollunum. /SP




Sumir voru betur búnir en aðrir fyrir votviðrið á Rangárbökkum.




Tómlegt var á veitingasvæðinu er mesta votviðrið geisaði og fólk mishressst sem átti leið þar um.



Reynir Þór Jónsson og Friðrik Már Sigurðarson.



Besti vinur mannsins var sjaldnast langt undan.





Það kennir ýmissa grasa hjá efnafræðingnum henni Elisabet og vert að skoða.

Lífrænar heilsuvörur fyrir hesta

Hin norska Elisabet N Michelson er efnafræðingur og þróunaraðili Bio Power Protection, auk þess að vera meðeigandi fyrirtækisins Nordic Horsecare.

Um ræðir línu lífrænna vara sem ætlaðar eru til þess að vinna á þurki, exemi eða öðrum kvillum hesta, hvort sem um ræðir á húð eða hári. Hér má sjá hestasjampó, aloe vera gel, smyrsl og hófaolíu sem bæði gefur hófunum gljáa auk þess að vinna á eymslum eða sýkingum sem geta myndast. Elisabet hefur einnig til sölu hálsmen með hesti – úr silfri eða gullhúðað, en hesturinn er gerður eftir verðlaunafáki vinkvenna hennar. /SP



Anna Rósa framleiðir hreinar húðvörur úr íslenskum lækningajurtum og lífrænum innihaldsefnum.

Grasalækningar nútímans



Anna Rósa Róbertsdóttir.

Anna Rósa hefur starfað sem grasalækni síðustu þrjú áratugi og leit við á Landsmótinu.

„Ástæðan fyrir því að ég er hér er sú að andlitskreið mitt er afar vinsælt hjá útivistarfólki. Svo er það nú að sárasmyrsl, sem er upphaflega ætlað mannfólki, er gífurlega mikið notað á hestana og hunda. Fyrir sár, exem og annað. Auðvitað er í boði að versla meira magn eða fá afslátt á magninnkaupum ef fólk hefur samband við mig á netfangið mitt,“ segir Anna Rósa hlæjandi. „Hér er ég annars að kynna ýmis lækningasmyrsl fyrir húðina, allt frá bóluhreinsi til áður nefndra smyrsla.“

Ég tæni allar jurtir í vörurnar mínar sjálf og gaman er að geta þess að vallhumallinn, sem ég nota mikið, kemur héðan af svæðinu ekki langt frá. Ég tæni mjög mikið af Suðurlandi vegna þess að ég er nú staðkunnug, er úr Tungunum og þekki vel til.“ /SP



Sárasmyrsl og græðikrem eru afar vinsæl á bæði menn og dýr.



SERES 3
Næsta sending
ágúst-september



HECHT Rafmagns-fjór hjól fyrir 15 ára og eldri Götuskráð



HECHT 1115 jarðvegsþjökkur
117 kg



RAG
import - export
Helluhraun 4, Hafnarfirði
sími 565 2727 & 892 7502
www.rag.is



DIECI á Íslandi | VELTIR

Þú færð öfluga DIECI skotbómulyftara hjá Velti

Dieci skotbómulyftarar og liðstýrðir skotbómulyftarar eru gríðarlega öflugir og hannaðir fyrir mikla notkun við erfiðar aðstæður.

Vinnuástaða stjórnenda Dieci skotbómulyftara er hin besta þar sem sýn úr öikumannshúsi er framúrskarandi og mikil áhersla lögð á öryggi tækjanna. Dieci býður breiða línu tækja, yfir 75 gerðir með lyftigetu allt að 23.000 kg og lyftihæð allt að 30 metrar. Aukabúnaður er fánlegur í miklu úrvali í Dieci skotbómulyftara hjá Velti.

Hafðu samband í dag

Hafðu samband við sérfræðinga okkar varðandi Dieci skotbómulyftara með því að hringja í síma 510 9100 eða sendu okkur fyrirspurn á dieci@veltir.is eða komdu til okkar í kaffi til að ræða málin í nýrri glæsilegri þjónustumiðstöð okkar að Hádegismóum 8. Hjá okkur starfar framúrskarandi teymi fagmanna sem búa yfir áratuga reynslu í söluráðgjöf og þjónustu við atvinnutæki.



Dieci á Íslandi | Hádegismóar 8 | Sími 510 9100 | Salah8@veltir.is









Svo heyskapurinn gangi smurt

Nútíma landbúnaður krefst mikils vélakosts. Gæðasmurefni skipta öllu máli fyrir virkni og endingu véla. Olís veitir ráðgjöf um olíu- og smurefnanotkun fyrir allar landbúnaðarvélar.

Ráðgjafar Olís veita allar nánari upplýsingar í síma 515 1100 eða pontun@olis.is.





Smámunasafnið hefur verið í Sólgarði frá árinu 2003 þegar Sverrir gaf Eyjafjarðarsveit safn sitt. Hönnuðir þess eru Finnur Arnar Arnarsson og Þórarinn Blöndal. Myndir / MÞÞ

Smámunasafnið í Sólgarði í Eyjafjarðarsveit:

Einstakt safn á einstökum stað

Margrét Þóra Þórsdóttir
mth@bondi.is



Smámunasafnið er ekki minjasafn, ekki landbúnaðarsafn eða verkfærasafn, búshaldsafn, nagla- eða lykklafn né heldur járnsmíðasafn, heldur allt þetta og meira til.

Svo segir Sigríður Rósa Sigurðardóttir, safnstýra á Smámunasafni Sverris Hermannssonar í Sólgarði í Eyjafjarðarsveit.

„Það sem mér finnst einstakt við Smámunasafnið er öll umhyggjan, væntumþykjan og natnin sem Sverrir sýndi hverjum einstökum hlut, hversu fallega hann bjó um munina, öll vinnan sem hann lagði í safnið sem hann vildi að yrði til sýnis fyrir

komandi kynslóðir. Það sést svo vel á þessu safni að allir hlutir eiga sinn tilverurétt,“ segir Sigríður Rósa. Hún hefur starfað á safninu undanfarin 16 ár, þar af stýrt safninu frá árinu 2015. „Það eru forréttindi að vinna við eitthvað sem manni finnst skemmtilegt. Smámunasafnið er einstakt safn á heimsvísu.“

Smíðaverkfæri Sverris sjálfs skipa stóran sess á safninu, en á því



Sigríður Rósa Sigurðardóttir, safnstýra Smámunasafnsins í Sólgarði í Eyjafjarðarsveit, við styttnu sem ber nafnið Sámur. Sverrir Hermannsson var fyrirmyndin. Hann safnaði smámunum í yfir 70 ár og eru nú uppistaða þeirra muna sem sýndir eru á safninu. Félagar í Geolist gerðu styttna.



Innrömmuð dúkkulisa.

er hægt að sjá þróunarsögu hinna ýmsu tóla og tækja. Sem dæmi eru þar heflar af öllum stærðum og gerðum, gamlir og nýir.

„Sverrir safnaði yfir þúsund hlutum á hverju ári, allt frá grammófónsnálum til heilu einkasafnanna af smíðaverkefnum,“ segir Sigríður Rósa.

Gaf Eyjafjarðarsveit safnið árið 2003

Sverrir gaf Eyjafjarðarsveit safn sitt árið 2003, með því skilyrði að undir það fengist rúmlegt húsnæði. Það er að sögn Sigríðar vel staðsett í Sólgarði, en Sverrir var ungur að árum vinnuáður í Saurbæjarhreppi og gerði upp kirkjur þar. Áður hafði hann haldið sjálfur utan um safngripin sína heima hjá sér við Aðalstræti 38 á Akureyri. Hann var Innbæingur, fæddur árið 1928 og lést sumarið 2008. Hann var húsasmíðameistari að mennt á hverjufæði sig í að gera upp gömul hús. Fékk hann margvíslegar viðurkenningar fyrir ómetanleg störf sín á því sviði.

„Sverrir fór höndum um mörg elstu og sögufrægustu hús á Akureyri og nágrenni og tók einnig þátt í endurgerð og viðhaldi nokkurra kirkna í Eyjafirði,“ segir Sigríður en þar má nefna Grundarkirkju, Grenivíkirkirkju og Möðruvallakirkju, en flestar risu þær á 19. öld.

„Safnarinn Sverrir var ekki síður við störf en húsasmíðameistarinn, vöskult söfnunarauga hans hvíkaði hvergi en hann varðveitti timbur og


nagla ásamt öðrum hlutum úr þessum gömlu húsum sem annars hefðu lent á haugunum. Úr þessum gamla við og nöglum útbjó hann sýningargrip, sem jafnframt eru einstakir minjagripir.“ Sigríður segir hann hafa komið munum haganlega fyrir í sérsníðuðum sýningarkössum eða á fjöllum og úr varð einstakt augnayndi. „Frágangur hans var meira í ætt við myndlist, enda sjónarmið safnarans fagurfræðilegt, hann vildi hvergi hafa það sem hann sjálfur kallaði sjöngalla.“

Sigríður segir Smámunasafnið bera lönguninni til að varðveita gott vitni, þar megi finna sérstæða næmni til að sjá í hlutum það sem aðrir sjá ekki, viljann til að gefa hversdagslegum hlutum merkingu með því að setja þá í stærra samhengi.



Þetta nestisbox átti Sverrir og hafði með sér til vinnu árum saman.

Bílskúrs- og iðnaðarhurðir



- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

Smíðað eftir máli

Iðnaðarhurðir

Iðnaðarhurðir með gönguhurð

Bílskúrshurðir


Hurðir í trékarma

Tvískiptar hurðir

Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf

VAGNAR HURÐIR

Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is



Unnur Harðardóttir, hjúkrunarfræðingur á eftirlaunum, starfar á Smámunasafrinu í sumar.



Forlata búðarkassi er einn þeirra muna sem er til sýnis.

„Það sem gerir safn Sverris ólíkt öðrum söfnum er að safnarinn gerir ekki upp á milli muna, hann safnar öllu sem haga má í hendi. Hann kallaði þessa hluti smáka. Þetta eru ólíkir munir, blævængir, blýantar, bókamerki, blaðsagir, beltissylgur og blekbyttur, sem eiga sér sinn stað á safninu. Það sem aðrir sjá úr sér gengna muni sá Sverrir dýrgripi,“ segir hún.

Blikur á lofti í húsnæðismálum

Sigríður segir að nú séu blikur á lofti varðandi húsnæðismálin, en sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar hafi kynnt áform um að selja Sólgarð. Safnið yrði þar með komið á hrakhóla.

„Eina upplýsingarnar sem ég hef er að safnið verði ekki selt, en ekkert hefur komið fram um hvort það verði opið áfram og sett upp annars staðar eða hvort því verði pakkað niður,“ segir hún og bætir við að ekkert samráð hafi verið haft við sig eða aðra um framtíð Smámunasafrinsins. Dæmi séu um söfn sem pakkað hafi verið niður vegna breytinga á húsnæðismálum þeirra og munir aldrei teknir upp úr kössum aftur.

Bendir Sigríður á að Sólgarður sé elsta samkomuhús Eyjafjarðarsveitar og merkilegt fyrir þær sakir, byggt af fólkinu í Saurbæjarhreppi hinum forna. Smámunasafrnið, auk Saurbæjarkirkju sem er þar skammt við, sé eina aðdráttarflíð fyrir það fólk sem ekur fram fyrir Grund. Gestum safnsins býðst að fá lykil að kirkjunni og skoða hana, en Saurbæjarkirkja er stærst torfkirkna á Íslandi, byggð árið 1858 og enn eru haldnar þar athafnir af og til.

„Eyjafjarðarsveit er ein blómlegasta sveit landsins og náttúrufegurðin er mikil svo

innarlega. Mér finnst því miður að safnið hafi verið talað niður af ýmsum aðilum og þess verði ekki langt að biða þar til enginn nenni að keyra alla þessa leið til að skoða það. Fleiri gestir kæmu ef það yrði fært nær Akureyri. Í mínum huga er þetta einstakt safn á einstökum stað og við fáum á hverju ári fjöldann allan af gestum á öllum aldri og allir sjá eitthvað áhugavert. Við bjóðum börnum upp á ratleik sem hefur notið vinsælda og á kaffistofunni okkar eru í boði ilmandi sveitavöflur með heimagerðum sultum og rjóma,“ segir Sigríður.

Boðið er upp á leiðsögn um safnið fyrir þá sem kjósa og einnig er haldið í ýmsar hefðir sem frá Sverri eru komnar.

Orðsporið borist út fyrir landsteinana

Orðspor safnsins hafi borist út fyrir landsteinana, en þangað koma m.a. nemendahópar frá Bandaríkjunum, ferðamenn hvaðanæva að úr heiminum sækja safnið heim og tveir prófessorar séu að skrifa bók um safnið. Það eru þeir Sigurjón B. Hafsteinsson og John Bodinger De Uriarte en sá síðarnefndi hefur skrifað grein um safnið í virt safnatímarit. Sigríður segir prófessorana skrifa bókina m.a. út frá því að safnið sé einstakt, bæði vegna þess að einn maður stóð að söfnun muna þess á 70 ára tímabili og eins hversu fallega Sverrir gekk frá öllum hlutum.

„Söfn landsins eru hluti af menningararfi okkar, þau hafa mikið aðdráttarafl fyrir bæði innlenda og erlenda ferðamenn. Við lærum af sögunni hvernig lífið var og hvað undangengnar kynslóðir lögðu mikið á sig til að komandi kynslóðir ættu betra líf,“ segir Sigríður.



Sverrir Hermannsson tók þátt í endurbyggingu Saurbæjarkirkju, sem er ein stærsta torfkirkja á Íslandi byggð árið 1858. Enn eru þar athafnir af og til.

Allt fyrir hænsnin

Hitalampar - Hitaperur - Ungafóður - Varpfóður

Sendum um land allt!








Sími: 453 8888 - Opið virka daga kl. 9-17

Við Norðurlandsveg - 560 Varmahlíð



Foreldrar - Hvetjum stráka og stelpur til að lesa í sumarleyfinu

Hekla er lítil, létt, forvitin og athugul. Hennar heimur er lífið og fólkíð hennar á Egilsstöðum og nágrenni.

Þabbi Heklu, þarf að ferðast mikið vegna vinnunnar. Hans áhugi er að segja sögur, mæla allt og skrá. Hekla elskar ekkert meira en að ferðast með honum og skoða nýja staði. Enda forvitin mjög.

Allt virðist vera eins og það á að vera í lífi sjö ára stelpu. En fljótt skipast veður í lofti og saga Heklu tekur óvænta stefnu sem engann getur órað fyrir (þegar hún fýkur til Grænlands).

Líka til á dönsku – Framhald í vinnslu








ALLAR STÆRÐIR AF AJ RAFSTÖÐVUM

Opnar stöðvar | Stöðvar í húsi

Stöðvar í gám | Aukabúnaður eins og sjálfvirkur skiptirofi og fleira | Öflug og góð þjónusta




Gerðu kröfur - hafðu samband við Karl í síma 590 5125 og kynntu þér þína möguleika.

KLETTUR / SALA OG ÞJÓNUSTA / KLETTAGARÐAR 8-10
104 REYKJAVÍK / 590 5100 / klettur.is



VIÐTALIÐ

Jón Örn Ólafsson, nautgripabóndi á Nýjabæ undir Eyjafjöllum:

„Við vissum að þetta var draumurinn og létum vaða!“

– Bankastarfsmaður úr Kópavogi gerðist framúrskarandi nautgripabóndi

Guðrún Hulda Pálsdóttir
gudrunhulda@bondi.is



Eftir að hafa alið með sér þann draum að gerast bændur í allmörg ár ákváðu tölvunarfræðingurinn Jón Örn Ólafsson og bókarinn Edda G. Ævarsdóttir að vanda kvæði sínu í kross og festa kaup á jörðinni Nýjabæ undir Eyjafjöllum. Þar stunda þau holdanautabúskap af miklum metnaði, við unga búgrein sem hefur farið ört stækkandi á síðustu árum.

Nýibær er falleg 260 hektara jörð undir Vestur-Eyjafjöllum, nánar tiltekið við Sandhólsmveg. Í þessum sendna jarðvegi finnst ekki steinn nema hann sé aðfluttur, jörðin er grasgefin og í góðri rækt, enda staðsett á einum jafnhljásta stað landsins, að sögn ábúenda, sem tóku við lykklunum að eigninni seinni part fagurs dags í marsmánuði árið 2010. Um fimm tímum síðar var sveitin rýmd vegna goss í næsta nágrenni, eða í Fimmvörðuhálsi, sem stuttu síðar færði sig enn nær, í Eyjafjallajökul. Nokkuð dramatískt upphaf búskapar.

Nú, tólf árum og þremur börnum síðar, hafa hjónin byggt upp myndarlegt holdanautabú með hátt í 400 nautgripum, þar af um 130 holdakýr auk þess að halda nokkrar kindur og hross. Uppbyggingin var áttak, mikil vinna og fjárhagslega krefjandi.

En með velvilja vinnuveitenda, sem veitti sveigjanleika með fjárföllum, hjálpsamri fjölskyldu hjónanna, sem mæta alltaf til að leggja hönd á plóg þegar mikið liggur við, og góðum sveitungum sem tóku þeim vel frá fyrstu stundu, hefur þeim Jóni Erni og Eddu tekist að byggja upp föngulegt bú.

Fylgdu hjartanu

Jón Örn vann áður og fyrstu árin meðfram búskapnum í hugbúnaðardeild Íslandsbanka. Sveitin hefur að hans sögn þó alltaf átt hug hans allan. Í æsku naut hann sumarvalar í sveit, fyrst á bænum Túni í Flóa og síðar Vatnsskarðshólum í Myrdal.

Edda er Hólaskólalagengin, enda hestakona í húð og hár. Þau deildu því áhuga sínum á dýrum og sveitinni og fundu sig best í einhverju vinnustæði úti við.

„Við vorum á ferð í uppsveitum Suðurlands, vissum af þessari jörð í sölu og fyrir einhverja skyndihugdettu ákváðum við að taka á okkur smá krók og kíkja hér við. Veðrið var frábært og við féllum algjörlega fyrir útsýninu til Vestmannaeyja og upp á Eyjafjallajökul,“ rifjar Jón Örn upp um fyrstu kynni af Nýjabæ. „Við hugsuðum kaupin ekkert um of eða reiknuðum dæmið til enda. Við vissum að þetta var draumurinn og létum bara vaða!“

Ekki hafði verið ábúð á jörðinni í um tvö ár þegar þau tóku við. Því var þar hvorki bústofn né vélakostur en áður hafði þarna verið rekið kúabú af miklum myndarskap. Húsakostur var í misgóðu ástandi en tún í góðri rækt og heyjuð af sveitungum í millitíðinni. Það var því allmikið áttak að koma upp bústofni, heyforða, vélakosti og að aðlaga húsakost að nýrri framleiðslu.

Nautakjötsframleiðsla varð fyrir valinu. Aðstaðan sem var til staðar miðaðist við nautgripum en þar sem búnaður til mjalta og framleiðsluréttur var ekki á búinu lá beinast við að láta reyna á að sérhæfa sig í nautakjötsframleiðslu. Jón Örn þekkti til slíks búskapar frá sveitadvöl sinni í æsku.



Jón Örn Ólafsson og Edda G. Ævarsdóttir hafa í tólf ár stundað holdanautabúskap og eru meðal annars eigendur fyrsta nauts af kyni Aberdeen Angus sem fæddist hér á landi. Sá heitir Visir og er að sögn eiganda sérlega geðgóður og kelinn með eindæmum.

Myndir /ghp og aðsendar



Jörðin Nýibær er um 260 ha af stærð, en auk þess hafa hjónin bætt við sig landi og hafa því um 350 hektara af grónu svæði auk sandfjör. Á búinu eru nú hátt í 400 nautgripum, þar af um 130 holdakýr.

Mynd / Aðsend

Velgengi með nýju erfðafni

Árangur bændanna á Nýjabæ hefur vakið athygli en þau hafa átt eina þyngstu og vaxtarmestu nautgrip landsins síðustu ára samkvæmt niðurstöðum skýrsluhalds sem Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (RML) hefur birt. Kjötíð frá Nýjabæ hefur einnig fallið vel í kramið hjá matgæðingum en það má m.a. nálgast í gegnum vefsíðu þeirra, sveitabær.is, og í Litlu bændabúðinni á Flúðum.

Nýjar dyr opnuðust þegar innflutningur á erfðafni af nautgripum af holdanautakyni voru leyfðar að nýju eftir um 25 ára hlé, sem gerði kleift að fara að rækta upp hjarðir af holdagripum, en aðeins var einblendingsrækt raunhæf fram að því.

„Með tilkomu nýja Angus erfðafnisins vaknaði með okkur mikill ræktunaráhugi. Við keyptum Angus-nautið Vísi árið 2019, sem hefur skilað miklum umbótum í okkar hjörð en einnig höfum við verið dugleg að notast við sæðingar úr öllum þeim gripum sem hafa verið í boði með góðum árangri. Á þessu ári eru allir fæddir kálfur hjá okkur komnir af nýja erfðafninu,“ segir Jón Örn. Metnaðurinn og áhuginn leynir sér ekki þegar þessi mál eru rædd en þessu til viðbótar keyptu Jón Örn og Edda kvígu og naut á nýliðnu uppboði hreinna Angusgrípa.

Visir er naut úr hópi fyrsta árgangs Aberdeen Angus grípa sem fluttir voru inn sem fósturvísar frá Noregi og komið fyrir í kúm á einangrunarbúinu að Stóra-Ármóti, þar sem kálfarnir verja fyrsta ári



Jón Örn hefur látið til sín taka í félagsmálum, situr m.a. í stjórn Nautis og Bændasamtakanna. Þótt staða nautabænda sé erfið í dag segir hann að með nýju erfðafni Aberdeen Angus búi miklir möguleikar til að efla nautakjötsframleiðslu. Það sýndi sig ekki síst þegar kálfur úr framleiðslu hjónanna varð sá fyrsti til að hljóta áður óþekktu gæðaflokkun hér á landi.

sínu í einangrun áður en þeir eru seldir í hjarðir bænda. Visir er stærðarskepna, sótsvartur og vegur um 1.300 kíló. Við nánari kynni er

hann, ótrúlegt en satt, nokkuð kelinn.

„Visir er geðbesti gripur sem ég veit um. Hvort sem hann er í stíu eða úti í haga með kúm, þá geng ég að

honum til að taka létt spjall og klappa honum aðeins, en hann hallar fram og vill láta klappa sér og klóra eins og hundur. Þótt hann sé óhræddur þá virðir hann mann algjörlega,“ segir Jón Örn og bætir við að þrátt fyrir að mörgum hafi brugðið við það verð sem borgað var fyrir hann í upphafi hafi það verið góð fjárfesting. Enda eru áhrifin á hjörð þeirra hjóna mjög jákvæð, flest naut undan Vísi hafa verið seld á aðra bæi sem þarfanaut og eftirspurn er eftir kvígu sem þau hafa þó hingað til að mestu haldið sjálf.

Það þarfanaut sem Jón Örn og Edda héldu eftir undan Vísi er það eina sem þau hafa slátrað undan honum. Fallþyngd þess var 502,3 kíló við 21,7 mánaða aldur og uppskar kjötíð gæðaflokkun sem áður var óþekkt á Íslandi, í U+ flokk fyrir þá sem þekkja til holdfyllingaflokka nautakjöts. Þetta sýnir, að sögn Jóns Arnar, þau gæði og miklu vaxtargetu sem nýja erfðafni Aberdeen Angus grípa frá Noregi gefur kost á og segist sjálfur stefna á að stytta vaxtartímann í 14 mánuði með 320 kg meðalfalli.

„Norðmenn leggja áherslu á mæðraeiginleika og léttan burð í ræktunstarfi sínu á Angus gripum. Burðarpungi er litlu hærri en hjá íslenska mjólkurkúakyninu. Því liggja í þessu tækifæri fyrir mjólkurframleiðendur að nýta þær kýr sem þeir þurfi ekki kvígu úr til að fá úr þeim Angusblendning. Eftirspurn er eftir slíkum gripum til kaups ef þeir vilja ekki ala sjálfir.“

Af rekstrarskýrðum

Afkoma nautakjötsframleiðslu kemur til tals. „Nautakjöt héraðs er nær eingöngu framleitt á innlendu föðri, mest grasi og byggi sem framleitt er heima á bæjum. Allir innviðir eru til staðar: framleiðsluaðstaða, vélar til föðuröflunar, flutningstæki, framleiðsluvilji bænda, afurðastöðvar, hæft og menntað kjöttíðnaðarfólk, söluleiðir og neytendur, sem vilja meira af vörinni en framleitt er. Ut frá þessu hefði maður haldið að hér væri búgrein í blóma en sú undarlega staða er uppi að afkoma hjá meðaltalsbændum í þessari grein hefur verið neikvæð síðustu 5 ár samkvæmt skýrslu RML, svo mjög að framleiðendur hafa að meðaltali greitt 412 kr. með hverju framleiddu kíló á síðasta ári,“ segir Jón Örn.



Börn þeirra Jóns Arnar og Eddu una sér vel í sveitinni. Haukur Ingi (11 ára), Dóra María (8 ára) og Arnar Bjarni (6 ára) sækja skóla á Hvolsvelli.

Hann telur að sexföldun tolllausra innflutningsheimilda á nautakjöti sem gefið var eftir til að liðka fyrir útflutningi á lambakjöti og skyri hafi verið nýtt til að þrýsta niður verði til nautakjötsframleiðenda. Samræmist það staðhæfingu í nýlegri skýrslu spretthóps matvælaráðherra um að frá árinu 2018 hafi afurðaverð til bænda lækkað um 10% á meðan almennt verðlag hafi hækkað um rúm 18%.

„Þörfin til að finna eitthvað nýtt virðist oft yfirstærkari því að halda í það sem er að virka. Þarna var lagður steinn í götu atvinnugreinar sem var að virka. Nú þarf að finna leiðir til að endurheimta það ástand.“

Fyrirsjáanlegt sé að slíkt muni taka tíma en bregðast þurfi strax við. „Bændur hafa brugðist við með hagræðingu á sínum búum en greinilega má sjá á launalið í bókhaldi bænda að lengra verður vart gengið í hagræðingu hjá þeim

sjálfum. Takmarkað rými tel ég vera til verðhækkana til neytenda enda hafa þessi utanaðkomandi áföll sem á okkur hafa dunið síðustu rúmu tvö ár komið hart niður á flestum heimilum. Ef vilji er til þess að halda þessari framleiðslu og þeim störfum sem henni tengjast beint og óbeint í landinu, þá þarf að verða hér mikil breyting sem hefst strax og lýkur ekki síðar en í endurskoðun búvörusamninga á næsta ári, 2023,“ segir Jón Örn.

Lætur til sín taka í félagsmálum

Samhliða búrekstrinum hefur Jón Örn látið til sín taka í félagsmálum bænda. Vorið 2021 var hann skipaður sem fulltrúi Landsambands kúabænda í stjórn Nautís, sem á og rekur einangrunarstöð fyrir nautgripi að Stóra-Armóti. Á síðasta Búnaðarþingi var hann kosinn í stjórn Bændasamtaka Íslands.

„Ég hef mikla ánægju af því að beita mér fyrir hönd bænda. Góður andi ríkir í nýrri stjórn Bændasamtakanna. Við komum úr ólíkum búgreinum en brennum fyrir landbúnað í heild, við eigum hreinskiptin samskipti, horfum til framtíðar og erum fólk framkvæmda.“

Jón Örn telur það mikið gæfuspor að allar búgreinar hafi kosið að sameinast undir merkjum Bændasamtaka Íslands – sameinuð rödd bænda sé sterkari. „Landbúnaður er ein mikilvægasta stoð hvers samfélags. Þeir tímar sem við lifum sýnir okkur að það er ekki jafn sjálfsagt og við vorum farin að venjast að ganga að öllu því sem hugurinn gírmist þegar okkur hentar,“ segir Jón Örn.

Hann hefur mikla reynslu í gagnavinnslu og gagnagrunnum úr fyrri störfum sínum sem tölvunarfræðingur. Hann sér mikil tækifæri felast í að greina þau gögn sem bændur hafi safnað í gegnum árin með skýrsluskilum svo þau nýtist í búrekstri. „Góð gögn skila meiri skilvirkni og hagkvæmni við framleiðsluna og eru sterkt vopn í hagsmunabaráttu bænda.“

Lausnir með loftslagsvænum landbúnaði

Þegar talinu vikur að loftslagsmálum segist hann takast jákvæður á við þau verkefni sem þeim tengjast. Hann hafi fundið samhljóð með aðilum sem standa að verkefnum Loftslagsvænn landbúnaður hjá RML, þar sem hans bú er meðal þátttekanda.

„Verkefni snúa að bættri bústjórn í öllum skilningi og þessi umræða, sem og þær áskoranir sem við tökumst á við í dag með aðföng, ýtir okkur upp úr hjólförum vanans og til



Edda er Hólaskólagengin, enda mikil áhugamanneskja um hestamennsku, sem er því skemmtileg hliðarbúgrein fjölskyldunnar. Myndir / Aðsend

að hugsa alla þætti rekstrarins. Það kemur manni á óvart hvað það má oft finna lausnir sem bæði eru jákvæðar fyrir reksturinn og umhverfið,“ segir Jón Örn og nefnir áhuga sinn á að tekin verði upp tækni sem kyngreinar nautasæði hérlendis sem dæmi um slíkt verkefni sem verið er að skoða. Á Nýjabæ eru verkefni eins og bætt beitarstjórnun, stytting á tíma opinna flaga, skjólbeltarækt, uppgæðsla og meiri meðvitund um eldsneytisnotkun meðal verkefna.

Jón Örn segist vera kominn í stjórn Bændasamtakanna til að vinna að hagsmunum landbúnaðarins alls. „Auðvitað er dýpsta þekking mín í þeirri búgrein sem ég stunda en ég hitti formenn búgreinadeilda á vikulegum fundum og hef kynnt mér niðurstöður búgreinaþinga allra deilda. Einnig er ég spenntur að hitta bændur og heyra hvað á þeim brennur á fundum á hringferð stjórnar og starfsfólks BÍ 22.–26. ágúst næstkomandi.“

HUSQVARNA GÓLFSLÍPIVÉLAR, RYKSUGUR, VATNSSUGUR OG SLÍPIVERKFÆRI



Husqvarna



Wendel
Stofnað 1957

Tangarhöfða 1
110 Reykjavík
S: 551 5464
wendel.is

A.WENDEL ER UMBOÐSAÐILI HUSQVARNA Á ÍSLANDI fyrir slípivélar, ryksugur, vatnssugur og slípiverkfæri

Verslunina Brynju þekkja landsmenn vel:

Elsta starfandi járnvöruverslun Íslands

– Brynjólfur H. Björnsson framkvæmdastjóri tekinn tali

Sigrún Pétursdóttir
sigrunpeturs@bondi.is

Verslunin Brynja hefur verið rekin í rúm hundrað ár, alla tíð á Laugaveginum. Fyrst um sinn á Laugavegi 24, en á Laugavegi 29 síðan árið 1929, er eigandi festi kaup á því húsnæði. Í dagblaðinu Fálkinn í júnímánuði árið 1930 kemur fram heilsidugrein þar sem verslunin er kynnt og hefst hún á þessa leið.

„Í nóvembermánuði árið 1919 stofnaði Guðmundur Jónsson trjesmiður ofurlitla verslun í bakhúsi við Laugaveg 24. Var sölubúðin ekki stærri en svo, að skrefa mátti milli veggja – hún var 1 meter á breidd og 3 m á lengd. Líkast til hefir ekki verið stofnuð verslun, sem byrjað hefir öllu smærri, og er þetta nú orðin ein stærsta og vandaðasta verslun bæjarins og án efa stærst í sjergrein sinni. Verslun með byggingarefni og verkfæri.“

Í dag stendur vaktina hann Brynjólfur Halldór Björnsson, framkvæmdastjóri og stærsti eigandi verslunarinnar Brynju, þar sem hann hefur verið við störf í um sextíu ár. Verslunin komst í eigu Björns, föður Brynjólfs, árið 1953 þegar bæjarlífið var litla af litlum verkstæðum og búðum og hóf Brynjólfur störf sín snemma á sjöunda áratugnum.

Á vefnum timarit.is má sjá að Björn hafði undir höndum umsvifamikinn innflutning á verkfærum, byggingavörum, glervörum auk annars og jafnan með einkaumboð fyrir þekktu framleiðendur þess varnings. Skorið gler og speglar fengust jafnframt afgreitt en í kringum árið 1940 var þar speglagerð og glerslipun í boði.

Nú hefur verslunin verið í fréttum undanfarið, aðallega vegna þess að hún er til sölu. Það er skrytið til þess að hugsa, að þarna þar sem hjarta bæjarins slær, séu breytingar í vændum.

Framkvæmdastjórinn Brynjólfur telur þó að þar sem allt sé breytingum háð geti hann væntanlega fundið sér ýmislegt til dundurs þegar gengið hefur verið frá sölu.

„Jú, þetta eru blendnar tilfinningar að fara að brjóta upp dagsrútinuna enda hefur mér aldrei leiðst í vinnunni,“ segir Brynjólfur í stuttu



Brynjólfur stendur hér reffilegur við búðarborðið, tilbúinn að aðstoða alla þá er leita til hans.

Myndir / SP

spjalli við blaðamann. „Ástæðan fyrir því að þetta er nú á sölu er sú að ég er kominn á aldur.

Dætur mínar þrjár hafa önnur hugðarefni í lífinu og sjálfsgat og vonandi að verslunin komist í hendur aðila sem hafi sömu hugsjón og hefur fylgt henni síðastliðna öld. Þetta hefur gengið vel.

Einnig er ég við góða heilsu þannig að nú er um að gera að nýta þau ár sem eru eftir í eitthvað hressilegt,“ segir hann léttur í máli.

Litróf mannlífsins ávallt skemmtilegt

„Í daglegu amstri verslunar hef ég annars helst haft gaman af samskiptunum við fólk, hvaðanæva af landinu. Sumir stoppa og spjalla

lengur en aðrir og svo hefur síðastliðin ár verið aukinn fjöldi af útlendingum.

Þeir eru hrifnir af úrvalinu, sérstaklega Amerikanar sem sjá hér gæðamerki sem þeir geta ekki nálgast annars staðar nema á netinu – enda meira um stórar verslanir þar í landi þar sem áherslan er ekki lögð á persónuleg sértæk viðskipti.

Bretar stoppa hérna líka mikið við enda afar hrifnir af litlum smávöruverslunum þar sem úrvalið er margbreytilegt. Við eigum mikið af ýmiss konar smávöru sem lítið er um að sjáist í öðrum verslunum og fólk til dæmis, sem er að gera upp gömul hús, hluti, húsgögn eða annað, veit að hjá okkur leynist ýmislegt. Við losum okkur ekkert endilega við það sem er á lager

þó sumt seljist hægar en annað,“ segir Brynjólfur.

Innflutningur, umboð og upphaf verslunarinnar

„Ömmubróðir minn, Guðmundur Jónsson, hóf reksturinn þarna fyrir um hundrað árum. Hann hafði lært smíðar hjá trésmiðjunni Völundi en lenti í slysi og gat því ekki unnið.

För í kjölfarið til Noregs þar sem hann tók ákvörðun um að fá umboð og flytja til Íslands margs konar verkfæri, enda mikill áhugamaður um slíkt. Það var ekkert flutt inn til landsins á þessum tíma þarna rétt fyrir 1920. Þó nokkuð var þarna um fyrirtæki sem voru með verkfæri, en einnig fór hann til Svíþjóðar og Þýskalands og fékk umboð frá heilmörgum fyrirtækjum til að flytja inn vörur og verkfæri undir ýmsum merkjum til Íslands.

Þannig byrjaði þetta hjá honum,“ heldur Brynjólfur áfram.

– Þess má geta að í blaðinu Fálkanum, árið 1930, kemur fram að í Versluninni Brynju finnst:

„Trjesmiðahaeflar frá G. Ott í Ulm, Þýskalandi og „sagur frá Sandviken í Svíþjóð sem að verslunin hefir umboð fyrir“.

Versl. Brynja

Laugaveg 29. Reykjavík.

Byður yður: Trésmiðateki frá mörgum bestu verksmiðjum heimansins í þeirri grein.

Ennfremur til bygginga: Saum, Skrúfur, Skrár, Lamir, allar teg., Gluggagler, merkið C O B E F, Gluggajárn, Kittí, Krit, Gluggatróð, Veggfóður og Húsastriga.

BERGERS MÁLNINGIN þekur mest, endist lengst, verður því ódýrust.

Jarðyrkjjuverkfæri allskonar.

Brynja er að brjóta sér braut til vega og frama. Þar að kaupa ávallt er öllum gæfan sama.

Í Vestfirskum sögnum árið 1934 – vísa til heiðurs verslunarinnar Brynju. „Brynja er að brjóta sér, braut til vega og frama. Þar að kaupa ávallt er öllum gæfan sama.“

„Árið 1917 setur Guðmundur upp húsgagnaverkstæði á Laugavegi 24 og var verslunin Brynja stofnsett árið 1919. Pabbi, Björn Guðmundsson, var þá nýfluttur frá Húnavatnssýslunni með foreldrum sínum, þau bjuggu á Grettisgötu – en lítið var um annað en íhlaupavinnu fyrir fólk á þessum tíma. Hann fór því að vinna hjá frænda sínum við það sem til féll auk þess að hann sá um bókhaldið. Svo seinna varð hann kaupmaður og eigandi hérna.




AKURShús - timbureiningahús

Afhent samsett á byggingarstað eða ósamsett í einingum

– Við allra hæfi –



íslensk hönnun & framleiðsla



Kannaðu málið á akur.is og pantaðu frían húsabækling

Margar stærðir og gerðir frá 93-227m²



Smíðjuvellir 9 | 300 Akranes | 430 6600 | akur@akur.is



Brynjólfur slípaði speglana sem afi hans útbjó fyrir Grillið, einum glæsilegasta veitingastað landsins, staðsettum á áttundu og efstu hæð Hótel Sögu.



Á myndunum má sjá að verslunin hefur litið sem ekkert breyst síðan fyrir tæpum 100 árum, nema örlitil yfirferð með málningu og merkið gert meira áberandi.



Mynd / Fálkinn, 21.06.1930 - www.timarit.is

Ég bjó sjálfur í Englandi og Þýskalandi en kom heim í kringum 1963 og fór þá að taka til hendinni hér í búðinni.

Með hönd í bagga við húsnæði Bændablaðsins, Hótel Sögu

„Þá var einmitt verið að leggja lokahönd á Hótel Sögu, þar sem Bændablaðið hefur aðsetur,“ heldur Brynjólfur áfram – og verkefni mitt um sumarið var að slípa speglana sem voru settir upp á Grilli. Af minn bjó þá til og ég slípaði þá, en þá var gler- og speglagerð hérna á bak við. Við sköfðuðum alla speglana sem eru uppi á Grilli en þeir voru afhentir um haustið og þótti speglaveggurinn afar tilkomumikill. Þetta var finasti veitingastaðurinn ...

Svo sköfðuðum við korta-skránnar fyrir hótélherbergin á Hótel Sögu þegar sú breyting varð – með auknum ferðamannaíðnaði þótti öruggara og þægilegra að losna við gömlu lyklana en hafa þess í stað rafræn kort sem ganga að herbergjunum,“ segir Brynjólfur og eru menn sammála um að þjónustustig verslunarinnar hafi alla tíð staðist kröfur tímans, þó í grunninn sé búðin gamla góða Brynja eins og starfsmenn hennar komust að orði nýverið.

– Eins og sjá má á merki verslunarinnar, lyklinum góða, eru lykla- og lásasmíði eitt af því sem eigendur hafa sérhæft sig í. Bryningar hnífa, skæra, hefilitanna og sporjarna fer þar fram auk annars, þá kaldbrýning á hverfissteini frá Tornek, sem er talin í hæsta gæðaflokki þegar gerðar hafa

verið samanburðarprófanir á brýnslu hjá erlendum fagaðilum.

Skiltagerð er einnig ein af sérkennum verslunarinnar, en hjá Brynju má fá skilti í miklu úrvali úr plasti, áli eða messing, sem eru svo heimsend til kaupenda. Einnig útvega þeir emeleruð skilti frá Þýskalandi sem gjarnan eru notuð á hús eða til upplýsinga.

Verkfæra og Byggingarefnis
! Verzlunin „Brynja“ !
Laugaveg 24 – Reykjavík

Hefir smíðatöl fyrir trjesmiði og beykira frá besta verkfærahúsi í Danmörku. Allt tilheyrandi húsgagna- og húsmiði. Rúðugler, kítta og krít. Útvegar hurðir og glugga og allskonar lista, þakjárn, þakskífur, pappa, sement, :: :: ofna, eldavélar o. fl. :: ::

„MILLERS FALLS“

VERKFERI

með þessu merki eru þegar orðin landskunn fyrir gæð.

VERSLUNIN BRYNJA
Laugaveg 29 – Símar 4160 og 4128 – Reykjavík.

Verzlunin BRYNJA

Íbúðarmennt
Hjá okkur fáið þið flestar tegundir af járnvörum og verkfærum, hefilbekki, trésmíðavélur og rúðugler.

Brynja
Laugavegi 29 - Sími 24321

Aðstandendur verslunarinnar Brynju hafa svo sannarlega verið Íslendingum til staðar gegnum árin og eiga hrós skilið.



Hluti af speglum Grillisins sem setja mikinn svip á umhverfið, enda engu til sparað hvort sem var á barborð eða vegg.

Par sem bæði eru uppálin í sveit og eru búin að fá nóg af höfuðborgarlífinu, óska eftir að leigja jörð. Vegna atvinnu væri ákjósanleg staðsetning Borgarbyggð, Snæfellsnes eða nágrenni. Fleiri staðsetningar skoðaðar með opnu hugarfari. Best væri ef um væri að ræða leigu með forkaupsrétt. Við ábyrgjumst skilvísar greiðslur og snyrtimennsku.

Við stundum tamningar, þjálfun og sölu á hrossum sem áhugamál og aukavinnu. Húsakostur þarf að vera til staðar fyrir búsetu og aðstaða sem mætti nýta fyrir starfseminna eða aðstaða sem mætti aðlaga að henni. Erum bæði í annarri vinnu sem hægt er að stunda í fjarvinnu að hluta.

Áhugasamir sendi tölvupóst á tolthestur@gmail.com



Innflutt af
Scanice
www.scanice.is +354-8985469

Scanice er komið í samstarf við fyrirtækið Lark, einn stærsta framleiðanda á stöðuhúsum og öðru tilheyrandi. Við bjóðum upp á ýmsar útgáfur húsa til dæmis sérstakra húsa sem hönnuð eru með ferðabjónustu í huga. Möguleikarnir eru margir og flestar óskir hægt að uppfylla.

Heyrið í okkur!
Vallargata 1, 580 Siglufjörður • s. 898 5469 • info@scaniceexport.com • www.scanice.is

IR Ingersoll Rand

LOFTPRESSUR Í HÆSTA GÆÐAFLOKKI

Við bjóðum upp á allar stærðir og gerðir af **Ingersoll Rand** loftpressum.
Mjög hjóðlátar og einfaldar í viðhaldi.

Bjóðum upp á þjónustusamninga og leggjum mikla áherslu á að veita góða viðgerðar- og varahlutabjónustu.

Gerðu kröfur - hafðu samband við Gunnar í síma 590 5135 og kynntu þér þína möguleika.

KLETTUR / SALA OG ÞJÓNUSTA / KLETTAGARÐAR 8-10
104 REYKJAVÍK / 590 5100 / klettur.is

KLETTUR



Býflugnarækt hefur verið stunduð á Gilhaga frá árinu 2015. Tvö bú eru þar auk afleggjara úr öðru sem var orðið of stórt fyrr í sumar. Í hverju búi eru 30 til 50 þúsund flugur.



Horft heim að býskálanum á Gilhaga.



Séð yfir bæjarstæði Gilhaga í Öxarfirði.



Brynjar með elstu dótturinni, Bóel Hildi, að skoða flugurnar.

Myndir / Aðsendar

Atferli og atorka býflugnanna kemur öllum á óvart

– Bændur á Gilhaga í Öxarfirði bjóða gestum að kynnst býflugnarækt

Margrét Þóra Þórsdóttir
mth@bondi.is



„Við höfum verið að fá þónokkuð af gestum í sumar í býskoðun og í gestastofu ullarvinnslunar,“ segir Brynjar Þór Vigfússon á Gilhaga í Öxarfirði.

Hann og Guðrún Lilja Dam Guðrúnardóttir eru með fjölbreytta starfsemi á Gilhaga, tæplega 100 kindur, nokkrar geitur, hænur og endur, auk þess sem þau hjónin stunda þar býflugnarækt. Þau settu upp ullarvinnslu fyrir fáum árum og framleiða garn sem nýtur vinsælda. Einnig er á jörðinni stunduð umfangsmikil skógrækt.

Býflugnarækt hefur verið stunduð á Gilhaga frá árinu 2015



Brynjar Þór og Guðrún Lilja Dam Guðrúnardóttir starfrækja ullarvinnslu og býflugnarækt sem gestum býðst að skoða á laugardögum í sumar.

og segir Brynjar að þau hafi tekið um 2,5 kíló af hunangi. Ekki hafi þó náðst að safna hunangi öll árin. „Býflugnarækt er mjög erfið á norðurhvara og algjörlega háð veðri og einnig innflutningi á nýjum flugum ef búin drepast yfir veturinn,“ segir hann. „Flugur geta því verið að koma seint í júní og eiga þá fullt í fangi með að safna sér vetrarforða.“

Nú eru tvö bú á Gilhaga og einn afleggjari gerður úr öðru búi sem orðið var of stórt í júní, en verður síðar að stóru búi. Í hverju búi eru 30 til 50 þúsund flugur.

„Gestir okkar hafa fæstir séð þessa gerð af býflugum og halda margir að um sé að ræða íslenskar hunangsflugur. Atferli og atorka þessara litlu flugna kemur öllum á óvart. Fórnfýsin og verkefni flugnanna, ásamt verkfræðinni í kringum eitt bú, og niður í það hversu mikilvæg hver og ein fluga er í heildinni, er eitthvað sem allir heillast að,“ segir Brynjar.

Vinna við flugurnar á laugardögum

Þau Brynjar og Guðrún bjóða gestum að líta við hjá sér á laugardögum í sumar og kynnst býflugnaræktinni. „Tíðin í sumar hefur ekki verið sérlega heppileg til býflugnaskoðunar alla laugardaga og raunar má segja að veðrið hafi oft sett strik í reikninginn varðandi fluguveður,“ segir Brynjar.

Gestir hafa komið við á bænum alla daga vikunnar og óskað eftir

býskoðun sem orðið er við, en hann segir að reynt sé að beina fólki inn á laugardaga þar sem þau séu þá að vinna í flugunum.

„Við höfum eins og við best getum kynnt fyrir okkar gestum líffræði flugnanna og atferli og reynt að sýna og útskýra starfsemi og tilgang búans og flugnanna,“ segir Brynjar en flugurnar eru skoðaðar úr öruggri fjarlægð. Hús sem þau Brynjar og Guðrún smíðuðu utan um býflugnabúin gera þeim kleift að vinna í búnum hvernig svo sem viðrar.

Gestavinnustofan vinsæll áfangastaður

Gestastofan, sem rekin er samhliða ullarvinnslunni, hefur einnig verið vinsæll áfangastaður í sumar, bæði meðal innlendra en einkum erlendra ferðamanna sem gjarnan vilja kaupa íslenskt ullarband og kynnst íslensku sauðfé. Verslun er á staðnum og hægt að versla t.d. garn, en einnig kaffi eða tesopa og taka ásamt öðru með sér inn í skógræktina og njóta þar kyrrðar og náttúru.

„Ullarvinnslan hefur gengið vel og það er mikil aukning í sölu á bandi, sérstaklega eftir að Handþrjónasamband Íslands gaf út fallega peysuuppskrift sérstaklega fyrir bandið okkar,“ segir Brynjar og bætir við að ýmsir þrjónahönnuðir hafi einnig nýtt sér þeirra band í sína hönnun. „Það er margt spennandi komið á markað og annað á leiðinni, þannig að allt lítur vel út.“

Stöðluð stálgrindarhús á hagstæðu verði

Stærðir: 80m², 150m², 250m² og 350m²

Stálgrindin er heitgalvaniseruð og er sérsmíðuð fyrir íslenskar aðstæður. Húsin standast mestu snjó- og vindálagsskröfur sem gerðar eru í byggð á Íslandi og henta því sem geymslu- og vélaskemmur í öllum landshlutum. Húsin eru klædd 60mm PIR


yleiningum á vegg og 80/125mm yleiningum á þök. Mögulegt er að velja liti á klæðningarnar. Húsunum fylgja allar nauðsynlegar teikningar til að fá byggingarleyfi ásamt teikningum af grunn og vinnuteikningum. Einnig fylgir keyrsluhurð, einn gluggi og tvær gönguhurðir. Reyklosunargluggar eru á þaki sem hleypa inn birtu.

SAMAN Í
60 ÁR

BYKO

bondi@byko.is





Nýnemar við Garðyrkjuskólann á Reykjum í Ölfusi hittust fyrir skömmu á Café Flóru í Grasagarðinum í Reykjavík. Myndir / Garðyrkjuskólinn á Reykjum

Garðyrkjuskólinn á Reykjum:

Nýnemar hittust í Grasagarðinum

Þann 28. júní síðastliðinn gafst nýnemum og kennurum Garðyrkjuskólans á Reykjum í Ölfusi kostur á að hittast í fyrsta sinn í Café Flóru í Grasagarðinum í Reykjavík. Samtals eru skráðir í nám rúmlega 140 nemendur á hinum ýmsu stöðum námsframvindunnar.

Bóknámið við skólann tekur tvö ár í staðarnámi en fjögur ár í fjarnámi og við bætist 60 vikna verknámstími til fullnaðarútskriftar sem fullnuma garðyrkjufraeðingur. Færst hefur í vöxt að nemendur kjósi að stunda fjarnám við skólann og nú er meirihluti nemenda fjarnemar.

Námið kynnt

Brautastjórar kynntu sex ólíkar námsbrautir sem kenndar eru en þær eru: Skrudgarðyrkju-, Blómaskreytinga- og Ylræktarbraut, Braut um lífræna ræktun grænmetis, Garð- og skógarplöntubraut og Skógur og náttúra.

Allir kennarar við skólann hafa áratuga reynslu í sérfögum garðyrkjunnar og hafa stundað kennslu árum saman við skólann. Deildarfulltrúi sagði frá sínum störfum, einkum þeim sem lúta að samskiptum við nemendur og starfsfólk.

Auk þess sem Hjörtur Þorbjörnsson, forstöðumaður Grasagarðsins í Reykjavík, kynnti fjölbreytta starfsemi garðsins.

Nám í garðyrkju til FSU

Olga Lisa Garðarsdóttir, skóla-meistari Fjölbrautaskóla Suðurlands, gerði grein fyrir nýrri stöðu garðyrkjunámsins. Sú grundvallarbreyting hefur orðið að Garðyrkjuskólinn er ekki lengur hluti af Landbúnaðarháskóla Íslands frá og með komandi skólaári, en



Olga Lisa Garðarsdóttir, skóla-meistari Fjölbrautaskóla Suðurlands, gerði grein fyrir nýrri stöðu garðyrkjunámsins.

heyrir alfarið undir FSU.

Kennslan mun áfram vera á Reykjum og farið verður rólega í breytingar. Vonir standa til að húsakostur skólans verði endurnýjaður á næstu árum, sérstaklega með þarfir verklegar kennslu í huga. Þá er sú nýbreytni í vinnslu að nemendur munu geta í framtíðinni lokið námi við skólann með stúdentspróf frá FSU, auk garðyrkjuréttinda.

Guðríður Helgadóttir starfsmenntanámsstjóri tók nýnema í verklegar æfingar í Grasagarðinum. Nemendur skulu skila safni þurrkaðra íslenskra plantna í áfanga um Íslensku flórana en til þess þurfa þeir að kynna réttum vinnubrögðum. Einnig var skoðaður sýnisgarður matjurta sem þar er að finna. / Ingólfur Guðnason

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA
Á BÍLSKÚRS- OG IÐNAÐARHURÐUM

IS HURÐIR

www.ishurdir.is
564-0013 | 865-1237

Kæru björgunaraðilar um allt land!

Af eigin reynslu af björgunarsörfum og skorti á úrræðum með léttan búnað í leitum á hlandi. Þráði ég samanbrjótanlegar sjúkrabörur til að bera á baki í leitum og flyta fyrir björgun slasaðra á fjöllum. Markmiðið var að gera björgunarsörf léttari fyrir okkur og auka öryggi slasaðra á fjöllum, með því draga úr hættunni á vindkælingu með meira skjóli.

Eiginleikar: Aðeins 4,9kg, 30cm hliðarkantar, áföst hitahlíf til fóta, mjúk lega, einangrandi stífur botn og mjúk handföng. Í heimsókn til Landhelgisgæslunnar, kom í ljós; að sjúkrabörurnar passa í þyrlukörfur, sjúkrabílagur og beint á gólf lítilla flugvéla án þess að flugsæti þurfi að fjarlægja. *Fyrsta verðlaun á Ítalíu 2018, fyrir besta hugvitið!

„Hallas Rescue Stretchers“ hafa verið til sölu hérlendis seinustu fimm ár. Keyptar af björgunarsveitum um allt land, ferðafélögum í fjallaskála, ýmsum leiðsögufélögum, skólkásum o.fl. Nú er Hallas ehf. að stofna fyrirtæki erlendis fyrir alheimsmarkað og mun hættu sölu hérlendis í lok þessa árs. Enn eru til nokkrar sjúkrabörur á lager. www.hallas.is Takk fyrir mig fráþæra fólk, sem lætur líf og öryggi ferðamanna skipta máli. Halla Eysteins

Hallas ehf. Íslenskar sjúkrabörur • CE merktar
Búnaðurinn fellur undir EÚ-búnaðarstærðarmáttum: 93/42/2EC
Hannaðar samkvæmt stöðum: EN 1865, EN ISO 14971, EN ISO 15223
- 500 pólur (botn) • Hægt að draga saman eftir notkun
- Burðarþol 200 kg • Eign þyngd 4,9 kg

Hentas vel við Íslenskar aðstæður
Hérlendisbjörgun og leitir
Gerum björgun léttari!
„Bestum öryggi slasaðra á fjöllum“

Til eru margar gerðir af sjúkrabörum um allan heim

En engar eru hannaðar eins og Hallas Rescue Stretchers

WINNER
PROWINTER
STARTUP AWARD

Við sendum í einum grænum Harðskafi

<p>Sveiflukóngurinn AGF PREMIUM 200cm Kr 1.054.000 m. vsk Kr 850.000 án vsk</p>	<p>Rokkarinn GKHS PREMIUM 260cm Kr 1.116.000 m. vsk Kr 900.000 án vsk</p>	<p>Snyrtipinninn GKS PREMIUM 200cm+60cm orf. Kr 930.000 m. vsk Kr 750.000 án vsk</p>		
<p>Sláttuvél 160cm 24hp EL fyrir fjórhjól Kr 799.800 m. vsk Kr 645.000 án vsk</p>	<p>Sláttuvél 120cm 15hp EL fyrir fjórhjól Kr 465.000 m. vsk Kr 375.000 án vsk</p>	<p>Sláttuvél 115cm Fyrir smátraktora 14hp+ Kr 297.600 m. vsk Kr 240.000 án vsk</p>	<p>Orf hydro Vökvadriflið 65cm Kr 434.000 m. vsk Kr 350.000 án vsk</p>	<p>Sláttuvél PTO STANDARD 175cm Kr 396.800 m. vsk Kr 320.000 án vsk</p>
<p>Kurlari PTO RPM1000 - max 25cm Kr 1.364.000 m. vsk Kr 1.100.000 án vsk</p>	<p>Kurlari PTO RPM540 - max 10cm Kr 396.800 m. vsk Kr 320.000 án vsk</p>	<p>Kurlari bensín Bensín 6,5hp - max 8cm Kr 198.400 m. vsk Kr 160.000 án vsk</p>	<p>Tindaskafa Fyrir fjórhjól Kr 328.600 m. vsk Kr 265.000 án vsk</p>	<p>Skógarsnyrtir Vökvadriflið Kr 558.000 m. vsk Kr 450.000 án vsk</p>
<p>Sturtuvagn 2 tonna Kúlutengi + traktorstengi Kr 570.400 m. vsk Kr 460.000 án vsk</p>	<p>Flutningskassi 2mtr opnar og sturtar Kr 241.800 m. vsk Kr 195.000 án vsk</p>	<p>Rafbörur 4x4 Drif á öllum og búkollubeygja Kr 545.600 m. vsk Kr 440.000 án vsk</p>	<p>Smágrafa 1,2 tonn Diesel 12hp Kr 2.467.600 m. vsk Kr 1.990.000 án vsk</p>	

Twenty One
FLUGNAEITUR

Einstök formúla flugnaeiturs fyrir bændur í kvikfjárrækt

Söluastaðir:
Bústólpi
Fóðurblandan
Kaupfélag Borgfirðinga
Lifland
Verzlunin Eyri
Vélaval

STREYMI
heildverslun

Stordýraeitir til notkunar gegn flugum í byggingum sem ætlaðar eru búþeningi.

Streymi heildverslun ehf. S 588 2544
Goðanesi 4 N streymi@streymi.is
603 Akureyri V www.streymi.is

Saga vélar:

Fjórir áratugir og á nóg eftir

– Taarup sláttutætari í Hrutafirði með einstaka endingu

Ástvaldur Lárússon

astvaldur@bondi.is



Nýlega komst blaðamaður Bændablaðsins á snodi um Taarup sláttutætara sem var að klára sinn 42. heyskap núna í sumar. Þrátt fyrir að vera hokinn af reynslu þá er sláttutætari enn í fullri notkun og segir Gunnar Þórarinnsson, bóndi á Þóroddsstöðum og eigandi vélarinnar, að hann eigi enn nóg eftir.

Votverkun á lausu heyi í gryfjur eða turna sem slegið var með sláttutætara var útbreidd heyverkunaraðferð á árum áður. Með tilkomu rúlluvélanna í kringum 1990 vék þessi aðferð, ásamt súgþurrkun, nær alfarið fyrir rúllum.

Borið saman við þær heyverkunaraðferðir sem algengastar eru núna, þar sem grasíð er slegið, þurrkað á velli, rakað í múga og svo yfirleitt pakkað í rúllur, þá sleppir sláttutætari nokkrum skrefum. Tæki sem þessi slá og blása heyinu upp í vagn á sama tíma.

„Foreldrar mínir kaupa sláttutætara nýjan árið 1981. Ég man ekki nákvæmlega hver seldi Taarup landbúnaðartæki, en líklegast var það Véladeild Sambandsins. Það var til gamall sláttutætari hér á bænum sem hafði ekki verið notaður í nokkur ár, áður en þessi var keyptur, þar sem það var lítið sem ekkert verkað í vothey á tímabili. Við vorum aðallega með laust þurrhey fram að því.“

Gunnar segir að á þessum 42 sumrum hafi bilanatið verið mjög lág. Það eina sem hefur skemmst séu þrjár legur ásamt því sem hann hefur þurft að endurnýja plötustál sem hefur þynnst.

Frábært fóður í bland við rúllur

Samkvæmt Gunnari er þetta frábært fóður og því hefur hann aldrei hugsað sér að hætta þessari heyverkun. Aðspurður af hverju honum gengi svona vel með heyverkunaraðferð sem sé nánast horfin þá segist Gunnar gruna að margir hafi verið með of stórar flatgryfjur.

„Bæði voru menn kannski of lengi að koma heyinu í þær og eins voru menn þá of lengi að gefa úr þeim, þannig var meiri hætta á því að það hitnaði í heyinu. Hjá okkur



Sláttutætari á Þóroddsstöðum við heyskap í sumar. Þegar vandað er til verka er hægt að gera gott og ódyrt fóður með þessari heyverkunaraðferð. Afköstin eru þó minni en þegar pakkað er í rúllur. Mynd / Gunnar Þórarinnsson



Gunnar Þórarinnsson. Mynd / MHH

eru tvær flatgryfjur og eru þær hvor um sig sex metra breiðar og tólf metra langar. Helmingurinn af heyforðanum fyrir fæð er sleginn með þessum tætara og settur í flatgryfjurnar. Hinn helminginn slæ ég og raka í múga, en ég fæ verkataka til þess að rúlla og pakka í plast.



Á sínum tíma fengu Taarup sláttutætari verðlaun fyrir gæði. Mynd / Tíminn, 1960

Ég sé ákveðna kosti við að blanda þessu saman því ég get stjórnað því hvernig rúlluhey ég get á móti votheyinu.



Taarup sláttutætari voru mjög algengir á árum áður. Véladeild Sambandsins fór með umboðið. Mynd / Búnaðarblaðið Freyr, 1979

Fyrirkomulagið er þannig að á morgnana gef ég kindunum rúllur og svo kemur kvöldgjöfin úr flatgryfjunni. Með þessu endist votheyið allan veturinn á móti 200-250 heyrúllum,“ segir Gunnar en á Þóroddsstöðum eru 440 kindur.

Hann bætir því við að þetta sé mjög hagkvæmur kostur vegna lítillar plastnotkunar. „Ég hugsa að plastkostnaðurinn fyrir þessar gryfjur sé vel innan við tíuþúsundkallinn og hluta af plastinu get ég notað á milli ára.“

Ekki eins háður þurrki

Þar sem ekki þarf að taka eins mikið tillit til veðurs og þurrka hefur Gunnar kost á að nýta lakari þurrkdaga en þegar heyjað er í rúllur.

„Sem dæmi þá náðum við nokkrum gluggum til þess að klára votheyið tiltölulega snemma rigningasumarið 2014 og vorum við þá betur sett en margir aðrir. Eitt skiptið sáum við fram á tólf tíma rigningarhlé og byrjuðum því að heyja klukkan þrjú um nóttina og slógum alveg til klukkan þrjú um daginn, þegar það fór aftur að rigna.

Við náðum inn drjúgum skammti á þeim tíma.“ Í sumar tók heyskapurinn fimm daga í heildina, slegið var á bilinu ellefu til tólf hektara. „Það tekur reyndar ekki nema tvo daga að fylla hvora gryfju, en svo læt ég síga í henni til þess að koma aðeins meiru inn.“

Tveggja manna verk

Heyskapurinn á Þóroddsstöðum er að sögn Gunnars tveggja manna verk. „Matthildur Hjálmarssdóttir, eiginkona mín, sér um að moka inn og jafna í gryfjunni og svo er ég alfarið í traktornum. Ég slæ upp í vagninn og sturta heyinu á planið fyrir framan gryfjuna. Við höfum svo notað lítinn Weidemann skotbómulyftara með gamalli heykvísl framan á til þess að koma heyinu inn og þjappa.“

Aðspurður um ókosti þess að heyja á þennan hátt þá nefnir Gunnar að afköstin séu ekki mjög mikil samanborið við annað.

„Þó svo að þetta sé gamaldags tæki með minni afköstum þá virkar þetta fyrir mig.“

Tækni og búrekstur:

Myndbandsgreining finnur tækifærin í fjósinu

Undanfarið ár hefur það færst í aukana að ráðgjafar víða um heim stilla upp upptökuvélum í fjósum og fara svo yfir upptökurnar til þess að finna leiðir til að auka afköst búanna.

Þetta skýrist af því að með því að greina það hvernig kúr hegða sér, þegar þær eru einar í fjósinu, þá má oft finna ýmis vandamál sem oft fara framhjá þeim sem í fjósum starfa.

Hægt að ráða í hvað betur má fara

Það eru fyrst og fremst upplýsingar um tímanotkun kúnna yfir daginn sem hér skipta máli.

Með því að kortleggja tímanotkun kúnna, s.s. legu- eða stöðutíma í legubásun, tíma varið í rölt, við vatnstrog eða fóðurgang, þá fæst heildarmynd yfir það hvernig tímanum er varið yfir allan sólarhringinn.



Með því að kortleggja tímanotkun kúnna, s.s. legu- eða stöðutíma í legubásun, tíma varið í rölt, við vatnstrog eða fóðurgang, þá fæst heildarmynd yfir það hvernig tímanum er varið yfir allan sólarhringinn. Myndir / Aðsend

Eftir að sú heildarmynd fæst er hægt að ráða í það hvað megi betur fara. Þá eru svona myndbandsgögn einnig mikilvæg með tilliti til bústjórnarinnar og því hvernig

vinnulagi í fjósinu er háttáð. Þannig geta niðurstöður slíkrar greiningar bent til þess að einhverjir vinnuþættir eru ekki gerðir eins og best verður á kosið svo dæmi sé tekið.

Tengsl milli legutíma og afurðasemi

Tímanotkun kúa yfir daginn má skipta í nokkra aðskilda ferla. Fyrst og fremst er það legutíminn, sem ætti að vera minnst 11 klst. og helst 12-14 klst. eða jafnvel lengri.

Erlendar rannsóknir sýna að tengsl eru á milli legutíma og afurðasemi og hver viðbótar klukkutími í legu getur skilað allt að 1,5 kg mjólkur aukalega á degi hverjum. Þetta á vel að merkja við um erlend kúakyn.

Þá þurfa kúr vissulega að standa eitthvað í legubásunum en ef kúrnar standa lengi, t.d. bara með framfætuna uppi í legubásunum eða margar í einu sem standa, þá bendir það klárlega til þess að nærumhverfið sé ekki gott, þ.e. innréttingin eða legusvæðið sjálft.

Miða ætti við að að hámarki 10% kúnna standi í einu í legubásunum.

Tími sem kúr verja við át ætti að vera 3-5 klst. á sólarhring, skipti í 9-14 áttímabil og tíminn sem kúr verja við að drekka ætti ekki að vera meiri en 30 mínútur á sólarhring.

Sé misbrestur á þessu gæti verið kostur að skipta hópnum upp, ef það er á annað borð hægt, í yngri kúr og eldri.

Skýr virðingarröð

Ótal rannsóknir sýna að með slíkrri uppskiptingu má draga stórlega úr samkeppninni á milli kúnna.

En eins og kunnugt er þá eru kúr með mjög skýra virðingarröð sín á milli og langoftast eru það yngstu kúrnar sem eru lægst settar og fá þar með síður aðgengi að fóðrinu og/eða leggja síður í að éta séu þeim hærra settar kúr við fóðurganginn.



Bessi Freyr Vésteinsson tekur við nýju rúllusamstæðunni frá Einari Oddssyni. Mynd / Tim Baker

Ný tækni eykur afköst við heyskap

– Rúllusamstæður sem hægt er að keyra viðstöðulaust

Fyrir skemmstu komu til landsins tvær Kubota FastBale rúllusamstæður sem hafa þá sérstöðu að ekki þarf að nema staðar til þess að klára að binda hverja rúllu.

Sá eiginleiki næst þar sem rúllusamstæðan er með tvö baggahólf. Önnur þessara véla fór til Bessa Freys Vésteinssonar frá Hofstaðaseli í Skagafirði og hin fór til Brynjólfs Þórs Jóhannssonar frá Kolholti í Flóa.

Góð fyrstu kynni í Hofstaðaseli

Hjá rúlluverktakanum Bessa í Hofstaðaseli hafa farið tæpar þúsund rúllur í gegnum vélina frá því að hún var afhent. „Fyrstu kynnin hafa verið mjög jákvæð og ef það væru einhverjir verulegir annmarkar á vélinni þá væru þeir komnir fram. Hvað afköstin varðar þá sjáum við það strax að þau eru umtalsvert meiri. Það eru líka ákveðin þægindi að geta keyrt viðstöðulaust og mér sýnist að starfsmennirnir séu farnir að taka þessa vél fram yfir hinar.“

Bessi fullyrðir að með þessari vél sé komið stórt framfaraskref í þessari heyskapartækni. „Undanfarin ár höfum verið að gera út McHale vélar og hafa þær verið ákveðið viðmið sem bæði vélaframleiðendur og notendur hafa horft til. Þær eru einfaldar í notkun, með mikil afköst og hátt rekstraröryggi. Vissulega er þessi Kubota vél með meiri og flóknari vélabúnaði, en ég sé ekki neina veika punkta. Hún er með gott pökkunarborð, góða netbindingu, öfluga mötun og þetta er sterkt byggð vél. Ég held að hún setji nýtt viðmið í heyskap og að þetta sé það sem koma skal.“

Við vorum komnir með fjórar McHale vélar í rekstur, bæði til þess að tryggja rekstraröryggi og til að ná miklum afköstum. Mér sýnist að við getum fækkað þeim eitthvað fyrst

við erum að sjá meiri afköst með þessari nýju Kubota vél. Vinnuaflið er alltaf að verða dýrara og dýrara og við viljum því sjá meiri afköst eftir hverja vinnustund.“

Lítill um sig þrátt fyrir að vera með tvö baggahólf

Einar Oddsson hjá Þór hf. segir að hún sé svipuð stórbaggavél í notkun. „Þú heldur áfram að keyra svo lengi sem þú er með net og plast. Fremra hólfíð er 3/4 af stærð rúllunnar og þegar það er orðið fullt þá er yfirleitt búið að losa aftara hólfíð sem er í fullri stærð.“

Þrátt fyrir að Kubota FastBale sé með tvö baggahólf þá sé þetta með styttri rúllusamstæðunum á markaðnum. „Það er vegna þess að allt fremra baggahólfíð er staðsett fyrir ofan sópvinduna. Hvað þyngd varðar þá er í henni meira stál þar sem baggahólfín eru tvö, en hún er rétt tæp átta tonn. Þær koma hins vegar á mjög breiðum og góðum dekkjum til þess að vega upp á móti því.“

Verð næsta árs liggja ekki fyrir

Þór hf. hefur flutt inn tvær vélar til landsins núna í sumar en samkvæmt Einari koma ekki fleiri á árinu. „Við erum í viðræðum við Kubota um að okkur verði sendar fleiri vélar á næsta ári. Þessar fyrstu vélar sem komu núna í sumar kostuðu 15,9 milljónir án skatts, en eins og með allt annað þá eru þegar komnar fram verðhækkningar frá framleiðanda fyrir sumarið 2023. Endanlegt verð fyrir næsta ár liggur því ekki alveg fyrir.“

Það á eftir að koma í ljós hversu miklu hún mun afkasta, en ég myndi segja að hundrað rúllur á klukkutíma við bestu aðstæður sé eitthvað sem er mögulegt. Aðrar rúllusamstæður hafa verið að ná rúmlega sextíu rúllum við kjörskilyrði.“

/ÁL



Hjá rúlluverktakanum Bessa Frey í Hofstaðaseli hafa farið tæpar þúsund rúllur í gegnum vélina frá því að hún var afhent. Mynd / Einar Oddsson

Ný sending frá CP Metal

Vorum að taka upp nýja sendingu af skóflum, Gaffalstykjum og Ripperum frá CP Metal. S30 -150, S40



S30

T2 20 cm skófla S30-150	60.000 + vsk
T2 40 cm skófla S30-150	75.000 + vsk
T2 60 cm skófla S30-150	90.000 + vsk
T2 100 cm skófla S30-150	105.000 + vsk
T2 100 cm tilt-skófla S30-150	292.000 + vsk
T2 Ripper 85cm S30-150	126.000 + vsk
T2 Ripper 70cm S30-150	66.000 + vsk

S40

T3 30 cm skófla - S40	93.000 + vsk
T3 60 cm skófla - S40	129.000 + vsk
T4 30 cm skófla - S40	99.000 + vsk
T4 60 cm skófla - S40	141.000 + vsk
T5 40 cm skófla - S40	118.000 + vsk
T5 80 cm skófla - S40	211.000 + vsk
T3 100 cm skófla - S40	177.000 + vsk
T3 120 cm skófla - S40	186.000 + vsk
T4 130 cm skófla - S40	219.000 + vsk
T5 180 cm skófla - S40	312.000 + vsk
T3 120 cm tilt-skófla - S40	375.000 + vsk
T4 Ripper S40	118.000 + vsk
T5 Ripper S40	118.000 + vsk
Gaffalstykki S40 2,5 T 120 cm	350.000 + vsk

S45


T6 40 cm skófla S45	168.000 + vsk
T6 80 cm skófla S45	214.000 + vsk
T6 200 cm skófla S45	378.000 + vsk
Gaffalstykki S45 2,5 T 120 cm	370.000 + vsk
T6 Ripper 85cm Heavy duty S45	208.000 + vsk



www.verkfaerief.is S. 544-4210

sale@verkfaerief.is

Tónahvarfi 3, 203 Kópavogi



Lífraent
Hreinsivirki!

NÚTÍMA ROTÞRÓ

Fyrir sumarhús, heilsárhús, hótél o.fl.

Yfir 90% hreinsun - hreinsigeta PIA vottuð

3ja þrepa hreinsun - ekkert rafmagn

Engar siturlagnir - fyrirferðarlítill

Mögulegt að breyta í skólphreinsistöð síðar

Þýsk gæði - CE merkt

Stærðir 2-600 persónueingar



HVAMMŞHÓLAR

SIGURÐUR VIGGÓ HALLDÓRSSON PÍPULAGNINGAMEISTARI



+354 660 4085



SIGGI@HVAMMŞHOLAR.IS

McHale

GÆÐI | STYRKUR | ENDING

FUSION
Verð frá:
13.490.000
+ vsk



Verð miðast við gengi EUR 138

LANDSTÓLPI

Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi

Kaupvangi 10, 700 Egilsstöðum

www.landstolpi.is

480 5600

480 5610

landstolpi@landstolpi.is



UTAN ÚR HEIMI



Milljarðar manna hafa ekki efni á heilbrigðu mataræði. Mynd / Ninno Jack Jr.

Hungur í heiminum vex

Allt að 828 milljón manns bjuggu við hungur árið 2021. Fólk sem lifir undir hungurmörkum hefur aukist um 150 milljónir frá upphafi heimsfaraldurs.

Um 2,3 milljarðar manna, eða 11,7% jarðarbúa, standa frammi fyrir fæðuóryggi á alvarlegu stigi, að því er fram kemur í nýútkominni skýrslu Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (FAO) um stöðu fæðuöryggis og næringar í heiminum.

Aukning á hungri á heimsvisu árið 2021 endurspeglar aukinn ójöfnuð milli og innan landa vegna misbágrar efnahagsstöðu og tekjutaps þeirra landa sem hafa orðið fyrir mestum áhrifum af heimsfaraldri Covid-19.

Í skýrslunni kemur jafnframt fram að árið 2020 var ætlað að

22% af börnum heimsins, yngri en 5 ára, byggju við skort á mat á meðan 5,7% barna á sama aldri væri í ofþyngd.


Tæplega 3,1 milljarður manna hafði ekki efni á heilbrigðu mataræði árið 2020, sem er 112 milljónum fleiri en árið 2019. Endurspeglar það ekki síst verðhækkunir á matvælum í kjölfar heimsfaraldursins.

Í skýrslunni er gert ráð fyrir að kostnaður á heilbrigðu mataræði hafi numið að meðaltali 3,54 Bandaríkjadöllum yfir heiminn árið 2020. Miðað við þá mælistiku höfðu um 80% fólks í Afríku ekki efni á slíku á meðan hlutfallið var 1,9% í Norður-Ameríku og Evrópu.

Spár gera ráð fyrir að næstum 670 milljónir manna muni standa frammi fyrir hungri árið 2030, eða 8% mannkyns, sem er sama hlutfall og árið 2015. /ghp



Gentiana susanna.



Mynd / novataxa.blogspot.com

Gróðurrikið:

Ný tegund af ættkvísl dýragrasa finnst í Tíbet

Fyrir á þessu ári var greind og skrásett á hásléttu Tíbet ný tegund af dýragrasi. Tegundin hefur fengið heitið *Gentiana susanna*.

Qinghai-hásléttan í Tíbet er rómuð fyrir líffræðilegan fjölbreytileika og þar er að finna fjölda plöntutegunda sem teljast landlægar eða tegundir sem ekki finnast villtar annars staðar í heiminum.

Grasafraeðingar sem vinna við að greina tegundir sem vaxa á sléttunni fundu fyrir skömmu áður ógreinda tegund við bakka Cuopu-vatns. Tegundin sem nýlega var greind er sögð tilheyra ætt mariuvanda og

ættkvíslinni *Gentiana* sem kallast dýragras á íslensku. Tegundin hefur fengið heitið *Gentiana susanna*.

Samkvæmt Flóru Kína var tegundin áður greind sem *G. algida* sem finnst villt í Síberíu og Norður-Ameríku.

Núna hefur þeirra greiningu verið hafnað vegna greinilegra ólíkra útlitslegra einkenna og vaxtarstaðar. *G. susanna* er meðal annars ólík *G. algida* að því leyti að vera hærri í vexti og með fleiri og lengri blómum.

Samanburður á DNA tegundanna þýkir sanna að um ólíkar tegundir sé að ræða. /VH

Loftslagsbreytingar:

Leyndardómar í kjölfar vatnspurrðar

Miklir þurrkar hafa verið vegna loftslagsbreytinga víða um heim og fáir farið varhluta af því. Undanfarið hafa borist fréttir varðandi yfirborðslækkun vatna og þá sérstaklega ef fundist hafa minjar vegna þess.

Til að mynda birti vefsíða The Guardian fréttir af Lake Mead lóninu í Las Vegas, en vatnspurrð þess hefur ekki verið meiri síðan í kringum 1930 og ýmislegt komið í ljós í kjölfar grynnkunar yfirborðsins.

Nýlega fannst þar beinagrind frá sjöunda eða áttunda áratugnum, lokuð í tunnu, en bæjarbúar telja að þarna sé greinilega um mafutengt mannshvarf að ræða. Reyndar hafa vist fundist tvö lík að svo stöddu en það í tunnunni hefur verið aldursgreint og með tilliti til þeirra mannshvarfa er áttu sér stað á þeim tíma koma þrjú aðilar til greina.

Fyrstur á lista komst mafiusvikarinn mikli, George „Jay“ Vandermark, sem naut trausts mafunnar til þess að hafa yfirsýn yfir rekstur spilakassa þeirra í spilavítinu Stardust Casino. Hann reyndist traustsins verður um tíma, en þegar ágóðinn óx upp úr öllu valdi stóðst hann ekki mátið og hvarf með gróðann. Mafian hóf strax hausaveiðar sínar, en óvíst er hvort í hann hafi náðst.

Næstur í röðinni er eiturlyfjasmýglari að nafni William Crespo en hann beið á þessum tíma réttarhalda þar sem hann átti að vitna gegn forsvarsmönnum spilavítis, stjórnuðu af mafunni. Hann hvarf áður en til þess kom. Líkt og með Jay er ekki vitað um afdrif hans.

Sá þriðji og síðasti og líklegasti til þess að hafa endað lífdaga sína í tunnu var Johnny Pappo, gamalreyndur gestgjafi spilavíta Las Vegas og með fingurna oft í viðkvæmum málefnum. Satt best að segja tengdust þessir þrjú allir einni öflugustu mafíuágerðum Las Vegas á þessum tíma undir nafninu Argent Corp. Rak mafian skipulagða glæpastarfsemi af fullum krafti með beina tengingu í fjárhættuspil Las Vegas borgar þar sem áður nefndir aðilar höfðu alið manninn um langa hríð.

The Guardian bendir á að ef þessi kenning stenst verður líklegur morðingi að teljast einn alræmdasti gangster sögunnar, Tony Spilotro. Var hann þekktur fyrir ofbeldisfullar og oft sadískar aðfarir að fórnarlömbum sínum og gjarnan nefndur af yfirmönnum sínum, mafíukóngunum,



Tanngarður. Mögulega tengdur mannshvarfi á vegum Mafunnar.



Uppgröftur og kortlagning á borginni Zakhiku. Myndir / Myndskeið

til að vekja ótta og skelfingu viðstaddra.

Borgin Zakhiku upp á yfirborðið

En aftur í loftslagsbreytingarnar. Fréttaveitan CNN greindi frá því á dögunum að eftir mikla þurrka í Kúrdistan-héraði norðurhluta Írak hafi íbúar rekið upp stór augu er heil borg kom í ljós við vatnspurrð í lóninu Mosul meðfram ánni Tigris. Ljóst er að þarna er um að ræða borgina Zakhiku frá bronsöld, helsta aðsetur Mittani heimsveldisins sem ríkti frá 1550-1350 f. Krist og náði frá Miðjarðarhafi til Norður-Íraks. Áhugavert þýkir, meðal fornleifafræðinga, hversu vel stórir hlutar hennar hafa varðveist en í ljós komu m.a. afar stöndugir veggir sem hlaðnir höfðu verið úr sólpurrkuðum moldarmúrsteinum. Er talið að þessir veggir hafi grafið í jarðskjálfta árið 1350 f. Krist þegar efri hlutar þeirra hrundu og grófu hluta bygginganna að nokkru leyti.

Fornt ritmál á leirtöflum

Annað sem vakti verulega athygli þeirra voru fimm keramikkrúkkur, en í þeim voru í kringum hundrað leirtöflur með ritmáli sem notað var í Mið-Austurlöndum til forna. Þýkir kraftaverki líkast að töflurnar, sem voru úr óbrenndum leir, skuli hafa verið undir vatnsborðinu í svo langan tíma en þær eru tiltölulega óskemmdar.

Þeir sem að rannsókninni standa vona að þessar fornu rittöflur, sem eru frá því skömmu eftir að jarðskjálftinn reið yfir borgina, muni veita mikilvægar upplýsingar um lífið, skömmu fyrir endalok Mittani heimsveldisins. Borgin, sem hóf að risa úr lóninu árið 2018 í kjölfar loftslagsbreytinga, birtist nú hraðar síðastliðna mánuði, en mikill hiti



Leirtöflur með afar fornu ritmáli Mið-Austurlanda.

hefur gert það að verkum að landið hefur þjást af þurrkum í marga mánuði, meira að segja enn frekar að sunnanverðu en að norðan.

Að auki hefur skortur á úrkomu og léleg auðlindastjórnun átt sinn þátt í því að samfélög á svæðinu eiga í erfiðleikum með vatn en Írak hefur – yfir höfuð – orðið fyrir alvarlegum áhrifum af loftslagsbreytingum og meðalhiti hækkað um næstum 1 °C á síðustu öld.

Til viðbótar við vatnspurrð tóku yfirvöld fyrir á þessu ári þá ákvörðun að tæma hluta lönsins til þess að koma í veg fyrir uppskerubrest vegna þurrka – og því lækkaði vatnsyfirborðið verulega, en Mosul lónið er mikilvægasta vatnsgeymsla landsins.

Fornleifaminjar vatnspéttar

Tekin var ákvörðun um að þennan menningararf þyrfti að varðveita og voru þýskir og kúrdískir fornleifafræðingar fengnir til þess að grafa upp byggðina á skipulagðan hátt – á fornleifasvæði nefndu Kemune, en verkefnið var í samstarfi við Minjastofnun Duhok. Fornleifafræðingarnir gengu í störf sín af röggsemi enda ekki vitað hve lengi yfirborð vatnsins væri nógu lágt. Þeim tókst, á örfáum dögum, að kortleggja stærstan hluta borgarinnar, þar á meðal það sem talið er vera iðnaðarhúsnæði, víggirðingar með múrum og turnum og stór geymslubygging.

Eins og staðan er í dag er borgin komin að nokkru leyti undir vatnsborð aftur, en hulin vatnspéttum plötum til að vernda það sem verndað getur, bæði veggir og aðra leyndardóma sem enn felast í rústunum – þar til færi gefst á að halda rannsókninni áfram. /SP

Örplast í matvælum

Nýverið voru birtar niðurstöður frumrannsóknar þar sem kannað var hvort plast fyndist í búpeningi í Hollandi.

Við rannsóknarvinnuna fannst örplast í sýnum sem voru tekin úr kjöti, blóði og mjólk. Einnig voru tekin sýni úr gróffóðri og kjarnfóðri sem innihéldu örplast. Rannsóknin var framkvæmd af vísindamönnum við Frjálsa háskólann í Amsterdam.

Fram að þessu hafði ekki verið kannað hvort örplast sé að finna í

áðurgreindum landbúnaðarvörum, því er þetta fyrsta rannsóknin sem sýnir þessar niðurstöður.

Vísindamennirnir beindu ekki sjónum sínum að því með hvaða leið örplasti ratar í þau sýni sem voru tekin eða hvort það hefði einhver skaðleg áhrif, heldur var markmiðið það eitt að athuga hvort það væri til staðar.

Rannsóknaraðilarnir taka fram að þörf sé á frekari rannsóknum á þessu sviði, en þessar fyrstu niðurstöður vekja ákveðinn ugg. /ÁL



Nýverið hefur verið sýnt fram á að plast hafi fundið sér leið í kjöt, blóð og mjólk búpenings. Mynd / Henry&Co



Stefnumótun lítur fram hjá mörgum veigamiklum atriðum sem skipta máli þegar lagt er mat á náttúruna. Líffræðileg fjölbreytni: Mynd / Sigmundur Utk

Hagnaðardrifnar stjórnsýsluákvarðanir

Yfir fimmtíu mælanlegar leiðir eru að því að meta umhverfið og þjónustu vistkerfa en aðferðir stefnumótunar stjórnvalda víða um heim nota eingöngu örfáar takmarkaðar aðferðir til þess arna.

Innleiða þarf fleiri viðurkenndar aðferðir sem leggja grunn að stjórnsýsluákvörðunum um náttúruna. Það er niðurstaða risa-samantektar (e. Mega-review) frá milliríkjanefnd Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni og þjónustu vistkerfa (IPBES).

Stefnumótun lítur fram hjá mörgum veigamiklum atriðum sem skiptir máli þegar meta á náttúruna og nefnt er vægi náttúrunnar fyrir frumbyggjasamfélög. Sem dæmi, nefnir skýrslan, eru þarfir nærsamfélaga oft virtar að vettugi þegar ákvarðanir um vatnsaflsstíflur

eru teknar og þarfir neytenda í þéttbýli settar fram fyrir, sem verður til þess að dreifbýl samfélög geta misst lífsviðurværi sitt og neyðst til að breyta lífsháttum sínum.

Haft er eftir Anne Larigauderie vistfræðingi, sem stýrir IPBES, að sá misbrestur sem felst í því að meta umhverfi og þjónustu vistkerfa á takmarkaðan hátt hafi í för með sér langtíma samdrátt og neikvæð áhrif á líffræðilegan fjölbreytileika. Get náttúrunnar til að viðhalda sér hafi þannig minnkað verulega sl. 50 ár.

Sterkar vísbendingar eru um rýrnun á líffræðilegum fjölbreytileika ef vistkerfi og náttúra eru metin á grundvelli markaðsafla. Mörg önnur gildi, jafnvel sönnunargögn, séu hundsuð í þágu skammtímahagnaðar og hagvaxtar að sögn Unai Pascual, hagfræðings sem einnig vann að skýrslunni.

Þá skortir mikið á tengsl hagsmunaaðila, vísindamanna og þeirra sem verða fyrir mestum áhrifum af stjórnsýsluákvörðunum. Flestar rannsóknir taka ekki til greina fjölmarga þætti sem hafa áhrif á umhverfið og jafnvel bæta það. Segir skýrslan að fáir vísindamenn ráðfæri sig við fólk sem býr og starfar á rannsóknarsvæðum þar sem líffræðilegur fjölbreytileiki sé mikill. Í aðeins 2% tilfella þeirra rannsókna, sem teknar voru í ítarskoðun, töldu það með í rannsókninni.

Gert er ráð fyrir að matsskýrsla út frá samantektinni verði gefin út í heild sinni fyrir ráðstefnu þjóða sem eru aðilar að samningi Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni, sem fer fram í Kanada í desember nk. að því er fram kemur í frétt Nature.

/ghp

Sérstíðin þjónusta að þínum þörfum



FASTEIGNASALA



Kristinn Sigurbjörnsson
Löggiltur fasteignasali og byggingafræðingur.
Sími: 560-5502
Netfang: kristinn@allt.is



Páll Þorbjörnsson
Löggiltur fasteignasali og fiskeldisfræðingur.
Sími: 560-5501
Netfang: pall@allt.is

Límtré-Timbureiningar



Stálgrind
Yleiningar
PIR
Steinull



| Strúktúr ehf | www.struktur.is | struktur@struktur.is |

| Bæjarflöt 9 | 112 Reykjavík | Sími: 588 6640 |

Flytjum inn (og getum reist) iðnaðarhús af öllum stærðum og gerðum.

Upplýsingar á vegr.is og í síma 898-5463



Lífræn hreinsistöð




- Fyrirferðalítill fullkomin sambyggð skolphreinsistöð
- Uppfyllir ýtrustu kröfur um gæði hreinsunar
- Engin rotþró eða siturlögn 25 ára ábyrgð
- Tæming seyru á þriggja til fimm ára fresti
- Engir hreyfanlegir hlutir
- Stærðir frá 6 - 55 persónueiningar



IÐNVER
Tunguhálsi 10 - 110 Reykjavík
Sími 517 2220 - petur@idnver.is

Gólfhitakerfi

Ekkert brot ekkert flot



- Þægilegur hiti góð hitadreifing
- Hítasveflur / Stuttur svörunartími
- Aðeins 12mm þykkar hitadreifiplötur
- Fjótlegt að leggja
- Ekkert brot ekkert flot
- Dreifiplötur límðar beint á gólf
- Gólfefni lagt beint á dreifiplötur (flísar, parket)
- Hentar vel í eldra húsnæði jafnt sem ný hús og sumarhús
- Flooré gólfhitakerfi er einfalt, fljótlegt og þægilegt



Skemmuvegur 10 (blá gata) 200 Kópavogur
Sími 567 1330 Fax 567 1345 www.hringas.is

Hringás ehf.



Tekilaskot með salti og sitrónu.

Mynd / thespruceeats.com

Slammað með tekíla

Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is



Tekíla er áfengur drykkur sem upprunninn er í Mexíkó og unninn úr gerjuðum og eimuðum safu og sykri plöntu sem kallast *Agave taquilana* 'Weber's Blue', eða blátt agvave.

Samkvæmt tekílaráði Mexíkó gilda strangar reglur um hvar og hvernig má framleiða tekíla. Æskilegur áfengisstyrkur tekíla er á bilinu 35 til 55% og það drukkið sem snafs eða blandað í hanastél.

Í dag tengja flestir tekíla við mexíkóska menningu og samkvæmt tekílaráði Mexíkó er tekíla gjöf landsins til heimsins.

Einungis er leyfilegt að framleiða drykkinn í fimm héruðum í Mexíkó, Jalisco, Nayarit, Michoacán, Guanajuato og Tamaulipas, sem öll eru í landinu miðju. Fjögur fyrstu héruðin liggja nærri strönd Kyrrahafsins en það síðastnefnda liggur að Mexíkóflóa.

Ilmur, bragð og sætleiki tekíla-drykkja er ólíkt eftir ræktunar-svæðum og sagt er að það sé meiri blómameimur af drykknum sé hann unninn úr plöntum sem vaxa í dölum frekar en upp til fjalla.

Mest er framleitt af drykknum

í fjöllum umhverfis borgina Santiago de Tequila í Jalisco héraði á vesturströnd Mexíkó. Svæðið einkennist af rauðum eldfjallajarðvegi sem henta þurrkapolinni Ageve plöntunni vel og er áætlað að þar séu uppskornar um 300 milljón plöntur á ári til framleiðslu á tekíla. Árið 2006 var hluti Jalisco héraðs settur á heimsminjaskrá UNESCO vegna sögulegs og menningarlegs gildis *Agave* ræktunar og framleiðslu tekíla þar og teygir sig aftur til sextándu aldar.

Drottning eyðimerkurinnar

Ekki eru allir á sama máli um fjölda tegunda innan ættkvíslarinnar *Agave* og hleypur fjöldinn frá 160 í 300. Allar tegundirnar eru sígrænir einkimblöðungar og eru upprunaleg heimkynni þeirra á heitum og þurrum svæðum í suðurríkjum Norður-Ameríku, Mið-Ameríku og norðurhluta Suður-Ameríku. Einstaka tegundir finnast á hitabeltissvæðum í Suður-Ameríku. *Agave* tegundir flokkast sem þykkblöðungar þar sem plönturnar safna í sig vatni til að nota á þurrkatímum og þær stundum kallaðar drottningar eyðimerkurinnar.

Blöðin eru yfirleitt stór og gróftent og eru tennur þeirra beittar, þau eru sterk, safu- og trefjarík. Á blöðunum er stuttur og nánast

ósýnilegur stilkur og mynda þau saman stóra rósettu. Plönturnar eru með grunnt liggjandi rötarnýði sem fremur gegna því hlutverki að safna vatni úr döggi og regni en að sækja vatn neðanjarðar.

Langfesta plöntur innan ættkvíslarinnar eru einblómstrandi, *monocarpic*, sem þýðir að þær blómstra einu sinni og síðan drepst sú rósetta sem blómstráði. Rósettur sumra tegunda geta þrátt fyrir það lifað lengi þar sem það tekur þær mörg ár og jafnvel marga áratugi að blómstra og mynda fræ.

Sumar tegundir mynda margar rósettur og getur plantan lifað áfram þrátt fyrir að ein eða fleiri rósettur blómstri og drepist. Einnig eru til tegundir sem mynda rósettur á blómstönglinum sem festa rætur eftir að hann fellur. Fáeinar undantekningar eru frá þessu og til eru *Agave* tegundir sem blómstra og mynda fræ oftar en einu sinni.

Við blómgun vex langur blómstöngull, eða quiote, sem þýðir mastur í Mexíkó, upp úr miðri rósetunni. Stöngullinn, sem getur orðið rúmlega níu metra hár, ber mörg stutt rörlaga blóm á löngum blómstilk sem geta verið blá, rauð, gul og hvít.

Tegundirnar eiga flestar það sameiginlegt að vaxa hægt og algengustu tegundir í ræktun eru *A. americana*, *A. tequilana* og *A. attenuata*.

A. tequilana 'Weber's Blue', eða blátt *Agave*, er mest notað til að framleiða tekíla. Plantan er upprunnin í Mexíkó og dafnar best í sendinni jörð í yfir fimmtán hundruð metra hæð. Blöðin eru gráblá og um tveir metrar að lengd. Blómin gul á allt að fimm metra háum blómstöngli og sjá leðurblökur um frjögvgun þeirra.

Goðsaga Asteka

Samkvæmt goðsögnum eiga Astekar fyrst að hafa bruggað vægt áfengi úr safu plöntunnar á árunum milli 1172 og 1291 eftir að þeir settust að í Mið-Ameríku. Astekar notuðu mjöðinn við trúarathafnir og áttu sína eigin drykkjagyðju sem kallast Mayahuel og þótti henni sopinn góður eins og getið er í söngvum og ljóðum. Til er veggmynd sem sýnir Mayahuel gefa sauðdrukknu kanínubörnum sínum brjóst. Samkvæmt goðafræði Asteka átti gyðjan 400 kanínubörn og rann mjöðurinn í æðum hennar og voru sífyllu kanínubörnin sögð vera guðir vímunnar.

Í einni goðsögn um Mayahuel segir að gyðjan hafi verið gift guðinum Petácatl sem var skapari og verndari alls plöntulífs á jörðinni. Þar segir að gyðjan hafi 400 brjóst, eitt fyrir hvert af kanínubörnum hennar. Mayahuel er sögð einstaklega lokkandi og að guðinn Quetzalcoatl, skapari mannsins, náði heilla hug hennar til framhjáalds.

Þegar Petácatl kemst að framhjáaldinu verður hann svo æfur af reiði að Mayahuel og Quetzalcoatl flúðu frá guðaheimum til jarðarinnar og földu þau sig í plöntumynd. Þegar Tzinzinmilt, langamma Mayahuel, kemst að framhjáaldinu og flóttanum eyðir hún barnabarninu með eldingu og Quetzalcoatl grefur öskuna og upp af henni óx fyrsta *Agave* plantan.



Uppruni orðsins tekíla

Talið er að orðið tekíla á spænsku, la tequila, sé komið úr máli Nahuatl-fólksins sem upphaflega bjó við strendur Mið-Ameríku frá Mexíkó til Níkaragva. Orðið þýðir staður uppskerunnar, staður vinnunnar eða staðurinn þar sem villijurtirnar vaxa og tengist vinnu við uppskeru. Samkvæmt annarri kenningu þýðir orðið beittur steinn. Tekíla er notað sem heiti á öndun, þorpum og dölum víða í Mið-Ameríku.

Saga tekíla

Fyrsti áfengi drykkurinn sem unninn var úr *Agave* innihélt 5 til 7% alkóhól og kallaðist pulque, eða oclli á spænsku. Drykkurinn var hvítur á litinn og með súru gerbragði og er talið að hans hafi verið neytt frá aldaöldi í Mið-Ameríku. Neysla á drykknum jókst umtalsvert eftir að Evrópumenn settust að í Mið-Ameríku og náði hámarki seint á nítjándu öld.

Sagan segir að tekíla hafi fyrst verið eimað úr pulque á sextándu öld, í nágrenni við borgina Tequila, eftir að brandibirgðir evrópskra landvinningamanna klárudust og að þá hafi fyrsti mið-ameríski spiritusinn orðið til. Tekíla varð því til við samruna tveggja menningarheima.

Skömmu eftir aldamótin 1600 hóf spænski landneminn Don Pedro Sánchez de Tagle, markgreifi af



Agave plöntur skornar fyrir vinnslu.

Mynd / foodprint.org



Agave tequilana 'Weber's Blue' eða blátt Agave.

Mynd / Wikipedia.org



Sennilega féll leikarinn Jonh Wayne á gólfíð á veitingahúsi einu í Durango í Mexíkó vegna stífrar tekiladrykkju og braut í sér tvö rifbein.

Mynd / esquire.com



Dýrasta flaska af tekíla sem selst hefur til þessa fór fyrir 225 þúsund Bandaríkjadali, eða tæplega 31 milljón íslenskra króna.

Mynd / gourmetdemexico.com



Gyöjan Mayahuel er verndari Agave plantna.

Mynd / MiCorazonMexico.com



Tekíla var fyrst selt í flöskum árið 1873.

Mynd / steinecker.com



Stáltankar til að gerja tekíla.

Mynd / paquitequila.com



Liturinn á tekíla ræðst að mestu af því í hvers konar tunnum það hefur verið látið eldast.

Mynd / wine.com



Tekíla er þjóðardrykkur Mexíkó.

Mynd / Unsplash

Altamira, framleiðsla tekíla í stórum stíl í Jalisco. 1758 fékk Spánverjinn Don José Antonio de Cuervo úthlutað miklu landi á svipuðum slóðum frá Ferdinandi VI Spánarkonungi til að rækta *Agave* og framleiða tekíla. Sonur de Cuervo fékk sérstakt leyfi frá Carlosi IV Spánarkonungi til að framleiða drykkinn þrátt fyrir tímabundið bann á honum í tíð Carlosar III.

Neysla á tekíla jókst mikið í sjálfstæðisstríði Mexíkó undan Spánverjum, 1910 til 1921, og er sagt að það hafi verið hluti af fastakosti hermanna beggja fylkinga. Uppreisnarmenn Mexíkóa litu á drykkinn sem karlmennsku-, þjóðar- og frelsistákn en hermenn Spánverja sturtaðu honum í sig til að sljóvga meðvitund sína og gleyma ömurlegum örlögum sínum fjarri heimalandinu.

Upphaflega kallaðist tekíla mezcal de tequila og eingöngu selt í tunnum. Árið 1880 hóf Cuervo vínbrennslan að setja það á flöskur og selja í neytendaumbúðum. Framleiðandi Sauza Tequila, stofnað 1873, var fyrsta fyrirtækið til að flytja tekíla til Bandaríkjanna og árið 1893 ákvað stjórn þess að fella mezcal-hlutann úr heitinu fyrir Bandaríkjamarkað.

Árið 1936 hóf fyrrverandi öldungadeildarþingmaður í Arizona-ríki í Bandaríkjunum Norður-Ameríku að framleiða tekíla við lítinn fögnuð Mexíkómanna og árið 1974 tókst Mexíkó að tryggja sér heitið tekíla sem þjóðlegt hugverk.

Eftirspurn eftir tekíla jókst talsvert í Bandaríkjunum í kjölfar seinni heimsstyrjaldarinnar vegna skorts á áfengi frá Evrópu.

Í dag er áætlað að yfir eitt hundrað einingahús í Mexíkó framleiði rúmlega 900 afbrigði af tekíla.

Mörg minni fyrirtækjanna eru í einkaeygu en allir stærri framleiðendur tekíla í dag eru í eigu stórra fjölbjóðlegra fyrirtækja.

Magnið af því tekíla sem selt er á Bandaríkjamarkaði er flutt í tankbílum frá Mexíkó og tappað á flöskur í Kaliforníu, Arkansas, Missouri, og Kentucky og flutt þaðan út víða um heim.

Framleiðsla og flokkun tekíla

Tekíla er unnið úr safu og sykri *Agave*-plantna og helst *A. tequilann* 'Weber's Blue'. Til að plantan nái æskilegum þroska þarf hún að vaxa í átta til tíu ár og ræktunartíminn því langur. Upphaflega var safu til framleiðslunnar safnað með því að skera burt blómstöngulinn og gerja safann sem úr sárinu rann. Í dag er tekíla aðallega unnið úr stofni plöntunnar. Eftir að blöðin hafa verið skorin burt er stofninn hæghitaður í ofni í rúman sólarhring og safinn pressaður úr honum og látinn gerjast í tré- eða stáltunnu. Því næst er safinn eimaður einu sinn eða oftar til að auka hreinleika framleiðslunnar þrátt fyrir að sumir segi að endurtekin eimun dragi úr bragðgæðum tekílasins.

Gróflega er tekíla skipt í tvo flokka. Í öðrum flokknum er tekíla sem er framleitt úr 51% sykri sem fenginn er úr *A. tequilana* 'Weber's Blue' og 49% annars konar sykri. Í hinum flokknum, sem jafnframt þykir finni, er tekíla sem unnið er 100% úr sykri *A. tequilann* 'Weber's Blue' og verður því jafnframt að vera tappað á flöskur í Mexíkó.

Báðum flokkum er skipt í undirflokkar:

Blanco o Plata, silfur, er tært óblandað tekíla sem hefur staðið í tunnum í minna en tvo mánuði.

Joven o Oro, gull, tekíla sem hefur verið blandað með sykri, litar- og bragðefnum.

Reposado er tekíla sem hefur staðið í tunnum í að lágmarki tvo mánuði og komist í samband við eik.

Anejo hefur staðið í eikartunnu í að minnsta kosti eitt ár.

Extra Anejo er tekíla sem hefur staðið í eikartunnu í að minnsta kosti þrjú ár. Fram til ársins 2004 leyfði tekílaráð Mexíkó ekki að drykkurinn væri bragðbættur með utanaðkomandi efnum, hvað þá að „tekíla“ með bragðefnum bæri heitið tekíla. Þessu var breytt 2005 að því undanskildu að ekki má bragðbæta tekíla sem unnið er úr 100% *A. tequilana* 'Weber's Blue' og kalla það tekíla.

Liturinn á tekíla ræðst að mestu af því í hvers konar tunnum það hefur verið látið eldast. Í sumum tilfellum er aftur á móti bætt í það litarefnum til að ná fram ákveðnum litatón.

Neysla

Þjóðardrykkur Mexíkó er 40% sterkt tekíla og sagt er að hanastéldrykkurinn margaríta hafi orðið til á bar í bænum Tijuña í þeim tilgangi að fá kvenkyns Ameríkana til að drekka tekíla.

Þriðji sunnudagurinn í mars ár hvert er tekíladagurinn í Mexíkó og þar í landi er tekíla notað sem krydd með mat og til að skola niður góðri máltíð.

Árið 2013 var bannið við innflutningi á tekíla unnu úr 100% *A. tequilana* 'Weber's Blue' aflétt í Kína í framhaldi af heimsókn Xi Jinping, forseta Kína, til Mexíkó og jókst sala þess mikið þar í kjölfarið.

Dýrasta flaska af tekíla sem selst hefur til þessa fór fyrir 225 þúsund Bandaríkjadali, eða tæplega 31 milljón íslenskra króna, en auk innihaldsins er flaskan skreytt með tveimur kílóum af gulli og platínu.

Tekíla á Íslandi

Fyrsta greinin þar sem tekíla er nefnt á nafn samkvæmt tímarit.is er smáfrétt í Vísí 28. febrúar 1969 en þar segir að hinn góðkunnir leikari John Wayne hafi slasast. „Hann datt á gólfíð á veitingahúsi

einu í Durango í Mexíkó og braut í sér tvö rif. Ekki er vitað hvernig á því stóð að hetjunni varð fótasturtur, eða hvort það var að kenna þjóðardrykk Mexíkóana, tekíla“

Á Íslandi er algengara að drekka tekíla sem skot og margir eflaust skellt einu eða fleiri slíkum í sig með salti og sitrónu og slammað síðan staupinu á hvolfi á barborðið, grett sig og gefið frá sér óhljóð.

Margarítakokteill samanstandur af 60 millilítrum af tekíla og 30 millilítrum af appelsínu- eða límesafa og klaka og að sjálfsögðu saltrönd á þar tilgerðu margarítaglasi. Tekíla sólarupprás er blanda af einum og hálfum hluta tekíla, hálfum hluta af grenadín sýrópi og sex hlutum af appelsínusafa en tekíla sólsetur af þremur sentilítrum af ljósu tekíla, einum og hálfum sentilítra af sitrónusafa og einni teskeið af grenadín sýrópi.

Kæli- og frystiklefar í öllum stærðum og gerðum

Margar gerðir af vélbúnaði fyrir kæli- og frystiklefa

Mikið úrval af hillum







Járnháls 2 - 110 Reykjavík
Sími 440 - 1800
www.kaelitækni.is



Kælitækni er leiðandi í sölu og uppsetningu á kerfum með náttúrlegum kælimiðlum



Þegar víðifræin þroskast öðlast þau vængi. Vængirnir eru svífhár sem líkjast ull og á þeim geta fræin borist langar leiðir með vindinum.

Myndir / Pétur Halldórsson

Gulvíðir

Ástæða er til að telja gulvíði (*Salix phylicifolia*) til innlendra trjátegunda því hann getur sannarlega náð þeirri hæð að vera skilgreindur tré.


Dæmi eru um að tegundin hafi náð allt að átta metra hæð hérlandis. Sjaldan er gulvíðir þó hærri en tveir metrar og víða aðeins jarðlægur runni.

Vaxtarlag gulvíðis er með öðrum orðum mjög breytilegt, allt frá skriðulum runna upp í einstofna tré. Í Selárdal vex til dæmis hávaxinn gulvíðir og er kallaður Strandavíðir. Oftast sjáum við gulvíði samt sem tiltölulega uppréttan, margstofna runna. Með minnkandi beit síðari ár hafa myndarlegir gulvíðibrúskar víða orðið meira áberandi í landslaginu, oft margra metra breiðir, ekki síst í frjósömum og rökum dalbotnum víða um land þar sem gulvíðirinn er til mikillar þrýði. Þar er hann líka í kjörlandi sínu sem er deiglandi með stöðugum raka. Á haustin skryðist hann ægífögum gulum lit og getur staðið þannig langt fram á haust. Sumir klónar eða einstaklingar gulvíðis halda jafnvel laufi mestallan veturinn en smám saman sölnar það og fær á sig brúnan lit.

Gulvíðir vex hægt miðað við aðrar víðitegundir. Hann getur hins vegar þrífist vel um allt land, þar á meðal á hálendinu og til fjalla, allt upp í um 600 metra hæð yfir sjó. Hann er ljóselskur og nýtur sín því best á berangri en síður í þéttum skógi þar sem hærri tré skyggja hann út.

Helsti styrkleiki gulvíðis er að hann er gjarnan fljótur að birtast þegar beit er aflétt á landi. Þetta er til marks um getu hans til að sá sér í mismunandi landgerðir. Gulvíðir er með öðrum orðum góð frumherjategund og sprettur upp í ýmiss konar jarðvegi og við ýmis skilyrði en auðvitað misjafnlega eftir aðstæðum. Tegundin getur myndað mikið fræ en það er skammlíft og þarf því að lenda á góðum stað sama sumar til að geta spírað og vaxið upp.

Víðitegundir blandast talsvert innbyrðis og getur fjölbreytnin því orðið töluverð. Brekkuvíðir er klónn af gulvíði sem talið er mögulegt að hafi orðið til með blöndun við loðvíði, ellegar þá með erfðaflæði. Brekkuvíðir var um tíma vinsæll í limgerði í gördum en




Flugur, ekki síst humlur, njóta góðs af næringu úr blómstrandi víði þegar fátt annað er í boði snemma vors.

dregið hefur úr notkun hans, meðal annars vegna þess hve viðkvæmur hann er fyrir ásókn meindýra. Hreggstáðavíðir er blendingur brekkuvíðis (gulvíðis) og víðju. Sömu sögu er að segja um hann og brekkuvíðinn. Vinsældirnar hafa minnkað vegna skaðvalda, ekki síst ryðsvepps.

Og þar komum við einmitt að helstu veikleikum gulvíðis. Á hann herja gjarnan skordýrafaraldrar og ekki er óalgennt að sjá myndarlega gulvíðibrúska lauflausa á miðju sumri þegar fiðrildalirfur ná sér vel á strik. Sömuleiðis er gulvíðir útsettur fyrir ryðsvepp sem gerir hann gulan löngu áður en haustlitirnir birtast. Á hvoru tveggja er mikill áramunur.

Gulvíðir er duglegur að blómstra og vert er að benda á að hann er sérbylstré. Það þýðir að sumir einstaklingar eru karlkyns og aðrir kvenkyns eins og gildir hjá víðiættinni allri, þar með hjá ösp, sem er sömu ættar. Snemma á vorin byrja karl- og kvenreklar að myndast og verða jafnvel áberandi áður en trén eða runnarnir laufgast almennilega. Flugur sækja mjög í blómin eftir blómasafa, ekki síst humlur sem sjást gjarnan sveimandi í gulvíði á vorin. Flugurnar bera frjóðið af karlreklum yfir á kvenrekla. Víðitegundir eru mikilvæg fæðuuppspretta flugna þegar fátt annað er í boði í sumarbyrjun. Þegar kvenreklarnir hafa frjóvgast vaxa þeir áfram en karlreklarnir visna og detta af. Þroskuð fræin eru búin svífhárum sem geta borið þau langar leiðir.

Pétur Halldórsson.



Gulvíðir er til mikillar þrýði þegar hann skryðist gulum haustlit sínum sem heiti hans er væntanlega dregið af.



Kvenfélag Eiðapinghár fór í heimsókn í Hallormsstaðarskóla og færði skólanum peningagjöf sem Bryndís Fiona Ford skólustýra veitti móttöku.

Myndir / Aðsendar

Sambands austfirskra kvenna 95 ára:

Stiklað á stóru um sögu SAK

Í tilefni af 95 ára afmæli Sambands austfirskra kvenna (SAK) er hér stiklað á stóru yfir farinn veg og helstu verkefni sem einkennt hafa starfsemi sambandsins.

Nokkrar ástæður voru til þess að konur á Héraði ákváðu að sameina kvenfélög á Austurlandi undir einn hatt á síðustu öld. Hugmyndin var ekki ný af nálinni og hafði verið til umræðu hjá kvenfélögum á Héraði um nokkurt skeið. Þá höfðu alþjóðlegar þjóðfélagsbreytingar einnig áhrif og var áherslan á að bæta lífskjör kvenna bæði uppeldisleg og hagræn, eins og segir í fundargerð frá þessum tíma.

Eflir samúð og félagslyndi

Sigrún Blöndal mælti fyrir stofnun Kvennasambands Austurlands á undirbúningsfundum sem haldin var árið 1926. Nefndi hún máli sínu til stuðnings að eitt af því sem einkenndi þann tíma sem þær lifðu á væri „samvinna á svo að segja öllum sviðum“. Hún vitnaði máli sínu til stuðnings í vísindin og sagði þau hafa „brúað fjarlægðir rúmsins og hefðu á þann hátt veitt samvinnu manna á milli skilyrði“. Þá taldi Sigrún slíkan félagskap „efla samúð og félagslyndi auk þess að kenna konum að sjá störf sín í nýju ljósi“. Þá nefndi hún fjögur mál sem henni fannst að slíkur félagskapur ætti að vinna að; 1. Uppeldis- og menntamál, 2. Heimilisiðnaður, 3. Garðrækt og 4. Líknarmál.

Á fundinum voru einnig reifuð mál tengd „húsmæðrafræðslu“ en víða um land var verið að festa í lög stofnun húsmæðraskóla fyrir konur. Um þetta leyti á Austurlandi er komin af stað hreyfing til að setja á fót slíka stofnun. Hafði þessi hugmynd m.a. verið rædd á aðalfundi Búnaðarsambands Austurlands. Lögðu fundarkonur áherslu á „hina uppeldislegu hlið húsmæðrafræðslunnar sem eitt öruggasta meðalið til að hefja straum ungra stúlkna úr sveitum til kaupstaða“.

Á þennan fund voru konur mættar úr Fellum, Fljótsdal, Völlum, Reyðarfirði, Seyðisfirði og Borgarfirði. Ári síðar, eða 16. júlí 1927, hélt svo Samband austfirskra kvenna stofnfund sinn að Mjóanesi á Fljótsdalshéraði. Á þeim fundi var samþykkt að standa að söfnun fyrir húsmæðraskóla að Hallormsstað og fylgja því máli vel eftir. Á þessum fundi var mikið rætt um stöðu heimilisiðnaðar og mikilvægi heimilisiðnaðarsýninga fyrir almenning.



Kvenfélagið Björk í Hjalastaðapinghá var stofnað 15. júní 1930. Hluti félagskvenna í gamla eldhúsi Hjaltaundar.



Kvenfélagið Nanna í Neskaupstað var stofnað 27. janúar 1907. Hluti félagskvenna við gróðursetningu í Lystigarði Neskaupstaðar en kvenfélagið er verndari garðsins frá 1934.

Húsmæðraskóli stofnaður

Vegna ötuls samstarfs Sambands austfirskra kvenna og Búnaðarsambands Austurlands tókst að koma skólanum á legg og var húsmæðraskóli byggður á Hallormsstað. Fyrsta skólasetningin var 1. nóvember 1930 og varð Sigrún Blöndal fyrsta forstöðukona skólans, en hún var þá jafnframt formaður Sambands austfirskra kvenna. SAK hefur frá upphafi alltaf átt fulltrúa í skólaráði Hússtjórnarskólans á Hallormsstað sem í dag gengur undir nafninu Hallormsstaðarskóli.

Sex félög stóðu í upphafi að stofnun SAK; Kvenfélag Fljótsdalshrepps, Kvenfélag Fellahrepps, Kvenfélag Hlíðahrepps, Kvenfélagið Kvik á Seyðisfirði, Kvenfélag Vestdalseyrar á Seyðisfirði og Kvenfélag Vallahrepps. Fljótlega voru kvenfélögin sem stóðu að stofnun SAK orðin 23 talsins,

en í dag, 95 árum seinna, standa eftirtalin kvenfélög að sambandinu; Kvenfélag Eiðapinghár, Kvenfélag Reyðarfjarðar, Kvenfélagið Björk, Hjalastaðapinghá, Kvenfélagið Einingin, Borgarfirði eystri, Kvenfélagið Hlíf, Breiddal, Kvenfélag Hróarstungu, Kvenfélagið Lindin, Vopnafirði, Kvenfélagið Nanna, Neskaupstað, Kvenfélagið Bláklukka, Egilsstöðum og Kvenfélagið Vaka, Djúpavogi.

Kvenfélög bæta nærsamfélög

Of langt mál er að rekja hér 95 ára sögu SAK, en það sem hefur einkennt starfsemiina er áherslan á samtakamátt kvenna í þeim tilgangi að bæta nærsamfélag viðkomandi kvenfélags, en einnig að hafa áhrif á framfarumál innan fjórðungsins.

Geta má þess að SAK stóð fyrir söfnun sem haldin var til styrktar stofnun vistheimilisins

Vonarlands á Egilsstöðum, til styrktar Fræðsluskrifstofu Austurlands, Minjasafns Austurlands, stofnaði styrktarsjóð fyrir Fjórðungssjúkrahúsið í Neskaupstað, stofnaði heilbrigðismálasjóð til styrktar sjúkrahúsins á Egilsstöðum, stofnaði styrktarsjóð Eiðaskóla og lagði sitt af mörkum við stofnun Kirkjumíðstöðvarinnar á Eiðum svo eitthvað sé nefnt.

Á 60 ára afmæli SAK 1987 var ákveðið að standa fyrir samkeppni um merki félagsins og var tillaga Sifjar Vígbórsdóttur samþykkt. Merkið var svo vígt á Landsþingi Kvenfélagsambands Íslands sem haldið var á Egilsstöðum 1987. Í ár, á 95 ára afmæli SAK, verða gerðir borðfánar með merki félagsins og þeir vígðir við hátíðlega athöfn á aðalfundi félagsins 22. október nk. í Tungubúð hjá Kvenfélagi Hróarstungu, þar sem forseti Kvenfélagsambands Íslands, Dagmar Elín Sigurðardóttir, heiðrar okkur með nærveru sinni.

Hornsteinar framfara

Kvenfélög nútímans eru hornsteinar framfara í hverjum landshluta fyrir sig. Öll kvenfélög hafa það að markmiði að efla samfélag sitt og sínar félagskonur.

Orð Sigrúnar Blöndal frá fyrstu árum Sambands austfirskra kvenna eru enn þá í fullu gildi og hvetja okkur kvenfélagskonur til dáða, en hún sagði „félagsstarfið eflir félagsandann, kennir okkur að sjá störf okkar í nýju ljósi, hvers við erum megnugar og ekki síst, að beina störfum okkar í þann farveg að heildin njóti góðs af“. Látum þetta leiðarljós lýsa okkur áfram veginn, austfirskum kvenfélagskonum og austfirsku samfélagi til heilla.

Í tilefni af 95 ára afmælinu stendur SAK fyrir námskeiðahaldi í samstarfi við Hallormsstaðarskóla nú í haust. Boðið verður upp á tvö námskeið; annars vegar í jurtalitinu 3. september og fatasaumi 10. september nk. Þá er einnig stefnt á formannafund SAK síðla sumars í ár.

Um leið og ég óska okkur öllum innilega til hamingju með árin 95 fylgja hér myndir frá nokkrum aðildarfélögum SAK.

Helga Magnea Steinsson, formaður SAK.



Kvenfélagið Hlíf var stofnað 18. júlí 1961 að Heydölum í Breiðdal.



Kvenfélagskonur í Breiðdal á góðri stund.



Kvenfélagið Bláklukka á Egilsstöðum var stofnað 27. febrúar 1948. Hér eru kvenfélagskonur að sjá um sumargleði eldri borgara á Héraði sumardaginn fyrsta 2022. Kvenfélag Eiðápinghár tók að þessu sinni þátt í gleðinni með kvenfélagi Bláklukka.

Sumarsmellur

Stiga Combi 748 S

- Heimilissláttuvél með 140cc mótór
- Notendavæn drífvel
- Einstök vél

Verð kr. 125.000 m/vsk.

STIGA
40 ár á Íslandi

Askalind 4 | Kópavogi | Sími 564 1864 | vetrarsol.is **VETRARSÓL**

Donaldson

FILTRATION SOLUTIONS

REKI

REKI EHF ER STOLTUR UMBOÐSAÐILI DONALDSON Á ÍSLANDI. EIGUM MIKIÐ ÚRVAL AF SÍUM Á LAGER.

Reki ehf Skemmuvegur 46 200 Kópavogur
Sími: 562 2950 www.reki.is
Netfang: elfar@reki.is, kristinn@reki.is, tryggvi@reki.is

FLUGUVEIÐISETT

ORVIS Orvis - Encounter **airflo** BYRJENDASETT **ORVIS** Orvis - Clearwater

Innihald:
Orvis Encounter flugustöng
Orvis Encounter large arbor fluguhjól með Diskabremsu
Orvis flotlína og undirlína
Hólkur. Lína 6-8
Kr. 32.900

Innihald:
Carbon stöng 4 parts
Diskabremshjól með Airflo flotlínunni og undirlínunni
Hólkur fyrir stöng
veiðigleraugu og flugbox og 3 flugur
Lína 5/6 og 6/7
Kr. 19.900

Innihald:
Stöng í 4 pörtum
Large arbor diskabremshjól
Skotlína og undirlína
Hólkur fyrir stöng
Lína 7-8.
Kr. 69.900

Vesturröst
Sérverslun veiðimanna - Laugaveg 178 - sími: 551 6770 - www.vesturröst.is

TVÆR JARÐVARMADÆLUR TIL SÖLU

Varmadælar fyrir stærri notendur sem vilja mikinn sparnað

Hentar vel fyrir stórt húsnæði og sundlaugar

Getur notað jörð, vatn, loft o.fl. til orkuöflunar

Stærð: 60kW
Gerð: NIBE F1345

Vinsamlega hringið í síma 839-1503 fyrir frekari upplýsingar



Starfsemi RML

– Annar hluti

Í síðasta Bændablaði fjallaði ég almennt um rekstur RML, en starfsemi er gríðarlega fjölbreytt og því ekki hægt að gera henni skil í stuttri grein.

Ég mun því fara yfir einstaka fagsvið og verkefni í næstu greinum hér í Bændablaðinu. Í þessari grein verður fjallað um fagsvið búfjárræktar og þjónustu en tvo fagsvið eru í fyrirtækinu auk fjármála og tæknisviðs. Þrátt fyrir að fyrirtækinu sé sviðskipt þá er það einungis til hagræðingar stjórnunarlega séð en starfsfólk vinnur iðulega þvert á svið í sinnu vinnu.

Á búfjárræktar- og þjónustusviði eru stærstu verkefni tengd ræktunarstarfi, þjónustu við skýrsluhaldskerfin og ýmis verkefni því tengd. Grunnurinn liggur í þeim lögbundnu verkefnum sem snúa að ræktun íslensku búfjárkynjanna og eru að stórum hluta unnin af framlögum rammisamnings en þeim fylgja einnig tengd verkefni sem snúa að ráðgjöf og þjónustu við einstaklinga í tengslum við ræktunarstarfið.

Gagnasöfnun

Gagnasöfnun er grundvöllur ræktunarstarfsins. Gögnin sem liggja til grundvallar ræktunarstarfi í íslensku búfjárkynjunum koma annars vegar inn frá búfjáreigendum sjálfum í gegnum afurðaskýrsluhald og hins vegar með búfjárdómum sem eru framkvæmdir á vegum RML.

Í nautgripærækt eru dómur á kvígum á fyrsta mjaltaskiði veigamikill hluti afkvæmdanna þeirra nauta sem koma til greina til framhaldsnotkunar og árlega skoðar starfsfólk RML á milli sex og sjö þúsund kvígur. Mikilvægast er að ná nægilegum fjölda kvígna undan óreyndum nautum til að ná ásettunlegu öryggi á byggingareiginleika sem skipta máli í ræktunarstarfinu. Kvíguskóðanir eru fjármagnaðar af nautgripæræktarsamningnum 3% af þeim lið sem ætlað er til kynbótastarfs er ætlað til þessara skoðana, eða tæpar sjö milljónir.

Í hrossarækt eru kynbótadómur grundvöllurinn að útreikningum kynbótamats. Árlega dæmir starfsfólk RML og/eða verktakar á okkar vegum um um fjórtán hundruð hross en það segir þó ekki alla söguna því ræktunarstarf íslenska hestsins hefur þá sérstöðu að það er alþjóðlegt verkefni þar sem RML er í góðu samstarfi við FEIF, bæði hvað varðar samræmda kynbótadómur á íslenskum hrossum, burtséð frá því í hvaða landi þau koma til dóms en ekki síður hvað varðar rekstur og þjónustu Worldfengs sem er í eigu Bændasamtakanna en forritadur, rekinn og þjónustaður af RML í samstarfi við FEIF.

Búfjárdómur í sauðfjárrækt eru einnig stórt verkefni. Á hverju hausti dæmir og sónarskoðar starfsfólk RML og verktakar á milli sextíu og sjöttíu þúsund lömb um allt land. Fyrst og fremst gegna lambadómur því hlutverki að aðstoða sauðfjárbændur annars vegar við ásetningsval og hins vegar að skera úr um hvaða lambafæður séu bestir til framræktunar á búinu í gegnum afkvæmarannsóknir en um leið gefa dómur á lömbum okkur mikilvægur viðbótarpplýsingar um sameiginlega ræktunargripi sem eru þeir hrútar sem eru í boði til sæðinga í hvert sinn.

Reglugerir kynbótaútreikningar í nautgripærækt, sauðfjárrækt og



Karvel Karvelsson.

hrossarækt byggja á áður nefndum gögnum sem koma inn í gegnum afurðaskýrsluhald annars vegar og búfjárdóma hins vegar. Útreikningar kynbótamats í íslenskum búfjárkynjum byggja á BLUP aðferðafræðinni sem innleidd hefur verið inn í ræktunarstarf hérlendis. Á þeim grunni byggjum við en mikilvægt er að við séum meðvituð um bestu mögulegu aðferðafræði og rannsóknir hverju sinni.

Ráðgjöf

Gott dæmi um þróun í ræktunarstarfi er það sem hefur átt sér stað í nautgripæræktinni síðustu ár, mat á hagrænu vægi eiginleika, innleiðing mældagálkans og einkunn fyrir firjósemi sem byggir á sæðingagögnum er gott dæmi um slíkt. Metnaðarfullt verkefni er snýr að innleiðingu erfðamengisúrvals í nautgripærækt mun án efa vera fordæmi fyrir aðrar samsvarandi verkefnum í öðrum búgreinum.

Erfðatækni gegnir stóru hlutverki í kynbótastarfi nútímans þar sem greining á erfðamengi gripa spilar stórt hlutverk. Stórt og mikilvægt skref var tekið með samningi við Matis um erfðagreiningar í nautgripærækt sem einnig innleiðing erfðamengisúrvals í nautgripærækt. Erfðagreiningar í sauðfjárrækt og hrossarækt skila einnig mikilvægum upplýsingum inn í ræktunarstarfið og í því samhengi má nefna greiningar á skeiðgeni í hrossarækt og stór verkefni varðandi greiningar á næmi fyrir riðusmiti í íslenska sauðfjástofnum sem nú er í framkvæmd og unnið að því hördum höndum að koma þeim upplýsingum inn í ræktunarstarfið.

Ráðgjöf tengdri búfjárrækt og þjónustu felst í ráðgjöf tengdu ræktunarstarfi og bústjórnarlegum þáttum. Búgreinar sem byggja á innflutningi erfðaeftis og eru þar með ekki með sérstakt miðlægt utanumhald um ræktunina eru ekki mikið að óska eftir ráðgjöf en engu að síður reynum við að sinna þeim greinum eins og hægt er. Þjónusta við bændur er mjög mikið tengt kynbótastarfinu og skýrsluhaldinu og árlega svörum við þúsundum fyrirspurna í gegnum síma eða tölvupóst, ásamt því að aðstoða bændur við skýrsluhaldskerfin eða skráningar í tengslum við eftirlits- og greiðslukerfi stjórnvalda. Upplýsingar um ráðgjöf má sjá á heimasíðu okkar, www.rml.is, ásamt því að ráðunautar RML eru ávallt til viðtals, hvort sem um er að ræða í gegnum síma eða á starfsstöðvum RML.

Karvel Karvelsson, framkvæmdastjóri RML.

Á FAGLEGUM NÓTUM

Fagþing nautgripæræktarinnar í Danmörku – síðasti hluti

Snorri Sigurðsson

snorri.sigurdsson@outlook.com



Í maí sl. var haldið hið árlega Fagþing Nautgripæræktarinnar í Danmörku eða „Kvægkongres“ en þeir sem til þekkja vita að þetta er einn helsti vettvangur þekkingarmiðlunar varðandi nautgripærækt í norðanverðri Evrópu.

Alls voru flutt 70 erindi að þessu sinni í 11 málstofum og hér fer síðasta greinin af þremur, sem fjalla allar um nokkur sérvalin fróðleg erindi sem flutt voru á Fagþinginu. Fyrsti og annar hluti umfjöllunar um þetta Fagþing voru birtir í tveimur síðustu Bændablaðum.

Kolefnishlutleysi 2050

Að þessu sinni var á Fagþinginu sérstök málstofa sem fjallaði einungis um sósports landbúnaðar og hvaða leiðir væru færar til þess að ná þeim markmiðum að gera danskan landbúnað kolefnishlutlausan árið 2050. Dönsk nautgripærækt, bæði mjólkur- og kjötframleiðsla, er með eitt lægsta sósports framleiðslu á þessu sviði í heiminum en bændurnir vilja gera enn betur.

Kýrnar mikilvægur milliður


Maie Brask, frá afurðafélaginu Arla Foods, fjallaði um það hvernig félagið hefur nálgast þetta verkefni en undanfarin ár hefur Arla Foods verið leiðandi, á meðal helstu félaga og fyrirtækja í mjólkuriðnaði, þegar kemur að málefnum sem snúa að kolefnishlutleysi. Í erindinu benti hún réttilega á að kýr eru gríðarlega mikilvægur milliður á milli móður jarðar og mannfólks enda geta þær umbreytt jarðargröða, sem ekki nýtist til mannelis, í mjólk og kjöt. Þannig nýtist m.a. land sem ekki er nýtanlegt til beinnar matvælaframleiðslu sem beitarnarland fyrir kýr og þær geta auk þess nýtt allt frá alls konar afgangum, úrgangi matvælavinnslu til auðvitað trénisríkra plantna. Þetta skýrist auðvitað af einstökum meltingarvegi en á móti kemur að við þessa vinnslu verður m.a. til metangas, vegna gerjunar, sem hefur áhrif á sósportsið.

41% frá jórtrun

Þegar horft er til sósports kúabúa benda tölur til þess að 41% af sósports búanna stafi frá jórtrun, 34% frá fódurframleiðslu og vegna aðkeypts fódurs, 10% frá mykjunni, 8% frá metanlosun lands og 5% vegna orkunotkunar. Arla Foods hefur þegar gert úttekt á 7 þúsund, af tæplega 9 þúsund, kúabúum sem selja mjólk til félagsins og benda tölur þess að á bak við þessi hlutföll sem hér að framan greinir sé verulegur breytileiki á milli búanna og benti Maie á að það bendi til þess að gera megi töluvert betur. Þetta á m.a. við um sósports fódursins, sérstaklega aðkeypts fódurs sem hún sagði að væri með hátt sósports vegna bæði framleiðsluáferðar fódursins og flutningsvegalengdar þess frá upprunastað.

Fimm meginatriðin

Arla Foods hefur nú varðað leiðina sem farin verður fram til ársins 2030, en það ár er markmiðið að hafa skorið 30% af sósportsinu miðað við árið 2015. Sett hafa verið fram 5 meginatriði sem sérfræðingar félagsins telja færa til þess að ná þessum árangri:



Því fleiri sem skepnurnar eru, því fleiri verða möguleikar fyrir beinar smitleiðir á milli þeirra.

Myndir / Aðsendar



Hvert kúabú á að vera með fót og skóbúnað til skiptanna fyrir bæði starfsfólk búsins og gestkomandi.

I. Fódurnýting. Bæta skal fódurnýtinguna, þ.e. fá fleiri lítra af mjólk út úr sama magni fódurpurrefnis. Tölur félagsins benda til mikils breytileika hvað þetta varðar á milli félagsmanna svo afar líklegt er að þetta eigi að geta nást.

II. Próteinnyting. Of margir kúabændur virðast offóðra á próteini sem er bæði dýrt og kostar óþarfa sósports. Reynt verður að ná tókum á þessu á komandi árum.

III. Ending kúa. Of margar kýr enda í sláturhúsi mun fyrir en þær ættu að gera. Mikil endurnýjunarþörf þýðir að setja þarf á of margar kvígur með tilheyrandi óþarfa sósportsi. Þetta ætlar Arla Foods að leggja áherslu á að verði bætt m.a. með því að bæta heilbrigði kúa.

IV. Áburðarnýting. Allnokkur munur er á milli búna þegar horft er til nýtingar áburðarefna og má bæta verulega úr þessu m.a. með betri vélbúnaði til dreifingar, notkun tölvu- og staðsetningartækni og með betri geymsluáferðum fyrir mykju svo dæmi séu tekin.

V. Landnotkun. Stuðull sem Arla Foods notar fyrir mat á landnotkun eru m²/kg mjólkur þ.e. hvað það þarf mikið landsvæði til þess að framleiða mjólkurpottinn. Meðal félagsmanna Arla Foods er allmikill breytileiki á þessu gildi, sem eins og hér að framan greinir bendir til þess að bæta megi úr.

Mikill munur á sósportsi nautakjöts

Í öðru erindi þessari málstofu var horft til nautakjötsframleiðslunnar og þar kom fram að lægsta sósportsið er á nautgripakjöti frá kúabúum í mjólkurframleiðslu (um 11 kg CO₂ gilda/kg kjöts), hvort heldur sem

var á slátruðum ungnautum þaðan, kvígum eða kúm. Skýring felst einfaldlega í því að kjöt er aukaafurð með mjólkurframleiðslunni og því deilist sósportsið á mun meira en bara kjötið sem slíkt. Þá eru búin stór, en kúabú í mjólkurframleiðslu í Danmörku eru að jafnaði með um 220 kýr í dag, sem hefur jákvæð áhrif á hagræði framleiðslunnar. Þá var langhæsta sósportsið á kjöti frá holdakúabúum (um 36 kg CO₂ gilda/kg kjöts), þar sem beit er aðallega stunduð en sósports holdakúabúa, þar sem eldistíminn var styttri og stundað þauleiddi, var lægra (um 25 kg CO₂ gilda/kg kjöts). Enn er verið að skoða hvaða leiðir eru bestar til þess að lækka sósports holdakúabúa í Danmörku.

37% minni metanlosun

Enn eitt áhugavert erindi í þessari málstofu var rannsókn þróunar- og ráðgjafarfyrirtækisins SEGES á efninu Bovaer® frá hollenska fyrirtækinu DSM. Þetta er einkonar fæðubótarefni sem er selt með þeim formerkjum að það dragi úr metanlosun frá jórtrun. Gerð var tilraun á 350 dönskum kúm í fjóra mánuði og minnkaði metanlosun tilraunahópsins um 37%, og það nánast samdægurs og efninu var blandað í föðrið! Þá jókst losun vetnis frá jórtruninni um 406% í samanburði við mælingar frá kúm sem fengu ekki efnið. Enginn marktækur munur fannst á áti, afurðasemi eða efnainnihaldi mjólkur.

Heilbrigðismál

Síðasta málstofan sem hér verður fjallað um snerist um heilbrigðismál. Erindi þeirra Vibeke Fladjær

Bændablaðið
kemur næst út 25. ágúst

KVÆG-KONGRES2022



Í dag geta bændur keypt margs konar einföld heimapróf til þess að greina smitvalda í kýrsýnum.

Nielsen og Betinu B. Tvistholm var einkar áhugavert en það fjallaði um smitvarnir á kúabúum og mikilvægi þess að bændur taki þau mál föstum tókum. Þær stöllu stóðu að rannsókni á stöðu smitvarna á dönskum kúabúum og komust m.a. að því að bændur eru almennt mjög meðvitaðir um mikilvægi smitvarna en oft reynist þó erfitt í reynd að vera með öflugar smitvarnir.

Þannig reynist t.d. mörgum bændum erfitt að hindra smit á milli dýra og vex sú áskorun með auknum fjölda gripa. Þannig eru t.d. 12 mögulegar beinar smitleiðir á milli fjögurra dýra en séu þau 30 eru beinu smitleiðirnar 870!

Vinnuföt fyrir alla

Eitt af því sem þær töldu mikilvægast var að bændur tryggja að allir sem vinna við gripina, hvort heldur sem það eru heimamenn eða aðkomufólk svo sem dýralæknar, frjótæknar eða ráðunautar, noti einungis vinnuföt viðkomandi kúabús. Sé svo gert dregur það verulega úr líkum á því að smit berist í gripina. Þá nefndu þær einnig að mikilvægt væri að búið sé svo um hlutina að þeir, sem fara á milli búa eins og t.d. bílstjórar slátur-, mjólkur- eða fóðurbíla, geti athafnað sig án þess að hætta sé á því að þeir beri með sér smit á milli búa.

Ofnotkun lyfja

Ofnotkun lyfja á kúabúum er vandamál víða um heim og fjallaði einmitt eitt

erindið, flutt af Volker Krömker frá háskólanum í Kaupmannahöfn, um það hvernig draga megi úr lyfjanotkun á kúabúum. Mest notkun lyfja er tengd meðhöndlun gegn jógurbólgu en reynslan sýnir þó að oft er verið að setja lyf í kýr sem í raun geta læknað sig sjálfar og án aðkomu lyfja!

Þá gerist það einnig of oft að reynt er of mikið eða lengi að slást við þraláta jógurbólgu þegar besta leiðin í raun væri að slátra kúnni í staðinn fyrir að meðhöndla hana fyrst með heilmiklum lyfjakúr. Auðveldara sagt en gert, en hvernig má þá ná árangri? Volker nefndi m.a. að kýr, sem hafa fengið tvisvar sinnum sýnilega jógurbólgu og með kýrsýni þrisvar í röð sem er hærra en 700.000 frumur/ml eigi að senda beint í sláturhús! Þessar kýr væru með svo þraláta sýkingu að meira að segja löng geldstaða, ásamt geldstöðumeðhöndlun, gerði lítið sem ekkert fyrir þær.

Innri smitvarnir besta leiðin

Volker benti á að til þess að ná árangri í því að draga úr notkun lyfja þá þyrfti fyrst að stíga rétt skref innan búans. Þessi skref væru að draga úr líkum á smiti s.s. með því að halda kúnum tandurhreinum með því að veita þeim aðgengi að þurru legusvæði og hreinum gangsvæðum.

Þá þyrfti að halda jógri og spenum hreinum fyrir og við mjaltir auk þess að hreinsa mjaltabúnað vel milli mjalta einstakra kúa svo bakteríur

geti ekki borist á milli spena ólíkra kúa með mjaltatækjunum.

Greina sýkla fyrir meðhöndlun

Síðasta atriðið sem Volker nefndi var að aldrei ætti að meðhöndla sýkingu nema það liggi fyrir hvaða bakteríur eru að valda henni. Reynslan sýni að mótstöðukerfi kúa getur ráðið við margs konar sýkingar án hjálpar frá lyfjum og að til væru í dag ýmsar aðferðir sem nota má til þess að gera einfaldar bakteríugreiningar heima á kúabúunum sjálfum.

Þannig geti bændurnir ræktað upp sýni, frá sýktum kirtli, með einföldum og ódýrum hætti og komist þannig skjótt að því hvort ástæða sé til þess að meðhöndla með lyfjum eða ekki. Sneggstu prófin á markaðinum taka ekki nema 12 tíma að skila niðurstöðum og þegar þær liggja fyrir, megi kalla til dýralækni sé þörf á því. Þess ber þó að geta að sé sýkingin að valda sársauka þarf auðvitað að meðhöndla kúna með verkjastillandi lyfjum óháð því hvort sýkingarvaldinn þurfi að meðhöndla með öðrum lyfjum eða ekki.

Líkt og fyrr segir hefur í þeim þremur greinum, sem hafa fjallað um þetta danska Fagbing, einungis verið gripið niður í nokkur af þeim 70 erindum sem voru flutt og því af mun meiru að taka. Öll erindin er hægt er að skoða og hlada niður með því að nota eftirfarandi hlekk: <https://www.tilmeld.dk/kvaegkongres2022/praesentationer>.

Vegna aukinnar eftirspurnar óskum við eftir bújörðum á söluskrá

Vinsamlega hafið samband við Björgvin Guðjónsson, búfræðing og löggiltan fasteignasala í síma 510-3500 og 615-1020 eða á netfangið bjorgvin@eignatorg.is

Eignatorg

Skipholt 50b, 105 Reykjavík

Vetrarsól er umboðsaðili

Sláttuvélar & sláttuorfl



Snjóblásarar

STIGA

Gulltryggð gæði



Sláttutraktorar

40 ár á Íslandi

VETRARSÓL

Askalind 4 | Kópavogi | Sími 564 1864 | vetrarsol.is

Vagnar og stálgrindahús frá WECKMAN Steel



STÁLGRINDAHÚS

Fjöldi stærða og gerða í boði



STURTUVAGNAR

Burðargeta 7-18 tonn

Þak og veggstál galvaniserað og lítað

- Bárað
- Kantað
- Stallað

Fjöldi líta í boði



H. Hauksson ehf

Ögurhvarfi 8 • Kópavogi • Sími 588 1130
hhaukssonehf@simnet.is

Jarðræktarstyrkir í garðyrkju

Matvælaráðuneytið vekur athygli á að opnað hefur verið fyrir rafrænar umsóknir um jarðræktarstyrki í garðyrkju vegna útiræktunar á grænmeti, kartöflum og garðávöxtum til manneldis. Gert er ráð fyrir sérstakri álagsgreiðslu á jarðræktarstyrki í garðyrkju vegna alvarlegrar stöðu í matvælaframleiðslu á Íslandi. Greiðslan verður reiknuð á grunni hefðbundinna umsókna.

Umsóknum skal skilað eigi síðar en á miðnætti 15. ágúst 2022 á afurd.is.

Til að geta sent inn umsókn í Afurd þarf að liggja fyrir skýrsla í forritinu Jörð. Vakin er sérstök athygli á að hægt er að skila skýrslu í Jörð án þess að endanleg uppskera ársins liggi fyrir. Skilyrði fyrir veitingu stuðnings eru skil á skýrsluhaldi í Jörð og fullnægjandi tunkort af ræktunarspildu sem sótt er um styrk fyrir. Þá er lögð áhersla á skráningu ræktunar, áburðargjafar, varnarefnanotkunar o.fl., í samræmi við ákvæði reglugerðar um stuðning við garðyrkju nr. 1273/2020. Framlag á hvern hektara (ha) fyrir hvert bú, tekur mið af heildarfjölda hektara sem sótt er um.

Fjöldi hektara sem sótt er um reiknast í samræmi við eftirfarandi stuðla:

Fjöldi ha sem sótt er um	Stuðull fyrir umsóttu ha
1-30 ha	1,0 fyrir rótarfurðir
1-30 ha	4,0 fyrir afurðir ræktaðar ofanjarðar
> 30 ha	0,7 fyrir rótarfurðir
> 30 ha	3,0 fyrir afurðir ræktaðar ofanjarðar



Stjórnarráð Íslands
Matvælaráðuneytið



Yfirlit yfir þá fullorönu gripi sem fundist hafa og bera arfgerðina T137 og ARR.

Mynd / Karólína Elisabetardóttir

Af átaksverkefni í arfgerðargreiningum:

Tveir bæir bætast við með T137

Eypör Einarsson
ráðunautur búfjárræktar- og þjónustusviðs
ee@rml.is



Tveir bæir hafa bæst á lista yfir sauðfjárnú þar sem arfgerðin T137 finnst, það eru Reykir í Hjaltadal og Möðruvellir í Hörgárdal. Líkur á því að finna verndandi arfgerðir í gegnum átaksverkefnið fara minnkandi en senn verður búið að greina öll sýni sem bærust RML. Niðurstöður eru nú aðgengilegar í skýrsluhaldsforritinu Fjárvis.is.

Enn er staðan þannig að ARR arfgerðin hefur ekki fundist nema á Þernunesi við Reyðarfjörð. Hins vegar finnst arfgerðin T137 á nokkrum bæjum en bundnar eru vonir við að sú arfgerð veiti einnig fullkomna vernd. Tvö bú hafa nú bæst í hóp „T137 búanna“.

Á Reykjum í Hjaltadal í Skagafirði greindust nýverið fjórir gripir með T137, allir arfblendnir. Sýni höfðu verið tekin úr öllum veturgömlu ánum ásamt hrútafönu búns.

Kindurnar sem báru þessa fágætu arfgerð, þrjár ær og einn hrútur, reyndust hálfstykki. Faðir þeirra hét Birkir 15-402 en hann var kauphrútur frá Þúfnavöllum í Hörgárdal. Því eru allar líkur á því að arfgerðin hafi borist í Reyki frá Þúfnavöllum með hrútnum. Birkir, sem nú er fallinn, reyndist afbragðs lambafaðir og er lofandi sem arfaðir og hefur hann því verið hinn mesti kostgripur. Hann var sonur Bekra 12-911 frá Hesti og móðurfaðir hans var Fálki 06-834 frá Borgarfelli. Í beinan kvenlegg má rekja ættir Birkis innan Þúfnavalla 13 ætliði aftur eða allt aftur í ána

Gæfu 50-608. Hún kom í Þúfnavelli þegar fjárfstofninn var endurnýjaður í kjölfar mæðuveikiniðurskurðarins. Þúfnavellir voru ekki með í sýnatökuverkefninu í vetur og því er óljóst hversu útbreidd arfgerðin er þar í stofninum. Á Reykjum ætti að vera til nokkur hópur sem ber arfgerðina en búast má við að helmingur lambanna undan Birkissyninum veturgamla séu með T137 og þá eru til eldri dætur Birkis sem ekki hafa verið greindar né afkomendur þeirra. Á Reykjum búa þau Ástvaldur Jóhannesson og Stefánía Guðjónsdóttir.

Á Möðruvöllum 2 í Hörgárdal í Eyjafirði hefur T137 arfgerðin einnig fundist en þar stunda þau sauðfjárrækt Þórður Sigurjónsson, Birgitta Lúdvíksdóttir, Sigmundur Sigurjónsson og Helga Steingrimsdóttir. Úr hjörðinni voru tekin 20 sýni og í einni kind, Valíu 21-009, fannst arfgerðin. Valía er undan heimahrútu, Grilli 20-604. Grillir er undan Glám 16-825 frá Svartárkoti en ættir Valíu má síðan rekja til nokkurra bæja í Hörgárdal. Móðurmóðir hennar er frá Garðshorni á Þelamörk.

Í heildina eru nú búnin orðin 8 þar sem T137 hefur fundist og tilheyrja þau öll Tröllaskagahólfi utan tveggja bæja. Virðist aðalvígi þessarar arfgerðar príonpróteinsins vera að finna í vestanverðum Eyjafirði, Hörgárdal og Árskógsströnd.

Allar niðurstöður aðgengilegar í Fjárvis.is

Nú er búið að greina rúmlega 19 þúsund sýni í gegnum átaksverkefnið. Það sem enn er ógreint kemur í tveimur „niðurstöðupökkum“,

rúmlega 2 þúsund sýni í hvorum þeirra. Annar þakinn (sem er níundi niðurstöðupakkinn í verkefninu) er nánast tilbúinn og voru Möðruvallasýni m.a. þar. Síðasti þakinn á síðan að vera tilbúinn fyrir mánaðamót og verður verkefninu að mestu lokið þá. Hugsanlega koma niðurstöður fyrir restina af þeim sýnum sem þarf að endurgreina ekki fyrir en í ágústbyrjun. Í þessum síðasta þakka eru nánast eingöngu sýni sem send voru til greiningar eftir 20. maí.

Í upphafi átaksverkefnisins voru niðurstöður sendar í tölvupósti til bænda. Eftir að Fjárvis.is var betrubættur og hægt að keyra þar inn gögnin, þá voru þessar tölvupóstsendingar aflagðar. Nú er búið að keyra inn í Fjárvis niðurstöður fyrir allar kindur sem búið er að greina og hægt var að lesa inn fyrirhafnarlaust. Hægt er að skoða þetta með því að kalla fram gripina í gripaleit.

Ein auðkenning sýnir að úr gripunum hefur verið tekið DNA sýni og ef niðurstöður eru fyrirbyggjandi eru gripirnir merktir með flöggum í mismunandi litum. Ef vantar niðurstöður á hluta gripanna getur það verið vegna þess að endurgreina hefur þurft sýnin eða ekki mögulegt að greina það.

Í haust verður svo áfram boðið upp á arfgerðargreiningar á vegum RML þar sem lagt er upp með að greina áfram þau 6 sæti á príongeninu sem horft hefur verið til í þessu verkefni. Fyrirkomulag arfgerðargreininga í haust verður kynnt þegar nær dregur, en markmiðið verður m.a. að geta komið upplýsingum hratt til skila (mun hraðar en í þessu átaksverkefni) svo nýta megi niðurstöður við ásetningsvalið.

LESENDARÝNI

Eldisleyfin: Eign eða leiga?

Í grein blaðamanns Bændablaðsins frá 4. nóvember 2021 er fjallað um fjárfestingar útlendinga í fiskeldi og sjávarútvegi.

Þar er vitnað í greinar sem undirritaður hefur skrifað og rætt m.a. við Jens Garðar Helgason, fyrrverandi framkvæmdastjóra Laxa fiskeldis ehf. og núverandi aðstoðarforstjóra Fiskeldis Austfjarða ehf. Ástæða er til að svara sumu sem þar kemur fram eða útskýra betur.

„Íslenskir fjárfestar höfðu ekki áhuga“

Fram kemur í máli Jens Garðars: „Þá má ekki gleyma því að við stofnum þeirra fiskeldisfyrirtækja sem eru í rekstri í dag var þrífaldlega reynt að fá íslenskt fjármagn inn í atvinnugreinina en þegar það gekk ekki og menn höfðu ekki áhuga var leitað til Noregs...“

Í þessu samhengi er vert að hafa í huga að verið var að bjóða fjárfestum mismunandi valkosti allt eftir tímasetningu tilboðanna:

- a) Fjárfesta í rekstri: Fyrir stefnumótun starfshóps sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra í fiskeldi sem gefin var út 2017 var verið að bjóða að fjárfesta í rekstrinum.
- b) Fjárfesta í eldisleyfum: Eftir stefnumótunina og ekki minnst eftir að lög um fiskeldi voru samþykkt á árinu 2019 var aðallega verið að bjóða að fjárfesta í eldisleyfum.

Það var á árinu 2016 og jafnvel fyrr að íslenski leppar erlendrar fjárfesta byrja að skoða þann möguleika að gera eldisleyfin að verðmætum með að skrá laxeldisfyrirtækin á erlendan hlutabréfamarkað. Fram til 2016/2017 var því verið að bjóða íslenskum fjárfestum að fjárfesta í rekstri laxeldisfyrirtækja.

Jarðvegurinn undirbúinn

Til að tryggja farveginn inn á erlendan hlutabréfamarkað og gera mögulegt að fá hækkan í hafi á verðmætum eldisleyfa komu stjórnarformenn Arnarlax og Fiskeldis Austfjarða sér í opinberan starfshóp sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra í stefnumótun í fiskeldi í desember 2016. Höfundur hefur skoðað fundargerðir stefnumótunarhópsins og í fundargerð frá 27. janúar 2017 er byrjað að ræða um verðmæti fyrirtækjanna. Í fundargerð frá 10. febrúar 2017 var umræða um fjármögnun og þar kom m.a. fram að stefnt væri á markað: „KÓ greindi frá að tímarammi á skráningu Arnarlax væri sumarið 2018“, en skammstöfunin stendur fyrir Kjartan Ólafsson, stjórnarformann fyrirtækisins. Jafnframt var velt fyrir sér verðmæti fyrirtækisins og fram kemur í fundargerð að „KÓ svaraði að markaðurinn mæti það hugsanlega á tugi milljarða“. Vermæti eldisleyfa Arnarlax í lok ársins 2021 voru um 40 milljarðar króna. Ekkert finnst síðan um málið



Valdimar Ingi Gunnarsson.

fyrir en í fundargerð frá 14. júlí 2017 þegar fram kemur: „Ákveðið að nefndarmenn fái sendar glærur og áhættumatsskýrslu eftir kl. 14 þegar hlutabréfamarkaður í Noregi hefur lokað.“

Stefnumótunin opnaði leiðina

Í skýrslu starfshóps sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um stefnumótun í fiskeldi, sem gefin var út þann 21. ágúst 2017, var leiðin vörðuð inn á erlendan hlutabréfamarkað. Það sem er athyglisvert við stefnumótunina er það sem ekki var lagt til, þ.e.a.s. enga takmörkun á erlent eignarhald eða stærð fyrirtækja sem opnaði leiðina á erlendan hlutabréfamarkað.

Leiðin var síðan fest í sessi með útgáfu laga um fiskeldi á árinu 2019. Í meginatriðum voru það norskir aðilar sem voru að fjárfesta í laxeldisfyrirtækjunum á árunum 2016/2017 þar til félögin fóru á erlenda hlutabréfamarkaðinn. Arnarlax og Fiskeldi Austfjarða fóru inn á erlendan hlutabréfamarkað á árinu 2020 og Arctic Fish á árinu 2021.

Norðmenn skildu verðmæti eldisleyfanna og gerðu sér grein fyrir að hægt væri að ná miklum ávinningi með að koma laxeldisfyrirtækjunum á erlendan markað. Á þessum tímamarki var ekki þörf á íslenskum fjárfestum nema til að bæta myndina út á við, s.s. fá lífeyrissjóðina að borðinu rétt áður en félögin fóru á erlendan hlutabréfamarkað.

Kaup á leyfum

Í máli Jens Garðars kemur jafnframt fram: „Þetta er alveg tvennt ólíkt. Sjávarútvegurinn er að nýta takmarkaða auðlind en fiskeldið ekki, nema að því leyti að við nýtum svæði sem einhver annar nýtir ekki á meðan. Við mætum með okkar eldisdýr á staðinn og getum farið með þau aftur. Leyfin okkar eru til leigu til 16 ára.“

Í samanburði má benda á að á Íslandi er kvótinn eign og í Noregi eru eldisleyfin eign. Eldisleyfin í Noregi eru varanlega eign en á Íslandi er um að ræða úthlutun eldisleyfa. Í Noregi eru leyfin keypt fyrir háar fjárhæðir en á Íslandi fást þau því sem næst ókeypis (tafla 1).

Tafla 1. Munurinn á eldisleyfi í Noregi og á Íslandi.

	Noregur	Ísland
Kaup á leyfum	Flest eldisleyfi eru keypt fyrir háar fjárhæðir.	Leyfin fást því sem næst ókeypis.
Sala á leyfum	Leyfin hafa verið að hækka og má því gera ráð fyrir að flestir selji þau með hagnaði.	Leyfin eru ekki keypt, fást því sem næst ókeypis, en eru seld með miklum hagnaði.
Endurnýjun á leyfum	Eldisleyfin eru varanlega eign.	Það er gert ráð fyrir að 16 árum liðnum fást leyfin endurnýjuð fyrir lítið.



Sjókvíaelði á Vestfjörðum.

Sala á leyfum

Á Íslandi fást eldisleyfin því sem næst ókeypis og með að fara með laxeldisfyrirtækin á erlenda

hlutabréfamarkaði hefur verðmæti félaganna hækkað mikið í hafi. Verðmæti eldisleyfa, t.d. Arnarlax eru metin á um 40 milljarða á markaði. Fjölmargir íslenskir

frumkvöðlar og íslenskir leppar erlendra fjárfesta eru byrjaðir að leysa hagnaðinn til sín með sölu hlutabréfa.

Náðst hefur meira en tífalda þá fjárhæð sem upphaflega var lagt í fyrirtækið við sölu á eignarhlutum eftir að félögin voru komin á erlendan hlutabréfamarkað.

Endurnýjun á leyfum

Eins og fram hefur komið í ársskýrslum norskra laxeldisfyrirtækja, sem eru meiri-hlutaeigendur í laxeldisfyrirtækjum hér á landi, þá er gert ráð fyrir að auðvelt verði að endurnýja leyfin eftir 16 ár og það verði tiltölulega ódýrt.

Það er því vert að spyrja sig hvort það sé í raun einhver munur á eldisleyfum í Noregi og Íslandi þegar upp er staðið. Í þessu samhengi er bent á að eldisleyfi sem fengust frítt í Noregi urðu að varanlegri eign.

Að lokum

Höfundur vinnur nú við samfélagsverkefni gegn spillingu í hálfu starfi. Gagnrýnd hafa verið þau vinnubrögð sem hafa viðgengist við undirbúning og gerð laga um fiskeldi án þess að fá miklar undirtektir.

Nýlega hafa þó átt sér stað ákveðin tímamót í þessu máli þar sem Ríkisendurskoðun ákvað að verða við beiðni matvælaráðherra um úttekt.

*Valdimar Ingi Gunnarsson,
sjávarútvegsfræðingur.*

GRÍMSÆVINTÝRI Á BORG 6. ÁGÚST

Dagskrá frá 13.00-16.30

TOMBÓLA - KLIFURVEGGUR - BLÚNDUKAFFI

MARKAÐUR - SIRKUS ANANAS - SLACKLINE ICELAND

TINTRON - LEIKFÉLAGIÐ BORG - POPP OG CANDYFLOSS

TOMBÓLA - MIÐAVERÐ 400KR - ENGIN NÚLL

Frítt í sund á meðan hátíðinni stendur - flott tjaldsvæði á staðnum

ÖLL VELKOMIN - Frír aðgangur



Grímsævintýri á Borg er litil sveitahátíð í umsjón Kvenfélags Grímsneshrepps. Hátíðin er styrkt af Grímsnes- og Grafningshreppi.

Magnús Leópoldsson lögg. fasteignasali

FASTEIGNAMÍÐSTÖÐIN

Hlíðasmára 17, 201 Kópavogi - Sími: 550 3000 Fax: 550 3001

Áhugaverðar jarðir

JARDIR.IS

fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is - www.fasteignamidstodin.is

Nýi Ökuskólinn - Klettagörðum 11 - 104 Rvík - meiraprof.is - meiraprof@meiraprof.is

Meirapróf

Réttindin gilda í Evrópu

NÝI ÖKUSKÓLINN

Auknir atvinnumöguleikar
Íslensk og ensk námskeið

Kíktu á meiraprof.is og skráðu þig á námskeið

D-D1-C-CE-C1-C1E-B/Far

EYJALIND GRAMMER

Sæti og varahlutir í

- Lyftara
- Vinnuvélar
- Vörubíla
- Bata

Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

Startaðu ferðasumarið með TUDOR

Rafgeymar í húsbíla og hjólhýsi fyrir ferðalagið í sumar

TRAUST OG FAGLEG ÞJÓNUSTA - ALLA LEIÐ

SKORRI

SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bíldshöfða 12 • 110 Rvk • 577 1515 • skorri.is

Gas lykkjubýssa

Frábær í girðingavinnuna og smíðina.

GERIÐ VERÐ-SAMANBURÐ

Kíktu á www.s-j.is

SKÚLASON & JÓNSSON

SKÚTUVOGI 6 | 104 REYKJAVÍK | SÍMI 568 6544 | www.s-j.is

VÉLABÁSINN

Stærsta jarðýta landsins

– Prufuakstur á Liebherr PR 776

Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is



Áð þessu sinni var jarðýta af gerðinni Liebherr PR 776 tekin í prufuakstur sem myndi flokkast sem mjög stór jarðýta. Sambærilegar jarðýtur hvað varðar stærð eru Caterpillar D10T, en báðar þessar ýtur eru yfir 70 tonn að þyngd.

Þegar tíðindamaður komst á snoðir um að nýlega hefði verið flutt inn stærsta jarðýta landsins þá kom strax sú hugmynd að hún ætti vel heima í prufuaksturshorni Bændablaðsins. Ég var búinn að ímynda mér að um væri að ræða ferlíki á stærð við einbýlishús en þegar ég gekk að þessari Liebherr PR 776 í hliðum Ingólfsfjalls þá sá ég að hún er sannarlega stór, en í stað þess að umfangið sé eins og einbýlishús þá er hún frekar á stærð við tveggja herbergja sumarbústað með svefnlofti.

Sterklegt útlit

Tönnin framan á ýtunni er í kringum eina og hálfu mannhæð og er jarðýtan öll mjög sterklega byggð með þykku stáli hvert sem lítið er.

Það er skemmtileg tilbreyting að sjá jarðvinnutæki sem er hvítt og grátt að lit, en gulur hefur verið ráðandi litur á vinnusvæðum undanfarna áratugi.

Hvað hönnunina varðar þá myndi hinn almenni leikmaður ekki átta sig á því að þetta sé Liebherr frekar en Komatsu eða Caterpillar án þess að lesa merkingarnar. Hönnuðir flestra jarðýta horfa greinilega til nýtsamlegs útlits þar sem aðgengi til að sinna viðhaldi er óskert.

Það hefur líklegast leitt af sér að jarðýtur eru mjög einsleitir að lögun með flatar hliðar og skörp horn. Ekki það að þetta er hin stílhreinasta vél.

Gott aðgengi

Liebherr hefur greinilega séð fyrir því að þrilið upp í vélina sé eins áhyggjulaust og hægt er, en fótstig eru með grófu yfirborði og handföng alla leið. Fyrir utan öikumannshúsið er stór pallur með háu handriði og því létt að athafna sig þegar búid er að klöngrast upp á pallinn. Hægt er að ganga inn í vélina frá báðum hliðum og opnast hurðirnar vel út.

Notalegt öikumannshús

Öikumannshús vélarinnar er viðkunnanlegur staður til að vera á og rétt svo nógu stórt til að rúma ýtustjóran. Rýmið er vel hljóðeinangrað frá umheiminum þar sem allir gluggar eru með tvöföldu gleri. Þrátt fyrir að búid sé að skrúfa upp í tólf strokka dísilmotorinum þá er gnaudið ekki meira en svo að heyrnarhlífar eru óþarfar. Greinilegt er að mikið hefur verið lagt í sætið, en það er mjúkt með fjöðrun og stillanlegt á ótal vegu. Þegar hamagangurinn er hvað mestur veltur ökumaðurinn til í sætinu og skarkali frá brotnandi bergi berst inn í húsið. Það er samt ekki við neinu öðru að búast, enda er þetta jarðýta.



Stærsta jarðýta landsins er í eigu Ingileifs Jónssonar ehf. og er hún í Þórustaðanámu í Ingólfsfjalli fyrir Fossvélar ehf.

Myndir / AL



Vinnustaður með útsýni.



Vel er gætt að öruggi með handriðum. Sigvaldi Emilsson ýtustjóri.



Öikumannssætið snýr aðeins til hægri til að auðveldara sé að líta aftur á riftönnina. Tveir stjórnþinnar stýra flestum hreyfingum.



Nokkuð skert útsýni aftur á riftönnina.



Öikumannshúsið er vel hljóðeinangrað og sætið vandað.

Samantekt

Liebherr PR 776 er verðugur valkostur fyrir hvern þann sem vantar afkastamikið tæki í námuvinnslu. Öikumannshúsið er friðsæll staður og má ekki búast við öðru en að gott sé að dvelja þar á löngum vöktum. Stjórnun vélarinnar er fyrirhafnarlaus og eru stjórnþækin sett upp með hámarks þægindi í huga. Liebherr vinnuvélar hafa orðspor fyrir gæði og má búast við því að það sama muni eiga við um þessa vél. Áhugasamir geta fengið frekari upplýsingar og verð hjá Rúok vinnuvélum. Sérstakar þakkir fá starfsmenn Ingileifs Jónssonar ehf. og Fossvéla ehf.

Útsýnið úr vélinni við vinnu er að mestu óhindrað og stjórnun hennar þá er að velja á milli hraðaprepa, flauta o.fl. Hægra megin við sætið er handfang sem er tileinkað ríppernum.

Handfangið sjálft hreyfist ekkert, en á því eru takkar sem stjórna hæð og halla riftannarinnar. Snúningshraða vélarinnar er stjórnað með einfaldri skífu.

Vökvastýring gefur sérstöðu

Ólíkt öðrum jarðýtum í þessum stærðarflokki þá hefur Liebherr PR 776 þá sérstöðu að ganghraða beltanna er stjórnað með vökvadælu og koma girar þar hvergi nálægt. Ökumaðurinn skrúfar því vélina upp í hámarkssnúning og heldur henni þar á meðan aksturshraðanum og stefnunni er stjórnað með vinstri stjórnþinnanum. Á hefðbundnum jarðýtum þarf að nota fótstig til þess að slá af vélinni áður en skipt

er á milli fram- og afturgíra. Fyrir þá sem nota fótstigið af gömlum vana þá hefur Liebherr útbúið þessa vél með slíku þó það sé óþarfi. Skilvirkni vélarinnar við að ýta jarðvegi er samsvarandi öðrum vélum í þessum stærðarflokki en afköstin þegar kemur að notkun riftannarinnar nokkuð meiri. Þessi aukna afköst nást þar sem öllu er stjórnað í gegnum vökvadælu. Eyðsla vélarinnar er á bilinu 60-70 lítrar á klukkutíma. Ólíutankurinn rúmar 1.100 lítra af dísilolíu og því er nauðsynlegt að fylla á tankinn á hverjum degi.

Heildarþyngd vélarinnar er 75 tonn og getur tönnin ýtt á undan sér 22 rúmmetrum. 24,2 lítra V12 dísilmotorinn skilar hann 768 hestöflum og er hámarks hraði 10,5 km/klst. Hámarks lengd vélarinnar er 10.094 mm, mesta breiddin er 4.830 mm og er hún 4.350 mm á hæð.

Lipur í hreyfingum

Flestum hreyfingum vélarinnar er stjórnað með tveimur stjórnþinnum sem eru haganlega staðsettir fyrir framan armhvílurnar. Stjórnþinnarnir falla vel í hendi og getur hver ökumaður stillt afstöðu þeirra að sínu vaxtarlagi. Með hægri þinnanum stjórnar maður hæð og halla tannarinnar og með þeim vinstri er beltunum stýrt. Að

Söfnin í landinu: Nýjar og gamlar sýningar í Glaumbæ

Félag íslenskra safna og safnamanna (FÍSOS) og Bændablaðið munu í samstarfi birta umfjallanir um söfn landsins í næstu blöðum. Aðstandendur Glaumbæjar ríða á vaðið.



Arfleifð íslenska þjóðbúningsins er haldið á lofti í Glaumbæ.

Torfbærinn í Glaumbæ er samstæða þrettán húsa en bærinn er sérstæður meðal íslenskra torfbæja að því leyti að mjög lítið grjót er notað í hleðslurnar og er því torfríkasti bær landsins. Búið var í Glaumbæ til ársins 1947 en þá tók Þjóðminjasafn Íslands við bænum. Bygðasafn Skagfirðinga sem stofnað var 29. maí 1948 fékk afnot af bænum og opnaði sýningu í honum 15. júní 1952, og fagnaði sýningin „Mannlíf í torfbæjum á 19. öld“ því 70 ára afmæli á dögnum.

A sýningunni í bænum má sjá yfir 800 gripí, í 16 mismunandi rýmum, og er áhersla lögð á aðbúnað fólks við matargerð og daglegt líf. Sýningin hefur vissulega tekið ýmsum breytingum í gegnum árin, einna helst þegar miklar endurbætur fóru fram árið 1998 af tilefni 50 ára afmælis safnsins. Sýningin og falleg sýningarumgjörð Glaumbæjar hefur dregið að sér hundruð þúsunda manna og virðist ekkert lát á áhuganum á sýningunni.

Tvö gömul timburhús hafa verið flutt á safnlóðina í Glaumbæ. Í Áshúsi eru kaffistofa og sýningar. Hjónin Sigurlaug Gunnarsdóttir og Ólafur Sigurðsson byggðu húsið 1883-1886 í Ási í Hegranesi. Þau héldu skagfirska kvennaskólann á heimili sínu 1877, fyrsta árið sem hann starfaði. Skautbúningnum, sem Sigurlaug saumaði á sig, hefur verið komið fyrir í nýjum glerskáp í Áshúsi. Í honum má einnig skoða glæsilegan kyrtil Ólafar Guðmundsdóttur, sem var barnabarn Sigurlaugar. Hann var færður safninu til varðveislu á síðasta ári og nú standa þjóðbúningar langmæðgnanna

hlið við hlið í skápnum og hægt að dást að þeim saman. Til sýnis er jafnframt glæsilegur 20. aldar upplutur Guðrúnar Ingólfsdóttur sem hún lánaði safninu fyrir þessa sýningu, og fagran stúlknabúning Maríu Guðmundsdóttur. Loks má skoða glæstan skautbúning Bjargar Sigríðar Önnu Eiríksdóttur sem færður var safninu árið 2006. Það er vel við hæfi halda arfleifð íslenska þjóðbúningsins á lofti í þessu húsi.

Safnið gerði það jafnframt með opnun sýningarinnar „Íslenskir þjóðbúningar og Pilsaþytur“ á efri hæð Áshúss þann 19. júní sl., í samstarfi við Pilsaþyt, öflugan félagsskap kvenna í Skagafirði. Pilsaþytskonur hafa meðal annars heimsótt safnið í Glaumbæ einmitt á þessum degi, 19. júní og glatt safngesti svo um munar með því að skryðast íslenskum þjóðbúningum. Nýjasta framtak þeirra var að sauma stórglæsilegan kyrtil fyrir fjallkonu sveitarfélagsins til að nota á þjóðhátíðardaginn og er hann til sýnis í Áshúsi.

Sýningin „Torfbærinn: Heimili og vinnustaður“ er í Gilsstofu og var opnuð í samstarfi við Skottu kvikmyndafjelag.



Baðstofa.

Þar er skyggst aftur í tímann með aðstoð 360° sýndarveruleikageraugna og hægt að sjá fólk við hina ýmsa iðju sem þótti hversdagsleg í gamla daga en er okkur framandi í dag. Þar sjáum við einmitt hvernig hægt er að nota nútíma tækni til að varðveita menningararfinn og færa til komandi kynslóða. Áhorfandinn upplifir sjálfan sig sem hluta af aðstæðum horfinna tíma og fær dýpri upplifun af safnaheimsókninni, bæði til að læra og njóta.

Áhugasamir eru hvattir til að líta við í Glaumbæ í sumar. Sýningin „Torfbærinn: Heimili og vinnustaður“ stendur út ágúst og „Íslenskir þjóðbúningar og Pilsaþytur“ stendur til 20. október.



Allar almennar bílaviðgerðir



Viðurkenndur þjónustuaðili

BIFREIÐAVERKSTÆÐI KÓPAVOGS



Smíðjuvegur 68, Kópavogi | S. 587 1350 | bifreidaverkstaedi.is

TÖKUM AÐ OKKUR VERKEFNI OG VINNUM ÚR ÞEIM LAUSNIR

VHE

VHE • Melabraut 27 Hafnarfjörður • Hraun 5 Reyðarfirði
Sími 843 8804 • Fax 575 9701 • www.vhe.is • sala@vhe.is

KROSSGÁTA Bændablaðsins

	179	FNÆSA	STJÓRNA	KÚGA	STUNDA	BEYGR	TEFJA	NAFN-GREINA	SVOLÍTID	PUKRAST
	GLEDI-MERKI									ÖHEMJU
	GÆLU-NAFN									KNEYFA
	NÝLEGA									KVAR-STEIN ÞORA
	TVEIR EINS FRJÓANGI			NÁ-SKYLDUR MATJURT						BOTN- VARPA
	↓	RÖÐ	PUÐAR HVÍLST				GÆLUNAFN GRÆNMETI			
ÓHEFLAÐUR				TVEIR EINS ÖFUGT		HRÓPA				Í RÖÐ LYFTAST
FÉMUNIR			HANGA Á AFSVAR				FÚI HREINSAD			
TVEIR EINS		EGGJA DRATTAST			TÍMABIL ÖVILJUGUR					SKYNFÆRA
ÞREYTA		FÍNGERÐ HÖLU-FISKUR				RÓTA SPILLA				
		KK. NAFN SPÝTA			EGNA TÍMASKEIÐ					SKJÓL
HLÉ				SJÚKT ÞESSI					ÖFUG RÖÐ STJÓRN-PALLUR	
HERÐA- KLÖTUR			MIDA ÖFUG RÖÐ				ÁKALL SEM			
ÞVAGA			KETIL- BUMBUR				KVK NAFN			
SEMSÉ					URMULL					

Lausn á krossgátu í síðasta blaði

	178	SNÚNINGAR	EYJA Í EVRÓPU	STUTT-NEFNI	GLÓFI	RAUST	ABSJÁLL	HJÁLÞ	STÆKKI	AUD- KENNA
	SKRIN	S	M	Á	H	I	R	S	L	A
	SNÚÐRA	N	A	S	A	NAUTNA- LYF	Ó	P	Í	U
	MELL- EINING	A	L	I	N	BRALLA BAKSA	M	A	K	K
	TVEIR EINS ATT	T	T	FRÉTTIR TÁKN	S	P	U	R	N	I
	S	IPUKAST	FLÍK OFSA- REIÐA	S	T	A	K	K	U	R
INNILOKA	K	R	Ó	A	SKJÓUR GUSTA	R	I	Ð	HREINS- EFNI TVEIR EINS	S
RUNA	R	Ö	Ð	S	K	O	TÁLMA	A	F	T
RÓLEG	A	S	A	L	A	U	S	STRYTU HRYGGDAR	Ú	L
ÖFUG RÖÐ	U	T	I	L	L	S	K	A	FLÆDDI NUDD	R
	T	STYRKJA INN- LEIÐUR	E	F	L	A	FJALLS- NÖF REIK	E	N	N
SKIÐ- LEGGJA	H	A	N	N	A	EIGINLEIKI DVELJAST	E	I	G	I
BYLGJA	A	L	D	A	ÓLAGI Í RÖÐ	B	I	L	U	Ð
ÞREYTA	L	Ú	I	M	Ú	G	U	R	ATLAGA	Á
EFTIRSÍÐAR	I	Ð	R	U	N	A	R	DRASL	S	K

Bændablaðið kemur næst út 25 ágúst.

Smáauglýsingar 56-30-300

LÍF & LYST – BÆRINN OKKAR

Á bænum Birnustöðum á Skeiðum búa hjónin Jóna Þórunn Ragnarsdóttir og Ólafur Hafliðason, sem reka holdakúabú með myndarbrag.

Býli: Birnustaðir, Skeiðum.

Staðsett í sveit: Í hlíðum Vörðufells.

Ábúendur: Ólafur Hafliðason og Jóna Þórunn Ragnarsdóttir.

Fjölskyldustærð (og gæludýra):

Við hjónin, Sigurjón Tristan, 13 ára, Elín Viktoría, 10 ára, Steinunn Birna, 1 árs og Herdís Vala, 3 mánaða. Hundurinn Vaskur og kötturinn Tommi.

Stærð jarðar: Um 350 hektarar, þar af 40 hektarar í túni.

Gerð bú: Holdakúabú.

Fjöldi búfjár: 20 kýr auk uppeldis og 30 naut í eldi. 3 reiðhross.

Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum? Nautin hirt kvöld og morgna. Önnur verk velta á árstíð, útigangi gefið, vélum klappað eða heyskap sinnt.



Birnustaðir Skeiðum

Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin? Skemmtilegast þegar kálfarnir skoppa um en leiðinlegast að gera við eða þegar skepnur veikjast.

Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir 5 ár? Kýrnar orðnar riflega 30 talsins, nautin um 100 og að við þurfum ekki að stunda svona mikla vinnu utan bú. Vonandi verður búið að banna lausagöngu sauðfjár svo við getum nýtt hagana eingöngu fyrir okkar gripi og mögulega farið í smá skógrækt.

Hvar teljið þið að helstu tækifærin séu í framleiðslu á íslenskum búvörum? Heilnæmar og hreinar íslenskar afurðir eiga alltaf upp á pallborðið. Við þurfum að sýna neytendum betur að dýravelferðin sé okkur bændum mikilvæg.

Hvað er alltaf til í ísskápnum? Mjólk, smjör, ostur. Ef vel ætti að vera þyrfti bóndinn að mjólka eins og eina kú til að standa undir mjólkurþambinu.

Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu? Það fúlsar enginn við nautasteik þó Tristan myndi kjósa hamborgara í öll mál.

Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin? Við höfum brallað ýmislegt misgáfulegt en ætli það sé ekki þegar kýrin Góla bar sínum fyrsta kálfi og var heldur illskeytt þegar við komum að merkja hann (settum met í 100 metra hlaupi).

Uppáhaldstæki/vél eða áhald? Óli: Fífi! (New Holland L85) Jóna: Finnst það gott frí að fá að raka á Júdasi (New Holland TS100).



Hvað finnst fólki gaman að gera þegar það er ekki í vinnunni? Frí? Hvað er það?

MATARKRÓKURINN

Grillaðar lambaframhryggjarsneiðar

Hafliði & Halldór
hafliði@icelandicdamb.is



Við höldum okkur við grillið og hér er gamla góða lambið mætt í sumarboðið.

Lamb er eflaust uppáhaldsgrillsteik landans enda gæðavara og mikilvægur þáttur í mataræði þjóðarinnar í gegnum tíðina. Við notum hér framhryggjarsneiðar en að sjálfsgöðu er lítið mál að skipta þeim út fyrir aðra bita af lambakjöti. Minna nýttir bitar eins og framhryggjarsneiðar eru bragðmiklar og innihalda töluverða fitu sem skilar sér í safaríkri steik. Vegna fitunnar er mjög mikilvægt að passa grillið og fylgjast með til að kjötið brenni ekki.

Íslenskt grænmeti er svo algjört skylduatriði í grillveisluna. Hnúðkál er afurð sem er á markaði í örfáar vikur sem má mæla með í einföld salöt eða eitt sér, það nýtur sín vel með ögn af sítrónusafa og góðri olíu, eða með mildu ediki. Sveppi má líka grilla, okkur finnst best að leyfa þeim að fara beint á grillið og brúna þá vel þar, án þess að fylla þá. Vilji fólk ost með sveppunum sínum er tilvalið að rífa góðan ost yfir þá að lokinni eldun. Chimmichurri er suður-amerísk grillsósa sem er í grunninn byggð á jurtum, sítrónusafa eða ediki og olíu. Við leyfum okkur að stílfæra hana að íslensku sumri og sól, með rabarbara og skessujurt úr garðinum. Svo er jú öruggara að enda þetta með skotheldri majonesósu, enda þurfa Íslendingar vel af sósu með grillmatnum.

Grillaðar lambaframhryggjarsneiðar

4 vænar framhryggjarsneiðar
2 kvistar blóðberg
1 hvítlaugsgeiri
1 msk. matarolía



Grillaðar lambaframhryggjarsneiðar með grilluðu graskeri og sveppum, hnúðkálssalati og grænpiptomajonesi.



Rabarbara „Chimmichurri“.

Kremjið og saxið hvítlauginn og blandið í olíuna ásamt garðablóðbergi.
Berið á kjötið og látið standa í

stofuhita í 1-2 klst. Hitið grillið og saltið kjötið, eldið að eigin smekk. Við kjósum meðaleldun (e. medium) fyrir lamb.

Grillað grasker

½ grasker
2 msk. matarolía

Við notum hér frekar smátt grasker sem kallast Butternut Squash á ensku. Skrælið með beittum hnif og kjarnhreinsið. Skerið í þverhandarþykkar sneiðar, penslið með olíu og grillið með kjötinu þar til er mjúkt í gegn. Athugið að eftir nokkurra mínútna eldun er betra að færa graskerið á eldfastan bakka og klára eldunina á óbeinum hita á grillinu.

Grillaðir sveppir

1 box Flúða kastaníusveppir
1 msk. matarolía
Grillpinnar

Leggið grillpinnana í bleyti, þræðið sveppina á og penslið með matarolíu fyrir eldun.

Hnúðkálssalat

1-2 hnúðkál
½ sítróna, börkur og safi
1 msk. matarolía
Graslaukur

Íslenskt ferskt og gott hnúðkál er nú komið í verslanir og þess ber að njóta á meðan framboð er á því fram til hausts. Skrælið og skerið í þunnar sneiðar, rífið börk af sítrónu, kreistið safann yfir og blandið saman við kálið ásamt ögn af söxuðum graslauk og berið fram strax.

Grænpiptomajones

3 dl gott majones
1 dl grísk jógúrt
1 msk. grænpiptar (niðursoðinn)
1 msk. hunang
Sítrónusafi

Notið niðursoðinn grænpiptar, sem er í vatni og fæst ýmist í litlum krukum eða niðursoðudósum. Saxið fínt helmingsinn af piparnum og hrærið saman við majones, jógúrt og hunang. Smakið til með salti og sítrónusafa.

Rabarbara „Chimmichurri“

2-3 stilkar rabarbari
Lófaylli af steinselju
5-6 blóð skessujurt
½ laukur
1 hvítlaugsrif
1 dl eplaedik
2 dl matarolía

Saxið rabarbara og hvítlauk, lauk í smáa bita, steinselja og skessujurt söxuð fínt. Blandið saman og smakið til. Sósan má gjarnan fá nokkrar klst. í kæli til að brjóta sig og ná fram fullu bragði.

HANNYRÐAHORNID

Taumvettlingar

Miðstærð

100gr tvinnað ullar band frá Fjárhúsloftinu.

prjónastærð nr. 2,5

Stroff: Fitjið upp 56L (lykkjur) og deilið á 4 prjóna (14L á prjón). Prjónið 2sl (slétt) og 2br (brugðið) lykkjur þar til stroffið mælist 7 cm.

Belgur: Til að fá góða vídd í belginn þarf að taka upp lykkju á milli brugnu lykkjana og er hún prjónuð slétt.

Útaukning: Prjónið áfram stroff en aukið út um 14L í fyrstu umferð á eftirfarandi hátt:

prjónið *2L sl – 1L br-1L sl tekinn upp – 1L br* endurtakið út hringinn.

Nú eru lykkjurnar orðnar 70. Nú er belgur prjónaður *2sl – 1br – 1sl- 1br* þar til belgur mælist frá stroffi 6 cm.

Nú er band prjónað í fyrir þumli það er gert svona: fyrstu tvær L á hægri lófa eru prjónaðar sléttar síðan eru næstu 10L prjónaðar með auka bandi (síðustu 12L á vinstri lófa 10L settar á band síðustu tvær prjónaðar samkvæmt munstri). Haldið er áfram að prjóna belginn þar til hann mælist 9 cm frá stroffi.

Þá eru teknar frá síðustu 7L af á 2.prjóni og fyrstu 8L af 3. Prjónið alls 15 lykkjur fyrir litlafingur sem eru prjónaðar sér. Setjið lykkjurnar á nælu og geymið á meðan lokið er við belginn. Prjónið áfram þar til belgur mælist 15 cm frá stroffi.

Úrtaka (bandúrtaka):

1.prjónn: prjónið 1L sl. Takið 1L óprjónaða prjónið næstu L sl dragið óprjónuðu L yfir hina, prjónið hinar L samkvæmt munstri.

2.prjónn: prjónið þar til 3L eru eftir, þá eru 2Lprjónaðar slétt saman svo 1L slétt.

3.prjónn: eins og fyrsti prjónn.

4.prjónn: eins og annar prjónn.

2. umferð: prjónið samkvæmt munstri (engin úrtaka).

ATH. Allar lykkjur í úrtöku eru prjónaðar slétt.

3.umferð: takið úr eins og í 1. Umferð

4. umferð: án úrtöku.

5. umferð og allar hinar: takið úr í hverri umferð þar til 7L eru eftir.

Jafnið lykkjurnar á milli prjóna eftir því sem þeim fækkar. Þumall og litlafingur eru prjónaðir slétt.

Þumall: rekið þumalbandið úr og takið upp lykkjurnar. Takið einnig 2-3 lykkjur upp í hvoru viki.

Deilið lykkjunum á 3 prjóna. Prjónið L saman í vikum í fyrstu umferð svo alls verði 22L í þumlinum. Prjónið slétt 20 - 22 umf. Prjónið saman fyrstu 2L á prjóni þar til eftir eru 4-6L.

Litlafingur: setjið lykkjurnar af nælunni á þrjá prjóna og takið upp 4L í greipinni á milli fingurs og belgs alls 19L prjónið saman lykkjur á milli fingurs og belgs svo alls verði 17L í litlafingri. Prjónið slétt 18 - 20 umf. Takið úr eins og á þumli.

Frágangur: Klippið frá, dragið bandið í gegn og gangið frá endum.

©Jónína Þórðardóttir, 2020



Samkvæmt upplýsingum frá Þjóðháttadeild Þjóðminjasafns Íslands hefur þjóðin staðið í prjónaskap að minnsta kosti síðan á 16. öld. Að langmestu þá úr spunnu ullarbandi í stað lopans sem við þekkjum nú og voru nokkurra ára gömul börn fljótlega vanin við prjónana. Þessi iðja þótti ekki síður karlmannsverk en verk kvenna og var gjarnan settið við prjónaskap að kvöldlagi hér áður fyrr undir húslestrinum.

Vettlingar voru vinsælt prjónles en þeir hafa alla tíð verið mesta þarfaping og voru auðveldir að gerð.

Karlmenn prjónuðu sér ef till vill tvíbanda, tvíþumla vettlinga ef farið var á sjóinn eða stöguðu og bættu þá gömlu sem enn héngu saman á meðan stúlkunum þótti gaman að útbúa ísaumaða rósavettlinga eins og kallaðist. Þeir voru upp á punt, gjarnan sléttprjónaðir úr einlitu ullarbandi með skrautlegum útsaumi kölluðum fléttusaumi.

Gott garn á góðu verði!
Sendum um allt land.

Handverkskúnst
www.garn.is
Hraunbæ 102a, 110 Reykjavík - sími 888-6611

Fjárhúsloftið

Á Lækjarbotnum í Rangárþingi Ytra er opin vinnustofa og búð. Þar er hægt að fá ullarvörur unnar úr ull af okkur fé: hnakkdýnur, kerrupokar, reiðtaumar, ullarband o.fl.
Jónína Þórðardóttir, Lækjarbotnar, sími 848 2484, fb: Fjárhúsloftið

SUDOKUÞRAUTIR Bændablaðsins

Galdurinn við Sudoku-þrautirnar er að setja réttar tölur, frá 1–9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línum.

Létt

2	8							1
	4		7		5			3
	7			4	8	6		9
7		2		8	6			
		3	1		7	5		
			5	9		7		4
5		6	9	3				4
	3		6		2			1
9							6	2

Miðlungs

1								4
	9		6		1			7
3	4							2
			1	3	5	8	4	
			5	9	7	2	6	
7	3							4
	6		8		4			1
5								2

Þung

	5			1				9
	6	2					7	
		8			3			
2				9				1
			3		8			
3				6				4
			8			9		
	1					6	2	
9				7				5

Þyngst

	9	7	8					
1				5				8
			3	7				1
	5							6
8					4	5		
		2						
3				9				6
					6	8	1	

FÓLKIÐ SEM ERFIR LANDIÐ



Ingunn Bára afmælisstúlka!

Ingunn Bára er hress og kát stúlka sem býr á bænum Urriðaá í Miðfirði. Hún á bráðum fimm ára afmæli, þann 23. júlí, og við sendum henni hamingjuóskir í tilefni dagsins! Á myndinni hér að ofan er hún með bróður sínum, honum Einþóri Loga, sem verður þriggja ára í október.

Nafn: Ingunn Bára Ólafsdóttir
Aldur: 5 ára.
Stjörnumerki: Ljón.
Búseta: Urriðaá í Miðfirði.
Leikskóli Ásgarður á Hvammstanga.
Skemmtilegast: Leika við vini mína og hjálpa mömmu og pabba í fjárhúsunum.
Uppáhaldsdýr: Kindur.
Uppáhaldsmatur: Píta með buffi.

Uppáhaldslag: Sumarástín úr söngleiknum Grease.
Æfir þú íþróttir eða spilar á hljóðfæri: Nei.
Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór: Læknir.
Hvað ætlar þú að gera í sumar: Leika við bróður minn, fara í útilegu og halda upp á afmælið mitt.
Áttu systkini: Já, einn bróður.

FUGLINN: FYLL



Fýll eða múkki, besti vinur sjómannsins, er stór og gráleitur sjófugl. Hann er einn af algengustu fuglum landsins og af mörgum talinn sá næstalgengasti á eftir lundunum. Þeir eru mjög langlífir og vitað er til þess að þeir geti orðið a.m.k. 60 ára gamlir. Fýllinn heldur tryggð við makann sinn og parast ævilangt. Þeir verða seint kynþroska og dvelja fyrstu tíu árin á hafi. Fýllinn verpir einu eggi og tekur útungun tæpa tvo mánuði, eða lengst allra íslenskra fugla. Ungatíminn tekur síðan aðra tæpa tvo mánuði. Fýllinn er úthafsfugl sem unir sér best á sjó. Hann er þungur til gangs á landi, en þar þarf hann tilhlaup til að komast úr kyrrstöðu og hefja sig til flugs. Jafnvel á sjó getur hann stundum átt í erfiðleikum með að komast á loft. Fuglinn treystir á vindinn til að rífa sig upp úr hafinu en ef það er logn þarf hann að taka tilhlaup á sjónum, líkt og á landi. Þegar á flug er komið svifur fýllinn með stífum vængjum með fáeinum vængjatökum inn á milli og flakkar þannig víða um norðanvert Atlantshaf og jafnvel alla leið í Norður-Íshaf.

Mynd og texti / Óskar Andri Viðisson

UMHVERFISMÁL - TÍSKA

Barbiecore-tíska með gleðina í fyrirrími:

Heilbrigð og jákvæð sýn á líkamann

Í tískuheiminum þetta sumarið má vart snúa sér í hálfhring án þess að verða var við stefnu er kallast Barbiecore og á rætur sínar að rekja til klæðaburðar leikfangs.

Ekki eru allir hrifnir af þeirri hugmynd að Barbara Millicent Roberts, eða plastdúkkann Barbie, sé í hávegum höfð – en þess verður þó að gæta að áður en ímynd hennar er dæmd óhæf mætti líta framhjá ytra útliti hennar og einblína frekar á sterkan karakter, áhrif, afrek og aðra jákvæða punkta.

Alveg síðan Barbie var kynnt til leiks árið 1959 hefur hún án efa borið þann titil að vera tímalaus fyrirmynd. Hún hefur sýnt börnum að þau geti orðið það sem þau vilja, án tillits til þess hvernig ytra útlit þeirra er. Barbie sjálf hefur til dæmis verið í hlutverki skordýrafræðings, læknis, prinsessu og sendiherra UNICEF – auk þess að vera geimfari áður en Neil Armstrong komst til tunglsins.



Í sumar verður enginn maður með mönnum nema að fjárfesta í bleikum platformskóm.



Hönnuðurinn Betsey Johnson er ávallt með puttana á púlsinum.

Í heimi þar sem enn er stundum litið á styrk og kvenleika sem andstæða eiginleika, sýnir Barbie fram á að allt er mögulegt. Samkvæmt framleiðanda hennar, Mattel, fagnar vörumerkið fjölbreytileikanum á sem víðtækastan hátt, er fylgjandi hjónabandi samkynhneigðra og hefur nú nýverið framleitt transdúkk.

„Við teljum það mikinn heiður að fagna verðlaunaleikkonunni og LGBTQ+ réttindabaráttumanninum Laverne Cox með dúkku,“ sagði Lisa McKnight, framkvæmdastjóri og alþjóðlegur yfirmaður Barbie & Dolls hjá Mattel í viðtali við The Guardian.

Veitir fyrirtækið einnig framlag í nafni Cox félagsamtakanna TransFamilySOS, sem hafa það hlutverk að þetta samfélag trans-fjölskyldna á einn eða annan hátt.

Er rétt að kenna börnum að dæma eftir útlitinu?

Áhugavert er að samfélög víðast hvar í heiminum virðast ekki eiga



Andi Barbie sveif um palla Moschino á vorsýningunni árið 2015.

auðvelt með að líta framhjá óraunhæfum líkamshlutföllum Barbie. Dæma hana út frá útliti hennar, frekar en lífssýn, afrekum og yfir 200 starfsferlum. Jú, líkamshlutföll hennar eru ekki raunhæf, en Barbie er plastdúkk.

Barnaleikföng eru sjaldan nákvæm framsetning á raunveruleikanum, ef vel er að gáð. Börn vita það nema þeim sé bent á annað og því ekki jákvætt að foreldrar brenngli hugsunarhátt þeirra óumbeðin. Framleiðendur hafa þó tekið rólega á móti allri gagnrýni. Barbie hefur haldið sínu striki og verið áfram

hún sjálf, sem er til fyrirmyndar út af fyrir sig.

Sýn tískunnar 2022-2023

Hvað viðkemur tískuhræringum ársins er nú helst uppi á teningnum vísun í klæðaburð Barbie, sem hefur gegnum árin verið áberandi litskrúðugur öllu jöfnu, fjörugur og oft í bleikari kantinum. Slíkar áherslur má finna víða á pöllum tískunnar þessa dagana og þá undir heitinu Barbiecore – ef til vill ætlað fólk sem eru „hardcore“ aðdáendur Barbie.

Tískuveldi Valentino sem lauk haustsýningu sinni fyrir árið 2022 nú nýverið í Róm, er meðal annars undir áhrifum Barbiecore og kynnti fuchsia-bleika kjóla, buxadress og platform hæla í stíl undir stjórn hins skapandi stjórnanda Pierpaolo Piccioli.

Pönkdrottningin og hönnuðurinn Betsey Johnson er önnur sem hefur umfaðmað Barbicore og má sjá ýmsa gleði frá henni nú í ár – en hún hefur reyndar alltaf leikið sér með rokk og ról útgáfu þess sem mætti flokkast undir fjöruga tísku Barbie.

Áhrifavaldar og ýmsar stjórnur á borð við Paris Hilton, Kim Kardashian og söngkonuna Nicki Minaj hafa þó – í gegnum árin – verið óhræddar við að klæðast alklæðnaði í anda dúkkunnar margfrægu, í bleiku frá toppi til táar. Hönnuðir eru þar ekki undanskildir, t.d. ef litið er á vorsýningu Moschino árið 2015. Þar strunnuðu módelin um tískupallana eins og klippt út úr pöntunarlista Barbiefatnaðar við mikla gleði viðstaddra. Má því segja að grunnt



Frá haustsýningu Valentínó á dögnum. Mynd / Myndskeið



Áhrifavaldurinn Kim Kardashian í bleikum alklæðnaði. Mynd / Instagram

sé á Barbídúkkunni í fólk og skilji það hver á sinn hátt.

Barbiecore-tískan er greinilega eitthvað sem gleður hjartað, opnar fyrir þann möguleika að ekki þurfi alltaf allt að vera svart og mælir óhikað með því að taka sér Barbie til fyrirmyndar.

Hún hefur a.m.k. jákvæða sýn á sjálfa sig, full lífsgleði og tekur ekki mark á hvað öðrum finnst. /SP

Svampur.is

Bjódum uppá sérsniðnar svampdýnur og bólstrun fyrir:

- Tjaldvagninn • Fellihýsið
- Húsbílinn • Bátinn
- Hjólhýsið • Sumarhúsið
- Heimilið o.m.fl!

Fljót og góð þjónusta

Svampur.is • Vagnhöfða 14 Reykjavík
Símar 567 9550 og 858 0321

MARÁS

TOHATSU
UTANBORDSMÓTORAR



JAPÓNSK
GÆÐI!

Léttir Kraftmiklir
Fyrirferðalitlir Sparneytnir
Hljóðlátir 3,5-250 hö

Miðhraun 13 - 210 Garðabær
Sími: 555 6444 - www.maras.is

Rafhitarar

í skip, hús og sumarhús

Ryðfrír

neysluvatnshitarar með 12 ára ábyrgð

Hitöld (element), hitastillar, hitastýringar og flest annað til rafhitunar

Við erum sérfræðingar í öllu sem viðkemur rafhitun.



Rafhitun

Kaplahrauni 19 • Hafnarfirði
Sími: 565 3265
rafhitun@rafhitun.is • www.rafhitun.is

Smáauglýsingar

Sími: 563 0300 | Netfang: augl@bondi.is | Veffang: www.bbl.is

Hægt er að skrá auglýsingar og greiða með auðveldum hætti á bbl.is

Verð: Textaauglýsing kr. 2.600 m. vsk (innan við 140 slög) og kr. 6.200 texti + mynd.

Skilafrestur: Fyrir kl. 15.00 á þriðjudegi fyrir útgáfu.



Avant 745 árgerð 2018 keyrður 887 tíma. Verð kr. 3.200.000 +vsk. Frekari upplýsingar í s. 867-4700 eða 899-2017.



Slöngubátar fyrir alhliða veiði, á lager. Litir- Woodland camo, Leaf camo. Lengd 4,5 m. Breidd 1,92 m. Álgólf, gúmmilistar undir túbum. Þyngd 100 kg, burðargeta 1.100 kg. Max stærð af mótör 30 hö. CE vottaðir og merktir. 3 þóftur, 3 stangahaldarar, 3 stór geymsluhólf. Vindsegl að framan og geymsluhólf. Nánari uppl. og myndir sendar eftir óskum. Verð kr. 348.000 m/vsk. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang- hak@hak.is



Þrýstisett fyrir neysluvatn. Til á lager, 230 V, 24 V, 12 V. Mjög öflug sjálfsgandi dæla. Dæluhljól og öxull úr ryðfríu stáli. 24 L tankur úr ryðfríu stáli. Stillanlegur þrýstingur. Hentar vel í sumarhús og báta. Hákonarson ehf. S. 892-4163, netfang, hak@hak.is



Rampar fyrir frysti/kæligáma á lager. Burðargeta 10 tonn. Dekkplata 10 mm, L 170 cm x B 200 cm x hæð 21 cm. Heitgalvaniserað stál. Lyftaratakur á þrjú vegu. Eigum einnig rampa fyrir hefðbundna sjögáma. Hákonarson ehf. S. 892-4163 www.hak.is hak@hak.is



Einföldu fjárgrindurnar. Krækt saman án aukahluta. Stærð - breidd 180 cm x 90 cm. Verð frá kr. 9.900 +vsk. Aurasel ehf. Pantanir og upplýsingar í s. 899-1776 og 669-1336.



Samasz sláttuvélar frá 1,65 m - 3,90 m í vinnslubreidd. Einnig rakstrarvélar einnar og tveggja stjörnu. Búvis - s. 465-1332 - buvis@buvis.is



Seljum vara- og aukahluti í flestar gerðir af kerrum. Sendum um land allt. Brimco ehf. S. 894-5111. Opíð frá kl. 13-16.30 - www.brimco.is



Til sölu iðnaðarhurð með rafmagnsmótör, hæð 6 cm, breidd 4 m. Tilboð kr. 500.000. Upplýsingar í s. 774-2501.




Bensíndrifnir stauraborar á lager. Öflugur 2ja hestafla Hiunday 2 stroke mótör. Borar sem fylgja, 100 mm, 150 mm og 200 mm. Bordýpt 730 mm. Hákonarson ehf. S. 892-4163, netfang- hak@hak.is



Zetor turbo 1995 til sölu. Er á nýlegum Michelin dekkjum 540/65 R34xM108, nýlegt Grammer sæti og Quicke 620 ámoksturtæki. Einungis 4.300 vinnustundir, er á Vesturl. Verð kr. 2.000.000. Nánari upplýsingar má fá í s. 897-3467.



Lambheldu hliðargrindurnar. Breidd 420 cm x hæð 110 cm. Möskvar 10 x15. Verð frá kr. 24.900 auk vsk. Sett með lömum og loku, verð aðeins kr. 3.900 +vsk. Aurasel ehf. Pantanir og upplýsingar í s. 669-1336 og 899-1776.



LANDAHREINSUN
JARÐAHREINSUN

Vind upp ónýtar girðingar og hálf ónýtar. Þarf að geta keyrt meðfram, staurað af um leið.

Sími 855 1930, Hjörtur

senmatic

Tæknibúnaður fyrir atvinnugróðurhús

Loflagsstýringar

Áburðarblandarar

Skjámyndakerfi

Gluggabúnaður

Mótorlokar

Mælitæki

LED lampar



Eyravegi 32 • 800 Selfoss

Sími 480 1160 • www.arvirkin.is

Færibanda-reimar

Eigum á lager færibandareimar í flestar gerðir rúlluvéla



GÚMMISTEYPA
P. LÁRUSSON EHF.

Gyðafliót 3 • 112 Reykjavík • Sími 567 4467 • gummisteypa@gummisteypa.is • www.gummisteypa.is

Margar gerðir af þýskum eins og tveggja öxla kerrum.

Úrvalið hefur aldrei verið meira.

AL-KO

QUALITY FOR LIFE



UNSIINN

Schmidt
FAHRZEUGBAU



Hestakerrur fyrir 2, 3 og 5 hesta.

Viðgerðir á kerrum og mikið úrval vara- og aukahluta. Skoðuðu úrvalið á www.brimco.is eða kíktu í heimsókn.

BRIMCO

EFRIBRAUT 6 - 270 MOSFELLSBÆ
SÍMI: 894 5111 - www.brimco.is

EITTHVAÐ FYRIR ALLA



CFMOTO 1000
2.690.000,-



CFMOTO 520
1.549.000,-



CFMOTO 450
1.459.000,-



CFMOTO 800
2.498.000,-



CFMOTO 650
1.370.000,-



BETA 300
1.890.000,-



KAWASAKI 450
1.899.000,-



KAWASAKI 250
1.811.000,-
KX 85 979.000,-

Allar nánari upplýsingar
www.nitro.is



Nitro - Urðarhvarfi 4 - 557 4848 - nitro.is



Faðmgreip fyrir stórar rúllur. Mesta opnun er 212 cm. Lyftir rúllum sem eru allt að 1000 kg. Eigin þyngd 190 kg. Ásoðnar euro-festingar og slöngur með kúplingum fylgja. Vönduð og sterk smíð með þykkri, dökkgrári duftúð (pólýhúð) Til á lager. Verð kr. 169.000 +vsk. Hákonarson ehf. hak@hak.is s. 892-4163.



Óska eftir ódýrum leirbrennslu-pottfni. +150 lítra. 3 fasa. Má þarfnast viðgerðar eða nýrra elementa. kristin@subba.is s. 895-9556.



2 stk. hljóðnemar af gerðinni Sennheiser e606 (sjá mynd) hurfu úr mínum fórum eða ég hef lánað og man ekki hverjum eða hvenær. Allar upplýsingar vel þagnar / Jóhann Rúnar - s. 861-8377



Brettgafflar með snúningi, 180° eða 360°. Festingar fyrir traktora og skotbómulyftara. Hliðarstuðningur fyrir trékassaog grindur. Burðargeta-1500 kg, 2500 kg, 3000 kg, 5000 kg. Pólsk framleiðsla. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang- hak@hak.is www.hak.is



Garðhús frá TENE - 10-14,4 fermetrar. Búvís - s. 465-1332 - buvis@buvis.is



Gámarampar á lager. Heitgalvaniserað stál. Burðargeta: 8000 kg. Stærð: 130 cm x 210 cm x 16 cm. Lykkjur í dekki fyrir lyftaragaffla. Hákonarson ehf, hak@hak.is S. 892-4163.



Sjálfsogandi dælur frá Japan (Koshin). Fyrir vatn, skolp, mjög óhreint vatn (trash), 2", 3", 4". Orginal Honda vélar með smuruliúryggi. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Vandað girðingarefni frá Bretlandi. 5 str. túnnet kr. 14.470 rl. 6 strengja túnnet kr. 16.900 rl. IOWA gaddavír kr. 8.804 rl. Motto gaddavír kr. 5.300 rl. Þanvír kr. 12.700 rl. Öll ofangreind verð m/vsk. H. Hauksson ehf - s. 588-1130.



Glussadrifnar gölfhræur. Vinnudýpt 1,9 m. Stærð á skrúfu 48 cm. Rotor 12 kW. Glussaflæði 75 L/mín. 20 m af glussaslöngum fylgja. Mesta hæð frá gólfi 2 m. Burðarvirki, heitgalv./SS stál. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang, hak@hak.is



Farþegabátur til sölu, Ölver ÍS. Báturinn er 19,12 m mesta lengd og er 77 br.tonn. Hann er með farþegaleyfi fyrir 34 farþega, björgunarbúnaður er fyrir 40 manns. Í bátum er 300 hp. Volvo og 76 hp ljósavél. Báturinn er mjög vel útbúinn fyrir farþegaflutninga. Hann var gerður út í hvalaskoðun á Ísafjarðardjúpi. Ásett verð er kr. 13.500.000. Allar upplýsingar veitir Ragnar í s. 892-0660.



Stórviðarsög á braut. Aflgjafar, 3 fasa rafmótor 5,5 KW eða Kohler bensínmótor 14 Hö. Lengd á braut, 3,8 m, hægt að lengja um 1,52 m eða meira. Mesta þykkt á trjábol 66 cm. Framleitt í Póllandi. CE merktur og vottaður búnaður. Hentar í alla stórviðarsögun. Hákonarson ehf. S. 892-4163, netfang- hak@hak.is



Diskaherfi frá POM, 3 metrar, verð kr. 1.448.000 +vsk. Búvís - s. 465-1332 - buvis@buvis.is

SMÍÐUM FRÁ GRUNNI OG GERUM VIÐ ALLAR GERÐIR TJAKKA

VHE • Melabraut 27 Hafnarfjörður • Hraun 5 Reyðarfirði
Sími 843 8804 • Fax 575 9701 • www.vhe.is • sala@vhe.is

Aquasport

Þú færð allt í sundið fyrir sumarið hjá okkur

Aquasport sundverslun
Bæjarlind 1-3, 201 Kópavogi
Opið mán-fös 10-17, laugardaga 11-15
aquasport.is



2" Brunadælur á lager. FráKoshin í Japan. Sjálfsgandi og mjög háþrýstar. Vígta aðeins 37,6 kg. Henta vel fyrir slökkvilið og í vökvun. Sköffum allar dælur. Hákonarson ehf. s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Háþrýstidælur fyrir verktaða og iðnaðarmenn. Margar stærðir með bensín eða dísel. 500 Bar, flæði 21 L/mín. 700 Bar, flæði 15 L/mín. Vatnshitara fyrir háþrýstidælur. Vandaður búnaður frá Comet - www.comet-spa.com. Hákonarson ehf. hak@hak.is - s. 892-4163.



Toyota LandCruiser 90VX 3,4 bensín, 2002, ekinn 296.000 km. Dráttarkúla, nýr vatnskassi, bíll sem á nóg eftir. Nýskoðaður, verð kr. 400.000 eða tilboð s. 615-1600.

NORAMAX S5

Frábær öryggis-
stígvél frá Nora!
SUPERIOR PROTECTION

Við leggjum áherslu á góða þjónustu við landsbyggðina.



Nethylur 2a, 110 Reykjavík | khvinnufot.is

nora

- Einstaklega létt og slitsterkt PU.
- Nagla- og távörn.
- Frábært grip, vörn gegn m.a. olíu, fitu og mykju.
- Góð einangrun, halda hita vel í kulda.



Verð: 11.900 kr.

Öryggi:
Fyrst og fremst



Tökum að okkur hinar ýmsu viðgerðir á kerrum, hestakerrum sem og öðrum kerrum. Förum með þær í aðalskoðun. Pantíð tíma. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opíð kl. 13-16.30 - www.brimco.is



Innihrætur fyrir haugkjallara. Rafdrifnar (3 fasa) eða glussadrifnar. Vinnudýpt 130 cm eða meira. Einnig hægt að fá hræurnar glussadrifnar með festingum fyrir gálga á liðléttingum. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is / www.hak.is



Glussadrifnir jarðvegsborar. Átraktora og allt að 60 tonna gröfur. Margar stærðir og gerðir af borum. Margar festingar í boði. https://www.diggaeuropa.com/ Hákonarson ehf. www.hak.is S. 892-4163. Netfang-hak@hak.is



Gúmmírampar fyrir brettatjaka. Stærð: L 100 cm x b 50 cm x h 16 cm. Þyngd 21 kg. Passa fyrir venjulega vörugáma. Burðargeta 10 tonn. Hákonarson ehf. S. 892-4163. hak@hak.is, www.hak.is



Baggabindivél New Holland 935 lítið notuð. Zetor með ámoksturstaekjum. Zetor án tækja. Báðar vélar voru gangfærar þegar þeim var lagt. Nánari upplýsingar í s. 896-8246.



Gröfuarmar á ámoksturstaeki. Gröfudýpt, 1,5 m eða 2,0 m. Færsla til beggja hliða. Allar festingar í boði. Vandaður búnaður frá Póllandi. Hákonarson ehf. S. 892-4163 - hak@hak.is



Glussaknúnar vatnsdælur fyrir tankbíla og vinnuvélar. Sjálfsgandi dælur í mörgum stærðum sem dæla allt að 120 tonnum á klst. Einnig dælur með miklum þrýstingi, allt að 10 bar. Hákonarson ehf. s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is

EYJALIND Belti og undirvagnshlutir

Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is



Backhoe fyrir dráttarvélar og hjólaskóflur. Margar stærðir. Gröfudýpt- 1,3-4,2 metrar. Margar stærðir af skóflum og öðrum aukabúnaði. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Nissan King Cap árg. 91. V6. Sjálfskiptur. Í finu standi miðað við aldur. Mikið safn varahluta fylgir. Verð kr. 650.000. Uppl. í s. 867-4777. Ath. Skráður fornbíll.



Tíki kerrur í úrvali, allt upp í 6 metrar að lengd. Búvís - s. 465-1332 - buvis@buvis.is

ÁSCO

BÍLARA FMAGN

OKKAR ÆR OG KÝR
- STARTARAR OG ALTERNATORAR -

Einnig á lager: Hjómflutningstæki frá Alpine. Varahlutir í startara. Rafgeymar. Aðalljósaperur. LED perur. Hátalarar. Tengi fyrir togsþil. Hléslutæki. Útvarpsloftnet. Rafhlöður. Fjarslæsingar. Fjarstart í bíla. Radarvara. Startkaplar. Áriðlar 12V og 24V í 240V. Hjólmarmar fyrir rútur, voltmælur, amperemælur, spennufellur 24V / 12V, trufanapétar, loftnetsframlingar. Kerrutenglar. Breytar fyrir 13P kerrutengla. Öryggi. Sjálfvirk öryggi í bíla. Gleröryggi 20 og 32mm. Postulinsöryggi. Öryggiahöldur. Stór öryggi uppi 250A. Stelnujós fyrir Landrover. Snúrusett fyrir bassakætur. Bassakætur. Óxulhosur. Spennustíllar. Dítur. Rafgeymaskólar. Jarðhamband. Dálkubrygja. Rámsmálur fyrir alternatara. Kúplingstaplar. Starvakólar. Lega í alternatara. Kól í alternatara. *Höfundur 10.2000 Útgáfa 2004. Þú munt missa þetta.

ÁSCO

Glerárgata 34b við Hvannavelli • S 461 1092 • asco.is BÍLARA FMAGN

ALK 150

ÞETTA SEM VIRKAR og er einstaklega gott á verkstaðið, í hesthúsið, fjárhúsið og fjósið. Umhverfisvænt sterkt alkalískt hreinsiefni fyrir erfið óhreini. Alhliða hreinsiefni fyrir gólf, vegg, áhöld, vélar og fl. Virkar sérstaklega vel á fitu og sót.

Verð: 5L, 3.949 kr
20L, 12.815 kr

- ✓ HREINSIEFNI - Íslensk
- ✓ SANDBLÁSTURSSANDUR
- ✓ SANDBLÁSTURSKASSAR
- ✓ SANDBLÁSTURSKÚTAR
- ✓ SANDBLÁSTURBYSSUR
- ✓ KERAMIKSPÍSSAR
- ✓ ÞVOTTAKÖR
- ✓ ULTRASONIC CLEANER
- ✓ O.m.fl.

JÁKÓ
vélar og efnavörur sf.
Auðbrekku 23, Kópavogi
s. 564 1819, www.jako.is

SENDUM FRÍTT UM ALLT LAND MEÐ FLYTJANDA
Gildir ekki fyrir tilboðsvörur

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA
SÍÐAN 1985

Ultrasonic Cleaner
Nokkrar stærðir

Sandblásturskútar
3 stærðir

Amerískir Sandblásturskassar

Sandblásturskútur m/ryksugu 80L

Sandblásturskassar með/án ryksugu
Nokkrar stærðir



VÍKURVAGNAR EHF.

ÚRVAL AF KERRUM OG KERRUVARAHLUTUM

Víkurvagnar ehf. - Hyrjarhöfða 8. - 110 Reykjavík
Sími 577-1090 - www.vikurvagnar.is - sala@vikurvagnar.is



Aukin ökuréttindi

Endurmenntun atvinnubílstjóra

Næstu námskeið

Fjarnám í rauntíma
16. ágúst
27. september
8. nóvember

Hraðnámskeið - staðnám
25. ágúst
13. október

Menntun ökumanna er okkar fag

Ökuskólinn Mjódd - Parabakka 3 - 109 Reykjavík - s:5670300 - mjodd@bilprof.is

Vistakstur

8. ágúst - 17:00 - 20:30 - hluti 1
9. ágúst - 17:00 - 20:30 - hluti 2

Umferðar öryggi

10. ágúst - 17:00 - 20:30 - hluti 1
11. ágúst - 17:00 - 20:30 - hluti 2

Farþegaflutningar

13. ágúst - 09:00 - 16:00

Vöruflytningar

15. ágúst - 17:00 - 20:30 - hluti 1
16. ágúst - 17:00 - 20:30 - hluti 2

Lög og reglur

20. ágúst - 09:00 - 16:00



Sliskjur úr áli fyrir vinnuvélar, fjórhjól o.fl. Lengdir 1,6 m, 2 m, 2,1 m, 2,5 m, 3 m, 3,5 m, 4 m, 4,5 m, 5 m. Burður fyrir þar 1,5 til 80 tonn. Einnig gúmmíklæddar að ofan fyrir valtara. Mjög hagstæð verð. Hákonarson ehf. Netfang hak@hak.is - s. 892-4163.



Eigum enn þá nokkra Palmse sturtuvagna, malarvagna og rúlluvagna. Búvís - s. 465-1332 - buvis@buvis.is



Brettagafflar með Eurofestingu. Burðargeta 2500 kg. Lengd á göfflum 120 cm. Pólsk framleiðsla. Verð kr. 147.000 +vsk. Til á lager. Hákonarson ehf. hak@hak.is s. 892-4163.



M1 ehf - Byggingaverktakar Tökum að okkur alla almenna smíðavinnu, múrvinna, málningarvinnu, alla steypuvinnu s.s. niðurlögn á steypu og vélslípun, flotun gólfa o.fl. Byggingastjóraréttindi og meistaraéttindi í múrið, málaraíð og húsmíði. Upplýsingar gefur Kolbeinn Hreinsson í s. 896-6614 eða sendið verkbeiðni á netf. m1@simnet.is. Við erum á facebook.



Klósettadælar fyrir kjallara. Inntak fyrir vask, sturtu og þvottavél. Mótur staðsettur fyrir utan votrymi. Margar stærðir sem henta fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði. Mjög öflugur og vandaður búnaður. Frárennsli, 32 mm. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Massey Ferguson diesel 1959 með númerið Ad-568. Uppgerður 2014. Uppl. S. 863-4344.



6 tonna taðdreifarar frá Metal Fach til afhendingar strax. Verð kr. 3.387.000 +vsk. Búvís - s. 465-1332 - buvis@buvis.is



Póstverslun.is

Sofðu með opinn glugga í sumar. Höfum til sölu sérhönnuð lúsmýsnet fyrir glugga íbúðarhúsa og sumarhúsa. Pantaðu á netinu og við sendum samdægurs. Postverslun.is



Brettagafflar með Euro festingum og handfærslu. Burður 2,5 tonn. Verð kr. 189.000 m/vsk. H. Hauksson ehf. s. 588-1130.



Eigum til á lager okkar vönduðu þurrkofna ásamt ýmsum öðrum tækjum fyrir heimavinnsur og veitingahús.

Beinn innflutningur, gott verð
Dæmi um verð: Þurrkofnar aðeins 59.000 kr. án vsk.
Hakkavélar frá 95.000 kr. án vsk.

Nánari uppl. í síma 8228844/ 8228832 eða vellir@vellir.is

EYJALIND Varahlutir í Bobcat

Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

Bændasamtök Íslands starfa í þágu landbúnaðarins í heild!

Bændur eru hvattir til þess að skrá veltu skv. framtali síðasta árs hið fyrsta inni á Bændatorginu. Veltuskráning þessi er forsenda fyrir félagsaðild í samtökin skv. samþykktum á síðasta Búnaðarþingi.

Það borgar sig að vera í Bændasamtökunum
Snúum bökum saman og stöndum vörð
um íslenskan landbúnað

Hefur þú spurningar varðandi það hvernig
á að gerast félagsmaður?

Fyrir okkur öll

Fulltrúar BÍ svara fyrirspurnum í síma 563-0300 á skrifstofutíma.
Hægt er að senda skilaboð í gegnum Bændatorgið og á netfangið gudrunbirna@bondi.is.





Rúllugreipar frá Metal Fach. Verð Kr. 274.315 + vsk. Einnig rúllugreip með keflum frá Göweil. Verð Kr. 349.000 + vsk. Búvís – s. 465-1332 - buvis@buvis.is

Lyftaragafflar frá Metal Fach, með Euro tengjum. Verð kr. 149.000 + vsk. Búvís – s. 465-1332 - buvis@buvis.is

Heyrúllunet 3000 metrar, verð frá kr. 24.990 + vsk. Búvís – s. 465-1332 - buvis@buvis.is

Óska eftir

Kaupi gamlar vinyllötur, kassettur og gamlar græjur og stundum CD-diska líka. Staðgreiði stór plötusöfn. S. 822-3710, olisigur@gmail.com.

Faun 1600 kartöfluupptökuvél, tinslu færiband, efsta bandið óskast, eða af eldri gerð. Nánari upplýsingar hjá Helga, s. 892-2986.

Norskur mastersnemi leitar viðmælenda sem þekkja til huldufólks og álagabletta. S. +47-414-65564 / Olinetj@stud.ntnu.no.

Óska eftir íbúðarhúsnæði til leigu í Hvolsvelli eða nágrenni. Öruggar greiðslur og trygging. Vinsamlegast hafið samband í s. 698-0048 eða aronma98@gmail.com.

Óska eftir Saab, hvaða típu sem er og í hvaða ástandi sem er. Samband í s. 857-1901, Þórður Tómasson.

Atvinna

Hópfærðabílstjóri óskast sem vill ferðast um ástkært föðurlandið. D-ökurettindi skilyrði. Möguleiki á fastráðningu eða sem aukavinnu. Fjölbreytt verkefni og nýlegur bílafloki. Nánari upplýsingar s. 865-1985/868-6784.

Einkamál

Kona, búsett á Suðurlandi, óskar eftir kynnum við kk. 40-55 ára. Þarf að vera traustur og fjárhagslega sjálfstæður. Áhugasamir vinsamlegast sendið póst á netfangið konaisveit@gmail.com, gaman væri ef mynd fylgdi.

Jarðir

Til sölu 23 ha. í landi Sands í Kjós. Nánari uppl. á visir.is og mbl.is Götuhæiti- Sandslundur

Til leigu

Geymslupláss til leigu 40 mín. frá Borgarnesi, þurr 16 °C heit geymsla í einbýlishúsi. 1,6 m breið hurð. Mjög sanngjarnt verð. Árni S. 861-5019

Þjónusta

Tek að mér viðgerðir á flestum tegundum sjálfskiptinga. Hafið samband í s. 663-9589 til að fá uppl. og tilboð. HP transmission, Akureyri. Netfang: einar.g9@gmail.com, Einar G.

Til sölu

Plast í fjárhúsgólf og stúur. Bása- og drenmottur, útileiktæki, gúmmihellur og gervigras. Heildarlausnir á leiksvæðum. jh@johannhelgi.is, s. 820-8096.

Mf 35. árg. 1962 til sölu. Upplýsingar í s. 862-7096.

Rafstöð 4,5 kw. Rafstart. Dísel. Á hjólum. Eyðslugrönn 1 cyl. Verð kr. 140.000. Uppl. í s. 690-8478.

Allt sem þarf til steinaslípunar og -sögunar. Tækifæri fyrir skapandi fólk. Tromlur og hristarar, fullt af falllegu grjóti. Verð kr. 900.000. Uppl. s. 690-8478.

75 lítra rústfrír pottur með 2,5 kw hitaelementi, einfasa. Hentar t.d. í matvælaframleiðslu og textillitun. Verð kr. 65.000. Uppl. í s. 690-8478.

Stöðuhýsi 3,70 x 11,80 til sölu, upplýsingar í s. 660-6210.

Sturtuhúðir til sölu, eru í umbúðunum. Heill veggur hægra megin, opnast vinstra megin. Verð kr. 15.000, upplýsingar í s. 866-0021

Ford Escape, hvítur, árg. 2007, 4 cyl, bensín, ekinn um 220.000 km, léleg sjálfskipting og púst en skoðaður og vel ökufer. Tveir góðir dekkjagangar, dráttarkrókur, verðhugmynd kr. 200.000. Uppl. í s. 617-7317

ALLT FYRIR VINNU OG ÖRYGGI

*Öryggisvörur - Vinnu- og öryggisfatnaður
Kiktu á úrvalið í vefverslun Dynjanda eða komdu við.
Við veitum þér faglega aðstoð.*

allt fyrir öryggið

Skeifunni 3h | Sími: 588 5080 | dynjandi.is

Smíðshöfða 12, 110 Reykjavík · sími 5868000 · www.roggi.is · verslun@roggi.is

Þjónusta við lónaðinn



BÆNDASAMTÖK
ÍSLANDS

Samtal um öryggi

Bændasamtök Íslands halda bændafundi um allt land í ágúst til að ræða stöðuna í landbúnaði, komandi búvörusamninga, afkomu, horfur og annað sem brennur á bændum.

Léttur hádegisverður á hádegisfundum og léttar kaffiveitingar á kvöldfundum.

Allir velkomnir. Tökum samtalið.

- **22. ágúst kl. 12**
Vesturland – Landnámssetið í Borgarnesi
- **22. ágúst kl. 20**
Vestfirðir – Stjórnsýsluhúsið á Ísafirði
- **23. ágúst kl. 12**
Norðvesturland – Hótel Laugarbakki
- **23. ágúst kl. 20**
Norðvesturland – Ljósheimar í Skagafirði
- **24. ágúst kl. 12**
Norðausturland – Hlíðarbær í Eyjafirði
- **24. ágúst kl. 19**
Norðausturland – Breiðamýri í Þingeyjarsveit
- **25. ágúst kl. 12**
Austurland – Bláin, Eiðavöllum 6
- **25. ágúst kl. 20**
Austur- og Suðausturland – Kirkjubæjarstofa á Kirkjubæjarklaustri
- **26. ágúst kl. 12**
Suðurland – Goðaland í Fljótshlíð
- **26. ágúst kl. 16**
Suðurland – Icelandair Hótel Flúðum

Bændasamtök Íslands er málsvari bænda og gæta hagsmuna þeirra í hvívetna. Sterk og öflug Bændasamtök eru lykillinn að því að rödd bænda heyrir skýrt og greinilega þegar teknar eru ákvarðanir um málefni þeirra. Meginmarkmið samtakanna er að beita sér fyrir bættri afkomu bænda, betri rekstrarskilyrðum í landbúnaði auk þess að miðla upplýsingum og sinna fræðslu til sinna félagsmanna. Þá halda Bændasamtökin úti einu mest lesna dagblaði landsins, Bændablaðinu, sem sent er endurgjaldslaust á öll lögbýli á Íslandi.

Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Bændasamtakanna, bondi.is

Fylgstu með samtölunum á bondi.is og bbl.is

 Facebook  Instagram – #hringferðbí

FRÉTTIR

Greiðslna að vænta í september

Unnið er að undirbúningi greiðslna til bænda samkvæmt tillögum spretthóps sem matvælaráðherra skipaði í júní, að því er fram kemur í tilkynningu frá matvælaráðuneytinu.

Tillögurnar miðuðu að því að styðja sérstaklega við íslenskan landbúnað með 2,5 milljarða króna framlagi til að tryggja fæðuöryggi á Íslandi.

Í tilkynningunni kemur fram að kapp sé nú lagt á að hægt verði að greiða fyrstu greiðslur í september, en gert er ráð fyrir því að stærsti hluti þeirra fjármuna sem



eru til ráðstöfunar verði greiddur í formi álags á greiðslur skv. búvörusamningum.

Greiðslur vegna svína-, alifugla- og eggjaframleiðslu eru síðan á áætlun í október. /ghp

Tilboðsmarkaður mjólkur

Næsti markaður fyrir greiðslu mark mjólkur verður haldinn 1. september næstkomandi.

Opnað hefur verið fyrir tilboð, en tilboðsfrestur rennur út á miðnætti 10. ágúst næstkomandi. Tilboðum um kaup og sölu greiðslumarks skal skila rafrænt inn á www.afurd.is.

Líkt og áður er að hámarki hægt að óska eftir 50.000 lítrum til kaups á hverjum markaði, eða alls 150.000 lítrum árlega. /VH



Sumarlokun Bændasamtakanna

Skrifstofur Bændasamtakanna verða lokaðar frá 18. júlí til 9. ágúst vegna sumarleyfa starfsfólks. Bændur sem vantar aðstoð við skýrsluhaldsforritin Huppa, Fjávís, World Fengur, Heiðrún, Jörð og dkBúbót er bent á að hafa samband við Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (s. 516-5000). Fyrirspurnum um opinberar greiðslur skal beina til matvælaráðuneytisins (s. 545-9700).

Bændablaðið kemur út þann 21. júlí nk. og verður ritstjórn blaðsins að störfum til og með 20. júlí en þá skella þau sér einnig í vel verðskuldað sumarfrí til 12. ágúst. Bændablaðið mun því ekki koma út þann 11. ágúst en útgáfa blaðsins þann 25. ágúst verður stærri að umfangi. Fram að 20. júlí verður hægt að ná í ritstjórn Bændablaðsins í gegnum bein númer starfsmanna, sem nálgast má á vefsíðu Bændablaðsins, bbl.is og á bondi.is.

Njótið sumarsins!

Kartöfluuppskera lofar góðu:

Fyrstu kartöflurnar komnar í verðslanir

Kartöflubændur við Hornafjörð og í Þykkvabæ eru farnir að taka upp fyrstu kartöflurnar og senda í verðslanir. Að sögn kartöflubændna lítur ágætlega út með kartöfluuppskeru í ár.

Kartöflumygla náði talsverðri útbreiðslu á Suðurlandi síðastliðið sumar, ekki síst í Þykkvabæ. Mygla breiddist hratt út og hennar varð vart í Flóanum, í uppsveitum Arnessýslu, í Landeyjum og víðar á þeim slóðum.

Hornfirðingar hafa í gegnum tíðina passað sig á að setja ekki niður útsæði frá myglusvæðum og haft með sér samtök um það og kartöflumygla óþekkt þar um slóðir.

Fyrst premier og svo gullauga

Hjalti Egilsson, kartöflubóndi að Seljavöllum í Nesjum við Hornafjörð, tók upp fyrstu kartöflurnar til heimilisins í síðustu viku.

„Ég byrjaði svo fyrir alvöru að taka upp um helgina og sendi fyrstu uppskeruna, tvö til þrjú tonn á dag, í verðslanir í Reykjavík í kjölfarið. Eg sé ekki betur en að uppskeruhorfur séu góðar þrátt fyrir að við höfum tvisvar sinnum, það sem af er sumri, fengið mikið hvassviðri sem dró úr vexti og seinkaði uppskerunni.

Fyrstu dagana tókum við upp premier, sem er fljótspottid afbrigði, en í framhaldi af því snúum við okkur alfarið að gullauga.

Að sögn Hjalta hefur hann ekki heyrt annað en að kartöfluvöxtur líti almennt vel út hjá bændum við Hornafjörð og að þeir sem ekki eru þegar byrjaðir að taka upp muni gera það fljótlega.

Blessunarlega laus við myglu

Markús Ársælsson, bóndi í Há koti í



Hjalte Egilsson, bóndi á Seljavöllum, með nýjar premier kartöflur.

Mynd / Halldóra Hjaltadóttir



Markús Ársælsson, bóndi í Há koti, með fyrstu uppskeru ársins.

Mynd / Halldóra Hafsteinsdóttir.

Þykkvabæ, segir að nokkrir bændur í sinni sveit séu farnir að taka upp og senda í verðslanir.

„Ætli sá fyrsti hafi ekki byrjað fyrir hálfum mánuði en ég tók fyrstu kartöflurnar upp um miðja síðustu viku. Það er fullsnemma að segja til um hvernig uppskeran verður eftir sumarið enda bara miður júlí en sé horft til þess sem komið er lítur sprettan vel út. Eins og alltaf eru það fljótspottin afbrigði eins og premier sem við tókum upp fyrst.“

Kartöflumygla var talsvert vandamál í gördum í Þykkvabæ á síðasta ári en Markús segir að þau hafi verið blessunarlega laus við hana það sem af er þessu sumri.

„Menn eru því á verði gagnvart henni og gert þær ráðstafanir sem í þeirra valdi eru til að koma í veg fyrir hana.“ /VH

Greina hráefni í unnum matvörum

– Matvælavinnslur geta innleitt tækni í gæðaeftirlit

Unnar matvörur eru berskjaldaðar fyrir matvælasvindli. Erlendis hefur komist upp um mörg tilvik þar sem slíkar vörur hafa verið ranglega merktar. Mátis hefur nýlega lokið verkefni sem prófar raðgreinatækni sem greinir hráefni á unnum matvælum.

„Oft og tíðum hefur vantað merkingar um tilteknar fisk- og dýrategundir á innihaldslýsingu vöru. Auðvitað getur alltaf verið um mistök að ræða af hálfu framleiðenda en engu að síður er tegundasvindl í matvælaframleiðslu gjarnan vísitandi, þar sem dýru hráefni er skipt út fyrir ódýrari vöru,“ segir Sæmundur Sveinsson, verkefnastjóri hjá Mátis.

Hann bendir á að tap á trausti neytenda geti verið mjög dýrkeypt fyrir fyrirtæki í matvælaframleiðslu og smávörusverlanir. Ef upp kemst um tegundasvindl í matvælaframleiðslu getur það haft mikið tjón í för með sér fyrir orðspor fyrirtækjanna og getur minnkað umsvif viðskipta sem hefur að lokum neikvæð áhrif á samkeppnishæfni greinarinnar í heild.

„Hefðbundnar greiningaraðferðir á innihaldsefnum í unnum matvælum eru flestar flóknar í



Sæmundur Sveinsson, verkefnastjóri hjá Mátis.

framkvæmd og hægvirkar.

Nýlegar og afkastamiklar aðferðir í raðgreiningu erfðaeftnis (DNA) eru margar mjög kostnaðarsamar og innleiðing þeirra felur í sér háan fjárfestingarkostnað, bæði í tækjabúnaði og þjálfun starfsfólks,“ segir Sæmundur, sem hefur unnið að verkefnum DNA Complex á síðustu misserum en það miðar að

þróun aðferða sem byggja á notkun Nanopore raðgreiningartækni til hraðvirkra og hagkvæmra greininga á innihaldsefnum unninna matvæla.

Einföld tækni

Verkefnið nýtir sér MinION raðgreini, frá fyrirtækinu Oxford Nanopore, til þróunar á áreiðanlegum, hraðvirkum og hagkvæmum greiningum innihaldsefna í unnum matvörum með DNA raðgreiningu að sögn Sæmundar. „MinION er lítill og meðfærilegur DNA raðgreininir og vonir standa til að þetta verkefni muni skila af sér hagkvæmri aðferð til greiningar innihaldsefna í unnum matvælum. Tæknið er ódýrt og einfalt í notkun og markmiðið er að þjálfa starfsfólk belgískar verðslanakeðju í notkun tækisins.“

Verkefninu er nú nýlega lokið. Helstu niðurstöður þess eru að MinION tækni virkar vel til að greina hráefni í unnum matvælum og ekki skiptir máli hvort um kjöt- eða fiskafurð er að ræða. Tækni er einföld í notkun og því gætu matvælavinnslur innleitt aðferðafræðina í tengslum við hefðbundið gæðaeftirlit. /ghp

TILBOÐ Á GARÐHÚSUM! TIL Á LAGER

BREKKA 34 - 9 fm

25% afsláttur

Tilboðsverð
489.000 kr.

Afar einfalt er að reisa húsin okkar. Uppsetning tekur aðeins einn dag

STAPI - 14,98 fm

25% afsláttur

Tilboðsverð
779.000 kr.

NAUST - 14,44 fm

30% afsláttur

Tilboðsverð
539.000 kr.

Ítarlegar upplýsingar og teikningar ásamt ýmsum öðrum fróðleik má finna á vef okkar

www.kofaroghus.is - Sími 553 1545



KOFAR OG HÚS

KRONE heyvinnuvélar

til afgreiðslu strax!



ActiveMow R320

Hliðartengd sláttuvél

Vinnslubreidd 3.22 m.

1.799.000 + vsk.

EasyCut F320 M

Frams láttuvél

Vinnslubreidd 3.16 m.

1.999.000 + vsk.



Swadro TC880 Plus

Miðjurakstrarvél

Vinnslubreidd 7.6-8.8 m.

4.499.000 + vsk.

Plus útfærsla: Auka stjórnbox inn í vél og hægt að gera meira með rafstýringu og vökva, ekkert mekanískt og þarf aldrei út úr vél. Gormafjöðrun á stjörnum.

KW 7.92/8

Lyftutengd snúningsvél

Vinnslubreidd 7.9 m.

2.399.000 + vsk.



Segway Snarler AT6 L fjórhjól

Virkilega vel útbúin 570 cc. hjól til afgreiðslu strax!

Rafmagnsstýri, spil, dráttarkúla, rafmagnsdriflæsingar, 14" beadlock felgur, 26" dekk, handahlífar, dráttarvélaskráning.



Verð aðeins
1.899.000 m/ vsk.

Þú finnur allt um Segway fjórhjól og buggybíla á

hesja.is



HESJA

hesja.is | hesja@hesja.is | Kópavogur: 546-0415 | Akureyri: 415-6415

FRÉTTIR

Fundir með bændum

Bændasamtök Íslands halda bændafundi um allt land í ágúst.

Rætt verður um stöðu landbúnaðar, komandi búvörusamninga, afkomu, horfur og annað sem brennur á bændum.


Léttar veitingar verða í boði á fundunum, en þeir verða sem hér segir:

- 22. ágúst kl. 12 á Landnámssetrinu í Borgarnesi
- 22. ágúst kl. 20 í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði
- 23. ágúst kl. 12 á Hótel Laugarbakka
- 23. ágúst kl. 20 á Ljósheimum í Skagafirði
- 24. ágúst kl. 12 í Hlíðarbæ í Eyjafirði
- 24. ágúst kl. 19 í Breiðamýri í Þingeyjarsveit



BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS

- 25. ágúst kl. 20 í Kirkjubæjarklaustri
- 26. ágúst kl. 12 í Goðalandi í Fljótshlíð
- 26. ágúst kl. 16 á Icelandair Hótel Flúðum.



Fleiri nýir sveitarstjórnar ráðnir

Á síðustu vikum hafa nokkrir nýir sveitar- og bæjarstjórnar verið ráðnir til starfa kringum landið.

Geir Sveinsson fékk starf bæjarstjóra í Hveragerði og tekur þar við af Aldísi Hafsteinsdóttur sem hefur stýrt bænum í 16 ár.

Í Mosfellsbæ tekur **Regína Ástvaldsdóttir** við bæjarstjórastól Mosfellsbæjar, en hún var áður bæjarstjóri á Akranesi og sviðsstjóri velferðarsviðs Reykjavíkurborgar. Í Norðurþingi tekur **Katrín Sigurjónsdóttir**, fyrrverandi sveitarstjóri Dalvíkurbyggðar, við keflinu af Kristjáni Þór Magnússyni. Þá mun **Iða Marsibil Jónsdóttir** gegna embætti sveitarstjóra Grímsnes- og Grafningshreppar, en hún hefur á undanföllum árum alið manninn í Vesturbyggð og var þar meðal annars forseti bæjarstjórnar.

Nokkur umræða skapaðist um ráðningu **Björns Bjarka Þorsteinssonar** í starf sveitarstjóra Dalabyggðar, en hann var ekki meðal umsækjenda um stöðuna.

Hann hefur verið framkvæmdastjóri Brákarhlíðar í Borgarnesi.

Unnur Valborg Hilmarsdóttir var ráðin í starf sveitarstjóra Húnaþings vestra í byrjun mánaðarins en er málefnum sveitarfélagsins nokkuð kunn, enda fyrrum oddviti sveitarstjórnar. **Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir** verður sveitarstjóri Dalvíkurbyggðar en hún hefur áður gegnt starfi sveitarstjóra á Tálknafirði.

Sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps réði **Þórunni Sif Harðardóttur** í starf sveitarstjóra en hún hefur unnið hjá hreppnum undanfarið ár og áður verið virkur þátttakandi í sveitarstjórnarmálum hjá Akureyrarbæ. **Stefán Broddi Guðjónsson** tekur við kefli Þórdísar Sifjar Sigurðardóttur í Borgarbyggð. Stefán Broddi ólst upp í Borgarnesi og hefur síðastliðinn áratug starfað hjá Arion banka.

Þá er **Hulda Kristjánsdóttir** nýr sveitarstjóri í Flóahreppi og tekur þar við starfi af Eyðísi Þ. Indriðadóttur. /ghp



Mikil tækifæri geta falist í því fyrir bændur að verka og selja kjöt milliliðalaust.

Myndir / Eyðís Magnúsdóttir

Slátrun á lífrænu sauðfé vandkvæðum bundin:

Slátruhús sjá ekki hag sinn í að viðhalda lífrænni vottun

Eyðís Magnúsdóttir og Rúnar Máni Gunnarsson í Sölvanesi í Skagafirði fengu lífræna vottun fyrir sauðfjárbúið sitt vorið 2021, eftir að hafa farið í gegnum þriggja ára aðlögunarferli. Í sömu viku og vottunarstofan Tún fullgilti lífræna vottunina þeirra bárust fréttir af því að öll slátruhús í þeirra landshluta myndu ekki endurnýja sína lífræna vottun.

Með því varð Slátruhús Vesturlands í Borgarnesi eina slátruhúsið á landinu sem hefur viðhaldið sinni lífræna vottun frá Túni. Þetta gerist í kjölfar þess að breytingar urðu á aðbúnaðarkröfum til lífræns sauðfjárbúskaðar sem varð til þess að allir sauðfjárbændur, nema þau í Sölvanesi, misstu sína vottun. Bæði vegna hás flutningskostnaðar og þeirrar þversagnar að flytja lífræna slátrugripi um svo langan veg fannst þeim óraunhæft að senda féð í Borgarnes. Þar af leiðandi slátruðu þau öllum sínum lömbum í slátruhúsi SAH á Blönduósi haustið 2021 og gátu ekki markaðssett kjötið sem lífrænt.

„Síðasta haust voru lömbin okkar lífræn alveg þangað til þau fóru í slátruhúsið,“ segir Rúnar Máni.

Slátruhúsin þurfa að sækja um þessa lífræna vottun á hverju ári og er það kostnaðarsamt. SAH afurðir á Blönduósi höfðu endurnýjað sína vottun þangað til á síðasta ári.

„Okkur fannst skjóta skökku við að keyra féð okkar í Borgarnes og koma svo með það til baka aftur til þess að verka það – en við vinnum allt kjötið á Skagaströnd og seljum sjálf,“ segir Rúnar Máni.

„Það er ekki alveg í takti við þessa lífræna hugmyndafræði að lengja flutningsleiðina – meira en tvöfalda hana,“ bætir Eyðís við.

Kostnaður við vottun lendir á Sölvanesbændum

Rúnar segir að þau séu í viðræðum við SAH afurðir núna, í samvinnu við Tún, um að þeir slátri í verktöku undir þeirra vottun. „Við þurfum þá persónulega að sjá til þess að Tún fái aðgang að slátruhúsinu til þess að skoða aðbúnað – og greiða sjálf



Eyðís Magnúsdóttir og Rúnar Máni Gunnarsson eru með lífrænt sauðfjárbúið í Sölvanesi. Þeim hefur reynst erfitt að koma lömbunum í slátruhús sem eru lífrænt vottuð.

fyrir úttektina.“

Ef það gengur eftir þá fá þau að nota vottunarmerkið. „Við erum ekki búin að fá á hreint hver kostnaðurinn við að votta slátruhúsið verður. Nú erum við þegar búin að borga rúmlega 200 þúsund fyrir vottunina hérna heima og þurfum við að gera það á hverju ári,“ segir Eyðís.

Þegar málin fara að skýrast þá þurfa þau að meta það hvort þessi aukakostnaður borgi sig. Rúnar segist alveg búast við því að það verði svipað dýrt og að fá vottunina á bænum og þar með tvöfaldað vottunarkostnaðurinn.

„Þá er orðið býsna mikið sem við þurfum að leggja á lambakjötið til þess að þetta borgi sig. Við slátrum ekki nema 300 lömbum á ári þannig að það getur orðið snúið að láta dæmið ganga upp.“

Hvort kemur á undan, hænana eða eggjó?

Eyðís bendir á að Ísland sé búð að skuldbinda sig til til þess að styðja við lífrænan búskap.

„Það er gert á margan hátt – t.d. aðlögunarstyrkjum til bænda og með því fjármagni sem fer til VOR. Spurningin er þó hvort það þyrfti ekki eitthvert fjármagn að vera í boði fyrir slátruhús sem myndu vilja endurnýja sína lífræna vottun. Ef ekki er hægt að slátra lífræna búfé þá eru ekki miklar líkur til þess að

fleiri myndu vilja komast í þann búskap og ef enginn er í lífrænni ræktun þá munu slátruhúsin ekki endurnýja sínar vottanir. Þetta er eins og með eggjó og hænuna – hvort kemur á undan? Það er mjög skýrtin staða að vera komin með lífræna vottun heima á bæ, en vera svo komin út í horn með slátrumálin.“

Lífrænt býður upp á ýmis tækifæri

Rúnar segir að lambakjöt selt beint frá lífrænt vottuðu sauðfjárbúi sé auðseljanleg vara. Þau verka allt sitt kjöt sjálf og koma því til neytenda upp á eigin spýtur.

„Virðisaukinn verður eftir heima á búinu þar sem við erum ekki að borga öðrum fyrir að verka kjötið og koma því á markað. Svo er enginn sem bannar okkur að segja frá því að sjálft búíð sé vottað en þetta slitni í slátruhúsinu.“

Eyðís telur tækifæri leynast í lífrænum búskap – sérstaklega fyrir minni sauðfjárbú sem selja afurðir sínar sjálf. „Þau sem vilja kaupa okkar vörur geta haft beint samband við okkur, en við seljum beint frá býli á haustin – og keyrum heim til fólks.“

Einnig er hægt að fá kjötið þeirra á Kaffi Laugalæk, á stöku bændamörkuðum og með Bíl smáframleiðenda sem ferðast um Norðurlandið. /AL

KJARNAGLUGGAR

GLUGGI Í GLUGGA

- TILVALIÐ VIÐ ENDURNÝJUN GLUGGA

- ENDINGAGÓÐIR PLASTGLUGGAR



Kjarnagluggar ehf. | Roðamói 9 | 626 1011
sala@kjarnagluggar.is | www.kjarnagluggar.is

Velkomin í nýja verslun Skeljungs!

Þú færð gæða vörur frá Shell, Koch-Chemie,
VatOil og Venol í nýrri verslun Skeljungs,
Skútuvoði 1, Reykjavík. Vertu velkomin.



Þú gætir
unnið ferð
á enska
boltann!

Allir sem versla vörur í nýrri verslun Skeljungs Skútuvoði 1 eða á vefverslun eiga möguleika á að vinna ferð fyrir tvo á enska boltann í haust.

Skeljungur, traustur félagi



Skeljungur

Bændablaðið

– Mál gagn bænda og landsbyggðar –

Ritstjóri: Guðrún Hulda Pálsdóttir (ábm.) gudrunhulda@bondi.is – **Sími:** 563 0339 – **Blaðamenn:** – Ástvaldur Lárússon astvaldur@bondi.is – Margrét Þóra Þórsdóttir mth@bondi.is
Sigrún Pétursdóttir sigrunpeturs@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vilmondur Hansen vilmondur@bondi.is

Auglýsingastjóri: Þórdís Una Gunnarsdóttir thordis@bondi.is – **Sími:** 563 0303

Netfang auglýsinga: thordis@bondi.is – **Sími smáauglýsinga:** 563 0300 – **Vefur blaðsins:** www.bbl.is – **Netfang blaðsins:** (fréttir og annað efni) er bbl@bondi.is

Frágangur fyrir prentun: Sigrún Pétursdóttir – **Prentun:** Landsprent ehf. – **Upplag:** sjá forsiðu – **Dreifing:** Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

Bændablaðið kemur út 24 sinnum á ári. Því er dreift ókeypis á yfir 400 stöðum á landinu og á öllum lögbýli landsins.

Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu burðargjalds. Árgangurinn (24. tölublað) kostar þá kr. 12.200 með vsk. (innheimt í tvönu lagi). Ársáskrift fyrir eldri borgara og öryrkja kostar 8.000 með vsk.

Heimilisfang: Bændablaðið, Bændahöll við Hagatorg, 107 Reykjavík.

Sími: 563 0300 – **Kt:** 631294-2279

Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.

SKOÐUN

Gúrkutið

Runnin er upp sumartíð, ferðatíð og þar með gúrkutið hjá fjölmöldum. En ekki bændum.

Þeir hafa í nógu að snúast langa sumardaga og nætur við bústörf, heyverkun og framleiðslu svo við hin getum gengið að góðum mat vísium í næstu búð. Árstíðabundnar vörur garðyrkjubænda fara nú að tínast í verslanir og vert að velja þær gæðavörur þegar það er í boði. Eins og fram kemur í blaðinu er kartöfluupsþekka hafin og brátt bætist útiræktaða grænmetið við.

Við búum svo vel að matarkistunni sem eyjan okkar er. Dag hvern berast nú hamfarafreittir af hitabylgjum, flöðum og skógareldum sem raskar landbúnaði og lífsgæðum um allan heim. Bætist sá vandi ofan á volæði og ömurð síðustu missera og undirstrikar sem aldrei fyrr mikilvægi þess að stuðla að sjálfbærni þjóða. Eins og staðan er í dag eru möguleikarnir til þess að mörgu leyti betri hér á landi en víða annars staðar. Hér er friður og pláss. Nóg er af landgæðum, hita og vatni auk þess sem veðurskilyrði eru að breytast til hins betra fyrir ýmsa garðyrkju. Hér er líka hugvit og þekking, metnaður og vilji til verka.

Vaxtarmöguleikar í garðyrkju og kornrækt eru gríðarlegir og það eru stórfjærstar að átta sig á eins og kemur fram í forsiðufrétt blaðsins. Kaup Eikar á Lambhaga eru risavaxin, fela í sér tröllauknar fjárhæðir fyrir verðmæta borgarlóð fyrirtækis sem framleiðir yfir 80% af öllu salati á landinu. Áhugavert verður að fylgjast með þróun á umhverfi garðyrkjuframleiðslu í framhaldi af þessari stórfregni.

Eins og staðan er núna sjá um 200 garðyrkjubændur fyrir um 43% af framboði grænmetis á landinu og innlend framleiðsla á korni til manneldis er aðeins um 1% af heildarneyslu.

Einhverra hluta vegna hefði ég haldið að umfang garðyrkjuframleiðslu hefði aukist mikið á síðastliðnum áratug en svo fer fjarrí, ef marka má framleiðslutölur úr mælaborði landbúnaðarins. Þar munar varla neinu á mörgum magnötolum milli árána 2021 og 2011. Jafn mikið var framleitt af blómkáli, gulrótum, sveppum þá og nú. Gúrkur, tómatar, paprikur, rófur og kartöflur hafa vaxið eitthvað. Hástökkvaramir eru hvítkál og kínakál. Árið 2011 var framleitt 207 tonn af hvítkáli og 54 tonn af kínakáli, en í fyrra var talan 449 tonn fyrir hvítkál og 185 tonn fyrir kínakál.

Þessar tölur eru takmörkunum háðar og miðast til að mynda við skilyrði um opinberan rekstrarstuðning sem nú loksins er verið að endurskoða. Löngum hefur verið hvatt til meiri fjölbreytni afurða og aukins sveigjanleika bænda til að framleiða fleiri tegundir. Þá án þess að verða af sömu möguleikum á eðlilegu lífsviðurværi og ræktun einnar tegundar gefur. Væri ekki dásamlegt ef normið væri að íslenskar baunir, kúrbítur, eggaldin og aspas fengjust alla jafna út í búð?

Annar þáttur sem gæti gefið garðyrkjunnar byr undir báða vængi væri uppfærsla og efling menntunar á sviðinu, en vænta má mikils af Fsu gagnvart iðnnáminu. Þá væri akkur í garðyrkjumenntun á háskólastigi.

Þriðji þátturinn tengist aðgengi að vinnuástöðu og innviðum. Þörf er á landsvæðum með jarðhita, fjármagni til að byggja upp framleiðslu, tækjum til að vinna úr afurðunum neysluhæfar matvörur svo ekki sé talað um húsnæði fyrir starfsfólk sem kys að starfa við garðyrkju. Vona ég að nýtt átak í húsnæðismálum sem innviðaráðherra kynnti nýlega muni verða til þess að framboð á hífylum í nálægð við garðyrkjuframleiðslu aukist.

/ghp

Innviðirnir okkar

Gunnar Þorgeirsson

formaður Bændasamtaka Íslands
gunnar@bondi.is



Um enga grein jarðyrkjunna hefur verið jafntíðrætt eins og kornyrkjuna. Ótal margir hafa reynt við verkefnið, sumum lánast vel, öðrum miður.

Stjórnvöld hafa svo lengi sem elstu menn muna, hvatt og styrkt til þessarar viðleitni. Enn á þó eftir að finna fullkomna lausn á því hvernig við eflum kornrækt hér á landi og hvað sé arðvænlegt og hagkvæmt. Nauðsynlegt er að stórefla kynbætur á korni til að aðlagja það að íslenskum aðstæðum. Þá þurfi einnig að skapa bændum sem hefja slík verkefni vænleg starfskilyrði, t.a.m. með korntryggingum, líkt og Norðmenn hófu að gera upp úr 19. öldinni sem varð til þess að kornrækt óx hröðum skrefum þar á landi.

Landbúnaðarháskóla Íslands hefur nú verið falið að vinna drög að aðgerðaáætlun til eflingar kornræktar. Áætlunin er unnin að beiðni Svandísar Svavarsdóttur matvælaráðherra. Mikilvægi innlendir kornræktar hefur aukist verulega í takti við aukið vægi fæðuöryggi síðustu misseri. Það er mikilvert að við sem þjóð séum sem mest sjálfbjarga og einn liðurinn í þeirri sjálfsbjargarviðleitni er kornræktin.

Starfshópi ráðherra verður m.a. falið að kanna fýsileika innlends kornsamlags, ásamt því að skilgreina þarfir á lágmarkskornbirgðum í landinu. Einnig er hópnun falið að skilgreina heppileg landsvæði til kornræktar og það er von mín að hópurinn sé reiðubúinn að stíga út fyrir boxið, jafnvel til Bessastaða þar sem sáð var korni um miðja 18. öld sem heppnaðist vel! Vinna hefst við verkefnið í ágúst nk. og áætlað er að stöðuyfirlit verði veitt í desember 2022 og lokaskýrslu skilað í mars 2023.

Það verður athyglisvert að fylgjast með framvindu þessara tillagna þar sem Bændasamtökin hafa kallað eftir skýrri stefnu um framþróun á kornrækt og akuryrkju á Íslandi. Ég tel að þarna séu möguleikar fyrir íslenskan landbúnað til stóreflingar á ræktun afurða sem ella eru fluttar inn. Það er mikilvægt að samtali verði við þá sem stunda þessa framleiðslu, hvort sem er í smáum eða stórum stíl. Það er mikilvægt að hlúa einnig að þeirri framleiðslu sem nú þegar er í landinu svo þau tækifæri sem er verið að nýta í dag verði eflað. Þetta verkefni á ekki að vera átaksverkefni heldur uppbygging til framtíðar með skýra framtíðarsýn.

Staðsetningin skiptir máli

Á Þorvaldseyri hefur verið ræktað korn á hverju ári frá 1960. Á svæðinu, var áður fyrr heykökuværsmiðja og var það mikið lán fyrir ábúendur, á þeim tíma, að geta nýtt ýmsan vélbúnað og breyta í kornþurrkara. En það er skortur á innviðum í fullvinnslu og úrvinnslu korns sem háir kornbændum verulega, enda er þurrkun korns orkufrek og krefst innviða í lagningu raforku. Einnig má benda á að til að fullvinnslan geti átt sér stað hérlendis þarf að byggja miðlæggar myllur til mölunar á korni sem væri mikið framfaraspor fyrir kornbændur og neytendur hér á landi.

Staðsetning væntanlegs samlags auk þurrkstöðva og korngeymslna er því sérlega mikilvæg og því verður lögð áhersla á að finna sem hentugasta staðsetningu. Þar spilar inn í nálægð við framleiðendur, markaði, nýtingu jarðvarma o.fl. Þá sé mikilvægt að kanna hvort hægt sé að nýta fyrirleggjandi innviði sem best í þessu samhengi, s.s. þurrkstöðvar og minni geymslur sem eru nú þegar í rekstri.

Loftslagsóeirðir

Í 14. tbl. Bændablaðsins var fjallað um mótmæli bænda í Hollandi þar sem þingmenn greiddu atkvæði um lagabreytingu sem ætlað er að draga úr losun köfnunarefnisoxíðs og ammóníaks úr búfé nærri náttúrusvæðum, um allt að 50% á landsvísi fyrir árið 2030. Mikið er í húfi því landbúnaður er lykilgrein hollenska hagkerfisins og það sætir furðu að enginn annar fjölmiðill hér á landi hafi fjallað um mótmælin með svo ítarlegum hætti eins og umfjöllun Bændablaðsins ber merki.

En loftslagsáskoranirnar á landbúnaðinn er ekki bundin við Holland, því danskir bændur hafa hætt við 7% minni framleiðslu á korni til að tryggja nægt framboð af korni í landinu á næsta ári, sem tengja má við stríðið í Úkraínu. En minni framleiðsla átti að vera framlag danskra bænda til að draga úr kolefnislosun í landbúnaði og standast þær kröfur sem Evrópusambandið hefur sett fram. Danir hafa dregið þessa ákvörðun sína til baka þrátt fyrir áður ákveðin markmið tengt loftslagsaðgerðum stjórnvalda þar í landi.

Ef til vill líður ekki á löngu þar til íslenskur landbúnaður stendur frammi fyrir slíkum þrýstingi en náttúruverndarsamtök hafa m.a. fullyrt að nær ógjörningur sé að ná samdrætti í losun frá landbúnaði án fækkunar jörturdýra. Á sama tíma eru stjórnvöld og neytendur að huga að kolefnisspori, eða matarspori matvæla og matvælaframleiðendur er gert að efla og auka framleiðsluna sína til að gera okkur enn sjálfbærari á stríðstímum. Fyrirsjáanleikinn er þar af leiðandi takmarkaður og óvissan gæti orðið algjör.

GAMLA MYNDIN: AKRANESTRAKTORINN



Rúm eitt hundrað ár eru síðan fyrsta dráttarvélin var flutt til landsins. Traktorinn var af gerðinni Avery 8-16 og framleidd í Bandaríkjunum. Dráttarvélin og var í framleiðslu frá 1916 til 1922. Hún var með flatleggjandi steinolíumótör, tveggja strokka og sextán hestöfl. Dráttarvélin vó 2,5 smálestir en ein smálest jafngildir einu tonni. Averyinn var 1,5 metrar að breidd og 3,5 metrar að lengd, á járnhjólum og er sagt að hún hafi dregið þrjá plóga. Vélin vó um 2,5 tonn og stærðarinnar vegna fékk hún viðurnefnið Gríður sem er tröllkonuheit. Við stýrið er Jón Sigmundsson sem setti vélna saman við komu hennar til landsins auk Jóns Diðrikssonar, bónda á Elínarhöfða.

/ Myndin er í eigu Ásmundar Ólafssonar

MÆLT AF MUNNI FRAM



Hekla Katharína Kristinsdóttir fór fyrir skrautreið við setningu Landsmóts.



Búgreinadeild hrossabænda heiðruðu Kristin Guðnason í Skarði fyrir framlag sitt til hrossarættarinnar. Hjá honum stendur Heiðrún Ósk Eymundsdóttir, varaformaður deildarinnar, og Sveinn Steinarsson formaður. Áhorfendur standa Kristni til heiðurs.



Þetta mun ekki vera í fyrsta sinn sem fjölskyldan í Garðshorni á Þelamörk tekur á mótinu verðlaunum fyrir hest dæmda 4 vetra stóðhest Landsmótsins. Valiant hlaustitillinn í ár. Hann situr Agnar Þór Magnússon og Birna Tryggvadóttir heldur á verðlaunagrip. Dóttir þeirra Ylva Sól hampar stolt bikarum.



Ágúst Sigurðsson í Kirkjubæ tók við æðstu viðurkenningu íslenskrar hrossarættar fyrir stóðhestinn Sjód frá Kirkjubæ. Teitur Arnason situr Sjód og lyftir verðlaunum ásamt Guðmundi Björgvinssyni, sem líklega situr Þyrnirós frá Rauðalæk. Núverandi eigandi Sjóds, Alexandra Hoop, heldur á mynd af bikarum.



Kristín Eir Hauksdóttir Holaker vann barnaflokk á þyt frá Skáney.



Benedikt Ólafsson og Biskup frá Ólafshaga sigruðu sitt annað Landsmót í röð, ungmennaflokk í þetta sinn, en síðast voru þeir í unglingsflokk.



Sigurður Steingrímsson fór sannkallaða fjalla-baksleið að sigri í unglingsflokk á hryssunni Hátíð frá Forsæti II. Fyrst sigurðu þau B-úrslit og komu svo galvösk inn í aðalúrslit og alla leið.

Svipmyndir af Landsmóti 2022

Allir bestu hestar landsins komu saman á Rangárbökkum við Helli í byrjun mánaðarins á Landsmóti hestamanna.

Þótt veðrið hafi ekki beint leikið við Landsmótsgesti hafði það engin áhrif á rifandi stemningu og góðan anda, enda ekki annað hægt en að kætast yfir þeim hestagullum sem komu fram í kynbótasýningum og hinum fjölbreyttu keppnum. Talið er að milli sjö og átta þúsund manns hafi setið í brekkunni þegar mest var. Miðað við glæsilegan og fjölbreyttan hestakost ungra sem aldinna á mótinu er hægt að fullyrða að íslensk hrossarækt er eitt af dýrmætustu menningarverðmætum þjóðarinnar. /ghp



Þrjú af stjörnum mótsins stilla sér upp fyrir framan brekkuna. Fv: Gandi frá Rauðalæk, hæsti hestur landsins á herðakamb, knapi er Guðmundur Björgvinsson. Viðar frá Skör og Helga Una Björnsdóttir og Sindri frá Hjarðartúni, sem hlaut hæsta hæfileikadóm sem nokkur hestur hefur hlotið, 9,38. Knapi er Hans Þór Hilmarsson.



Það heyrði til tíðinda að af átta hrossum sem tóku þátt í úrslitum B-flokks gæðinga voru fimm rauðskjótt. Frá vinstri: Sigur frá Stóra-Vatnsskarði og Hinrik Bragason, Álfrímur frá Syðri-Gegnishólum og Olil Amble, Ísak frá Þjórsárþakka og Teitur Arnason, Þróstur frá Kolsholti 2 og Helgi Þór Guðjónsson, svo Ljósvali frá Valstrýtu og Árni Björn Pálsson sem stóðu uppi sem sigurvegarar.

Mikið gersemi og einstakt gleðiefni barst mér í pósti nýverið.

Sjöunda Davíðsbók er komin út hjá Óðinsauga útgáfu. Davíð Hjálmar Haraldsson á Akureyri er með iðnari andans mönnum í dag, og fáir núlifandi eiga stærri útgáfu að baki.

Í þessum þætti verður einvörðungu tekið efni úr þessari bráðskemmtilegu bók Davíðs Hjálmars, og lesendur hvattir til að kaupa sér eintak hið snarasta. Skopskyn Davíðs er með þeim hætti sem getur glatt hvern einasta þann sem vísun ann og veit til kveðskapar. Með bókgargjöfinni fylgdi fyrsta vísa þáttarins, enda er hún sérstaklega merkt Bændablaðsþættinum:

Í fjölmöldum er fjargviðrast og jagast, flesta bændur plagar last og hnjóð, en eitthvað gætu blessuð blóðin lagast birtust í þeim fleiri Davíðsljóð.

Davíð orti um þrjá athafnamenn sem hlutu nýsköpunarverðlaun fyrir lífræna ræktun, en voru svo árið eftir handteknir fyrir hassræktun í Svarfaðardal:

Langþreyttir bændurnir kvarta um kal á kotbýlum norður í rassi en nýsköpun sögð er í Svarfaðardal og sífrerinn ilmar af hassi.

Höfundur var á ferð um Vesturland, og heimsótti meðal annars geitabúið á Háafelli, og þótti stórfróðlegt:

Úr geitahári gott er að gera band og þrjóna. Úr kiðlingunum kemur tað. Klinist það í skóna.

Meðal allmargra veðurvísna Davíðs er að finna þessar:

Opnar dyrnar upp á gátt Ingveldur í Sogni. Naumast blæs þar nokkur átt nema í stafalogni.

Leiðist mest í logni og yl Leopold á Hóli, hann vill fimbulfellibyl en fjarviðri í skjóli.

Á Stafni fellur steypiregn stöðugt. Þó að linni blotnar þvottur þar í gegn í þurrkklefanum inni.

Þurrast veit ég veðurfar í vindinum á Grundum. Fyllibyttur þorna þar á þremur klukkustundum.

Limra um tíkina Týru:

Hún Týra var löt að leita að lömbum og uppnefnd „Feita“ og ánum að smala var ekki um tala: „Nei fyrr skal ég hundur heita.“

Ráðuneyti þótti kaupa ráðgjöf úr hófi eftir hrun:

Virðist þegar vel er gáð varla yfir skrýtið þó að stöðugt þiggi ráð þeir sem vita lítið.

Og þessi limra er um Lóu:

Af Lóu fer lykt mig að pirra þó lagi það reykelsi og myrra en fnykurinn vex, þetta füllýnda hex varð allt þriðja ágúst í fyrra.

Menn verða gleymnir þegar þeir fullorðnast. Um það orti Davíð þessa limru:

Ég eldist en alltaf mig spjara þótt örðugt sé stundum að svara ef einhver mig spyr hér úti við dyr: Hvort ertu að koma eða fara?

Umsjón: Árni Geirhjórtur Jónsson kotabyggd1@gmail.com



FRÉTTIR

Mjólkurpósturinn:

Sala á drykkjarmjólk dregst saman

Sala á mjólkurvörum síðustu sex mánuði er yfir áætlunum. Sala á Smjöri og Smjörva helst nokkurn veginn óbreytt miðað við sama tímabil í fyrra en sala á osti hefur aukist um 2,6%.

Samkvæmt því sem segir í Mjólkurpóstinum, fréttabréfi Mjólkursamsölnunnar, heldur sala á drykkjarmjólk áfram að gefa eftir en sala á bragðbættri mjólk eins og Kókómjólk, Hleðslu og Næringu eykst um 4,9% frá sama tíma í fyrra. Sala á skyri, jógúrt og rjómvörum dregst saman um 1,5%. Mjólkursamsalan gerði ráð fyrir 14.595 milljóna sölu, en sala var yfir áætlun og fór í 14.777 milljónir króna eða 183 milljónir yfir tekjuáætlun tímabilsins.

Ferðamenn auka sölu. Í kjölfar



afléttinga vegna Covid-19 hefur sala á hótélum, veitingastöðum og kaffihúsum aukist og hefur það skilað sér til Mjólkursamsölnunnar í auknum viðskiptum.

Í Mjólkurpóstinum segir að hjá MS hafi orðið vart við neyslubreytingar sem koma meðal annars fram í aukinni neyslu á nýmjólk en samdrætti í fituminni mjólk og bragðbættar drykkjarvörur hafa verið í sókn undanfarið. /VH



Vindmyllur eru komnar á dagskrá stjórnvalda. Tillögur starfshóps um nýtingu vindorku eiga að vera klárar fyrir 1. febrúar 2023. Mynd/ Jesse de Meulenaere

Vindorka:

Hvernig verður vindurinn beislaður?

Guðlaugur Þór Þórðarson umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra hefur skipað þriggja manna starfshóp sem á að skila tillögum til ríkisstjórnarinnar um fyrirkomulag við nýtingu vindorku.

Í starfshópnum sitja Hilmar Gunnlaugsson hrl., Björt Ólafsdóttir, fyrrverandi ráðherra umhverfis- og auðlindamála og Kolbeinn Óttarsson Proppé, fyrrv. alþingismaður. Tillögum skal skilað til ráðherra fyrir 1. febrúar 2023. Frá þessu er greint í fréttatilkynningu frá umhverfis-, orku- og loftslagsráðinu.

Samkvæmt Guðlaugi Þór ber okkur að nýta vindinn ef við ætlum að ná markmiðum okkar

í loftslagsmálum. Jafnframt er nauðsynlegt að breið samstaða náist um það hvernig farið er í þá nýtingu. Guðlaugur vill ná fram „jafnvægi milli náttúruverndar og nýtingar“.

Nýting vindorku er sérstaklega nefnd í sáttmála ríkisstjórnarinnar og er stefnt að lagasetningu um þau málefni sem almenn sátt er á bakvið. Sér í lagi er nefnt að taka skuli tillit til sjónrænna áhrifa, dýralífs og náttúru. Einnig kemur fram að fyrirkomulag gjaldtöku skuli verða skilgreint í nýjum lögum.

Starfshópurinn mun vinna náð með Sambandi íslenskra sveitarfélaga ásamt öðrum hagsmunaaðilum, ráðuneytum og stofnunum eftir því sem við á. /AL

Endurvinnsla og umhverfismál:

Endurunnið rúlluplast prófað við íslenskar aðstæður

– Tryggvi Þór Marinósson flytur inn rúlluplast úr 100% endurunnu plasti

Umhverfismál eru mörgum ofarlega í huga og hefur mikil hugarfarsbreyting átt sér stað síðustu ár. Mikilvægi endurvinnslu er orðin skýr og einstaklingar vilja vera umhverfisvænni og velja eftir því.

Plastnotkun bænda við heyskap er enn óhjákvæmileg en nú er komið í prófun heyrúlluplast úr 100% endurunnu plasti frá fyrirtækinu Folgos í Póllandi.

Helstu framleiðendur á rúlluplasti eru farnir að bjóða upp á plast þar sem endurunnu rúlluplasti er blandað saman við nýtt plast og eru jafnvel dæmi um prófun og þróun á 100% endurunnu rúlluplasti.

Tryggvi Þór Marinósson og Björgúlfur Bóasson nýttu sér heimsfaraldurinn í að stofna nýtt sprotafyrirtæki, Silfraberg. Silfraberg sérhæfir sig í ráðgjöf og sölu á umhverfisvænum umbúðalausnum. Þrátt fyrir stutta rekstrarsögu hefur Silfraberg náð góðum árangri að mati Tryggva. „Þetta er ungt fyrirtæki sem ég og mágur minn stofnuðum með það að leiðarljósi að aðstoða fyrirtæki í að minnka plastnotkun í starfsemi sinni. Annaðhvort með því að breyta efnisnotkun fyrirtækja úr plasti yfir í önnur efni eða þá hreinlega með því að besta ákveðna ferla t.d. plöstun á vörubrettum.“

Hann segir að árið 2021 hafi Silfraberg minnkað plastnotkun hjá viðskiptavinum sínum um 50,8 tonn og þar með minnkað kolefnisútblástur um 130 tonn.

Nú komið að bændum

Tryggvi er fæddur og alinn upp í sveit, í Hvítanesi í Skilmannahreppi, en foreldrar Tryggva og Jón Þór, bróðir hans, eru bændur þar í dag. Bændastörf standa Tryggva því nærri og þegar hann rakst á 100% endurunnið rúlluplast frá fyrirtækinu Folgos í Póllandi varð hann að flytja inn vöruna til prófunar.

„Jákvæð umhverfisleg áhrif af notkun á endurunnu plasti í stað þess sem framleitt er úr frumefnum er verulegur. Til að framleiða kíló af venjulegu rúlluplasti verða til 2,6 kg af kolefnisútblæstri en endurunnið plast lækkar kolefnisútblásturinn um allt að 79%. Þetta er því afar áhugaverð vara að mínu mati sem gæti komið íslenskum bændum í fremstu röð í heiminum hvað varðar lágmörkun kolefnisútblásturs vegna notkunar á plasti til heyverkunar,“ segir Tryggvi.

Nánast allt plast sem bændur nota í dag hér á landi er unnið úr frumefnum. Ef plastið stenst prófanir



Tryggvi Marinósson stendur hér við heyrúllu í Hvítanesi sem pakkað var með 100% endurunnu plasti síðasta sumar. Mynd/ Skessuhorn/MM



Mælingar á virkni plastsins sýna hvort munur verði á fódurgæðum í því heyrúllu sem pakkað er inn með hinu nýja endurunna plasti. Mynd/ TM

við íslenskar aðstæður og niðurstaðan yrði sú að plastið sé sambærilegt hefðbundnu heyrúlluplasti, yrði plastið góð viðbót við lausnir á því að gera íslenskan landbúnað umhverfisvænan.

Prófanir hjá Landbúnaðarháskólanum

Plastið frá Folgos er í notkun víða í Evrópu, t.d. í Póllandi, Noregi, Hollandi og Þýskalandi en ekki er enn komin reynsla á það hér á landi. Í sumar fer plastið í almenna prófun hér á landi og mun Landbúnaðarháskóli Íslands framkvæma ítarlegar gæðaprófanir.

„Mælingar þeirra munu sýna hvort munur sé á fódurgæðum í því heyrúllu sem pakkað er inn með 100% endurunna plasti miðað við heyrúllu sem pakkað er inn í hefðbundið heyrúlluplast. Ef plastið reynist vel við íslenskar aðstæður í sumar þá munum við taka mikið stærra skref árið 2023 og flytja inn enn meira

magn af plastinu,“ segir Tryggvi. Plastið er nú þegar til sölu í Fódurblöndunni og er ekki mikill verðmunnur á því og á öðru plasti.

Tryggvi flutti inn tiltölulega lítið magn af vörinni enda vill hann að reynsla fái á plastið áður en verulegt magn verður flutt inn.

Nú þegar séu bændur farnir að kaupa plastið, en einungis fyrir nokkrar rúllur til að prófa með venjulegu plasti. Þannig vonast Tryggvi til að varan fái sem víðtækustu reynsluna. Tryggvi og Jón Þór, bróðir hans prófuðu plastið á nokkrar rúllur síðasta sumar.

„Þetta er alveg eins og annað plast í notkun. Það fer í allar rúlluvélar og virkni plastsins er algjörlega sambærilegt öðru plasti sem framleitt er úr frumefnum. Þegar við prófuðum það á nokkrar rúllur í Hvítanesi gekk það gríðarlega vel, það t.d. slitnaði aldrei. Hver veit nema eftir nokkur ár munum við lifa í fullkomnum heimi þar sem bændur munu nota sama rúlluplastið ár eftir ár.“ /VH

Hreindýr:

Tarfaveiðar hafnar

Veiðar á hreindýratörfum hófust 15. júlí síðastliðinn en fram til 1. ágúst má ekki veiða tarfa sem eru í fylgd með kúm þannig að veiðarnar trufla ekki kúr og kálfa í sumarbeit.

Umhverfisstofnun vekur athygli á því á heimasíðu sinni að veturgamlir tarfar eru alfriðaðir og miðast tarfaveiði því við tarfa sem eru tveggja vetra og eldri.

Veiðimenn á veiðisvæði níu, Hornafjörður, Mýrar og Suðursveit, eru hvattir til að veiða tarfa vestast á svæðinu. Það er gert í þeim tilgangi að fækka dýrum þar þannig að það



dragi úr líkum á að dýrin fari vestur yfir Jökulsá á Breiðamerkursandi. Það er einnig gert til að koma í veg fyrir gróðurskemmdir, ef dýrin verða of mörg á svæðinu.

Samkvæmt því sem segir í

tilkynningu frá Umhverfisstofnun ættu tarfaveiðimenn að hafa fengið veiðileyfi sín send með pósti.

Ef leyfin berast ekki verða veiðimenn að hafa samband við stofnunina sem fyrst.

Í þeim tilgangi að draga úr pappírnotkun er á leyfinu QR kóði sem vísar á bréf til veiðimanna sem að jafnaði hefur verið í umslaginu. Í bréfinu eru ýmsar gagnlegar upplýsingar fyrir leyfishafa.

Veiðileyfi á kúr verða send út um 20. júlí og ættu þá að hafa borist leyfishöfum fyrir upphaf veiðitíma á kúm sem hefst 1. ágúst. /VH

ÓDÝR
gleraugu umgjörð og gler

Gleraugu með glampa og rispuvörn
19.900 kr.
Sérsmíðum samdægurs í styrk +/- 6,0 með cyl. til 2,0

Margskipt gleraugu
39.900 kr.
Margskipt gler frá Essilor (afgreiðslutími +/- tvær vikur)

Hamrahlíð 17
Hús Blindrafélagsins
Sími • 552-2002

Panasonic

Gæðaverkfæri í úrvali

Hleðsluborvél EY 74A2 LJ2G32

Patróna: 13 mm
Rafhlaða: 18V, 2 x 5,0 Ah
Li-Ion KOLALAUS
2,05 kg
ToughTool IP

Verð:
39.990 kr.



Hleðsluborvél EY 7451

Patróna: 13 mm
Rafhlaða: 18V, 2 x 3,0 Ah
Li-Ion KOLALAUS
1,65 kg
ToughTool IP

Verð:
35.960 kr.



Hleðsluskrúfjárn EY 7420

Rafhlaða: 7,2V, 2 x 1,5 Ah
2 gírar
Kúpling

0,6 kg
Verð:
29.760 kr.



Hleðsluborvél EY 7441 LS2S

Patróna: 13 mm
Rafhlaða: 14,4V, 2 x 4,2 Ah
Li-Ion
2 gírar
1,75 kg
ToughTool IP

Verð:
49.600 kr.



Hjólsög EY 45A2 XM32

Notar bæði 14,4V
og 18V rafhlöður
Án rafhlöðu
Án hleðslutækis

Verð:
43.400 kr.



Slípirokkur EY 46A2 X

notar bæði 14,4V og 18V rafhlöður
Án rafhlöðu
Án hleðslutækis

Verð:
43.400 kr.



AUÐVELDAÐU ÞÉR VINNUNA MEÐ GÓÐUM GRÆJUM

Sverðsög EY 45A1 X32

Notar bæði 14,4V
og 18V rafhlöður
Án rafhlöðu
Án hleðslutækis

Verð:
43.400 kr.



Útvarp EY 37A2 B

Hágæðaútvarp
með kraftmiklum hátölurum
14,4V – 18V + 230 VOLT
Bluetooth, IP64
Án rafhlöðu
Án hleðslutækis

Verð:
19.840 kr.



Stingsög EY 4550 X

Notar bæði 14,4V
og 18V rafhlöður
Án rafhlöðu,
Án hleðslutækis

Verð:
43.400 kr.



Hleðsluborhamar SDS+ EY 78A1 LJ2G

Rafhlaða: 18V, 2 x 5.0 Ah
Li-Ion
2,6 kg
Tough Tool IP

Verð:
96.410 kr.



Hleðsluskrúfjárn EY 7412 SB32

Rafhlaða: 3,7V, USB 8 Nm
0,3 kg
Li-Ion

Verð:
7.843 kr.



FRÉTTIR

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið:

Hringrásarhagkerfi Íslands styrkt

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið úthlutaði fyrir skömmu 230 milljónum króna til 22 verkefna sem ætlað er að efla hringrásarhagkerfið á Íslandi. Hæstu styrkir sem veittir eru til einstakra verkefna eru 20 milljónir króna.

Hringrásarhagkerfi er flokkað sem hagkerfi þar sem vörur, hlutir og efni halda verðmæti sínu og notagildi eins lengi og mögulegt er. Innan kerfisins er hönnun og framleiðsla vöru þannig háttáð að hún endist lengi og auðvelt er að gera við hana og endurvinna og er deilijónusta nýtt og neytendur endurnota vörur. Verði vara að úrgangi innan kerfisins tekur við skilvirk flokkun, söfnun og endurvinnsla sem heldur hráefnum í hringrás. Markmið hringrásarhagkerfisins er að draga úr auðlindanotkun, auka líftíma auðlinda og koma í veg fyrir að efni og hlutir hverfi úr hagkerfinu sem úrgangur.

Fjölbreytt verkefni

Verkefni sem hlutu styrk að þessu sinni eru af margvíslegum toga og til marks um mikinn áhuga á hringrásarhagkerfinu um allt land. Heildarstyrkuppþæðin var 230 milljónir króna, þar af er 141 milljón veitt vegna nýsköpunarverkefna og 89 milljónir vegna annarra verkefna.

Meðal verkefna sem ráðuneytið styrkir sem hluta af hringrásarhagkerfinu eru: Græn efnavara



Hringrásarhagkerfi er flokkað sem hagkerfi þar sem vörur, hlutir og efni halda verðmæti sínu og notagildi eins lengi og mögulegt er.

Mynd / www.ssne.is

úr úrgangi og útblæstri, Notkun plastúrgangs í stað kola í kísilmálms- og málmblendiframleiðslu, Endurvinnsla á sláturúrgangi, Endurnýting byggingarefna á Íslandi og Blöndun kjötmjols og mykju við áburðardreifingu.

Innleiðing hringrásarhagkerfis mikilvæg

Í tilkynningu vegna úthlutunar styrkjanna er haft eftir Guðlaugi Þór Þórðarsyni umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra að innleiðing hringrásarhagkerfis sé mikilvægur liður í að Ísland nái markmiðum sínum í loftslagsmálum.

„Það er því ánægjulegt og veitir tilefni til bjartsýni að skynja hversu mikill áhugi er á þessum málaflokki og verður áhugavert að fylgjast með framþróun þeirra verkefna sem hér hljóta styrk.“

/VH



Almenningur getur með hjálp snjalltækninnar safnað miklu magni af gögnum án mikils tilkostnaðar.

Landgræðslan vill fá almenning í lið með sér:

Sjálfböðaliðar vakta landið

Landvöktun – Lykillinn að betra landi er nýtt verkefni sem var hleypt af stokkunum í síðasta mánuði á vegum Landgræðslunnar.

Því er ætlað að virkja almenning í því að vakta og safna gögnum um ástand lands. Vonast þau til að öll þau sem hafa áhuga á eða nýta náttúruleg svæði á einn eða annan hátt leggi fram krafta sína í gagnaöflun. Með þessu er stefnt að því að safna nægum gögnum til þess að auka sjálfvirkni og áreiðanleika tölvukerfa sem meta ástand lands út frá gervihnattamyndum. Þetta kemur fram í fréttatilkynningu frá Landgræðslunni.

Hluti af GróLind

Við framkvæmd og skipulagningu verkefnisins er unnið eftir hugmyndafræði Lýðvísinda (e. citizen science). Þannig getur almenningur með hjálp snjalltækninnar safnað miklu magni af gögnum með litlum tilkostnaði. Notast er við smáforritið Survey123 til þess að vakta árlega svæði sem er 50 metrar í þvermál. Þátttakendur merkja miðju vöktunarsvæðisins með staur frá Landgræðslunni og fylgja aðferðarfræði sem auðvelt er að læra.



Jóhann Helgi Stefánsson.

Þetta verkefni er hluti af verkefninu GróLind sem Landgræðslan hefur unnið að undanfarin ár. Í því verkefni er notast við fjölbreyttar aðferðir við gagnaöflun til þess að meta ástand lands og eru lýðvísindi ein aðferð af nokkrum. Aðrar aðferðir eru til að mynda varanlegir vöktunarreitir sem starfsfólk Landgræðslunnar kannar á fimm ára fresti og notkun loftmynda ýmist frá gervitunglum eða drónum. Landgræðslan vonast til þess að sem flestir taki þátt í þessari gagnaöflun, en þetta er sérstaklega viðeigandi fyrir bændur,

landeigendur, ferðafólk og landverði. Skilyrði er að vöktunarsvæðið sé einsleitt og náttúrulegt. Með einsleitni er átt við að svæðið sé ekki á mörkum tveggja vistgerða. Skógrækt, tún, akkrar og græn svæði í byggð falla ekki undir skilgreiningu Landgræðslunnar um náttúruleg svæði.

Fylgjast með og hafa áhrif

„Þarna er komið tækifæri fyrir fólk til að fylgjast með landinu sínu með skipulögðum hætti, sjá árangur af uppgræðslu, glöggva sig á þróun gróðurfars og hafa bein áhrif á þá þekkingu sem við erum að skapa á hverjum degi,“ segir Jóhann Helgi Stefánsson, umhverfis- og auðlindafræðingur hjá Landgræðslunni sem stjórnar verkefninu.

Áhugasömum er bent á að skoða kynningarmyndbönd sem Landgræðslan hefur sett á youtube.com, en þau er hægt að finna með því að nota leitarorðið „landvöktun“. Einnig er hægt að hafa samband við Jóhann Helga sem stýrir verkefninu í síma 866-7119 eða með því að senda póst á netfangið johannhelgi@land.is. /ÁL

Samstarf Nova og Ljósleiðarans:

Aðgengi að ljósleiðara aukið

Nova og Ljósleiðarinn hafa undirritað samning um nýtingu ljósleiðara á landsvísu, sem mun flýta fyrir uppbyggingu 5G.

Uppbyggingunni verður sérstaklega hraðað á Vestfjörðum og Norðausturlandi. Þá hafa 65 sendar þegar verið settir upp í öllum landshlutum og er áætlað að þeir verði orðnir 200 árið 2024.

„5G Nova er nú þegar komið upp í öllum landshlutum og mun eflast hratt á næstu mánuðum þar sem samstarf félaganna gegnir lykilhutverki. Fleiri og öflugri sendar auka öryggi landsmanna.“

Nova hefur fjárfest umtalsvert í innviðum sínum á síðustu árum sem hefur gert félaginu kleift að stíga mikilvæg skref sem þessi og halda áfram að vera leiðandi og í fremstu röð í innleiðingu 5G á Íslandi,“ segir Margrét Tryggvadóttir, forstjóri Nova.

99,9% þjóðarinnar með aðgengi að ljósleiðara

Samstarf Nova og Ljósleiðarans ýtir enn frekar undir það markmið stjórnvalda að fyrir árslok 2025 verði 99,9% þjóðarinnar með aðgengi að ljósleiðara.



Erling Freyr Guðmundsson frá Ljósleiðaranum (t.v.), ásamt Margrét Tryggvadóttur og Benedikt Ragnarssyni frá Nova. Mynd/Gunnar Svanberg

„Aðgengi heimila, fyrirtækja og stofnana að öruggum fjarskiptum er mikilvægt í nútímasamfélagi. Uppbygging þessara innviða gegnir mikilvægu hlutverki í aukinni samkeppni á fjarskiptamarkaði og ekki síst fyrir heildsölu- og stórnotendur á landsbyggðinni,“ bætir Margrét við.


„Við ætlum að leggja ljósleiðarkerfi, sem getur borið yfir 1.000 þræði um allt land og með því fá allir landsmenn betra aðgengi

og öruggari fjarskiptajónustu,“ segir Erling Freyr Guðmundsson, framkvæmdastjóri Ljósleiðarans.

Að sögn hefur Nova verið í fararbroddi í innleiðingu nýjustu tækni og er komið lengst í uppbyggingu 5G á Íslandi.

Ljósleiðarinn samdi nýverið við utanríkisráðuneytið um afnot af tveimur af átta ljósleiðaraþráðum í ljósleiðarastreng NATO. Sá strengur liggur hringinn í kringum Ísland og til Vestfjarða. /MHH

ZIPWAKE Svansson ehf



ZipWake er bylting í stöðugleikabúnaði fyrir báta. Búnaðurinn sjálfvirkur og virkar 5 til 10 sinnum hraðar en hefðbundnir flapsar og er með innbyggðum gír og GPS.

Landbúnaðartæki, björgunartæki og búnaður Svansson ehf

Sími : 697-4900 • sala@svansson.is • www.svansson.is

Bændablaðið

Kemur næst út

25. ágúst



Vélfang ehf. selur og þjónustar jafnt nýjar sem notaðar vélar og tæki fyrir landbúnað, verktaka, golfvelli og sveitarfélög ásamt varahluta- og viðgerðarþjónustu.

FENDT



Fer fremstur

CLAAS



Fjölskyldufyrirtæki í fararbroddi



Leiðandi afl í 190 ár

Kverneland



Framtíðarsýn í landbúnaði

Framúrskarandi þjónusta við viðskiptavinum

Schäffer



Styrkur - afköst- skilvirkni



Nýsköpun - metnaður - framsækni

FRÉTTIR



Stjórnvöld í Noregi vilja tryggja fæðuöryggi með því að koma upp korngeymslum með sex mánaða lager.

Mynd / Miguel Bernardo

Noregur:

Vilja eiga hálfárs birgðir af korni

Landbúnaðarstofnuninni í Noregi (n. Landbruksdirektoratet) var falið af landbúnaðar- og matvælaráðuneytinu þar í landi að kanna fýsileika þess að hið opinbera kæmi sér upp korngeymslum sem hægt væri að sækja í ef innflutningur á korni stöðvast.

Vinna stofnunarinnar leiðir í ljós að sex mánaða birgðir í korngeymslum hins opinbera séu nauðsynlegar til þess að tryggja fæðuöryggi. Sé miðað við notkun á fóður- og matvælakorni í meðalári þýða þetta 165.000 tonn. Þessi lager er þá viðbót við þær geymslur sem eru þegar í notkun á vegum einkaaðila. Frá þessu greinir Bondebladet.



Sjái norskir bændur fram á að tryggur kaupandi sé að korninu þeirra, þá er bent á að framboð af innlendu korni verði áreiðanlegra.

Mynd / Nicolas Messifet

kornið. Einkaaðilar munu svo sjá til þess að það sé velta á birgðunum. Ekki er tekin afstaða til þess hvort forðabúrið skuli innihalda innlent eða erlent korn.

Bent er á að sú stefna sem tekin er í því máli muni hafa mikil áhrif á það hvaða aðilar muni sækjast eftir að taka þátt í verkefninu. Ef stefnt er að því að nýta innlent korn getur korngeymsla sem þessi styrkt norska ræktun. Sjái norskir bændur fram á að tryggur kaupandi sé að korninu þeirra, þá er bent á að framboð af innlendu korni verði áreiðanlegra.

Þess má geta að Íslendingar eiga á hverjum tíma 4-6 vikna kornbirgðir sem eru að mestu í eigu fóðurframleiðenda.

/AL



Sveitasæla á Jótlandi.

Myndir / VH

Alþjóðþing landbúnaðarblaðamanna 2022:

Framtíð landbúnaðar á óvissutímum

Fréttir og upplýsingar um landbúnað og fæðuframlæiðslu í heiminum og heima fyrir hafa sjaldan verið mikilvægari en nú á tímum.

Talsverð óvissa ríkir um matvælaframleiðslu í heiminum vegna hækkanandi verðs á olíu- og aðföngum til landbúnaðar. Auk þess sem afleiðingar loftslagsbreytinga á fæðuöryggi ólíkra heimshluta eru ófyrirsjáanlegar.

Dagana 27. júní til 4. júlí síðastliðinn fór fram í Vejle í Danmörku alþjóðþing og ráðstefna landbúnaðarblaðamanna. Á rástefnunni voru vel á annað hundrað blaðamenn og fulltrúar fjölmiðla sem sérhæfa sig í skrifum um landbúnað og matvælaframleiðslu frá tæplega 50 löndum. Bændablaðið átti fulltrúa á þinginu.

Þétt dagskrá

Að öllu jöfnu er þingið haldið árlega en vegna Covid-19 varð hlé á því í þrjú ár og því margt að fjalla um. Dagskrá ráðstefnunnar var því þétt og skiptist í fyrirlestra, vinnustofur og vettvangsferðir þar sem þátttakendur fengu að kynna dönskum landbúnaði, nýsköpun í danskri matvælaframleiðslu og umhverfisvernd.

Hægt var að velja á milli um það bil 50 ólíkra vettvangsferða á fjórum dögum. Þátttakendur gátu valið eina ferð á dag og í hverri ferð voru heimsótt fjögur eða fimm ólík býli eða nýsköpunarfyrirtæki.

Hvernig á að fæða 10 milljarða?

Áætlaður fólksfjöldi í heiminum í dag er tæplega átta milljarðar en gert er ráð fyrir að sú tala verði komin í tíu milljarða árið 2050.

Í inngangsfyrirlesturum var meðal annars varpað fram þeirri spurningu hvernig ætti að fæða þá tíu milljarða sem búist er við að mannkynið telji árið 2050. Niðurstaða umræðunnar var sú að landbúnaður í dag væri vel fær um að framleiða mat fyrir 10 milljarða jarðarbúa en að ástæða þess að víða um heim ríkti alvarleg hungursneyð væri ójöfnuður og



Hluti þátttakenda í vettvangsferð.



Rådsteffusetrið í Vingsted.

fátækt sem leiddi til matvælaþortna. Breytingar á veðurfari hafa einnig leitt til þurrka og uppskerubrests á svæðum þar sem fólk gat áður reitt sig á árvissa uppskeru.

Skammtíma- og langtímaáskilningarmál

Á þinginu kom fram að vandamálin sem matvælaframleiðsla heimsins á við að etja séu tvíþætt, annars vegar skammtíma- og hins vegar langtímaáskilningarmál.

Til skammtímaáskilningarmála teljast meðal annars hækkanir á aðföngum til landbúnaðar vegna ófriðar og stríða. Sagan sýni að slíkar hækkanir leiti jafnvægis og að matvælaaverð lækki aftur eftir að átökin hætta. Langtímaáskilningarmál eru aftur á



Fyrirlestur um kynbætur og fræðslu.

móti veðurfarsbreytingar að völdum losunar gróðurhúsalofttegunda og langtímaafleiðingar þess.

Fjöldi ávarpa

Meðal þeirra sem ávörpuðu þingið voru Eduardo Mansur, framkvæmdastjóri sviðs loftslagsbreytinga, líffræðilegs fjölbreytileika og umhverfismála hjá FAO, Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, Denise Cambell Baur, sendiherra Bandaríkjanna í París, David Leishmann, landbúnaðarráðgjafi við sendiráð Bandaríkjanna í París, og Henning Otte Hansen, markaðsfræðingur og ráðgjafi hjá matvælaráðuneyti Dana.

Nánar verður fjallað um ráðstefnuna og vettvangsferðir henni tengdri í næstu tölublöðum Bændablaðsins.

/VH




Tinger Armor

Eigum til á lager þessi frábæru farartæki, sem henta nánast við allar aðstæður.t.d

Landbúnað-björgunarsveitir-slökkvilið-línuviðgerðir á hálendinu-verktakar ofl.

Góð burðargeta-skráður fyrir 6 á landi en 4 á vatni.

Mjög hagstæð verð.



Skutull ehf.
S. 517-9991 & 842-1314

Lóa – nýsköpunarstyrkir fyrir landsbyggðina:

Verðmætasköpun úr þörungum áberandi



Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunar-ráðuneytið úthlutaði tæpum 100 milljónum króna úr Lóu, nýsköpunarstýrkjum fyrir landsbyggðina, þann 11. júlí sl. Um 100 umsóknir bárust sjóðnum en 21 umsókn hlutu brautargengi.

Stærsta styrkinn, 12,5 milljón króna, hlaut Sjótaekni ehf. fyrir rannsóknarverkefnið StaðarOrka, sem hefur það að markmiði að kanna nýtingu straumrasta eða sjávarfalla á Vestfjörðum í eða nærri vegamannvirkjum í þveruðum fjörðum til framleiðslu raforku.

Tvö verkefni tengjast sjávarföllum. Valdimar Óssurson hlaut styrk til að kanna raunhæfi sjávarfallavirkjana en niðurstöður verkefnisins munu nýtast við stefnumótun í byggða- og orkumálum við þróun sjávarorkutækni. Dagný Hauksdóttir hlaut styrk til að gera forathuganir og undirbúa nýtingu sjávarorku við Vestmannaeyjar.

Fjögur verkefni snúa að þörungum. Nýstofnað rannsóknar- og þróunarsetur um stórþörunga á Reykhólum, Þörungamiðstöð Íslands, hlaut 8,1 milljón króna til stefnumótunar þar sem framtíðarsýn og sóknaráætlun ásamt upphafsáðgerðum verða mótuð.

Þá áformar Algó ehf. uppskölun á framleiðslu sæmetis, sjávargrænmetis úr þörungum og fékk styrk í verkið.

Blábjörg fékk styrk til að þróa vörur og sjálfbæra framleiðslu úr þara. Verkefnið mun skila vörum fyrir framleiðslu á sterku áfengi, kryddi í matreiðslu og heilsuvörur.

Þá eru Tamar Seeds ehf. og Vaxa ehf. að þróa lífvirkar húðvörur sem byggja m.a. á efnun úr örþörungarekt Vaxa á Hellisheiði sem þau hyggjast nýta styrk til að þróa.

Ýmis þekkingar- og fræðsluverkefni hlutu einnig stuðning Lóu. Þróunarverkefnið STEM á Húsavík, félagasamtökin Blámi á Vestfjörðum og Nýheimar þekkingarsetur á Höfn eru þar á meðal.

Norðanátt og Sunnanátt með hvort sitt verkefnið norðan og sunnan heiða sem byggir á að virkja einstaklinga og fyrirtæki að taka þátt í nýsköpunarverkefnum.

Styðja nýliða

Opnað hefur verið fyrir umsóknir um nýliðunarstuðning í landbúnaði.

Markmið stuðningsins er að aðstoða nýliða við að hefja búskap og auðvelda ættliðaskipti í landbúnaði. Umsækjendur verða að uppfylla kröfur sem tiltekna eru í tilkynningu á vef matvælaráðuneytisins. Meðal skilyrða er að vera á aldrinum 18-40 ára og hafi lagt út fyrir fjárfestingu annaðhvort með eigin fé eða lántöku. Áhugasömum er bent á að kynna sé vel reglur um forgangsroðun í nýliðaumsóknum.

Umsóknum skal skila inn á afurð.is fyrir 1. september. /ghp

Hrútapukl á Ströndum

Átjándi Íslandsmótið í hrútaðómum verður haldið á Sauðfjarsetrinu í Sævangi á Ströndum sunnudaginn 21. ágúst næstkomandi.

Þessari skemmtilegu keppni hefur verið aflýst tvö ár í röð vegna sóttvarnatakmarkana, en verður nú endurvakin, að því er fram kemur í fréttatilkynningu frá Sauðfjarsetrinu.

Þar er haft eftir Ester Sigfúsdóttur framkvæmdastjóra að hrútapuklið sé stærsti viðburðurinn í starfi Sauðfjarsetursins. Oft hafi á bilinu 300-500 gestir mætt á viðburðinn og vonast til að fólk fjölmenni einnig í ár. /ghp



Síðast þegar keppt var, árið 2019, sigraði Jón Þór Guðmundsson á Galtarholti í Hvalfjarðarsveit. Mynd / Sauðfjarsetrið



VALTRA

T5 línan

Snjöll, þægileg og kraftmikil T-línan gerir engar málamiðlanir

- Styrkur fyrir hvaða verkefni sem er: 6 strokka AGCO aflmikil vél sem er gerð til að endast.
- Þægindi, gott vinnuumhverfi og auðveld í notkun.
- Alltaf sama gæða útsýnið dag og nótt allt árið.

- Möguleiki á bakkeyrslubúnaði með eykur útsýni og þægindi.
- Nær ótakmarkaðir möguleikar á aukahlutum og búnaði.
- Lipur vél sem hönnuð er til að spara peningana þína, eldsneyti og tíma.

Vinnuþjarkurinn þinn!



Framsláttuvél



Sláttuvél með og án knosara



Sláttufiðrildi 8,3m



Miðjurakstrarvél 8m



Rakstrarvél

PRONAR

Mikið úrval VALTRA dráttarvéla og PRONAR heyrinnutækja TIL AFGREIÐSLU STRAX

AFLVÉLAR

www.aflvelar.is
Vesturhrauni 3, Garðabæ, sími 480-0000
Austurvegi 69, Selfossi, sími 480-0400

FRÉTTIR

Rannsóknir á burnirót:

Ein merkasta lækningajurt landsins

– Markmið að gera ræktun burnirótar að raunhæfri aukabúgrein fyrir bændur

Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is



Þóra Ellen Þórhallsdóttir, prófessor í grasafræði við Háskóla Íslands, leiðir teymi sem fékk styrk úr Tækniþróunarsjóði RANNÍS til rannsókna á burnirót og möguleikum til ræktunar á henni hér á landi. Burnirót er víða komin á valista yfir plöntur í útrýmingarhættu vegna ásóknar í hana sem náttúruylfs.

Þóra segir að rannsóknin kallist Val og ræktun burnirótar sem hágæðavöru á markaði. „Í verkefninu stendur til að bera saman ólíkra stofna burnirótar á Íslandi og er þá meðal annars horft til vistfræði, efnaframleiðslu, erfðafjölbreytni og skyldleika. Plöntur verða settar í tilraunarektun í tvö ár til að bera saman vaxtarhraða og eiginleika ólíkra stofna og hvernig best er að fjölga plöntum í ræktun.“

Lokamarkmið verkefnisins er að gera ræktun og sölu burnirótar að raunhæfri aukabúgrein fyrir íslenska bændur sem geti leitt til þess að ný og verðmæt afurð komi á markaði sem íslensk fyrirtæki á snyrtivöru-, náttúruylfja- og fæðubótarefnamarkaði geti nýtt sér.

Einkynja arðstöngull

Burnirót, burn eða blóðrót óx eða var ræktuð á þökum torfbæja hér á landi og notuð til lækninga. Það er einnig gömul trú að plantan komi í veg fyrir bruna.

Rhodiola rosea, eins og plantan kallast á latínu, er fjölær jurt af helluhnoðraætt sem myndar þúfur og vex á norðurslóðum og til fjalla.

Að sögn Þóru Ellenar vex burnirót innan landamæra 29 þjóðríkja á norðurhveli jarðar og í nánast þeim öllum hefur hún verið notuð til hefðbundinna lækninga. Notkun hennar er þekkt frá 1. öld eftir Krist. Í dag er hún notuð í



Þóra Ellen Þórhallsdóttir, prófessor í grasafræði við Háskóla Íslands.

Mynd / ÞEP

húð- og hárvörur og plantan er markaðssett sem fæðubótarefni og jurtalyf af yfir 40 fyrirtækjum á alþjóðamarkaði en í aðeins örfáum tilfellum er framleiðslan studd birtum vísindarannsóknum.

Á vef Náttúrufræðistofnunar segir að burnirót sé meðalhá planta, 10 til 30 sentimetrar með mörg

og þykk blöð upp eftir stilknum. Blómin mörg saman á stöngulenda og blömgast í júní. Upp af gildum jarðstöngli vaxa hliðarstönglar sem eru 2 til 6 millimetrar að gildleika og þéttsetnir tungulaga blöðum. Blómin mörg saman í greinóttum skúf eða hálfsvaip á stöngulendum, einkynja í sérbylí. Karlblómin eru gul en kvenblómin rauðleit.

„Þarna er burnirótin í litlum hópi plantna en af um það bil 450 tegundum íslenskra blómplantna eru aðeins tíu með aðskilin kyn. Þá eru burnirótin og ættingjar hennar flagahnoðri, helluhnoðri og skriðuhnoðri einu innlendu plönturnar sem teljast til þykkblöðunga,“ segir Þóra Ellen.

Vex helst í þurrum sendnum jarðvegi, allt frá láglendi og upp í 1000 metra hæð hér á landi. Burnirót á Íslandi vex þar sem hún fær frið fyrir beit og því aðallega í klettum og gljúfrum.

Burnirót hefur einnig gengið undir nöfnunum greiðurót, höfuðrót, svæfla og munnsviðarót og vísa þessi nöfn í eiginleika jurtarinnar við notkun. Því var trúað að hún yki hárvöxt en til þess þurfti að bera burnirótarsteina í hár kvöld og morgna í nokkurn tíma. Að auki var holdsveikum ráðlagt á sínum tíma að nota burnirót sér til lækninga.

Þóra Ellen segir að hún hafi sér til skemmtunar verið að reyna að rekja orðsifjar burnirótar. „Svo virðist sem burn eigi sér ekki neina samsvörun í skyldum málum og uppruni heitisins með öllu óljós. Í skandinavísku málunum er plantan kennd við rós, rósarót.“

Algengari fyrr á tímum

Þóra Ellen segir að burnirót hafi áreiðanlega vaxið víðar hér á landi áður fyrr. „Plantan er mjög eftirsótt beitarjurt og hverfur þar sem sauðfjárbreit er stöðug. Hún er líka ein allra verðmætasta lækningaplantan í

íslensku flórinni.

Ég held að burnirót hafi eitthvað verið safnað hér á landi síðastliðinn áratug og hún virðist vera horfin á einum stað á miðhálandinu og ég tel líklegra að það sé vegna söfnunar.

Burnirót er algjörlega horfin í Þúfuveri á innan við áratug og þess vegna finnst mér miklu líklegra að hún hafi verið grafinn upp frekar en ofanjarðarhlutarnir bitnir. Ég hef séð hóp af fólki þarna með stóra poka að tína fjallagrös. Í nokkur ár voru seld íslensk burnirótarhylki en ég hef ekki séð þau á markaði nýlega.“

Samkvæmt því sem segir á vef Háskóla Íslands um rannsóknina fellur hún vel að Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna, ekki síst því sem vikur að hnignun líffræðilegar fjölbreytni og að tryggja sjálfbæra nýtingu vistkerfa.

Rannsóknin er líka einstaklega hagnýt og segir Þóra að árlegt markaðsvirði afurða burnirótar hafi verið metið yfir 3,5 milljarða króna árið 2015 og að eftirspurn vaxi stöðugt og um 8% á ári.

„Vegna þessa hefur ofnýting leitt til hnignunar burnirótarstofna,“



Undir Arnarfelli.



Á Sauðlauksdalsfjalli milli Patreksfjarðar og Rauðasands.

ÍSFELL

Vinnufatnaður

VINNUFATNAÐUR

Úrval af vinnu- og regnfatnaði, stígvélum og öryggisskóm. Hafðu samband og kynntu þér vöruúrvalið og þjónustuna!

isfell.is • sími 5200 500

Þekking og þjónusta

segir Þóra Ellen, „og að burnirót er komin á valista sums staðar, til dæmis í fimm Evrópulöndum og hefur Alþjóðanáttúruverndarráðið (IUCN) og undirstofnanir Sameinuðu þjóðanna hvatt til ræktunar burnirótartil að stemma stigu við eyðingu villtra stofna.“

Garð- og lækningajurt

Að sögn Þóru Ellenar er burnirót ræktuð í nokkrum löndum en ræktun enn í smáum stíl.

„Margir þekkja hana úr gördum sem skrautjurt sem ber bæði fögur gul og rauð blóm.

Burnirót er notuð gegn streitu og þróttleysi og til að auka einbeitingu og úthald. Klínískar rannsóknir virðast styðja við þessa verkun þótt hún sé ekki að fullu sönnuð og þörf sé á ítarlegri rannsókn. Þá má nefna að burnirót hefur sýnt mótverkandi áhrif gegn veirum og öndunarferasjúkdómum af þeirra völdum og rannsóknir hafa m.a. beinst að áhrifum hennar á æðasjúkdóma, krabbamein og sykursýki.

Í þessu verkefni sem ég stjórna koma saman aðilar sem vilja finna bestu leið fyrir ræktun burnirótartil á Íslandi með afurðum sem markaðssetja má sem sjálfbært framleidda hágæðavöru.“

Fjöldi lífvirkra efna í plöntunni

Þóra Ellen segir að greind hafa verið rúmlega 140 lífvirk efni úr burnirót og verðmætustu þeirra séu virku efnin rosin, rosavín, rosarin og salidrosíð sem eru einku í jarðstöngli plöntunnar og því er plantan öll fjarlægð fyrir uppskeru.

„Sala burnirótartil í dag byggist að mestu leyti á villtum plöntum. Erlendis hefur skortur á gæðaeftirliti leitt til þess að hráefni og vörur sem seldar eru sem burnirót eru blönduð með öðrum auðfengnari plöntutegundum eða eru alfarið aðrar tegundir sem annaðhvort innihalda alls ekki hin verðmætu virku efni eða aðeins í lágum styrk.

Það er því mikil þörf á að koma á fót sjálfbærri framleiðslu burnirótartil sem er stöðluð með tilliti til virkra innihaldsefna og tryggja gæði.

Tilgangurinn með verkefninu okkar er að skapa nýja þekkingu á því hvernig best megi nýta íslenska burnirótartil til ræktunar og framleiðslu verðmæts hráefnis. Niðurstöður rannsókna mun skýra hvaða stofn íslenskrar burnirótartil framleiðir mest af virkum innihaldsefnum og er hentugastur til ræktunar. Á sama tíma mun skapast þekking á hvaða ræktunarskilyrði eru best og ólíkar leiðir til að fjölga og viðhalda plöntum í ræktun.“

Þverfagleg rannsókn

„Við ætlum að bera saman þrjú ólíka stofna: láglandisstofn í klettum á Suðurlandi, hálandisstofn sem vex í um 600 metra hæð á miðhálandinu og fjallastofn á Vestfjörðum.

Þar munum við meðal annars rannsaka erfðafjölbreytni og skyldleika þessara stofna, vistfræðilega þætti, stærðardreifingu, blómgunartíðni og hvernig lífmassi deilist milli ofanjarðar- og neðanjarðarhluta.

Helstu virku efnin verða greind í jarðstönglinum og styrkur þeirra mældur. Plöntur úr öllum þremur stofnum verða svo fluttar norður í Skagafjörð og ræktaðar þar í tilraunareitum í tvö sumur. Þar verður fylgst með vaxtarhraða, fræframleiðslu og frægaðum.

Við munum líka greina kosti og ókosti þess að fjölga plöntum með því að búa jarðstöngulinn niður og rækta plöntur upp af fræi. Í lok tilraunarinnar verða virku efnin svo mæld aftur. Ein af afurðum verkefnisins verður leiðarvísir um ræktun burnirótartil á Íslandi.“

Þóra Ellen telur að verkefnið hafi margháttað mikilvægi.

„Í rafrænum gagnagrunnum fyrir vísindatímarit eru um eitt þúsund greinar um burnirót en þær eru næstum allar tengdar virkum efnum og meintum lækningamætti hennar. Aðeins örfáar rannsóknir hafa verið birtar um líffræði hennar eða vistfræði og við teljum að okkar rannsókn muni bæta við nýrri grunnþekkingu.

Það er að finna burnirótartil í nokkrum löndum en við höfum ekki séð að þeir framleiðendur byggja á vísindalegum rannsóknum á virkum efnum. Einn mikilvægur þáttur í okkar verkefni er að veita væntanlegum íslenskum ræktendum traustan gæðastaðal þannig að hægt

verði að markaðssetja íslensku burnirótina sem hágæðavöru.“

Að sögn Þóru Ellenar koma auk hennar að verkefninu Snæbjörn Pálsson, prófessor í stofnlíffræði, Elín Soffía Ólafsdóttir, prófessor í lyfja- og efnafræði náttúruafna, og Maonian Xu, sérfræðingur hjá Heilbrigðisvísindastofnun.

Aðrir þátttakendur eru María Eymundsdóttir og Pálmi Jónsson, sem reka Hulduland í Skagafirði, þar sem tilraunarektun burnirótartil mun fara fram og Guðrún Marteinsdóttir, prófessor í fiski- og fiskavistfræði við Háskóla Íslands, en hún er frumkvöðull í hagnýtingu náttúruafna.



Burnirótartil við Arnarfellsmúla.



RAFEINING



Rafeining ehf
Sími: 565-3049
Netfang: rafeining@rafeining.is

Flatahrauni 5b
Fax: 565-3048

220 Hafnarfjörður
Farsími: 892-9160
Vefsíða: www.rafeining.is



Agrilight lýsing fyrir allan landbúnað.

Okkar Þjónusta **AGRILIGHT**® þitt rekstaröryggi.

Sem söluaðilar Agrilight á Íslandi er okkar ánægja að gera verðtilboð í stóra sem smáa lýsingapakka. Reiknum út lýsingaþörf og gerum lampaplan kaupendum að kostnaðarlausu.

BETTER LIGHT, BETTER LIFE

KERAF

Ýmsar vörur frá Keraf. Framlengingarkefli, vinnutöflur, Led ljóskastarar í ýmsum stærðum og gerðum, tenglar, klær, hulsur o.fl.. Vara sem er framleidd í Hollandi.



Rafmagnskefli 2,5q
25 og 40mtr á lager.
Hægt að fá í ýmsum útfærslum



Vinnutöflur í ýmsum stærðum og gerðum



Tenglar hulsur og klær, einfasa og þriggjafasa í öllum stærðum og gerðum



Led kastarar í öllum stærðum og gerðum frá 2.350lm til 45.000lm, 60° eða 120° geislahorn, IP65

NightSearcher

Led ljós í ýmsum stærðum og gerðum frá NightSearcher drifin af Li-Ion rafhlöðum. Handljós, kastarar, aðvörunarljós, höfðuðljós o.s.fr.



Rafhlöðukastarar allt að 40.000lm



Höfuðljós í ýmsum gerðum



Aðvörunarljós




Handljós allt að 11.600lm



Lýsing & ljósabúnaður.

Eigum til á lager Hi-bay lampa 200W, 90°, 4000k 28.000lm. Getum einnig útvegað Hi-bay lampa í mismunandi útfærslum.



NYTJAR HAFSINS

Eignarréttur skapar skynsamlega hvata

– Dr. Michael DeAlessi rannsakar skipulag fiskveiða og áhrif þeirra á samfélög

Sigurgeir B. Kristgeirsson
binni@vsv.is



Skynsamlegt skipulag skiptir miklu um framþróun. Stærsta skref mannkyns var þegar menn tóku sér fasta búsetu, hófu að yrkja jörðina og nýttja búfé. Þar með hófst landbúnaðarbyltingin fyrir um 11.500 árum.

Landbúnaður verður ekki stundaður nema með skýrum eignarrétti lands og búfjár en hann er forsenda þeirrar þróunar sem við njótum góðs af í dag.

Skipulag mannlægs samfélags skiptir miklu um velferð fólks en það er líka auðvelt að brjóta það niður eins og dæmin sanna.

Í Norður- og Suður-Kóreu býr sama fólkið, jafnvel sömu fjölskyldurnar, hvort sínum megin við landamærin. Trúin, siðirnir, fólkið var það sama fyrir rúmum 70 árum en þá skildu leiðir. Kommúnismi, þar sem ríkið á allt, tók við norðanmegin en lýðræðislegt fyrirkomulag með eignarrétti einstaklinga sunnanmegin. Ekki þarf að upplýsa lesendur um stöðu þessara þjóða. Þjóðarframléiðsla S-Kóreu á mann er svipuð og í Evrópusambandinu og almennt eru aðstæður þjóðarinnar góðar. Íbúar N-Kóreu búa aftur á móti við fátækt og ómurlugar aðstæður. Rangt skipulag er því ekki lengi að hafa alvarlegar afleiðingar fyrir heilu þjóðirnar.

Michael DeAlessi

Dr. Michael DeAlessi er rannsóknarprófessor við University of Washington, á vesturströnd Bandaríkjanna. Hann hefur aðallega fengist við að rannsaka skipulag fiskveiða og áhrif þeirra á samfélög og fólkið sem þau byggja.

Hann var staddur hér á landi í vor til að kynna sér íslenskan sjávarútveg betur. Tilgangur ferðarinnar var að reyna að meta áhrif fiskveiðistjórnunar á lífskjör þjóða og samfélaga sem byggja á sjávarútvegi og reyna að þróa mælistiku sem mælir árangur fiskveiðistjórnunar á hag fólks. Hann þekkir vel til sjávarútvegs í Bandaríkjunum, Nýja-Sjálandi og Indónesíu, svo nokkur ríki séu nefnd.

Eignarréttur ostruveiðmanna í Willapa Bay

Michael DeAlessi birti fyrir nokkrum árum áhugaverða rannsókn um þróun ostruveiða í Willapa Bay



Ostrur eru síur sem sía næringuna úr sjó eða vatni og lifa víða um heim. Sums staðar mynda þær mikil rif og veita öðrum lífverum mikilvægt skjól.

Mynd / Ben Stern

í Washingtonríki, sem er flói á vesturströnd Bandaríkjanna. Stutta og einfalda sagan er þessi: Við landnám vesturstrandarinnar, um miðja 19. öldina, uppgötvaðu landnemar í Willapa Bay gnægð ostra í flóanum og hófu þegar veiðar.

Ekki leið á löngu þar til ofveiði varð og ávinningurinn minnkaði. Þar sem Washingtonríki hafði ekki verið stofnað, þá slógu landnemarnir eign sinni á flóann og skiptu honum á milli sín, líkt og landnemar gerðu við landnám Íslands. Þar með gátu þeir stýrt veiði sinni og nýtingu en um leið útilokað aðra frá veiðum. Washingtonríki var stofnað 1889 en þá voru ostruveiðimennirnir byrjaðir að leita leiða við að rækta ostrurnar, hlúa að búsvæðum hennar og um leið hrygningu. En ríkið hélt áfram að þróa með frekara landnámi. Skógarhögg hófst og sögunarmyllur risu upp með ánum sem féllu í flóann með tilheyrandi mengun.

Ostrurnar eru síur, það er að segja, þær sía næringuna úr sjónum. Um leið og affall sögunarmyllanna og önnur mengun barst í flóann minnkaði vöxtur og viðkoma ostranna með tilheyrandi tjóni fyrir ostrubændurnar. Þeir tóku sig saman og töluðu fyrir því við þingmenn á þingi Washingtonríkis að sett yrðu lög sem takmörkuðu heimildir manna til að menga árnar. Þeir væru að rýra eignarrétt ostrubændanna. Það tókst og þingið bannaði þeim sem þjuggu við árnar að losa úrgang í þær. A tiltölulega skömmum tíma jókst „framléiðsla“ ostrubændanna á ný og tekjur þeirra og afkoma batnaði.



Willapa Bay í Washington-ríki.



Chesapeake Bay á austurströnd Bandaríkjanna.

Á þeirri einni og hálfri öld sem liðin er frá því að ostruveiðimennirnir slógu eign sinni á flóann og hófu ostrubúskap þá er Willapa Bay nú eitt af hreinustu hafsvæðum Bandaríkjanna og ostruframléiðslan nemur nú um 25% allrar

ostruframléiðslu í Bandaríkjunum. Ostrubændur í Willapa Bay reka nú myndarleg bú og dæmi eru um að fimmta kynslóð ostrubænda sé nú að yrkja ostrubúin. En auðvitað hafa skipst á skin og skúrir í þeim búskap eins og öðrum.



Michael DeAlessi er með doktorsgráðu í hagfræði og hefur aðallega fjallað um fiskveiðar. Hann er nú rannsóknarprófessor við University of Washington, á vesturströnd Bandaríkjanna.

Mynd / SBK

Chesapeake Bay, án eignarréttar

Michael DeAlessi benti á algera andstæðu þeirrar þróunar sem átt hefur sér stað í Willapa Bay, en hún er á austurströnd Bandaríkjanna.

Í Chesapeake Bay, flóa sem liggur að ríkjum Maryland, Virginíu og Delaware, skammt frá höfuðborginni, Washington, voru fengisælustu ostrumið Bandaríkjanna, mun betri en í Willapa Bay. Í flóann falla margar ár eins og í Willapa Bay. Ostrur voru fyrst veiddar á smábátum á grunnsævi en síðar á seglbátum seint á 19. öldinni, sem drógu plóga. Smám saman fjölgaði bátum, ágreiningur jókst en öllum var ljóst að takmarka þurfti veiðina. Deilurnar leiddu meðal annars til skotbardaga milli sjómanna frá mismunandi ríkjum undir lok 19. aldarinnar. Þing ríkjanna settu mismunandi lög um ostruveiðar þar sem veiðar voru takmarkaðar með ýmsum hætti, t.d. með háum sköttum, veiðibönnum eða öðrum aðferðum en ekkert virkaði.

Með vélbátavæðingu upp úr 1900 jukust afköstin en aflinn dróst að sama skapi mjög mikið saman. Ríkin tóku sig saman og leyfðu veiðar með vélarafl tveim vikunum en hina dagana þurftu fiskimennirnir að nota segl. Þetta fyrirkomulag er enn við lýði í dag en aflinn er nánast enginn. Bátarnir eru örfáir og fiskimennirnir eru fátækir.

Börnin vilja ekki taka við útgerð foreldranna enda ekki hægt að framfleyta fjölskyldu af þeim.

En það var ekki bara að sóknarstýringin mistókst. Mengun fór að berast með vatni í ánum sem féllu í flóann frá borgunum í kring og ýmiss konar iðnaði. Ostrusjúgumennirnir sáu að afleiðingarnar voru þær sömu og á vesturströndinni, mengun hafði alvarlegar afleiðingar á vöxt og viðgang ostranna í flóanum, og höfðuðu mál á hendur ríkjum.

Árið 1919 felldi Hæstiréttur Bandaríkjanna dóm í málinu þar sem réttur ríkjanna var staðfestur um að þau mættu deila skólpi í árnar og þar með sjóinn og menga búsvæði ostranna.

Afleiðingarnar hafa ekki látið á sér standa. Undanfarna áratugi hafa margvíslegir sjúkdómar herjað á ostrurnar í Chesapeake Bay og ostrustofninn er innan við 1% af því sem hann var í lok 19. aldar. Hvort tveggja er enn við lýði, sóknarstýring báta sem mega sækja ostrumiðin á seglbátum með aðferðum í lok 19. aldar og enn er dælt í sjóinn mengun sem hleypir af stað sjúkdómum og eyðileggur búsvæði ostranna.

Það vinna ekki allir en þjóðin er betur sett

„Í öllum löndum, atvinnugreinum eða íþróttum vinna einhverjir og aðrir tapa,“ segir Michael DeAlessi.

„Þannig er það líka með eignarrétt. Hvatairnir skipta mestu máli. Þeir verða að vera réttir. Við sjáum hvernig skipulag fiskveiða í Nýja-Sjálandi, sem byggir á eignarrétti sem ég þekki vel, er miklu ábatasamara en skipulag fiskveiða annarra þjóða, t.d. í Indónesíu.

Munurinn milli landanna er að rétturinn til fiskveiða er mun skýrari á Nýja-Sjálandi en í Indónesíu. Fólkið er ekki öðruvísi, það er skipulag fiskveiða sem inniheldur rétta hvata sem skiptir mestu máli. Fiskimenn þar sem eignarréttur er vel skilgreindur eru mun betur settir en þar sem hann er það ekki.

Þeir leggja mun meira til þjóðarbúsins en þeir sem búa við lélegt skipulag. Það er einfaldlega þannig að eignarréttur skapar skynsamlega hvata.“

Ýmsar bátavörur á hagstæðu verði

Lensidælur og rofar, ljóskastarar, siglingaljós, sæti og standar, ryðfrí handföng, pollar og kefar, rofabretti og rafmagnsvörur, stýrisbúnaður og ýmislegt fleira.



S. 666 6012 / batavorur.is



SUMMAR ÚTSALA

ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR!



VERKFERA
SALAN

VERKFERASALAN • SÍÐUMÚLA 9, REYKJAVÍK • DALSHRAUNI 13, HAFNARFIRÐI • TRYGGVABRAUT 24, AKUREYRI • S: 560 8888 • vfs.is



Husqvarna á Íslandi



Husqvarna FS400

Gólfisög - Sögunardýpt 16,2cm



Husqvarna 545RX

Sláttuorf - 3 heðstöfl



Husqvarna 535RX

Sláttuorf - 2,2 heðstöfl



Husqvarna Traktor TC238T

Sláttutraktor - 18 heðstöfl



Husqvarna Rider 320X AWD

Sláttutraktor - 20 heðstöfl



Husqvarna LF75LAT

Jarðvegsþjappa - 95KG



Husqvarna K770

Steinsög - Sögunardýpt 12,5cm



Husqvarna K970

Steinsög - Sögunardýpt 15,5cm



Husqvarna K3600 MK II

Steinsög - Sögunardýpt 27cm



Husqvarna K7000 Ring

Steinsög - Sögunardýpt 27 & 32cm



Husqvarna 550XP MKII

Keðjusög - 4,2 heðstöfl



Husqvarna AM310 MK II

Slátturóbot - 1000m² - 40% halli



Husqvarna AM415X

Slátturóbot - 1500m² - 40% halli



Husqvarna AM430X

Slátturóbot - 3200m² - 45% halli



Husqvarna AM450X

Slátturóbot - 5000m² - 45% halli



Husqvarna AM305

Slátturóbot - 600m² - 40% halli

HAGTÖLUR LANDBÚNAÐARINS


Verðhjöðnun á hrávörumörkuðum

Síðustu vikurnar hefur heimsmarkaðsverð á hveiti lækkað nokkuð. Í júlí voru viðskipti með hveiti á markaðnum í Chicago komin niður undir það verð sem var fyrir innrás Rússa í Úkraínu. Framboð hefur verið að styrkjast sem leiðir til lægra verðs. Vonir eru bundnar við að samkomulag náist milli Úkraínu og Rússlands um að hefja aftur útflutning á hveiti frá hafnarborgum í Svartahafi.

Verð á soja fer einnig lækandi, einkum vegna þess að þar er gert ráð fyrir því að eftirspurn dragist saman og síðan eru uppskeruhorfur góðar í Bandaríkjunum og öðrum mikilvægum framleiðsluvæðum.

Nokkur óvissa ríkir á mörkuðum með maís. Líklegt er að hitabylgja í Evrópu dragi úr uppskeru. Það mun einnig skipta máli hvort samkomulag náist milli Rússlands og Úkraínu um útflutning á kornvörum, þar sem bæði lönd hafa talsverða markaðshlutdeild í heimsviðskiptum með maís.

Heimsmarkaðsverð á fódurhráefnum



Breyting yfir 12 mánaða tímabil

Hveiti + 56%	Hveiti + 56%	Soja + 12%
------------------------	------------------------	----------------------


Heimsmarkaðsverð á áburði lækkar

– Mikil óvissa á mörkuðum

Verð á köfnunarefnisáburði hefur lækkað lítillega síðustu vikurnar samhliða lækkingu orkukostnaðar og samdráttar í eftirspurn, sem er vanalegt á þessum tíma árs. Mikil óvissa er á mörkuðum og þá sérstaklega tengt því hvort settar verði takmarkanir á útflutning áburðar frá Rússlandi og Úkraínu.

Afhending Rússa á gasi mun hafa afgerandi áhrif á orkuverð í Evrópu á komandi mánuðum og þar með kostnaði við áburðarframleiðslu. Vegna hækkunar orkuverðs hefur verið dregið talsvert úr framleiðslu köfnunarefnis í Evrópu og jafnvel verksmiðjum lokað. Ekki er ljóst hvenær eða hvort framleiðsla ná fyrri getu sem skapa óvissu um framboð og verð á næsta ári. Ekki hafa orðið miklar verðbreytingar á fosfór og kalí á mörkuðum síðustu vikurnar. Þróun næstu misserin mun ráðast af því hvort Rússland og Hvíta-Rússland fái að flytja út sína framleiðslu.

Heimsmarkaðsverð á áburði



Breyting yfir 12 mánaða tímabil


N + 56%	P + 34%	K + 177%
-------------------	-------------------	--------------------

Gífurleg hækkun á framleiðslukostnaði landbúnaðarvara

Í flestum okkar nágrannalöndum er mánaðarlega gefin út vísitala yfir framleiðslukostnað landbúnaðarvara. Slík vísitala er samsett úr fjölda kostnaðarliða, svo sem áburði, fódri, olíu og ýmsum öðrum rekstrarvörum. Síðustu 12 mánuði hefur vísitala framleiðsluverðs landbúnaðarvara hækkað gífurlega, eða um 30-40%.

Í apríl var 12 mánaða hækkun vísitölu framleiðslukostnaðar landbúnaðarvara í Bretlandi um 30% á meðan almenn verðbólga þar í landi var um 9%. Sambærileg gögn á Írlandi gefa til kynna mun meiri hækkun, eða 41%. Gert er ráð fyrir því að vísitalan haldi áfram að hækka fram eftir ári en þó verði vöxturinn mun minni en verið hefur síðustu misserin.

Vísitala framleiðsluverðs landbúnaðarvara



ÞAÐ ER BARA SOLIS – MEST SELDA DRÁTTARVÉLIN

SOLIS



SOLIS 90 verð frá
5.695.000+vsk
Með ámoksturstækjum
6.970.000+vsk



SOLIS 50 verð frá
4.980.000+vsk
Með ámoksturstækjum
6.180.000+vsk



SOLIS 26 sjálfskipt verð frá
1.900.000+vsk
Með ámoksturstækjum
2.640.000+vsk



SOLIS 16
TILBOÐSVERÐ:
1.250.000+vsk
með sláttuvél

Mikið úrval fylgihluta í boði

10% afsláttur af ávinnsluherfum



Galv. ávinnsluherfi 4-6-8m



Tromlúsláttuvél 165cm 312.000+vsk



BOMET tætarar
1,8m 560.000+vsk
2m 660.000+vsk



Ruddasláttuvélar
í miklu úrvali.



Rúlluvél mini
980.000+vsk



vallarbraut.is S-4540050 vallarbraut@vallarbraut.is Trönuhrauni 5 220 Hafnarfirði

EUREKA!

Það þarf engan snilling til þess að sjá að Eureka sóparnir og skúringavélarnar eru fullkomin lausn fyrir fyrirtæki sem að vilja halda húsnæðinu sínu snyrtilegu og aðgengilegu. Skilvirkar og endingargóðar vörur sem að skila alltaf sínu!



AUTHORIZED
DEALER

PICOBELLO 151 ECOVAC Sópur



Verð: 139.000 + vsk

KOBRA vélsópur



Verð: 569.900 + vsk

E36 Skúringavél



Verð: 395.000 + vsk



FRÉTTASKÝRING

Landbúnaður í stríðshrjáðu landi

– Úkraínski landbúnaðarblaðamaðurinn Iurri Mykhailov segir stöðuna í heimalandi sínu einkennast af fullkominni óvissu

Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is



Innrás Rússa í Úkraínu hófst 24. febrúar síðastliðinn og ekki sér fyrir endann á þeim átökum enn. Deilur milli þjóðanna eiga sér langa sögu sem meðal annars felst í því að Rússar hernámu og innlimuðu Krímskaga frá Úkraínu árið 2014. Úkraínski landbúnaðarblaðamaðurinn Iurri Mykhailov segir í samtali við Bændablaðið að ástandið í Úkraínu einkennist af algjerri óvissu.

Úkraína var hluti af rússneska keisaraveldinu og síðan Sovétríkjunum þar til Sovétríkin liðuðust í sundur árið 1991. Fyrstu árin eftir að Úkraína hlaut sjálfstæði var rík spillning í landinu og tengsl stjórnvalda við Rússland mikil. Það var ekki fyrr en eftir svonefnda appelsínugulu byltingu, sem stóð frá því í nóvember 2004 þar til í janúar 2005, til að mótmæla kosningasvikum í landinu, að lýðræðisöfl óháð Rússlandi náðu völdum í landinu.

Brauðkarfa Evrópu

Úkraína er annað stærsta landið í Evrópu. Íbúar þess eru um 40 milljónir og þar af búa 30% í sveit. Ræktarland þar þykir vera eitt það besta í heimi og talið að í landinu sé að finna um 30% af allri svartri og bestu ræktunarmold heimsins, um 42 milljónir hektara. Úkraína er jafnframt talin vera ein af vöggum akuryrkjumeningarinnar í heiminum. Ræktanlegt land á íbúa er hátt, eða 0,71 hektari, sem er þriðja hæsta hlutfall í heimi.

Landið er stundum kallað brauðkarfa Evrópu vegna mikillar kornræktar. Ræktun á korni og sólblómum er stórtæk í landinu og flestir akrar á stærðarbilinu tíu þúsund til hundruð þúsund hektarar og umfangið því gríðarlegt. Stærstu akrarnir eru í eigu stórra alþjóðlegra landbúnaðarfyrirtækja og moldríkra landbúnaðarólígarka.

Um það bil 10% af hagkerfi Úkraínu grundvallast af landbúnaði og um 30% af útflutningstekjum landsins fengust fyrir landbúnaðarvörur fyrir innrás Rússa. Þar af fengust rúm 21% af útflutningstekjunum fyrir sólblómaolíu, 20% fyrir maís, 14% fyrir hveiti og 5% fyrir repjufræ.

Ræktunarárið 2020/21 var Úkraína í sjötta sæti yfir stærstu útflytjendur hveitis í heiminum með um 9% heimsframleiðslunnar. Samkvæmt tölum matvæla- og landbúnaðarráðuneytis Úkraínu var heildar kornuppskera landsins á árinu 2021 83,8 milljón tonn. Inni í þeirri tölu er 32,1 milljón tonn af hveiti og 40 milljón tonn af korni. Auk þess sem í landinu er ræktað mikið af maís, byggi og sólblómum. Fyrir innrás Rússa flutti landið út um 50% heimsframleiðslunnar af sólblómaolíu.

Ómældar hörmungar

Auk mannfalls, tilfærslu milljóna flóttamanna, ónefndra og ómældra annarra hörmunga í Úkraínu, hefur innrás Rússa í landið haft gríðarleg áhrif út fyrir landsteinana, meðal annars með hækkanði orku- og matvælavæði um allan heim. Eitthvað sem ekki hefur farið framhjá bændum á Íslandi með hækkanði verði aðfanga eins og áburði og fõðri, auk þess sem neytendur finna fyrir hækkanði orku- og matvælavæðis.

Fullkomin óvissa

Úkraínski landbúnaðarblaðamaðurinn Iurri Mykhailov, annar af tveimur fulltrúum Úkraínu á Alþjóðþingi landbúnaðarblaðamanna



Landbúnaður á stríðstímum. 10% af hagkerfi Úkraínu grundvallast af landbúnaði og 30% af útflutningi landsins eru landbúnaðarvörur. Mynd / inthesetimes.com



Jarðsprengjuvari á hveitiakri.

Mynd / Genya Savilov

í Danmörku fyrir skömmu, segir í samtali við Bændablaðið að best væri að lýsa ástandinu í Úkraínu þannig að það einkenndist af algjerri óvissu.

„Við vitum ekki hvenær stríðinu lýkur, hver útkoma þess verður eða hversu mikla skemmdirnar og skaði verður í kjölfar þess.“

Verð fyrir land lágt

Fjöldi býla er mikill í Úkraínu og stærð þeirra er mjög breytileg. „Til lítilla búa teljast býli sem eru um 100 hektarar að stærð en svo eru jarðir í eigu stórra landbúnaðarfyrirtækja nokkur hundruð þúsund hektarar að stærð. Auk korns rækta sum þessara stóru fyrirtækja sólblóm og framleiða sína eigin sólblómaolíu og eru með gríðarlega stóra korngeymslur.

Verð fyrir land í Úkraínu hefur lengi verið lágt miðað við land í Evrópu og mikið um að stór landbúnaðarfyrirtæki hafi keypt upp stór svæði og hafið ræktum á sólblómum og korni þar.“

Birgðir af korni

Mykhailov segir að ef horft sé til áhrifa stríðsins á landbúnað í Úkraínu þá sitji þjóðin uppi með rúmlega 20 milljón tonn af korni af uppskeru síðasta árs sem ætlað var til útflutnings. „Við eðlilegar aðstæður er 95% af öllu korni flutt út sjóleiðina en vegna þess að Rússar hafa lokað höfnunum er það ekki hægt.“ Hann segir að reynt sé eftir megni að flytja það sem hægt er af korninu út með lestum og vörubílum til Evrópu en flutningageta sé takmörkuð. „Breiddin milli öxla úkraínskra



Úkraínski landbúnaðarblaðamaðurinn Iurri Mykhailov. Mynd / VH

jámbrautalesta er önnur en í löndum Evrópusambandsins og því ekki hægt að aka úkraínskum lestum yfir landamærin og áfram á evrópskum lestarteinum. Annaðhvort verður því að flytja kornið á milli lesta eða skipta um öxla undir lestunum. Skiljanlega veldur þetta miklum töfum á flutningi á korninu, um allt að þremur mánuðum, sem er skelfilegt. Í dag er afkastageta lestanna um 1,5 til 2 milljón tonn á mánuði sem er fjórum sinnum minna en hægt er að flytja út með skipum við eðlilegar aðstæður.“ segir Mykhailov

Hvað flutninga með vörubílum varðar er ástandi ekki skárra.

„Samkvæmt lögum Evrópusambandsins þurfa allir vörubílar sem notaðir eru til flutninga innan þess að fá vottun á þriggja ára fresti en slíkar



Rússar hafa víða komið fyrir jarðsprengjum á korn- og sólblómaökrum og bændur því hræddir við að vinna og uppskera á ökrunum og víða hefur verið hætt við að uppskera á svæðum þar sem vítað er um jarðsprengjur.

Mynd /The state emergency of Ukraine.

reglur gilda ekki um vöruflytningabíla í Úkraínu. Fjöldi kornflutningabíla og bílstjóra í landinu er heldur ekki nægur til að flytja allt þetta korn. Reglur Evrópusambandsins gera einnig ráð fyrir að í hverjum flutningabíl sem ekur yfir ákveðna vegalengd þurfi að vera tveir bílstjórar með réttindi og að þeir geti tjáð sig á að minnsta kosti einu evrópsku tungumáli.

Auk þess sem hverjum bíl þurfa að fylgja ýmiss konar vottorð. Afgreiðsla bílanna er líka hæg, raðir langar og bíðin til að komast yfir landamærin allt að tvær vikur.“

Ný uppskera

Að sögn Mykhailov er uppskera korns þessa árs hafin í Úkraínu og búist er við að hún verði yfir meðallagi og einhvers staðar á bilinu 60 til 70 milljón tonn.

„Geymslugeta í landinu er ekki næg til að taka á móti öllu því magni til viðbótar við þau 20 milljón tonn sem fyrir eru. Ástandið er því þannig að Úkraínnum vita ekki hvað þeir eiga að gera við uppskeruna á meðan ekki er hægt að flytja hana úr landi. Til að

nýta kornið hefur meðal annars verið varpað fram þeirri hugmynd að brenna það í kolbrenslum til orkuframleiðslu en gallinn við hana er að okkur skortir verkþekkingu til að framkvæma hugmyndina. Önnur hugmynd felst í því að framleiða lífrænt etanól úr korninu en til að slíkt sé hægt verður að fjárfesta í dýrum tæknibúnaði sem ekki er til í landinu og slíkt er ekki vænlegt á óvissutímum.“

Aðspurður segir Mykhailov að þrátt fyrir að Evrópusambandið sé viljugt til að liðka til fyrir flutningi kornsins yfir landamærin gangi það hægt. „Mikil skrifinnaska fylgir því og óþarfa seinangangur að okkar mati.“

Jarðsprengjur á kornökrum

Mykhailov segir að Rússar hafi víða komið fyrir jarðsprengjum á korn- og sólblómaökrum. Bændur eru því hræddir við að vinna og uppskera á ökrunum og hætt hafi verið að uppskera á svæðum þar sem vitað er um jarðsprengjur.

Lán á gjalddaga

Skuldastað bænda í Úkraínu er víða slæm og margir með lán sem eru fallin. „Fjöldi bænda tók lán í vor til að standa undir kostnaði við kaup á áburði og sáðvöru og núna er komið að skuldadögum án þess að nokkuð hafi fengist fyrir kornið. Þar sem ekki er fyrirjáanlegt að það seljist í nánustu framtíð er hætta á að margir þeirra verði gjaldþrota og tapi jafnvel jörðunum sínum.“

Yfirvöld vinna í samvinnu við bankana að því að leysa greiðsluvanda bænda með því að framlengja lánin en þar sem langflestir bankarnir eru í einkaeigu eru þeir margir hverjir í fjárhagslegum vandræðum sjálfir. Eg tel að eins og er verði hægt að koma flestum bændunum til hjálpar en ef óvissan í landinu heldur áfram gæti allt farið á versta veg fyrir þá.“

Mykhailov segir að bændur í landinu séu ekki þeir einu sem séu í fjárhagsvandræðum því slíkt eigi við flesta íbúa landsins og ekki sist ríkið sjálft. „Þjóðin öll er kominn í skuld og vonlaust fyrir ríkið að standa í skilum með erlend lán á meðan lítið sem ekkert er flutt út vegna hafta og tekjur engar. Að óbreyttu blasir ekkert annað við en gjaldþrot þjóðarinnar, sem hæglega gæti leitt til þess að landið leystist upp í mörg smáríki. Slíkt myndi auðvelda Rússum að leggja það undir sig, leiða til blóðbaðs og í kjölfarið gríðarlegar bylgu flóttamanna til Evrópu.“

Mjólk og kjöt til innanlandsneyslu

Um tvö milljón tonn af mjólk eru framleidd árlega í Úkraínu. Mest af mjólkinni er framleitt á smærri býlum og gæði hennar lítil, að sögn Mykhailov.

„Einungis um 30% mjólkur sem framleidd er í Úkraínu stenst gæðastaðla Evrópusambandsins og mjólkinn því ekki flutt út og einungis neytt innanlands að undanskildu lítills háttar af smjöri og osti.“

Neysla á svínakjöti er mikil í landinu og alifuglakjöt fylgir þar fast á eftir og er framleiðslan nokkurn veginn á pari við innanlandsneyslu.



Sprengjuárás Rússa með langdrægum eldflaugum á kúabú sem drap 110 mjólkurkúr. Mynd /dairyglobal.net.



Þrátt fyrir að mjólkur-, kjöt- og eggjaframleiðsla sé ekki útflutningsvara eru bændur sem leggja stund á slíkt komnir í vandræði. Mynd /Anastasia Vlasova



Samkvæmt tölum matvæla- og landbúnaðarráðuneytis Úkraínu var heildarkornuppskera landsins á árinu 2021 83,8 milljón tonn. Mynd /kyvindependent.com

Fjöldi afurðastöðva eru á svæðum sem Rússar hafa hernumið og þeim lokað og bændur því víða gripið til heimaslátrunar.

„Þrátt fyrir að mjólk, kjöt og egg í landinu séu ekki útflutningsvara er ekki þar með sagt að bændur sem leggja stund á slíka framleiðslu séu ekki komnir í vandræði. Aðgangur að aðföngum hefur dregist saman og verð á föðri hefur margfaldast á sama tíma og eftirspurn eftir matvælum hefur minnkað.“

Margar ástæður fyrir innrásinni

Mykhailov segir nokkrar meginástæður fyrir því að Rússar, með Pútín í fararbroddi, hafi ráðist inn í Úkraínu. „Árið 2014 hernámu Rússar Krímskaga í heim tilgangi að koma sér upp höfn fyrir herskipaflota sinn við Svartahafið. Vegna skorts á vatni er Krímskagi óhentugur til landbúnaðar og treystir á vatn sem rennur í síki frá Úkraínu. Eftir að Rússar hernámu skagann lokuðu Úkraínurmenn fyrir vatnsflæðið og Rússar vilja ná yfirráðum yfir síkinu.“

Iðnaður og hergagnaframleiðsla í Úkraínu er, eða var að minnsta kosti fyrir innrásina, mjög þróuð og í landinu voru framleiddar flugvélar, eldflaugar og skriðdrekar og Rússar vilja komast yfir þá framleiðslu líka. Í Úkraínu er einnig að finna

oliulindir sem Rússar ásælast og hafa hernumið þrátt fyrir að framleiðslan nægi ekki nema fyrir um helmingi innanlandsnotkunar Úkraínuranna og þurfa þeir að flytja inn mikið af olíu árlega.“

Sögulegar forsendur innrásarinnar

Innrásin á sér einnig sögulegar forsendur sem byggja á því að höfuðborgin Kyiv er yfir eitt þúsund

og fimm ára gömul og gekk undir heitinu Kievan Rus og svæðið umhverfis hana er hið upprunalega Rússland [Garðaríki]. Heitið Rússland kom ekki fram fyrr en á að átjándu öld og yfirvöld í Moskvu líta því svo á að Rússland án Kyiv sé ófullkomið land, að sögn Mykhailov „Úkraína er lýðræðisríki með sín eigin vandamál en þar eru haldnar kosningar reglulega og í landinu er borin virðing fyrir frelsi fjölmiðla. Rússland er aftur á móti einræðisríki



Sólblóm er þjóðarblóm Úkraínu og landið er stærsti framleiðandi sólblómaolíu í heiminum. Mynd /Wikipedia

og Úkraína því þyrnir í augum yfirvalda þar. Eins og staðan er í dag sokkin upp að augum í skítahaugi og reyna eftir megni að draga alla sem þau geta inn í hauginn til sín.“

Þakklát fyrir alla aðstoð

Að lokum segist Mykhailov vilja koma á framfæri þakklæti til allra þeirra sem hafi stutt þjóð sína í framhaldi af innrásinni hvernig sem sá stuðningur hefur verið.

„Ég vil að heimurinn viti að við erum mjög þakklát fyrir hjálpin.“



Úkraína hefur verið nefnd brauðkarfa Evrópu. Mynd / Bændablaðið.

VARAHLUTIR Í KERRUR

stalogstansar.is

KNOTT
BREMSEN • ACHSEN

AL-KO
QUALITY FOR LIFE

DEXTER AXLE

Stál og stansar

Vagnhöfði 7, 110 Reykjavík | Sími: 517 5000 | stalogstansar.is

Dagur íslenska fjárhundsins haldinn hátíðlegur

– „Fjárhundurinn er þjóðarhundur Íslendinga,“ segir Sóley Ragna Ragnarsdóttir

Mikill áhugi er á íslenska fjárhundinum og ræktun hans enda fjólgar þeim stöðugt í landinu. Ekki eru nema um 70 ár síðan tegundin var í útrýmingarhættu.

„Á fyrri hluta 20. aldar fækkaði hundum ört á Íslandi en það var bein afleiðing hundabannsins, sem sett var á 1924. Enn frekar hafði aukinn innflutningur annarra tegunda áhrif á stofnstærð íslenska fjárhundsins, en um 1960 var nánast hvergi að sjá þessa vinalegu hunda, með upprétta eyrun og hringaða skottið. Með mikilli vinnu, skipulagi og alúð tókst góðum hópi af fólki að finna tegundatýpiska hunda um allt land og byggja upp stofn af fallegum, kynsterkum íslenskum fjárhundum,“ segir Sóley Ragna Ragnarsdóttir, sem er í forsvari fyrir vinnuhóp dags íslenska fjárhundsins, sem er 18. júlí ár hvert. Hún er líka eigandi slíks hunds og hefur gert mikið af því að taka ljósmyndir af tegundinni.

Þúsund hundar í landinu

Sóley segir að öflugir ræktendur og unnendur tegundarinnar hafi tekið við keflinu og í dag er stofn íslenska fjárhundsins ört vaxandi. Það eru um 80 ræktendur innan Hundaræktarfélags Íslands að rækta íslenska fjárhunda og talið er að um 1.000 hundar séu á landinu í dag.

„Íslenski fjárhundurinn er eini þjóðarhundur Íslands og þrátt fyrir að svipa töluvert til skyldra hundategunda á Norðurlöndum býr tegundin yfir ýmsum eiginleikum sem greinir íslenska fjárhundinn frá öðrum tegundum. Sambland af miklu vinnueðli, sjálfstæði og ljúfu geðslagi gera íslenska fjárhundinn að frábærum vinnu- og heimilishundi. Eitt af einkennum tegundarinnar er þéttur, veðurþolinn feldur sem gerir þeim kleift að þrífast vel í öllum veðrum og vindum,“ segir Sóley.

Mikið af hundum erlendis

Að sögn Sóleyjar hefur íslenski fjárhundurinn verið nokkuð eftirsóttur erlendis.

Til séu heimildir frá 15. öld um að



Sóley Ragna Ragnarsdóttir með hundinn sinn, Dranga Kappa Keisara.
Myndir / Sóley Ragna



Frá landnámi hefur íslenski fjárhundurinn reynst bændum mjög vel við rektur og smölu á kindum og öðrum búfenaði og lengi vel bjuggu þeir nánast eingöngu í sveitum landsins.



enskar hefðarkonur og bændur hafi sóst eftir íslenskum fjárhundum og keypt þá dýrum dómum.

„Undanfarin 20-30 ár hefur áhuginn á tegundinni erlendis aukist til muna. Þá sérstaklega í Svíþjóð og Danmörku en einnig víðar í Evrópu og í Ameríku,“ segir Sóley aðspurð hvort hundategundin sé mikið hjá fólki sem býr erlendis.

Hún segir enn fremur að sjarmi og fegurð íslenska fjárhundsins sé óumdeild og hefur ásamt áhugaverðri sögu tegundarinnar, kveikt áhuga fólks um allan heim á dásamlega þjóðarhundi okkar Íslendinga.

Íslenski fjárhundurinn á 18. júlí

Dagur íslenska fjárhundsins var haldinn hátíðlegur í sjöunda sinn 18. júlí síðastliðinn, en tilgangur dagsins er að vekja athygli á honum.

Unnendur íslenska fjárhundsins hittust um allan heim með hundana sína og nutu dagsins. Til að mynda voru skipulagðir viðburðir í Árbæjarsafni og í Glaumbæ þar sem gestir og gangandi gátu fræðst um íslenska fjárhundinn og sögu tegundarinnar.

Á Þingvöllum, Selfossi og meira að segja í Svíþjóð og Danmörku voru skipulagðar göngur


þar sem íslenskir fjárhundar stálu senunni og stoltir eigendur vöktu mikla lukku.

Saga tegundarinnar

Dagur Íslenska fjárhundsins verður að sjálfsögðu haldinn aftur að ári, þann 18. júlí 2023. Þema dagsins þá verður saga tegundarinnar og óskar vinnuhópur dagsins eftir myndum af íslenskum fjárhundum.

„Við hvetjum því alla til að fara í gegnum myndaalbúmin sín, kíkja í gömlu kassana í geymslunni og rýna í myndirnar sem hanga upp á vegg hjá ömmu og afa.

Ef þú kemur auga á fallega mynd af íslenskum fjárhundi sem var fæddur fyrir árið 2003 má endilega senda hana á netfangið difdagur@gmail.com,“ segir Sóley. /MHH



Í dag eru um eitt þúsund íslenskir fjárhundar á Íslandi og fer þeim alltaf fjólgandi. Sóley Ragna hvetur alla til að kynna sér okkar frábæra þjóðarhund enda trygglyndir, vinnusamir fjölskylduhundar, sem þjóðin má vera stolt af.



Íslenskir bændur og íslenski fjárhundurinn hafa átt einstakt samband frá landnámi, enda mikið um hundakynið í sveitum landsins.

MASSEY FERGUSON

dráttarvélar og heyvinnutæki til afhendingar strax



MF HEYVINNUVÉLAR Á LAGER: Sláttuvélar, snúningsvélar, rakstrarvélar og rúllusamstæður (val; netplöstunarbúnaður).

Styrkur - Einfaldleiki - Hátækni



Stuttur afgreiðslutími
Upplýsingar hjá sölumönnum okkar

Búvélur ehf, Austurvegi 69, Selfossi
Sími 4800080, sala@buvelar.is
www.buvelar.is



Húsqvarna®

HÁ verslun ehf tók við umboði Husqvarna byggingavörum á Íslandi þann 11. júní 2021.

- Steinsagir
- Kjarnaborvélar
- Jarðvegsþjöppur
- Sagarblöð
- Kjarnaborar



Husqvarna K3600
Vökvasög
Sögunardýpt 27 cm



Husqvarna K7000
Pre Cut
Sögunardýpt 14,5 cm



Husqvarna K7000
Ring
Sögunardýpt 32,5 cm



Husqvarna DM230
Kjarnaborvél
150mm Max



Husqvarna K970
Sögunardýpt 15,5 cm



Husqvarna K770 14''
Steinsög/hellusög
Sögunardýpt 12,5cm



Husqvarna K4000
Rafmagnssög
Sögunardýpt 12,5cm

Þjónustuverkstæði og varahlutir



Víkurbær 4 - 203 Kópavogur
Opð mán. - fös. kl. 8-17.
S. 588-0028
haverslun@haverslun.is
haverslun.is

LOKSINS · LOKSINS · LOKSINS

Vorsendingin okkar er loksins komin í hús

Nú eigum við öll garðhúsin okkar og minni gestahúsin til á lager - **Takmarkað magn**

FYRSTUR KEMUR - FYRSTUR FÆR - EKKI MISSA AF ÞESSU

www.volundarhus.is



44 mm bjálki / Tvöföld nótun

GARÐHÚS 14,5 m²

volundarhus.is

Vel valið fyrir húsið þitt

volundarhus.is · Sími 864-2400

Nánari upplýsingar á heimasíðu okkar volundarhus.is og í síma 864-2400.

50% afsláttur af flutningi á **GARÐHÚSUM** og **GESTAHÚSUM** á allar þjónustustöðvar Flytjanda.

GESTAHÚS og **GARÐHÚS** sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður

Sjá fleiri **GESTAHÚS** og **GARÐHÚS** á tilboði á heimasíðunni volundarhus.is



GARÐHÚS 4,4m²



GARÐHÚS 4,7m²



GARÐHÚS 9,9 m² án gólfs



GARÐHÚS 9,7m²



Staðgreiðsla

VISA Lán

- HAGSTÆÐAR AÐORGANIE

www.volundarhus.is

Á döfinni í júlí & ágúst

Austurland & Austfirðir

- 21.-24. júlí Franskir dagar - Bæjarhátíð á Fáskrúðsfirði
 23. júlí Tónlistarhátíðin Bræðslan
 24. júlí Flug & Fákur á Egilsstaðaflugvelli milli kl. 12.-16, boðið er upp á að skoða bæði fornbíla og flugvélar
 29. júlí-1. ág. Verslunarmannahelgin Neistaflug - Fjölskylduhátíð í Neskaupstað, markaður, strandblaksmót, flugeldar o.fl.
 12.-14. ág. Flugeldasýning Jökulsárlóni

Norðurland & Norðausturland

- 22.-24. júlí Mærudagar Húsavíkur
 23. júlí Fjölskylduhátíðin Trilludagar á Siglufirði, útsýnis-siglingar, trilluball og markaðir
 29. júlí-1. ág. Síldarævintýri á Siglufirði - fjölskylduhátíð
 29. júlí-1. ág. Ein með öllu og Íslensku sumarleikarnir á Akureyri
 29. júlí-1. ág. Berjadagar, árleg tónlistarhátíð í Ólafsfirði
 26.-28. ág. Akureyrarvaka – Menningarhátíð Akureyrar

Reykjanes, Suðurland, Suðaustur- & Suðvesturland

28. júlí-1. ág. Flúðir um Versló - Bæjarhátíð á Flúðum
 29. júlí-1. ág. Tónlistarhátíðin Innipúkinn í Reykjavík
 29. júlí-1. ág. Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum
 29. júlí-1. ág. Unglingalandsmót UMFÍ - vímulaus íþrótta- og fjölskylduhátíð þar sem börn og ungmenni á aldrinum 11-18 ára reyna með sér í fjölmörgum íþróttagreinum
 29. júlí-1. ág. Kotmót Hvítasunnukirkjunnar, kristilegt fjölskyldumót að Kirkjulækjarkoti í Fljótshlíð
 Hamingjan við hafið - Fjölskylduhátíð í Þorlákshöfn
 2.-6. ág. Sumar á Selfossi - Bæjarhátíð á Selfossi
 4.-7. ág. Grímsævintýri, fjölskylduhátíð í Borg í Grímsnesi
 6. ág. Hátíðin Hinsegin dagar eru í Reykjavík
 6. ág. Gleðigangan, hápunktur Hinsegin daga fer fram
 2.-7. ág. Töðugjöld - Bæjarhátíð á Hellu á Rangárvöllum
 12.-14. ág. Blómstrandi dagar - Bæjarhátíð í Hveragerði
 12.-14. ág. Bæjarhátíðin Fjölskyldudagar í Vogum
 20. ág. Menningarnótt í Reykjavík - tónleikar, skemmtanir flugeldasýning o.fl.
 22.-28. ág. Bæjarhátíð í Suðurnesjabæ
 26.-28. ág. Í túninu heima – Bæjarhátíð Mosfellsbæjar
 26.-28. ág. Kjötsúpuhátíðin á Hvolsvelli

Vesturland, Norðvesturland & Vestfirðir

- 20.-24. júlí Eldur í Húnaþingi - Bæjarhátíð á Hvammstanga
 22.-24. júlí Reykholtshátíðin - Tónlistarhátíð sem leggur áherslu á klassíska tónlist frá 18. og 19. öld.
 29. júlí-1. ág. Norðanþönk í Laugarbakka Vestur-Húnavatnssýslu
 29. júlí-1. ág. Sæludagar KFUK&KFUM - vímulaus hátíð við Eyrarvatn
 4-6 ág. Act Alone – árleg leiklistarhátíð á Suðureyri.

(Svo er nú sjálfsagt eitthvað sem hefur ekki komist á lista, en hér að ofanverðu er ýmislegt upptalið sem má skemmta sér við.)



Sixpensararar þykja afar móðins þessa dagana.

Ítalskar vörur sem henta íslenskum aðstæðum

Á Landsmóti var nokkuð um að fyrirtæki kynntu vörur sínar og var Elmar Guðlaugsson einn þeirra.

„Sixpensarar eru afar vinsælir þessa dagana, eiginlega vegna Peaky Blinders þáttanna sem hafa verið að slá í gegn – fólk hefur verið að falla fyrir þeim þar,“ segir Elmar, hjá fyrirtækinu sixpensarar.is.

„Auk þess eru sixpensarar mjög þægileg höfuðföt að bera. Þeir eru til í mismunandi stærðum og gerðum hjá okkur og því er málið að finna hvað passar hverjum og einum.

Hattarnir að sama skapi, sem er hægt að fá vatnshelda og eru akkúrat að verða uppseldir hjá mér núna. Þetta eru ítalskar vörur sem henta svona vel fyrir íslenskar aðstæður – og fólk hefur verið að skipta þessu út fyrir húfurnar, enda mjög kúl.



Elmar Guðlaugsson.

Svo eru til sixpensarar á krakkana líka í ýmsum litum þannig að öll fjölskyldan getur verið í þessu, enda unisex, bæði hattar og sixpensarar,“ segir Elmar og glottir. „Annars, eins og áður sagði, eru sixpensararnir gríðarlega vinsælir og verða komnir víða núna eftir Landsmótið.“ /SP



Gott getur verið að ræða málin í rigningunni.



Kvenfélagið Hringurinn seldi gestum Landsmóts handþrjónaðar ullarvörur í bilförmum. Allur ágóði sölnunnar rann beint til Barnaspítala Hringins. Hringurinn er kvenfélag, stofnað árið 1904. Félagið hefur að markmiði að vinna að líknar- og mannúðarmálum, sérstaklega í þágu barna.



Starfsmenn Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins stóðu vaktina í markaðstjaldinu.




Þétt var setið í brekkunni en þröngt mega sáttir sitja.



Þórir Haraldsson, forstjóri Líflands, Sveinbjörn Eyjólfsson hjá Nautastöðinni og Örn Bergsson, kenndur við Hof í Öræfum, voru hressir á kantinum.



Ungviðið lét ekki rigninguna á sig fá heldur stappaði sem fastast í pollunum.




Dagarnir 3. júlí–10. júlí 2022:

Mannlíf á Landsmóti

Nýverið var haldið Landsmót hestamanna í 24. sinn, en það er einn stærsti íþróttaviðburður landsins.

Hefur mótið verið haldið á fjögurra ára fresti síðan 1950, þegar fyrsta Landsmótið var haldið á Þingvöllum, en þar voru sýnd yfir hundrað hross, gæðingar, kynbóta- og kappreiðahross. Mikill fjöldi gesta sækja mótið hvaðanæva af landinu og þetta fyrsta ár mættu í kringum 10.000 gestir sem þótti gífurleg aðsókn. Það met var þó slegið árið 2008, er fjöldinn fór upp í 14.000. Nú í ár litaði rigning og hvassviðri mótið að nokkru leyti en þó var þétt setið í brekkunni á félagssvæði hestamannafélagsins Geysis á Rangárbökkum. Gestir létu þó veðurfarir ekki á sig fá heldur nutu mótsins eftir bestu getu á meðan yngsta kynslóðin ósلاði um í pollunum. /SP




Sumir voru betur búnir en aðrir fyrir votviðrið á Rangárbökkum.



Tómlegt var á veitingasvæðinu er mesta votviðrið geisaði og fólk mishressst sem átti leið þar um.



Reynir Þór Jónsson og Friðrik Már Sigurðarson.



Besti vinur mannsins var sjaldnast langt undan.





Það kennir ýmissa grasa hjá efnafræðingnum henni Elisabet og vert að skoða.

Lífrænar heilsuvörur fyrir hesta

Hin norska Elisabet N Michelson er efnafræðingur og þróunaraðili Bio Power Protection, auk þess að vera meðeigandi fyrirtækisins Nordic Horsecare.

Um ræðir línu lífrænna vara sem ætlaðar eru til þess að vinna á þurki, exemi eða öðrum kvillum hesta, hvort sem um ræðir á húð eða hári. Hér má sjá hestasjampó, aloe vera gel, smyrsl og hófaolíu sem bæði gefur hófunum gljáa auk þess að vinna á eymslum eða sýkingum sem geta myndast. Elisabet hefur einnig til sölu hálsmen með hesti – úr silfri eða gullhúðað, en hesturinn er gerður eftir verðlaunafáki vinkvenna hennar. /SP



Anna Rósa framleiðir hreinar húðvörur úr íslenskum lækningajurtum og lífrænum innihaldsefnum.

Grasalækningar nútímans



Anna Rósa Róbertsdóttir.

Anna Rósa hefur starfað sem grasalækni síðustu þrjú áratugi og leit við á Landsmótinu.

„Ástæðan fyrir því að ég er hér er sú að andlitskreim mitt er afar vinsælt hjá útivistarfólki. Svo er það nú að sárasmyrsl, sem er upphaflega ætlað mannfólki, er gífurlega mikið notað á hestana og hunda. Fyrir sár, exem og annað. Auðvitað er í boði að versla meira magn eða fá afslátt á magninnkaupum ef fólk hefur samband við mig á netfangið mitt,“ segir Anna Rósa hlæjandi. „Hér er ég annars að kynna ýmis lækningasmyrsl fyrir húðina, allt frá bóluhreinsi til áður nefndra smyrsla.“

Ég tæni allar jurtir í vörurnar mínar sjálf og gaman er að geta þess að vallhumallinn, sem ég nota mikið, kemur héðan af svæðinu ekki langt frá. Ég tæni mjög mikið af Suðurlandi vegna þess að ég er nú staðkunnug, er úr Tungunum og þekki vel til.“ /SP



Sárasmyrsl og græðikrem eru afar vinsæl á bæði menn og dýr.



SERES 3
Næsta sending
ágúst-september



HECHT Rafmagns-fjór hjól fyrir 15 ára og eldri Götuskráð



HECHT 1115 jarðvegsþjökkur
117 kg



RAG
import - export
Helluhraun 4, Hafnarfirði
sími 565 2727 & 892 7502
www.rag.is



DIECI á Íslandi | VELTIR

Þú færð öfluga DIECI skotbómulyftara hjá Velti

Dieci skotbómulyftarar og liðstýrðir skotbómulyftarar eru gríðarlega öflugir og hannaðir fyrir mikla notkun við erfiðar aðstæður.

Vinnuástaða stjórnenda Dieci skotbómulyftara er hin besta þar sem sýn úr öikumannshúsi er framúrskarandi og mikil áhersla lögð á öryggi tækjanna. Dieci býður breiða línu tækja, yfir 75 gerðir með lyftigetu allt að 23.000 kg og lyftihæð allt að 30 metrar. Aukabúnaður er fánalegur í miklu úrvali í Dieci skotbómulyftara hjá Velti.

Hafðu samband í dag

Hafðu samband við sérfræðinga okkar varðandi Dieci skotbómulyftara með því að hringja í síma 510 9100 eða sendu okkur fyrirspurn á dieci@veltir.is eða komdu til okkar í kaffi til að ræða málin í nýrri glæsilegri þjónustumiðstöð okkar að Hádegismóum 8. Hjá okkur starfar framúrskarandi teymi fagmanna sem búa yfir áratuga reynslu í söluráðgjöf og þjónustu við atvinnutæki.



Dieci á Íslandi | Hádegismóar 8 | Sími 510 9100 | Salah8@veltir.is









Svo heyskapurinn gangi smurt

Nútíma landbúnaður krefst mikils vélakosts. Gæðasmurefni skipta öllu máli fyrir virkni og endingu véla. Olís veitir ráðgjöf um olíu- og smurefnanotkun fyrir allar landbúnaðarvélar.

Ráðgjafar Olís veita allar nánari upplýsingar í síma 515 1100 eða pontun@olis.is.





Smámunasafnið hefur verið í Sólgarði frá árinu 2003 þegar Sverrir gaf Eyjafjarðarsveit safn sitt. Hönnuðir þess eru Finnur Arnar Arnarsson og Þórarinn Blöndal. Myndir / MÞÞ

Smámunasafnið í Sólgarði í Eyjafjarðarsveit:

Einstakt safn á einstökum stað

Margrét Þóra Þórsdóttir
mth@bondi.is



Smámunasafnið er ekki minjasafn, ekki landbúnaðarsafn eða verkfærasafn, búshaldsafn, nagla- eða lykklafn né heldur járnsmíðasafn, heldur allt þetta og meira til.

Svo segir Sigríður Rósa Sigurðardóttir, safnstýra á Smámunasafni Sverris Hermannssonar í Sólgarði í Eyjafjarðarsveit.

„Það sem mér finnst einstakt við Smámunasafnið er öll umhyggjan, væntumþykjan og natnin sem Sverrir sýndi hverjum einstökum hlut, hversu fallega hann bjó um munina, öll vinnan sem hann lagði í safnið sem hann vildi að yrði til sýnis fyrir

komandi kynslóðir. Það sést svo vel á þessu safni að allir hlutir eiga sinn tilverurétt,“ segir Sigríður Rósa. Hún hefur starfað á safninu undanfarin 16 ár, þar af stýrt safninu frá árinu 2015. „Það eru forréttindi að vinna við eitthvað sem manni finnst skemmtilegt. Smámunasafnið er einstakt safn á heimsvísu.“

Smíðaverkfæri Sverris sjálfs skipa stóran sess á safninu, en á því



Sigríður Rósa Sigurðardóttir, safnstýra Smámunasafnsins í Sólgarði í Eyjafjarðarsveit, við stytta sem ber nafnið Sámur. Sverrir Hermannsson var fyrirmyndin. Hann safnaði smámunum í yfir 70 ár og eru nú uppistaða þeirra muna sem sýndir eru á safninu. Félagar í Geolist gerðu styttna.



Innrömmuð dúkkulisa.

er hægt að sjá þróunarsögu hinna ýmsu tóla og tækja. Sem dæmi eru þar heflar af öllum stærðum og gerðum, gamlir og nýir.

„Sverrir safnaði yfir þúsund hlutum á hverju ári, allt frá grammófónsnálum til heilu einkasafnanna af smíðaverkefnum,“ segir Sigríður Rósa.

Gaf Eyjafjarðarsveit safnið árið 2003

Sverrir gaf Eyjafjarðarsveit safn sitt árið 2003, með því skilyrði að undir það fengist rúmlegt húsnæði. Það er að sögn Sigríðar vel staðsett í Sólgarði, en Sverrir var ungur að árum vinnuáður í Saurbæjarhreppi og gerði upp kirkjur þar. Áður hafði hann haldið sjálfur utan um safngripin sína heima hjá sér við Aðalstræti 38 á Akureyri. Hann var Innbæingur, fæddur árið 1928 og lést sumarið 2008. Hann var húsasmíðameistari að mennt á hverjufæði sig í að gera upp gömul hús. Fékk hann margvíslegar viðurkenningar fyrir ómetanleg störf sín á því sviði.

„Sverrir fór höndum um mörg elstu og sögufrægustu húsin á Akureyri og nágrenni og tók einnig þátt í endurgerð og viðhaldi nokkurra kirkna í Eyjafirði,“ segir Sigríður en þar má nefna Grundarkirkju, Grenivíkurkirkju og Möðruvallakirkju, en flestar risu þær á 19. öld.

„Safnarinn Sverrir var ekki síður við störf en húsasmíðameistarinn, vöskult söfnunarauga hans hvíkaði hvergi en hann varðveitti timbur og


nagla ásamt öðrum hlutum úr þessum gömlu húsum sem annars hefðu lent á haugunum. Úr þessum gamla við og nöglum útbjó hann sýningargrip, sem jafnframt eru einstakir minjagripir.“ Sigríður segir hann hafa komið munum haganlega fyrir í sérsmíðuðum sýningarkössum eða á fjöllum og úr varð einstakt augnayndi. „Frágangur hans var meira í ætt við myndlist, enda sjónarmið safnarans fagurfræðilegt, hann vildi hvergi hafa það sem hann sjálfur kallaði sjóngalla.“

Sigríður segir Smámunasafnið bera lönguninni til að varðveita gott vitni, þar megi finna sérstæða næmni til að sjá í hlutum það sem aðrir sjá ekki, viljann til að gefa hversdagslegum hlutum merkingu með því að setja þá í stærra samhengi.



Þetta nestisbox átti Sverrir og hafði með sér til vinnu árum saman.

Bílskúrs- og iðnaðarhurðir



- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

Smíðað eftir máli

Iðnaðarhurðir

Iðnaðarhurðir með gönguhurð

Bílskúrshurðir


Hurðir í trékarma

Tvískiptar hurðir

Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf

VAGNAR HURÐIR

Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is



Unnur Harðardóttir, hjúkrunarfræðingur á eftirlaunum, starfar á Smámunasafrinu í sumar.



Forlata búðarkassi er einn þeirra muna sem er til sýnis.

„Það sem gerir safn Sverris ólíkt öðrum söfnum er að safnarinn gerir ekki upp á milli muna, hann safnar öllu sem haga má í hendi. Hann kallaði þessa hluti smáka. Þetta eru ólíkir munir, blævangir, blýantar, bókamerki, blaðsagir, beltissylgur og blekbyttur, sem eiga sér sinn stað á safninu. Það sem aðrir sjá úr sér gengna muni sá Sverrir dýrgripi,“ segir hún.

Blikur á lofti í húsnæðismálum

Sigríður segir að nú séu blikur á lofti varðandi húsnæðismálin, en sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar hafi kynnt áform um að selja Sólgarð. Safnið yrði þar með komið á hrakhóla.

„Eina upplýsingarnar sem ég hef er að safnið verði ekki selt, en ekkert hefur komið fram um hvort það verði opið áfram og sett upp annars staðar eða hvort því verði pakkað niður,“ segir hún og bætir við að ekkert samráð hafi verið haft við sig eða aðra um framtíð Smámunasafrinsins. Dæmi séu um söfn sem pakkað hafi verið niður vegna breytinga á húsnæðismálum þeirra og munir aldrei teknir upp úr kössum aftur.

Bendir Sigríður á að Sólgarður sé elsta samkomuhús Eyjafjarðarsveitar og merkilegt fyrir þær sakir, byggt af fólkinu í Saurbæjarhreppi hinum forna. Smámunasafrnið, auk Saurbæjarkirkju sem er þar skammt við, sé eina aðdráttarflíð fyrir það fólk sem ekur fram fyrir Grund. Gestum safnsins býðst að fá lykil að kirkjunni og skoða hana, en Saurbæjarkirkja er stærst torfkirkna á Íslandi, byggð árið 1858 og enn eru haldnar þar athafnir af og til.

„Eyjafjarðarsveit er ein blómlegasta sveit landsins og náttúrufegurðin er mikil svo

innarlega. Mér finnst því miður að safnið hafi verið talað niður af ýmsum aðilum og þess verði ekki langt að biða þar til enginn nenni að keyra alla þessa leið til að skoða það. Fleiri gestir kæmu ef það yrði fært nær Akureyri. Í mínum huga er þetta einstakt safn á einstökum stað og við fáum á hverju ári fjöldann allan af gestum á öllum aldri og allir sjá eitthvað áhugavert. Við bjóðum börnum upp á ratleik sem hefur notið vinsælda og á kaffistofunni okkar eru í boði ilmandi sveitavöflur með heimagerðum sultum og rjóma,“ segir Sigríður.

Boðið er upp á leiðsögn um safnið fyrir þá sem kjósa og einnig er haldið í ýmsar hefðir sem frá Sverri eru komnar.

Orðsporið borist út fyrir landsteinana

Orðspor safnsins hafi borist út fyrir landsteinana, en þangað koma m.a. nemendahópar frá Bandaríkjunum, ferðamenn hvaðanæva að úr heiminum sækja safnið heim og tveir prófessorar séu að skrifa bók um safnið. Það eru þeir Sigurjón B. Hafsteinsson og John Bodinger De Uriarte en sá síðarnefndi hefur skrifað grein um safnið í virt safnatímarit. Sigríður segir prófessorana skrifa bókina m.a. út frá því að safnið sé einstakt, bæði vegna þess að einn maður stóð að söfnun muna þess á 70 ára tímabili og eins hversu fallega Sverrir gekk frá öllum hlutum.

„Söfn landsins eru hluti af menningararfi okkar, þau hafa mikið aðdráttarafl fyrir bæði innlenda og erlenda ferðamenn. Við lærum af sögunni hvernig lífið var og hvað undangengnar kynslóðir lögðu mikið á sig til að komandi kynslóðir ættu betra líf,“ segir Sigríður.



Sverrir Hermannsson tók þátt í endurbyggingu Saurbæjarkirkju, sem er ein stærsta torfkirkja á Íslandi byggð árið 1858. Enn eru þar athafnir af og til.

Allt fyrir hænsnin

Hitalampar - Hitaperur - Ungafóður - Varpfóður

Sendum um land allt!








Sími: 453 8888 - Opið virka daga kl. 9-17

Við Norðurlandsveg - 560 Varmahlíð



Foreldrar - Hvetjum stráka og stelpur til að lesa í sumarleyfinu

Hekla er lítil, létt, forvitin og athugul. Hennar heimur er lífið og fólkið hennar á Egilsstöðum og nágrenni.

Þabbi Heklu, þarf að ferðast mikið vegna vinnunnar. Hans áhugi er að segja sögur, mæla allt og skrá. Hekla elskar ekkert meira en að ferðast með honum og skoða nýja staði. Enda forvitin mjög.

Allt virðist vera eins og það á að vera í lífi sjö ára stelpu. En fljótt skipast veður í lofti og saga Heklu tekur óvænta stefnu sem engann getur órað fyrir (þegar hún fýkur til Grænlands).

Líka til á dönsku – Framhald í vinnslu








ALLAR STÆRÐIR AF AJ RAFSTÖÐVUM

Opnar stöðvar | Stöðvar í húsi

Stöðvar í gám | Aukabúnaður eins og sjálfvirkur skiptirofi og fleira | Öflug og góð þjónusta




Gerðu kröfur - hafðu samband við Karl í síma 590 5125 og kynntu þér þína möguleika.

KLETTUR / SALA OG ÞJÓNUSTA / KLETTAGARÐAR 8-10
104 REYKJAVÍK / 590 5100 / klettur.is



VIÐTALIÐ

Jón Örn Ólafsson, nautgripabóndi á Nýjabæ undir Eyjafjöllum:

„Við vissum að þetta var draumurinn og létum vaða!“

– Bankastarfsmaður úr Kópavogi gerðist framúrskarandi nautgripabóndi

Guðrún Hulda Pálsdóttir
gudrunhulda@bondi.is



Eftir að hafa alið með sér þann draum að gerast bændur í allmörg ár ákváðu tölvunarfræðingurinn Jón Örn Ólafsson og bókarinn Edda G. Ævarsdóttir að vanda kvæði sínu í kross og festa kaup á jörðinni Nýjabæ undir Eyjafjöllum. Þar stunda þau holdanautabúskap af miklum metnaði, við unga búgrein sem hefur farið ört stækkandi á síðustu árum.

Nýibær er falleg 260 hektara jörð undir Vestur-Eyjafjöllum, nánar tiltekið við Sandhólsmveg. Í þessum sendna jarðvegi finnst ekki steinn nema hann sé aðfluttur, jörðin er grasgefin og í góðri rækt, enda staðsett á einum jafnhljásta stað landsins, að sögn ábúenda, sem tóku við lykklunum að eigninni seinni part fagurs dags í marsmánuði árið 2010. Um fimm tímum síðar var sveitin rýmd vegna goss í næsta nágrenni, eða í Fimmvörðuhálsi, sem stuttu síðar færði sig enn nær, í Eyjafjallajökul. Nokkuð dramatískt upphaf búskapar.

Nú, tólf árum og þremur börnum síðar, hafa hjónin byggt upp myndarlegt holdanautabú með hátt í 400 nautgripum, þar af um 130 holdakýr auk þess að halda nokkrar kindur og hross. Uppbyggingin var áttak, mikil vinna og fjárhagslega krefjandi.

En með velvilja vinnuveitenda, sem veitti sveigjanleika með fjarvinnu, hjálpsamri fjölskyldu hjónanna, sem mæta alltaf til að leggja hönd á plóg þegar mikið liggur við, og góðum sveitungum sem tóku þeim vel frá fyrstu stundu, hefur þeim Jóni Erni og Eddu tekist að byggja upp föngulegt bú.

Fylgdu hjartanu

Jón Örn vann áður og fyrstu árin meðfram búskapnum í hugbúnaðardeild Íslandsbanka. Sveitin hefur að hans sögn þó alltaf átt hug hans allan. Í æsku naut hann sumarvalar í sveit, fyrst á bænum Túni í Flóa og síðar Vatnsskarðshólum í Myrdal.

Edda er Hólaskólagenin, enda hestakona í húð og hár. Þau deildu því áhuga sínum á dýrum og sveitinni og fundu sig best í einhverju vinnustæði úti við.

„Við vorum á ferð í uppsveitum Suðurlands, vissum af þessari jörð í sölu og fyrir einhverja skyndihugdettu ákváðum við að taka á okkur smá krók og kíkja hér við. Veðrið var frábært og við féllum algjörlega fyrir útsýninu til Vestmannaeyja og upp á Eyjafjallajökul,“ rifjar Jón Örn upp um fyrstu kynni af Nýjabæ. „Við hugsuðum kaupin ekkert um of eða reiknuðum dæmið til enda. Við vissum að þetta var draumurinn og létum bara vaða!“

Ekki hafði verið ábúð á jörðinni í um tvö ár þegar þau tóku við. Því var þar hvorki bústofn né vélakostur en áður hafði þarna verið rekið kúabú af miklum myndarskap. Húsakostur var í misgóðu ástandi en tún í góðri rækt og heyjuð af sveitungum í millitíðinni. Það var því allmikið áttak að koma upp bústofni, heyforða, vélakosti og að aðlaga húsakost að nýrri framleiðslu.

Nautakjötsframleiðsla varð fyrir valinu. Aðstaðan sem var til staðar miðaðist við nautgripum en þar sem búnaður til mjalta og framleiðsluréttur var ekki á búinu lá beinast við að láta reyna á að sérhæfa sig í nautakjötsframleiðslu. Jón Örn þekkti til slíks búskapar frá sveitadvöl sinni í æsku.



Jón Örn Ólafsson og Edda G. Ævarsdóttir hafa í tólf ár stundað holdanautabúskap og eru meðal annars eigendur fyrsta nauts af kyni Aberdeen Angus sem fæddist hér á landi. Sá heitir Visir og er að sögn eiganda sérlega geðgóður og kelinn með eindæmum.

Myndir /ghp og aðsendar



Jörðin Nýibær er um 260 ha af stærð, en auk þess hafa hjónin bætt við sig landi og hafa því um 350 hektara af grónu svæði auk sandfjör. Á búinu eru nú hátt í 400 nautgripum, þar af um 130 holdakýr.

Mynd / Aðsend

Velgengi með nýju erfðafni

Árangur bændanna á Nýjabæ hefur vakið athygli en þau hafa átt eina þyngstu og vaxtarmestu nautgripum landsins síðustu ára samkvæmt niðurstöðum skýrsluhalds sem Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (RML) hefur birt. Kjötíð frá Nýjabæ hefur einnig fallið vel í kramið hjá matgæðingum en það má m.a. nálgast í gegnum vefsíðu þeirra, sveitabær.is, og í Litlu bændabúðinni á Flúðum.

Nýjar dyr opnuðust þegar innflutningur á erfðafni af nautgripum af holdanautakyni voru leyfðar að nýju eftir um 25 ára hlé, sem gerði kleift að fara að rækta upp hjarðir af holdagripum, en aðeins var einblendingsrækt raunhæf fram að því.

„Með tilkomu nýja Angus erfðafnisins vaknaði með okkur mikill ræktunaráhugi. Við keyptum Angus-nautið Vísi árið 2019, sem hefur skilað miklum umbótum í okkar hjörð en einnig höfum við verið dugleg að notast við sæðingar úr öllum þeim gripum sem hafa verið í boði með góðum árangri. Á þessu ári eru allir fæddir kálfur hjá okkur komnir af nýja erfðafninu,“ segir Jón Örn. Metnaðurinn og áhuginn leynir sér ekki þegar þessi mál eru rædd en þessu til viðbótar keyptu Jón Örn og Edda kvígu og naut á nýliðnu uppboði hreinna Angusgripa.

Visir er naut úr hópi fyrsta árgangs Aberdeen Angus gripa sem fluttir voru inn sem fósturvísar frá Noregi og komið fyrir í kúm á einangrunarbúinu að Stóra-Ármóti, þar sem kálfarnir verja fyrsta ári



Jón Örn hefur látið til sín taka í félagsmálum, situr m.a. í stjórn Nautis og Bændasamtakanna. Þótt staða nautabænda sé erfið í dag segir hann að með nýju erfðafni Aberdeen Angus búi miklir möguleikar til að efla nautakjötsframleiðslu. Það sýndi sig ekki síst þegar kálfur úr framleiðslu hjónanna varð sá fyrsti til að hljóta áður óþekktu gæðaflokkun hér á landi.

sínu í einangrun áður en þeir eru seldir í hjarðir bænda. Visir er stærðarskepna, sótsvartur og vegur um 1.300 kíló. Við nánari kynni er

hann, ótrúlegt en satt, nokkuð kelinn.

„Visir er geðbesti gripur sem ég veit um. Hvort sem hann er í stú eða úti í haga með kúm, þá geng ég að

honum til að taka létt spjall og klappa honum aðeins, en hann hallar fram og vill láta klappa sér og klóra eins og hundur. Þótt hann sé óhræddur þá virðir hann mann algjörlega,“ segir Jón Örn og bætir við að þrátt fyrir að mörgum hafi brugðið við það verð sem borgað var fyrir hann í upphafi hafi það verið góð fjárfesting. Enda eru áhrifin á hjörð þeirra hjóna mjög jákvæð, flest naut undan Vísi hafa verið seld á aðra bæi sem þarfanaut og eftirspurn er eftir kvígum sem þau hafa þó hingað til að mestu haldið sjálf.

Það þarfanaut sem Jón Örn og Edda héldu eftir undan Vísi er það eina sem þau hafa slátrað undan honum. Fallþyngd þess var 502,3 kíló við 21,7 mánaða aldur og uppskar kjötíð gæðaflokkun sem áður var óþekkt á Íslandi, í U+ flokk fyrir þá sem þekkja til holdfyllingaflokka nautakjöts. Þetta sýnir, að sögn Jóns Arnar, þau gæði og miklu vaxtargetu sem nýja erfðafni Aberdeen Angus gripa frá Noregi gefur kost á og segist sjálfur stefna á að stytta vaxtartímann í 14 mánuði með 320 kg meðalfalli.

„Norðmenn leggja áherslu á mæðraeiginleika og léttan burð í ræktunstarfi sínu á Angus gripum. Burðarpungi er litlu hærri en hjá íslenska mjólkurkúakyninu. Því liggja í þessu tækifæri fyrir mjólkurframleiðendur að nýta þær kýr sem þeir þurfi ekki kvígur úr til að fá úr þeim Angusblendning. Eftirspurn er eftir slíkum gripum til kaups ef þeir vilja ekki ala sjálfir.“

Af rekstrarskýrðum

Afkoma nautakjötsframleiðslu kemur til tals. „Nautakjöt héraðs er nær eingöngu framleitt á innlendu föðri, mest grasi og byggi sem framleitt er heima á bæjum. Allir innviðir eru til staðar: framleiðsluaðstaða, vélar til föðuröflunar, flutningstæki, framleiðsluvilji bænda, afurðastöðvar, hæft og menntað kjöttíðnaðarfólk, söluleiðir og neytendur, sem vilja meira af vörinni en framleitt er. Ut frá þessu hefði maður haldið að hér væri búgrein í blóma en sú undarlega staða er uppi að afkoma hjá meðaltalsbændum í þessari grein hefur verið neikvæð síðustu 5 ár samkvæmt skýrslu RML, svo mjög að framleiðendur hafa að meðaltali greitt 412 kr. með hverju framleiddu kíló á síðasta ári,“ segir Jón Örn.



Börn þeirra Jóns Arnar og Eddu una sér vel í sveitinni. Haukur Ingi (11 ára), Dóra María (8 ára) og Arnar Bjarni (6 ára) sækja skóla á Hvolsvelli.

Hann telur að sexföldun tolllausra innflutningsheimilda á nautakjöti sem gefið var eftir til að liðka fyrir útflutningi á lambakjöti og skyri hafi verið nýtt til að þrýsta niður verði til nautakjötsframleiðenda. Samræmist það staðhæfingu í nýlegri skýrslu spretthóps matvælaráðherra um að frá árinu 2018 hafi afurðaverð til bænda lækkað um 10% á meðan almennt verðlag hafi hækkað um rúm 18%.

„Þörfin til að finna eitthvað nýtt virðist oft yfirstærkari því að halda í það sem er að virka. Þarna var lagður steinn í götu atvinnugreinar sem var að virka. Nú þarf að finna leiðir til að endurheimta það ástand.“

Fyrirsjáanlegt sé að slíkt muni taka tíma en bregðast þurfi strax við. „Bændur hafa brugðist við með hagræðingu á sínum búum en greinilega má sjá á launalið í bókhaldi bænda að lengra verður vart gengið í hagræðingu hjá þeim

sjálfum. Takmarkað rými tel ég vera til verðhækkana til neytenda enda hafa þessi utanaðkomandi áföll sem á okkur hafa dunið síðustu rúmu tvö ár komið hart niður á flestum heimilum. Ef vilji er til þess að halda þessari framleiðslu og þeim störfum sem henni tengjast beint og óbeint í landinu, þá þarf að verða hér mikil breyting sem hefst strax og lýkur ekki síðar en í endurskoðun búvörusamninga á næsta ári, 2023,“ segir Jón Örn.

Lætur til sín taka í félagsmálum

Samhliða búrekstrinum hefur Jón Örn látið til sín taka í félagsmálum bænda. Vorið 2021 var hann skipaður sem fulltrúi Landsambands kúabænda í stjórn Nautís, sem á og rekur einangrunarstöð fyrir nautgripi að Stóra-Armóti. Á síðasta Búnaðarþingi var hann kosinn í stjórn Bændasamtaka Íslands.

„Ég hef mikla ánægju af því að beita mér fyrir hönd bænda. Góður andi ríkir í nýrri stjórn Bændasamtakanna. Við komum úr ólíkum búgreinum en brennum fyrir landbúnað í heild, við eigum hreinskiptin samskipti, horfum til framtíðar og erum fólk framkvæmda.“

Jón Örn telur það mikið gæfuspor að allar búgreinar hafi kosið að sameinast undir merkjum Bændasamtaka Íslands – sameinuð rödd bænda sé sterkari. „Landbúnaður er ein mikilvægasta stoð hvers samfélags. Þeir tímar sem við lifum sýnir okkur að það er ekki jafn sjálfsagt og við vorum farin að venjast að ganga að öllu því sem hugurinn gírmist þegar okkur hentar,“ segir Jón Örn.

Hann hefur mikla reynslu í gagnavinnslu og gagnagrunnum úr fyrri störfum sínum sem tölvunarfræðingur. Hann sér mikil tækifæri felast í að greina þau gögn sem bændur hafi safnað í gegnum árin með skýrsluskilum svo þau nýtist í búrekstri. „Góð gögn skila meiri skilvirkni og hagkvæmni við framleiðsluna og eru sterkt vopn í hagsmunabaráttu bænda.“

Lausnir með loftslagsvænum landbúnaði

Þegar talinu vikur að loftslagsmálum segist hann takast jákvæður á við þau verkefni sem þeim tengjast. Hann hafi fundið samhljóð með aðilum sem standa að verkefnum Loftslagsvænn landbúnaður hjá RML, þar sem hans bú er meðal þátttekanda.

„Verkefni snúa að bættri bústjórn í öllum skilningi og þessi umræða, sem og þær áskoranir sem við tökumst á við í dag með aðföng, ýtir okkur upp úr hjólförum vanans og til



Edda er Hólaskólagengin, enda mikil áhugamanneskja um hestamennsku, sem er því skemmtileg hliðarbúgrein fjölskyldunnar. Myndir / Aðsend

að hugsa alla þætti rekstrarins. Það kemur manni á óvart hvað það má oft finna lausnir sem bæði eru jákvæðar fyrir reksturinn og umhverfið,“ segir Jón Örn og nefnir áhuga sinn á að tekin verði upp tækni sem kyngreinar nautasæði hérlendis sem dæmi um slíkt verkefni sem verið er að skoða. Á Nýjabæ eru verkefni eins og bætt beitarstjórnun, stytting á tíma opinna flaga, skjólbeltarækt, uppgæðsla og meiri meðvitund um eldsneytisnotkun meðal verkefna.

Jón Örn segist vera kominn í stjórn Bændasamtakanna til að vinna að hagsmunum landbúnaðarins alls. „Auðvitað er dýpsta þekking mín í þeirri búgrein sem ég stunda en ég hitti formenn búgreinadeilda á vikulegum fundum og hef kynnt mér niðurstöður búgreinaþinga allra deilda. Einnig er ég spenntur að hitta bændur og heyra hvað á þeim brennur á fundum á hringferð stjórnar og starfsfólks BÍ 22.–26. ágúst næstkomandi.“

HUSQVARNA GÓLFSLÍPIVÉLAR, RYKSUGUR, VATNSSUGUR OG SLÍPIVERKFÆRI



Husqvarna



Wendel
Stofnað 1957

Tangarhöfða 1
110 Reykjavík
S: 551 5464
wendel.is

A.WENDEL ER UMBOÐSAÐILI HUSQVARNA Á ÍSLANDI fyrir slípivélar, ryksugur, vatnssugur og slípiverkfæri

Verslunina Brynju þekkja landsmenn vel:

Elsta starfandi járnvöruverslun Íslands

– Brynjólfur H. Björnsson framkvæmdastjóri tekinn tali

Sigrún Pétursdóttir
sigrunpeturs@bondi.is



Verslunin Brynja hefur verið rekin í rúm hundrað ár, alla tíð á Laugaveginum. Fyrst um sinn á Laugavegi 24, en á Laugavegi 29 síðan árið 1929, er eigandi festi kaup á því húsnæði. Í dagblaðinu Fálkinn í júnímánuði árið 1930 kemur fram heilsidugrein þar sem verslunin er kynnt og hefst hún á þessa leið.

„Í nóvembermánuði árið 1919 stofnaði Guðmundur Jónsson trjesmiður ofurlitla verslun í bakhúsi við Laugaveg 24. Var sölubúðin ekki stærri en svo, að skrefa mátti milli veggja – hún var 1 meter á breidd og 3 m á lengd. Líkast til hefir ekki verið stofnuð verslun, sem byrjað hefir öllu smærri, og er þetta nú orðin ein stærsta og vandaðasta verslun bæjarins og án efa stærst í sjergrein sinni. Verslun með byggingarefni og verkfæri.“

Í dag stendur vaktina hann Brynjólfur Halldór Björnsson, framkvæmdastjóri og stærsti eigandi verslunarinnar Brynju, þar sem hann hefur verið við störf í um sextíu ár. Verslunin komst í eigu Björns, föður Brynjólfs, árið 1953 þegar bæjarlífið var litla af litlum verkstæðum og búðum og hóf Brynjólfur störf sín snemma á sjöunda áratugnum.

Á vefnum timarit.is má sjá að Björn hafði undir höndum umsvifamikinn innflutning á verkfærum, byggingavörum, glervörum auk annars og jafnan með einkaumboð fyrir þekktu framleiðendur þess varnings. Skorið gler og speglar fengust jafnframt afgreitt en í kringum árið 1940 var þar speglagerð og glerslipun í boði.

Nú hefur verslunin verið í fréttum undanfarið, aðallega vegna þess að hún er til sölu. Það er skrytið til þess að hugsa, að þarna þar sem hjarta bæjarins slær, séu breytingar í vændum.

Framkvæmdastjórinn Brynjólfur telur þó að þar sem allt sé breytingum háð geti hann væntanlega fundið sér ýmislegt til dundurs þegar gengið hefur verið frá sölu.

„Jú, þetta eru blöndnar tilfinningar að fara að brjóta upp dagsrútinuna enda hefur mér aldrei leiðst í vinnunni,“ segir Brynjólfur í stuttu



Brynjólfur stendur hér reffilegur við búðarborðið, tilbúinn að aðstoða alla þá er leita til hans.

Myndir / SP

spjalli við blaðamann. „Ástæðan fyrir því að þetta er nú á sölu er sú að ég er kominn á aldur.

Dætur mínar þrjár hafa önnur hugðarefni í lífinu og sjálfsagt og vonandi að verslunin komist í hendur aðila sem hafi sömu hugsjón og hefur fylgt henni síðastliðna öld. Þetta hefur gengið vel.

Einnig er ég við góða heilsu þannig að nú er um að gera að nýta þau ár sem eru eftir í eitthvað hressilegt,“ segir hann léttur í máli.

Litróf mannlífsins ávallt skemmtilegt

„Í daglegu amstri verslunar hef ég annars helst haft gaman af samskiptunum við fólk, hvaðanæva af landinu. Sumir stoppa og spjalla

lengur en aðrir og svo hefur síðastliðin ár verið aukinn fjöldi af útlendingum.

Þeir eru hrifnir af úrvalinu, sérstaklega Amerikanar sem sjá hér gæðamerki sem þeir geta ekki nálgast annars staðar nema á netinu – enda meira um stórar verslanir þar í landi þar sem áherslan er ekki lögð á persónuleg sértæk viðskipti.

Bretar stoppa hérna líka mikið við enda afar hrifnir af litlum smávöruverslunum þar sem úrvalið er margbreytilegt. Við eigum mikið af ýmiss konar smávöru sem lítið er um að sjáist í öðrum verslunum og fólk til dæmis, sem er að gera upp gömul hús, hluti, húsgögn eða annað, veit að hjá okkur leynist ýmislegt. Við losum okkur ekkert endilega við það sem er á lager

þó sumt seljist hægar en annað,“ segir Brynjólfur.

Innflutningur, umboð og upphaf verslunarinnar

„Ömmubróðir minn, Guðmundur Jónsson, hóf reksturinn þarna fyrir um hundrað árum. Hann hafði lært smíðar hjá trésmiðjunni Völundi en lenti í slysi og gat því ekki unnið.

För í kjölfarið til Noregs þar sem hann tók ákvörðun um að fá umboð og flytja til Íslands margs konar verkfæri, enda mikill áhugamaður um slíkt. Það var ekkert flutt inn til landsins á þessum tíma þarna rétt fyrir 1920. Þó nokkuð var þarna um fyrirtæki sem voru með verkfæri, en einnig fór hann til Svíþjóðar og Þýskalands og fékk umboð frá heilmörgum fyrirtækjum til að flytja inn vörur og verkfæri undir ýmsum merkjum til Íslands.

Þannig byrjaði þetta hjá honum,“ heldur Brynjólfur áfram.

– Þess má geta að í blaðinu Fálkanum, árið 1930, kemur fram að í Versluninni Brynju finnst:

„Trjesmiðaðeðlar frá G. Ott í Ulm, Þýskalandi og „sagir frá Sandviken í Svíþjóð sem að verslunin hefir umboð fyrir“.

Versl. Brynja

Laugaveg 29. Reykjavík.

Byður yður: Trésmiðateki frá mörgum bestu verksmiðjum heimansins í þeirri grein.

Ennfremur til bygginga: Saum, Skrúfur, Skrár, Lamir, allar teg., Gluggagler, merkið C O B E F, Gluggajárn, Kittí, Krit, Gluggatróð, Veggfóður og Húsastriga.

BERGERS MÁLNINGIN þekur mest, endist lengst, verður því ódýrust.

Jarðyrkjuverkfæri allskonar.

Brynja er að brjóta sér braut til vega og frama. Þar að kaupa ávallt er öllum gæfan sama.

Í Vestfirskum sögnum árið 1934 – vísa til heiðurs verslunarinnar Brynju. „Brynja er að brjóta sér, braut til vega og frama. Þar að kaupa ávallt er öllum gæfan sama.“

„Árið 1917 setur Guðmundur upp húsgagnaverkstæði á Laugavegi 24 og var verslunin Brynja stofnsett árið 1919. Pabbi, Björn Guðmundsson, var þá nýfluttur frá Húnavatnssýslunni með foreldrum sínum, þau bjuggu á Grettisgötu – en lítið var um annað en íhlaupavinnu fyrir fólk á þessum tíma. Hann fór því að vinna hjá frænda sínum við það sem til féll auk þess að hann sá um bókhaldið. Svo seinna varð hann kaupmaður og eigandi hérna.




AKURShús - timbureiningahús

Afhent samsett á byggingarstað eða ósamsett í einingum

– Við allra hæfi –



íslensk hönnun
& framleiðsla



Kannaðu málið á
akur.is
og pantaðu frían
húsabækling

Margar stærðir
og gerðir frá
93 - 227m²



Smíðjuvellir 9 | 300 Akranes | 430 6600 | akur@akur.is



Brynjólfur slípaði speglana sem afi hans útbjó fyrir Grillið, einum glæsilegasta veitingastað landsins, staðsettum á áttundu og efstu hæð Hótel Sögu.



Á myndunum má sjá að verslunin hefur litið sem ekkert breyst síðan fyrir tæpum 100 árum, nema örlitil yfirferð með málningu og merkið gert meira áberandi.



Mynd / Fálkinn, 21.06.1930 - www.timarit.is

Ég bjó sjálfur í Englandi og Þýskalandi en kom heim í kringum 1963 og fór þá að taka til hendinni hér í búðinni.

Með hönd í bagga við húsnæði Bændablaðsins, Hótel Sögu

„Þá var einmitt verið að leggja lokahönd á Hótel Sögu, þar sem Bændablaðið hefur aðsetur,“ heldur Brynjólfur áfram – og verkefni mitt um sumarið var að slípa speglana sem voru settir upp á Grilli. Af minn bjó þá til og ég slípaði þá, en þá var gler- og speglagerð hérna á bak við. Við sköfðuðum alla speglana sem eru uppi á Grilli en þeir voru afhentir um haustið og þótti speglaveggurinn afar tilkomumikill. Þetta var finasti veitingastaðurinn ...

Svo sköfðuðum við korta-skránnar fyrir hótélherbergin á Hótel Sögu þegar sú breyting varð – með auknum ferðamannaíðnaði þótti öruggara og þægilegra að losna við gömlu lyklana en hafa þess í stað rafræn kort sem ganga að herbergjunum,“ segir Brynjólfur og eru menn sammála um að þjónustustig verslunarinnar hafi alla tíð staðist kröfur tímans, þó í grunninn sé búðin gamla góða Brynja eins og starfsmenn hennar komust að orði nýverið.

– Eins og sjá má á merki verslunarinnar, lyklinum góða, eru lykla- og lásasmíði eitt af því sem eigendur hafa sérhæft sig í. Bryningar hnífa, skæra, hefilitanna og sporjarna fer þar fram auk annars, þá kaldbrýning á hverfissteini frá Tornek, sem er talin í hæsta gæðaflokki þegar gerðar hafa

verið samanburðarprófanir á brýnslu hjá erlendum fagaðilum.

Skiltagerð er einnig ein af sérkennum verslunarinnar, en hjá Brynju má fá skilti í miklu úrvali úr plasti, áli eða messing, sem eru svo heimsend til kaupenda. Einnig útvega þeir emeleruð skilti frá Þýskalandi sem gjarnan eru notuð á hús eða til upplýsinga.

Verkfæra og Byggingarefnis
! Verzlunin „Brynja“ !
Laugaveg 24 – Reykjavík

Hefir smíðatöl fyrir trjesmíði og beykira frá besta verkfærahúsi í Danmörku. Allt tilheyrandi húsgagna- og húsmíði.
Rúðugler, kíttri og krít.
Útvegar hurðir og glugga og allskonar lista, þakjárn, þakskífur, pappa, sement, :: :: ofna, eldavélar o. fl. :: ::

„MILLERS FALLS“

VERKFERI
með þessu merki eru þegar orðin landskunn fyrir gæð.

VERSLUNIN BRYNJA
Laugaveg 29 – Símar 4160 og 4128 – Reykjavík.

Verzlunin BRYNJA

Íbúðarmennt
Hjá okkur fáið þið flestar tegundir af járnvörum og verkfærum, hefilbekki, trésmíðavélar og rúðugler.

Laugavegi 29 - Sími 24321

Aðstandendur verslunarinnar Brynju hafa svo sannarlega verið Íslendingum til staðar gegnum árin og eiga hrós skilið.



Hluti af speglum Grillisins sem setja mikinn svip á umhverfið, enda engu til sparað hvort sem var á barborð eða vegg.

Par sem bæði eru uppálin í sveit og eru búin að fá nóg af höfuðborgarlífinu, óska eftir að leigja jörð. Vegna atvinnu væri ákjósanleg staðsetning Borgarbyggð, Snæfellsnes eða nágrenni. Fleiri staðsetningar skoðaðar með opnu hugarfari. Best væri ef um væri að ræða leigu með forkaupsrétt. Við ábyrgjumst skilvísar greiðslur og snyrtimennsku.

Við stundum tamningar, þjálfun og sölu á hrossum sem áhugamál og aukavinnu. Húsakostur þarf að vera til staðar fyrir búsetu og aðstaða sem mætti nýta fyrir starfseminna eða aðstaða sem mætti aðlaga að henni. Erum bæði í annarri vinnu sem hægt er að stunda í fjarvinnu að hluta.

Áhugasamir sendi tölvupóst á tolthestur@gmail.com



Innflutt af
Scanice
www.scanice.is +354-8985469

Nordic Star

Saint Malo

Malta

Tahiti Platinum

PREMIUM CHALETs

Eba

Chios

Waikiki

Scanice er komið í samstarf við fyrirtækið Lark, einn stærsta framleiðanda á stöðuhúsum og öðru tilheyrandi. Við bjóðum upp á ýmsar útgáfur húsa til dæmis sérstakra húsa sem hönnuð eru með ferðapjónustu í huga. Möguleikarnir eru margir og flestar óskir hægt að uppfylla.

Heyrið í okkur!

Vallargata 1, 580 Siglufjörður • s. 898 5469 • info@scaniceexport.com • www.scanice.is

IR Ingersoll Rand

LOFTPRESSUR

Í HÆSTA GÆÐAFLOKKI

Við bjóðum upp á allar stærðir og gerðir af **Ingersoll Rand** loftpressum.

Mjög hjóðlátar og einfaldar í viðhaldi.

Bjóðum upp á þjónustusamninga og leggjum mikla áherslu á að veita góða viðgerðar- og varahlutapjónustu.

Gerðu kröfur - hafðu samband við Gunnar í síma 590 5135 og kynntu þér þína möguleika.

KLETTUR / SALA OG ÞJÓNUSTA / KLETTAGARÐAR 8-10
104 REYKJAVÍK / 590 5100 / klettur.is



Býflugnarækt hefur verið stunduð á Gilhaga frá árinu 2015. Tvö bú eru þar auk afleggjara úr öðru sem var orðið of stórt fyrr í sumar. Í hverju búi eru 30 til 50 þúsund flugur.



Horft heim að býskálanum á Gilhaga.



Séð yfir bæjarstæði Gilhaga í Öxarfirði.



Brynjar með elstu dótturinni, Bóel Hildi, að skoða flugurnar.

Myndir / Aðsendar

Atferli og atorka býflugnanna kemur öllum á óvart

– Bændur á Gilhaga í Öxarfirði bjóða gestum að kynnst býflugnarækt

Margrét Þóra Þórsdóttir
mth@bondi.is



„Við höfum verið að fá þónokkuð af gestum í sumar í býskoðun og í gestastofu ullarvinnslunar,“ segir Brynjar Þór Vigfússon á Gilhaga í Öxarfirði.

Hann og Guðrún Lilja Dam Guðrúnardóttir eru með fjölbreytta starfsemi á Gilhaga, tæplega 100 kindur, nokkrar geitur, hænur og endur, auk þess sem þau hjónin stunda þar býflugnarækt. Þau settu upp ullarvinnslu fyrir fáum árum og framleiða garn sem nýtur vinsælda. Einnig er á jörðinni stunduð umfangsmikil skógrækt.

Býflugnarækt hefur verið stunduð á Gilhaga frá árinu 2015



Brynjar Þór og Guðrún Lilja Dam Guðrúnardóttir starfrækja ullarvinnslu og býflugnarækt sem gestum býðst að skoða á laugardögum í sumar.

og segir Brynjar að þau hafi tekið um 2,5 kíló af hunangi. Ekki hafi þó náðst að safna hunangi öll árin. „Býflugnarækt er mjög erfið á norðurhvara og algjörlega háð veðri og einnig innflutningi á nýjum flugum ef búin drepast yfir veturinn,“ segir hann. „Flugur geta því verið að koma seint í júní og eiga þá fullt í fangi með að safna sér vetrarforða.“

Nú eru tvö bú á Gilhaga og einn afleggjari gerður úr öðru búi sem orðið var of stórt í júní, en verður síðar að stóru búi. Í hverju búi eru 30 til 50 þúsund flugur.

„Gestir okkar hafa fæstir séð þessa gerð af býflugum og halda margir að um sé að ræða íslenskar hunangsflugur. Atferli og atorka þessara litlu flugna kemur öllum á óvart. Fórnfýsin og verkefni flugnanna, ásamt verkfræðinni í kringum eitt bú, og niður í það hversu mikilvæg hver og ein fluga er í heildinni, er eitthvað sem allir heillast að,“ segir Brynjar.

Vinna við flugurnar á laugardögum

Þau Brynjar og Guðrún bjóða gestum að líta við hjá sér á laugardögum í sumar og kynnst býflugnaræktinni. „Tíðin í sumar hefur ekki verið sérlega heppileg til býflugnaskoðunar alla laugardaga og raunar má segja að veðrið hafi oft sett strik í reikninginn varðandi fluguveður,“ segir Brynjar.

Gestir hafa komið við á bænum alla daga vikunnar og óskað eftir

býskoðun sem orðið er við, en hann segir að reynt sé að beina fólki inn á laugardaga þar sem þau séu þá að vinna í flugunum.

„Við höfum eins og við best getum kynnt fyrir okkar gestum líffræði flugnanna og atferli og reynt að sýna og útskýra starfsemi og tilgang búans og flugnanna,“ segir Brynjar en flugurnar eru skoðaðar úr öruggri fjarlægð. Hús sem þau Brynjar og Guðrún smíðuðu utan um býflugnabúin gera þeim kleift að vinna í búunum hvernig svo sem viðrar.

Gestavinnustofan vinsæll áfangastaður

Gestastofan, sem rekin er samhliða ullarvinnslunni, hefur einnig verið vinsæll áfangastaður í sumar, bæði meðal innlendra en einkum erlendra ferðamanna sem gjarnan vilja kaupa íslenskt ullarband og kynnst íslensku sauðfé. Verslun er á staðnum og hægt að versla t.d. garn, en einnig kaffi eða tesopa og taka ásamt öðru með sér inn í skógræktina og njóta þar kyrrðar og náttúru.

„Ullarvinnslan hefur gengið vel og það er mikil aukning í sölu á bandi, sérstaklega eftir að Handþrjónasamband Íslands gaf út fallega peysuuppskrift sérstaklega fyrir bandið okkar,“ segir Brynjar og bætir við að ýmsir þrjónahönnuðir hafi einnig nýtt sér þeirra band í sína hönnun. „Það er margt spennandi komið á markað og annað á leiðinni, þannig að allt lítur vel út.“

Stöðluð stálgrindarhús á hagstæðu verði

Stærðir: 80m², 150m², 250m² og 350m²

Stálgrindin er heitgalvaniseruð og er sérsmíðuð fyrir íslenskar aðstæður. Húsin standast mestu snjó- og vindálagsskröfur sem gerðar eru í byggð á Íslandi og henta því sem geymslu- og vélaskemmur í öllum landshlutum. Húsin eru klædd 60mm PIR


yleiningum á vegg og 80/125mm yleiningum á þök. Mögulegt er að velja liti á klæðningarnar. Húsunum fylgja allar nauðsynlegar teikningar til að fá byggingarleyfi ásamt teikningum af grunn og vinnuteikningum. Einnig fylgir keyrsluhurð, einn gluggi og tvær gönguhurðir. Reyklosunargluggar eru á þaki sem hleypa inn birtu.

SAMAN Í
60 ÁR

BYKO

bondi@byko.is





Nýnemar við Garðyrkjuskólann á Reykjum í Ölfusi hittust fyrir skömmu á Café Flóru í Grasagarðinum í Reykjavík. Myndir / Garðyrkjuskólinn á Reykjum

Garðyrkjuskólinn á Reykjum:

Nýnemar hittust í Grasagarðinum

Þann 28. júní síðastliðinn gafst nýnemum og kennurum Garðyrkjuskólans á Reykjum í Ölfusi kostur á að hittast í fyrsta sinn í Café Flóru í Grasagarðinum í Reykjavík. Samtals eru skráðir í nám rúmlega 140 nemendur á hinum ýmsu stöðum námsframvindunnar.

Bóknámið við skólann tekur tvö ár í staðarnámi en fjögur ár í fjarnámi og við bætist 60 vikna verknámstími til fullnaðarútskriftar sem fullnuma garðyrkjufraeðingur. Færst hefur í vöxt að nemendur kjósi að stunda fjarnám við skólann og nú er meirihluti nemenda fjarnemar.

Námið kynnt

Brautastjórar kynntu sex ólíkar námsbrautir sem kenndar eru en þær eru: Skrudgarðyrkju-, Blómaskreytinga- og Ylræktarbraut, Braut um lífræna ræktun grænmetis, Garð- og skógarplöntubraut og Skógur og náttúra.

Allir kennarar við skólann hafa áratuga reynslu í sérfögum garðyrkjunnar og hafa stundað kennslu árum saman við skólann. Deildarfulltrúi sagði frá sínum störfum, einkum þeim sem lúta að samskiptum við nemendur og starfsfólk.

Auk þess sem Hjörtur Þorbjörnsson, forstöðumaður Grasagarðsins í Reykjavík, kynnti fjölbreytta starfsemi garðsins.

Nám í garðyrkju til FSU

Olga Lisa Garðarsdóttir, skóla-meistari Fjölbrautaskóla Suðurlands, gerði grein fyrir nýrri stöðu garðyrkjunámsins. Sú grundvallarbreyting hefur orðið að Garðyrkjuskólinn er ekki lengur hluti af Landbúnaðarháskóla Íslands frá og með komandi skólaári, en



Olga Lisa Garðarsdóttir, skóla-meistari Fjölbrautaskóla Suðurlands, gerði grein fyrir nýrri stöðu garðyrkjunámsins.

heyrir alfarið undir FSU.

Kennslan mun áfram vera á Reykjum og farið verður rólega í breytingar. Vonir standa til að húsakostur skólans verði endurnýjaður á næstu árum, sérstaklega með þarfir verklegar kennslu í huga. Þá er sú nýbreytni í vinnslu að nemendur munu geta í framtíðinni lokið námi við skólann með stúdentspróf frá FSU, auk garðyrkjuréttinda.

Guðríður Helgadóttir starfsmenntanámsstjóri tók nýnema í verklegar æfingar í Grasagarðinum. Nemendur skulu skila safni þurrkaðra íslenskra plantna í áfanga um Íslensku flórana en til þess þurfa þeir að kynna réttum vinnubrögðum. Einnig var skoðaður sýnisgarður matjurta sem þar er að finna. / Ingólfur Guðnason

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA
Á BÍLSKÚRS- OG IÐNAÐARHURÐUM

IS HURÐIR

www.ishurdir.is
564-0013 | 865-1237

Kæru björgunaraðilar um allt land!

Af eigin reynslu af björgunarsörfum og skorti á úrræðum með léttan búnað í leitum á hlandi. Þráði ég samantjótanlegar sjúkrabörur til að bera á baki í leitum og flyta fyrir björgun slasaðra á fjöllum. Markmiðið var að gera björgunarsörf léttari fyrir okkur og auka öryggi slasaðra á fjöllum, með því draga úr hættunni á vindkælingu með meira skjóli.

Eiginleikar: Aðeins 4,9kg, 30cm hliðarkantar, áföst hitahlíf til fóta, mjúk lega, einangrandi stífur botn og mjúk handföng. Í heimsókn til Landhelgisgæslunnar, kom í ljós; að sjúkrabörurnar passa í þyrlukörur, sjúkrabílagur og beint á gólf litilla flugvéla án þess að flugsæti þurfi að fjarlægja. *Fyrsta verðlaun á Ítalíu 2018, fyrir besta hugvitið!

„Hallas Rescue Stretchers“ hafa verið til sölu hérlendis seinustu fimm ár. Keyptar af björgunarsveitum um allt land, ferðafélögum í fjallaskála, ýmsum leiðsögufélögum, skólkásum o.fl. Nú er Hallas ehf. að stofna fyrirtæki erlendis fyrir alheimsmarkað og mun hætta sölu hérlendis í lok þessa árs. Enn eru til nokkrar sjúkrabörur á lager. www.hallas.is Takk fyrir mig fráþæra fólk, sem lætur líf og öryggi ferðamanna skipta máli. Halla Eysteins

Hallas ehf. Íslenskar sjúkrabörur • CE merktar
Búnaðurinn fellur undir EÚ-búnaðs Eignasambandsnum: 93/42/EEC
Hannaðar samkvæmt ISO 9001:2015, ISO 14001:2015, ISO 45001:2018, ISO 15001:2015
- 500 pólur í botni • Mjök og léttar samantjótanlegar
- Búnaðurinn 200 kg • Eign þyngd 4,9 kg

Hentar vel við Íslenskar aðstæður
Hérlendisbjörgun og leitir
Gerum björgun léttari!
„Bestum öryggi slasaðra á fjöllum“

Til eru margar gerðir af sjúkrabörum um allan heim

En engar eru hannaðar eins og Hallas Rescue Stretchers

WINNER
PROWINTER
STARTUP AWARD

Við sendum í einum grænum

Harðskafi

Sveiflukóngurinn
AGF PREMIUM 200cm
Kr 1.054.000 m. vsk
Kr 850.000 án vsk

Rokkarinn
GKHS PREMIUM 260cm
Kr 1.116.000 m. vsk
Kr 900.000 án vsk

Snyrtipinninn
GKS PREMIUM 200cm+60cm orf.
Kr 930.000 m. vsk
Kr 750.000 án vsk

Sláttuvél 160cm
24hp EL fyrir fjórhjól
Kr 799.800 m. vsk
Kr 645.000 án vsk

Sláttuvél 120cm
15hp EL fyrir fjórhjól
Kr 465.000 m. vsk
Kr 375.000 án vsk

Sláttuvél 115cm
Fyrir smátraktora 14hp+
Kr 297.600 m. vsk
Kr 240.000 án vsk

Orf hydro
Vökvadriflið 65cm
Kr 434.000 m. vsk
Kr 350.000 án vsk

Sláttuvél PTO
STANDARD 175cm
Kr 396.800 m. vsk
Kr 320.000 án vsk

Kurlari PTO
RPM1000 - max 25cm
Kr 1.364.000 m. vsk
Kr 1.100.000 án vsk

Kurlari PTO
RPM540 - max 10cm
Kr 396.800 m. vsk
Kr 320.000 án vsk

Kurlari bensín
Bensín 6,5hp - max 8cm
Kr 198.400 m. vsk
Kr 160.000 án vsk

Tindaskafa
Fyrir fjórhjól
Kr 328.600 m. vsk
Kr 265.000 án vsk

Skógarsnyrtir
Vökvadriflið
Kr 558.000 m. vsk
Kr 450.000 án vsk

Sturtuvagn 2 tonna
Kúlutengi + traktorstengi
Kr 570.400 m. vsk
Kr 460.000 án vsk

Flutningskassi 2mtr
opnar og sturtar
Kr 241.800 m. vsk
Kr 195.000 án vsk

Rafbörur 4x4
Drif á öllum og búkollubeygja
Kr 545.600 m. vsk
Kr 440.000 án vsk

Smágrafa 1,2 tonn
Diesel 12hp
Kr 2.467.600 m. vsk
Kr 1.990.000 án vsk

www.hardskafi.is Júlí 2022 Sími 555 6520 sala@hardskafi.is

Twenty One
FLUGNAEITUR

Einstök formúla flugnaeiturs fyrir bændur í kvikfjárrækt

Söluastaðir:
Bústólpi
Fóðurblandan
Kaupfélag Borgfirðinga
Lifland
Verzlunin Eyri
Vélaval

STREYMI
heilðverslun

Streymi heilðverslun ehf. S 588 2544
Goðanesi 4 N streymi@streymi.is
603 Akureyri V www.streymi.is

Saga vélar:

Fjórir áratugir og á nóg eftir

– Taarup sláttutætarari í Hrutafirði með einstaka endingu

Ástvaldur Lárússon

astvaldur@bondi.is



Nýlega komst blaðamaður Bændablaðsins á snodir um Taarup sláttutætara sem var að klára sinn 42. heyskap núna í sumar. Þrátt fyrir að vera hokinn af reynslu þá er sláttutætari enn í fullri notkun og segir Gunnar Þórarinnsson, bóndi á Þóroddsstöðum og eigandi vélarinnar, að hann eigi enn nóg eftir.

Votverkun á lausu heyi í gryfjur eða turna sem slegið var með sláttutætara var útbreidd heyverkunaraðferð á árum áður. Með tilkomu rúlluvélanna í kringum 1990 vék þessi aðferð, ásamt súgþurrkun, nær alfarið fyrir rúllum.

Borið saman við þær heyverkunaraðferðir sem algengastar eru núna, þar sem grasíð er slegið, þurrkað á velli, rakað í múga og svo yfirleitt pakkað í rúllur, þá sleppir sláttutætari nokkrum skrefum. Tæki sem þessi slá og blása heyinu upp í vagn á sama tíma.

„Foreldrar mínir kaupa sláttutætara nýjan árið 1981. Ég man ekki nákvæmlega hver seldi Taarup landbúnaðartæki, en líklegast var það Véladeild Sambandsins. Það var til gamall sláttutætari hér á bænum sem hafði ekki verið notaður í nokkur ár, áður en þessi var keyptur, þar sem það var lítið sem ekkert verkað í vothey á tímabili. Við vorum aðallega með laust þurrhey fram að því.“

Gunnar segir að á þessum 42 sumrum hafi bilanatið verið mjög lág. Það eina sem hefur skemmst séu þrjár legur ásamt því sem hann hefur þurft að endurnýja plötustál sem hefur þynnst.

Frábært fóður í bland við rúllur

Samkvæmt Gunnari er þetta frábært fóður og því hefur hann aldrei hugsað sér að hætta þessari heyverkun. Aðspurður af hverju honum gengi svona vel með heyverkunaraðferð sem sé nánast horfin þá segist Gunnar gruna að margir hafi verið með of stórar flatgryfjur.

„Bæði voru menn kannski of lengi að koma heyinu í þær og eins voru menn þá of lengi að gefa úr þeim, þannig var meiri hætta á því að það hitnaði í heyinu. Hjá okkur



Sláttutætari á Þóroddsstöðum við heyskap í sumar. Þegar vandað er til verka er hægt að gera gott og ódyrt fóður með þessari heyverkunaraðferð. Afköstin eru þó minni en þegar pakkað er í rúllur. Mynd / Gunnar Þórarinnsson



Gunnar Þórarinnsson. Mynd / MHH

eru tvær flatgryfjur og eru þær hvor um sig sex metra breiðar og tólf metra langar. Helmingurinn af heyforðanum fyrir fæð er sleginn með þessum tætara og settur í flatgryfurnar. Hinn helminginn slæ ég og raka í múga, en ég fæ verktafa til þess að rúlla og pakka í plast.



Á sínum tíma fengu Taarup sláttutætara verðlaun fyrir gæði. Mynd / Tíminn, 1960

Ég sé ákveðna kosti við að blanda þessu saman því ég get stjórnað því hvernig rúlluhey ég get á móti votheyinu.



Taarup sláttutætara voru mjög algengir á árum áður. Véladeild Sambandsins fór með umboðið. Mynd / Búnaðarblaðið Freyr, 1979

Fyrirkomulagið er þannig að á morgnana gef ég kindunum rúllur og svo kemur kvöldgjöfin úr flatgryfjunni. Með þessu endist votheyið allan veturinn á móti 200-250 heyrúllum,“ segir Gunnar en á Þóroddsstöðum eru 440 kindur.

Hann bætir því við að þetta sé mjög hagkvæmur kostur vegna lítillar plastnotkunar. „Ég hugsa að plastkostnaðurinn fyrir þessar gryfjur sé vel innan við tíuþúsundkallinn og hluta af plastinu get ég notað á milli ára.“

Ekki eins háður þurrki

Þar sem ekki þarf að taka eins mikið tillit til veðurs og þurrka hefur Gunnar kost á að nýta lakari þurrkdaga en þegar heyjað er í rúllur.

„Sem dæmi þá náðum við nokkrum gluggum til þess að klára votheyið tiltölulega snemma rigningasumarið 2014 og vorum við þá betur sett en margir aðrir. Eitt skiptið sáum við fram á tólf tíma rigningarhlé og byrjuðum því að heyja klukkan þrjú um nóttina og slógum alveg til klukkan þrjú um daginn, þegar það fór aftur að rigna.

Við náðum inn drjúgum skammti á þeim tíma.“ Í sumar tók heyskapurinn fimm daga í heildina, slegið var á bilinu ellefu til tólf hektara. „Það tekur reyndar ekki nema tvo daga að fylla hvora gryfju, en svo læt ég síga í henni til þess að koma aðeins meiru inn.“

Tveggja manna verk

Heyskapurinn á Þóroddsstöðum er að sögn Gunnars tveggja manna verk. „Matthildur Hjálmarssdóttir, eiginkona mín, sér um að moka inn og jafna í gryfjunni og svo er ég alfarið í traktornum. Ég slæ upp í vagninn og sturta heyinu á planið fyrir framan gryfjuna. Við höfum svo notað lítinn Weidemann skotbómulyftara með gamalli heykvísl framan á til þess að koma heyinu inn og þjappa.“

Aðspurður um ókosti þess að heyja á þennan hátt þá nefnir Gunnar að afköstin séu ekki mjög mikil samanborið við annað.

„Þó svo að þetta sé gamaldags tækni með minni afköstum þá virkar þetta fyrir mig.“

Tækni og búrekstur:

Myndbandsgreining finnur tækifærin í fjósinu

Undanfarið ár hefur það færst í aukana að ráðgjafar víða um heim stilla upp upptökuvélum í fjósum og fara svo yfir upptökurnar til þess að finna leiðir til að auka afköst búanna.

Þetta skýrist af því að með því að greina það hvernig kúr hegða sér, þegar þær eru einar í fjósinu, þá má oft finna ýmis vandamál sem oft fara framhjá þeim sem í fjósum starfa.

Hægt að ráða í hvað betur má fara

Það eru fyrst og fremst upplýsingar um tímanotkun kúnna yfir daginn sem hér skipta máli.

Með því að kortleggja tímanotkun kúnna, s.s. legu- eða stöðutíma í legubásun, tíma varið í rölt, við vatnstrog eða fóðurgang, þá fæst heildarmynd yfir það hvernig tímanum er varið yfir allan sólarhringinn.



Með því að kortleggja tímanotkun kúnna, s.s. legu- eða stöðutíma í legubásun, tíma varið í rölt, við vatnstrog eða fóðurgang, þá fæst heildarmynd yfir það hvernig tímanum er varið yfir allan sólarhringinn. Myndir / Aðsend

Eftir að sú heildarmynd fæst er hægt að ráða í það hvað megi betur fara. Þá eru svona myndbandsgögn einnig mikilvæg með tilliti til bústjórnarinnar og því hvernig

vinnulagi í fjósinu er háttáð. Þannig geta niðurstöður slíkrar greiningar bent til þess að einhverjir vinnuþættir eru ekki gerðir eins og best verður á kosið svo dæmi sé tekið.

Tengsl milli legutíma og afurðasemi

Tímanotkun kúa yfir daginn má skipta í nokkra aðskilda ferla. Fyrst og fremst er það legutíminn, sem ætti að vera minnst 11 klst. og helst 12-14 klst. eða jafnvel lengri.

Erlendar rannsóknir sýna að tengsl eru á milli legutíma og afurðasemi og hver viðbótar klukkutími í legu getur skilað allt að 1,5 kg mjólkur aukalega á degi hverjum. Þetta á vel að merkja við um erlend kúakyn.

Þá þurfa kúr vissulega að standa eitthvað í legubásunum en ef kúrnar standa lengi, t.d. bara með framfætuna uppi í legubásunum eða margar í einu sem standa, þá bendir það klárlega til þess að nærumhverfið sé ekki gott, þ.e. innréttingin eða legusvæðið sjálft.

Miða ætti við að að hámarki 10% kúnna standi í einu í legubásunum.

Tími sem kúr verja við át ætti að vera 3-5 klst. á sólarhring, skipti í 9-14 áttímabil og tíminn sem kúr verja við að drekka ætti ekki að vera meiri en 30 mínútur á sólarhring.

Sé misbrestur á þessu gæti verið kostur að skipta hópnum upp, ef það er á annað borð hægt, í yngri kúr og eldri.

Skýr virðingarröð

Ótal rannsóknir sýna að með slíkrri uppskiptingu má draga stórlega úr samkeppninni á milli kúnna.

En eins og kunnugt er þá eru kúr með mjög skýra virðingarröð sín á milli og langoftast eru það yngstu kúrnar sem eru lægst settar og fá þar með síður aðgengi að fóðrinu og/eða leggja síður í að éta séu þeim hærra settar kúr við fóðurganginn.



Bessi Freyr Vésteinsson tekur við nýju rúllusamstæðunni frá Einari Oddssyni. Mynd / Tim Baker

Ný tækni eykur afköst við heyskap

– Rúllusamstæður sem hægt er að keyra viðstöðulaust

Fyrir skemmstu komu til landsins tvær Kubota FastBale rúllusamstæður sem hafa þá sérstöðu að ekki þarf að nema staðar til þess að klára að binda hverja rúllu.

Sá eiginleiki næst þar sem rúllusamstæðan er með tvö baggahólf. Önnur þessara véla fór til Bessa Freys Vésteinssonar frá Hofstaðaseli í Skagafirði og hin fór til Brynjólfs Þórs Jóhannssonar frá Kolholti í Flóa.

Góð fyrstu kynni í Hofstaðaseli

Hjá rúlluverktakanum Bessa í Hofstaðaseli hafa farið tæpar þúsund rúllur í gegnum vélina frá því að hún var afhent. „Fyrstu kynnin hafa verið mjög jákvæð og ef það væru einhverjir verulegir annmarkar á vélinni þá væru þeir komnir fram. Hvað afköstin varðar þá sjáum við það strax að þau eru umtalsvert meiri. Það eru líka ákveðin þægindi að geta keyrt viðstöðulaust og mér sýnist að starfsmennirnir séu farnir að taka þessa vél fram yfir hinar.“

Bessi fullyrðir að með þessari vél sé komið stórt framfaraskref í þessari heyskapartækni. „Undanfarin ár höfum verið að gera út McHale vélar og hafa þær verið ákveðið viðmið sem bæði vélaframleiðendur og notendur hafa horft til. Þær eru einfaldar í notkun, með mikil afköst og hátt rekstraröryggi. Vissulega er þessi Kubota vél með meiri og flóknari vélabúnaði, en ég sé ekki neina veika punkta. Hún er með gott pökkunarborð, góða netbindingu, öfluga mötun og þetta er sterlega byggð vél. Ég held að hún setji nýtt viðmið í heyskap og að þetta sé það sem koma skal.“

Við vorum komnir með fjórar McHale vélar í rekstur, bæði til þess að tryggja rekstraröryggi og til að ná miklum afköstum. Mér sýnist að við getum fækkað þeim eitthvað fyrst

við erum að sjá meiri afköst með þessari nýju Kubota vél. Vinnuaflið er alltaf að verða dýrara og dýrara og við viljum því sjá meiri afköst eftir hverja vinnustund.“

Lítill um sig þrátt fyrir að vera með tvö baggahólf

Einar Oddsson hjá Þór hf. segir að hún sé svipuð stórbaggavél í notkun. „Þú heldur áfram að keyra svo lengi sem þú er með net og plast. Fremra hólfíð er 3/4 af stærð rúllunnar og þegar það er orðið fullt þá er yfirleitt búið að losa aftara hólfíð sem er í fullri stærð.“

Þrátt fyrir að Kubota FastBale sé með tvö baggahólf þá sé þetta með styttri rúllusamstæðunum á markaðnum. „Það er vegna þess að allt fremra baggahólfíð er staðsett fyrir ofan sópvinduna. Hvað þyngd varðar þá er í henni meira stál þar sem baggahólfín eru tvö, en hún er rétt tæp átta tonn. Þær koma hins vegar á mjög breiðum og góðum dekkjum til þess að vega upp á móti því.“

Verð næsta árs liggja ekki fyrir

Þór hf. hefur flutt inn tvær vélar til landsins núna í sumar en samkvæmt Einari koma ekki fleiri á árinu. „Við erum í viðræðum við Kubota um að okkur verði sendar fleiri vélar á næsta ári. Þessar fyrstu vélar sem komu núna í sumar kostuðu 15,9 milljónir án skatts, en eins og með allt annað þá eru þegar komnar fram verðhækkningar frá framleiðanda fyrir sumarið 2023. Endanlegt verð fyrir næsta ár liggur því ekki alveg fyrir.“

Það á eftir að koma í ljós hversu miklu hún mun afkasta, en ég myndi segja að hundrað rúllur á klukkutíma við bestu aðstæður sé eitthvað sem er mögulegt. Aðrar rúllusamstæður hafa verið að ná rúmlega sextíu rúllum við kjörskilyrði.“

/ÁL



Hjá rúlluverktakanum Bessa Frey í Hofstaðaseli hafa farið tæpar þúsund rúllur í gegnum vélina frá því að hún var afhent. Mynd / Einar Oddsson

Ný sending frá CP Metal

Vorum að taka upp nýja sendingu af skóflum, Gaffalstykjum og Ripperum frá CP Metal. S30 -150, S40



S30

T2 20 cm skófla S30-150	60.000 + vsk
T2 40 cm skófla S30-150	75.000 + vsk
T2 60 cm skófla S30-150	90.000 + vsk
T2 100 cm skófla S30-150	105.000 + vsk
T2 100 cm tilt-skófla S30-150	292.000 + vsk
T2 Ripper 85cm S30-150	126.000 + vsk
T2 Ripper 70cm S30-150	66.000 + vsk

S40

T3 30 cm skófla - S40	93.000 + vsk
T3 60 cm skófla - S40	129.000 + vsk
T4 30 cm skófla - S40	99.000 + vsk
T4 60 cm skófla - S40	141.000 + vsk
T5 40 cm skófla - S40	118.000 + vsk
T5 80 cm skófla - S40	211.000 + vsk
T3 100 cm skófla - S40	177.000 + vsk
T3 120 cm skófla - S40	186.000 + vsk
T4 130 cm skófla - S40	219.000 + vsk
T5 180 cm skófla - S40	312.000 + vsk
T3 120 cm tilt-skófla - S40	375.000 + vsk
T4 Ripper S40	118.000 + vsk
T5 Ripper S40	118.000 + vsk
Gaffalstikki S40 2,5 T 120 cm	350.000 + vsk

S45

T6 40 cm skófla S45	168.000 + vsk
T6 80 cm skófla S45	214.000 + vsk
T6 200 cm skófla S45	378.000 + vsk
Gaffalstikki S45 2,5 T 120 cm	370.000 + vsk
T6 Ripper 85cm Heavy duty S45	208.000 + vsk



www.verkfaerief.is S. 544-4210

sale@verkfaerief.is

Tónahvarfi 3, 203 Kópavogi



Lífraent
Hreinsivirki!

NÚTÍMA ROTÞRÓ

Fyrir sumarhús, heilsárhús, hótél o.fl.

Yfir 90% hreinsun - hreinsigeta PIA vottuð

3ja þrepa hreinsun - ekkert rafmagn

Engar siturlagnir - fyrirferðarlítill

Mögulegt að breyta í skólphreinsistöð síðar

Þýsk gæði - CE merkt

Stærðir 2-600 persónueingar



HVAMMŞHÓLAR

SIGURÐUR VIGGÓ HALLDÓRSSON PÍPULAGNINGAMEISTARI



+354 660 4085



SIGGI@HVAMMŞHOLAR.IS

McHale

GÆÐI | STYRKUR | ENDING

FUSION
Verð frá:
13.490.000
+ vsk



Verð miðast við gengi EUR 138



Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi

Kaupvangi 10, 700 Egilsstöðum

www.landstolpi.is

480 5600

480 5610

landstolpi@landstolpi.is



UTAN ÚR HEIMI



Milljarðar manna hafa ekki efni á heilbrigðu mataræði. Mynd / Ninno Jack Jr.

Hungur í heiminum vex

Allt að 828 milljón manns bjuggu við hungur árið 2021. Fólk sem lifir undir hungurmörkum hefur aukist um 150 milljónir frá upphafi heimsfaraldurs.

Um 2,3 milljarðar manna, eða 11,7% jarðarbúa, standa frammi fyrir fæðuóryggi á alvarlegu stigi, að því er fram kemur í nýútkominni skýrslu Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (FAO) um stöðu fæðuöryggis og næringar í heiminum.

Aukning á hungri á heimsvisu árið 2021 endurspeglar aukinn ójöfnuð milli og innan landa vegna misbágrar efnahagsstöðu og tekjutaps þeirra landa sem hafa orðið fyrir mestum áhrifum af heimsfaraldri Covid-19.

Í skýrslunni kemur jafnframt fram að árið 2020 var áætlað að

22% af börnum heimsins, yngri en 5 ára, byggju við skort á mat á meðan 5,7% barna á sama aldri væri í ofþyngd.


Tæplega 3,1 milljarður manna hafði ekki efni á heilbrigðu mataræði árið 2020, sem er 112 milljónum fleiri en árið 2019. Endurspeglar það ekki síst verðhækkunir á matvælum í kjölfar heimsfaraldursins.

Í skýrslunni er gert ráð fyrir að kostnaður á heilbrigðu mataræði hafi numið að meðaltali 3,54 Bandaríkjadöllum yfir heiminn árið 2020. Miðað við þá mælistiku höfðu um 80% fólks í Afríku ekki efni á slíku á meðan hlutfallið var 1,9% í Norður-Ameríku og Evrópu.

Spár gera ráð fyrir að næstum 670 milljónir manna muni standa frammi fyrir hungri árið 2030, eða 8% mannkyns, sem er sama hlutfall og árið 2015. /ghp



Gentiana susannae.



Mynd / novataxa.blogspot.com

Gróðurrikið:

Ný tegund af ættkvísl dýragrasa finnst í Tíbet

Fyrir á þessu ári var greind og skrásett á hásléttu Tíbet ný tegund af dýragrasi. Tegundin hefur fengið heitið *Gentiana susannae*.

Qinghai-hásléttan í Tíbet er rómuð fyrir líffræðilegan fjölbreytileika og þar er að finna fjölda plöntutegunda sem teljast landlægar eða tegundir sem ekki finnast villtar annars staðar í heiminum.

Grasfræðingar sem vinna við að greina tegundir sem vaxa á sléttunni fundu fyrir skömmu áður ógreinda tegund við bakka Cuopu-vatns. Tegundin sem nýlega var greind er sögð tilheyra ætt mariuvanda og

ættkvíslinni *Gentiana* sem kallast dýragras á íslensku. Tegundin hefur fengið heitið *Gentiana susannae*.

Samkvæmt Flóru Kína var tegundin áður greind sem *G. algida* sem finnst villt í Síberíu og Norður-Ameríku.

Núna hefur þeirra greiningu verið hafnað vegna greinilegra ólíkra útlitslegra einkenna og vaxtarstaða. *G. susannae* er meðal annars ólík *G. algida* að því leyti að vera hærri í vexti og með fleiri og lengri blómum.

Samanburður á DNA tegundanna þýkir sanna að um ólíkar tegundir sé að ræða. /VH

Loftslagsbreytingar:

Leyndardómar í kjölfar vatnspurrðar

Miklir þurrkar hafa verið vegna loftslagsbreytinga víða um heim og fáir farið varhluta af því. Undanfarið hafa borist fréttir varðandi yfirborðslækkun vatna og þá sérstaklega ef fundist hafa minjar vegna þess.

Til að mynda birti vefsíða The Guardian fréttir af Lake Mead lóninu í Las Vegas, en vatnspurrð þess hefur ekki verið meiri síðan í kringum 1930 og ýmislegt komið í ljós í kjölfar grynnkunar yfirborðsins.

Nýlega fannst þar beinagrind frá sjöunda eða áttunda áratugnum, lokuð í tunnu, en bæjarbúar telja að þarna sé greinilega um mafiutengt mannshvarf að ræða. Reyndar hafa vist fundist tvö lík að svo stöddu en það í tunnunni hefur verið aldursgreint og með tilliti til þeirra mannshvarfa er áttu sér stað á þeim tíma koma þrjú aðilar til greina.

Fyrstur á lista komst mafiúsvikarinn mikli, George „Jay“ Vandermark, sem naut trausts mafiunnar til þess að hafa yfirsýn yfir rekstur spilakassa þeirra í spilavítinu Stardust Casino. Hann reyndist traustsins verður um tíma, en þegar ágóðinn óx upp úr öllu valdi stóðst hann ekki mátið og hvarf með gróðann. Mafian hóf strax hausaveiðar sínar, en óvíst er hvort í hann hafi náðst.

Næstur í röðinni er eiturlyfjasmýglari að nafni William Crespo en hann beið á þessum tíma réttarhalda þar sem hann átti að vitna gegn forsvarsmönnum spilavítis, stjórnuðu af mafiunni. Hann hvarf áður en til þess kom. Líkt og með Jay er ekki vitað um afdrif hans.

Sá þriðji og síðasti og líklegasti til þess að hafa endað lífdaga sína í tunnu var Johnny Pappo, gamalreyndur gestgjafi spilavíta Las Vegas og með fingurna oft í viðkvæmum málefnum. Satt best að segja tengdust þessir þrjú allir einni öflugustu mafíuágerðum Las Vegas á þessum tíma undir nafninu Argent Corp. Rak mafian skipulagða glæpastarfsemi af fullum krafti með beina tengingu í fjárhættuspil Las Vegas borgar þar sem áður nefndir aðilar höfðu alið manninn um langa hríð.

The Guardian bendir á að ef þessi kenning stenst verður líklegur morðingi að teljast einn alræmdasti gangster sögunnar, Tony Spilotro. Var hann þekktur fyrir ofbeldisfullar og oft sadískar aðfarir að fórnarlömbum sínum og gjarnan nefndur af yfirmönnum sínum, mafiukóngunum,



Tanngarður. Mögulega tengdur mannshvarfi á vegum Mafiunnar.



Uppgröftur og kortlagning á borginni Zakhiku. Myndir / Myndskeið

til að vekja ótta og skelfingu viðstaddra.

Borgin Zakhiku upp á yfirborðið

En aftur í loftslagsbreytingarnar. Fréttaveitan CNN greindi frá því á dögunum að eftir mikla þurrka í Kúrdistan-héraði norðurhluta Írak hafi íbúar rekið upp stór augu er heil borg kom í ljós við vatnspurrð í lóninu Mosul meðfram ánni Tigris. Ljóst er að þarna er um að ræða borgina Zakhiku frá bronsöld, helsta aðsetur Mittani heimsveldisins sem ríkti frá 1550-1350 f. Krist og náði frá Miðjarðarhafi til Norður-Íraks. Áhugavert þýkir, meðal fornleifafræðinga, hversu vel stórir hlutar hennar hafa varðveist en í ljós komu m.a. afar stöndugir veggir sem hlaðnir höfðu verið úr sólþurrkuðum moldarmúrsteinum. Er talið að þessir veggir hafi grafið í jarðskjálfta árið 1350 f. Krist þegar efri hlutar þeirra hrundu og grófu hluta bygginganna að nokkru leyti.

Fornt ritmál á leirtöflum

Annað sem vakti verulega athygli þeirra voru fimm keramikkrúkkur, en í þeim voru í kringum hundrað leirtöflur með ritmáli sem notað var í Mið-Austurlöndum til forna. Þýkir kraftaverki líkast að töflurnar, sem voru úr óbrenndum leir, skuli hafa verið undir vatnsborðinu í svo langan tíma en þær eru tiltölulega óskemmdar.

Þeir sem að rannsókninni standa vona að þessar fornu rittöflur, sem eru frá því skömmu eftir að jarðskjálftinn reið yfir borgina, muni veita mikilvægar upplýsingar um lífið, skömmu fyrir endalok Mittani heimsveldisins. Borgin, sem hóf að rísa úr lóninu árið 2018 í kjölfar loftslagsbreytinga, birtist nú hraðar síðastliðna mánuði, en mikill hiti



Leirtöflur með afar fornu ritmáli Mið-Austurlanda.

hefur gert það að verkum að landið hefur þjást af þurrkum í marga mánuði, meira að segja enn frekar að sunnanverðu en að norðan.

Að auki hefur skortur á úrkomu og léleg auðlindastjórnun átt sinn þátt í því að samfélög á svæðinu eiga í erfiðleikum með vatn en Írak hefur – yfir höfuð – orðið fyrir alvarlegum áhrifum af loftslagsbreytingum og meðalhiti hækkað um næstum 1 °C á síðustu öld.

Til viðbótar við vatnspurrð tóku yfirvöld fyrr á þessu ári þá ákvörðun að tæma hluta lönsins til þess að koma í veg fyrir uppskerubrest vegna þurrka – og því lækkaði vatnsyfirborðið verulega, en Mosul lónið er mikilvægasta vatnsgeymsla landsins.

Fornleifaminjar vatnspéttar

Tekin var ákvörðun um að þennan menningararf þyrfti að varðveita og voru þýskir og kúrdískir fornleifafræðingar fengnir til þess að grafa upp byggðina á skipulagðan hátt – á fornleifasvæði nefndu Kemune, en verkefnið var í samstarfi við Minjastofnun Duhok. Fornleifafræðingarnir gengu í störf sín af röggsemi enda ekki vitað hve lengi yfirborð vatnsins væri nógu lágt. Þeim tókst, á örfáum dögum, að kortleggja stærstan hluta borgarinnar, þar á meðal það sem talið er vera iðnaðarhúsnæði, víggirðingar með múrum og turnum og stór geymslubygging.

Eins og staðan er í dag er borgin komin að nokkru leyti undir vatnsborð aftur, en hulin vatnspéttum plötum til að vernda það sem verndað getur, bæði veggir og aðra leyndardóma sem enn felast í rústunum – þar til færi gefst á að halda rannsókninni áfram. /SP

Örplast í matvælum

Nýverið voru birtar niðurstöður frumrannsóknar þar sem kannað var hvort plast fyndist í búpeningi í Hollandi.

Við rannsóknarvinnuna fannst örplast í sýnum sem voru tekin úr kjöti, blóði og mjólk. Einnig voru tekin sýni úr gróffóðri og kjarnfóðri sem innihéldu örplast. Rannsóknin var framkvæmd af vísindamönnum við Frjálsa háskólann í Amsterdam.

Fram að þessu hafði ekki verið kannað hvort örplast sé að finna í

áðurgreindum landbúnaðarvörum, því er þetta fyrsta rannsóknin sem sýnir þessar niðurstöður.

Vísindamennirnir beindu ekki sjónum sínum að því með hvaða leið örplastíð ratar í þau sýni sem voru tekin eða hvort það hefði einhver skaðleg áhrif, heldur var markmiðið það eitt að athuga hvort það væri til staðar.

Rannsóknaraðilarnir taka fram að þörf sé á frekari rannsóknum á þessu sviði, en þessar fyrstu niðurstöður vekja ákveðinn ugg. /ÁL



Nýverið hefur verið sýnt fram á að plast hafi fundið sér leið í kjöt, blóð og mjólk búpenings. Mynd / Henry&Co



Stefnumótun lítur fram hjá mörgum veigamiklum atriðum sem skipta máli þegar lagt er mat á náttúruna. Líffræðileg fjölbreytni: Mynd / Sigmundur Utk

Hagnaðardrifnar stjórnsýsluákvarðanir

Yfir fimmtíu mælanlegar leiðir eru að því að meta umhverfið og þjónustu vistkerfa en aðferðir stefnumótunar stjórnvalda víða um heim nota eingöngu örfáar takmarkaðar aðferðir til þess arna.

Innleiða þarf fleiri viðurkenndar aðferðir sem leggja grunn að stjórnsýsluákvörðunum um náttúruna. Það er niðurstaða risa-samantektar (e. Mega-review) frá milliríkjanefnd Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni og þjónustu vistkerfa (IPBES).

Stefnumótun lítur fram hjá mörgum veigamiklum atriðum sem skiptir máli þegar meta á náttúruna og nefnt er vægi náttúrunnar fyrir frumbyggjasamfélög. Sem dæmi, nefnir skýrslan, eru þarfir nærsamfélaga oft virtar að vettugi þegar ákvarðanir um vatnsaflsstíflur

eru teknar og þarfir neytenda í þéttbýli settar fram fyrir, sem verður til þess að dreifbýl samfélög geta misst lífsviðurværi sitt og neyðst til að breyta lífsháttum sínum.

Haft er eftir Anne Larigauderie vistfræðingi, sem stýrir IPBES, að sá misbrestur sem felst í því að meta umhverfi og þjónustu vistkerfa á takmarkaðan hátt hafi í för með sér langtíma samdrátt og neikvæð áhrif á líffræðilegan fjölbreytileika. Get náttúrunnar til að viðhalda sér hafi þannig minnkað verulega sl. 50 ár.

Sterkar vísbendingar eru um rýrnun á líffræðilegum fjölbreytileika ef vistkerfi og náttúra eru metin á grundvelli markaðsafla. Mörg önnur gildi, jafnvel sönnunargögn, séu hundsuð í þágu skammtímahagnaðar og hagvaxtar að sögn Unai Pascual, hagfræðings sem einnig vann að skýrslunni.

Þá skortir mikið á tengsl hagsmunaaðila, vísindamanna og þeirra sem verða fyrir mestum áhrifum af stjórnsýsluákvörðunum. Flestar rannsóknir taka ekki til greina fjölmarga þætti sem hafa áhrif á umhverfið og jafnvel bæta það. Segir skýrslan að fáir vísindamenn ráðfæri sig við fólk sem býr og starfar á rannsóknarsvæðum þar sem líffræðilegur fjölbreytileiki sé mikill. Í aðeins 2% tilfella þeirra rannsókna, sem teknar voru í ítarskoðun, töldu það með í rannsókninni.

Gert er ráð fyrir að matsskýrsla út frá samantektinni verði gefin út í heild sinni fyrir ráðstefnu þjóða sem eru aðilar að samningi Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni, sem fer fram í Kanada í desember nk. að því er fram kemur í frétt Nature.

/ghp

Sérstíðin þjónusta að þínum þörfum



FASTEIGNASALA



Kristinn Sigurbjörnsson
Löggiltur fasteignasali og byggingafræðingur.
Sími: 560-5502
Netfang: kristinn@allt.is



Páll Þorbjörnsson
Löggiltur fasteignasali og fiskeldisfræðingur.
Sími: 560-5501
Netfang: pall@allt.is

Límtré-Timbureiningar



Stálgrind
Yleiningar
PIR
Steinull



| Strúktúr ehf | www.struktur.is | struktur@struktur.is |

| Bæjarflöt 9 | 112 Reykjavík | Sími: 588 6640 |

Flytjum inn (og getum reist) iðnaðarhús af öllum stærðum og gerðum.

Upplýsingar á vegr.is og í síma 898-5463



Lífræn hreinsistöð




- Fyrirferðalítill fullkomin sambyggð skolphreinsistöð
- Uppfyllir ýtrustu kröfur um gæði hreinsunar
- Engin rotþró eða siturlögn 25 ára ábyrgð
- Tæming seyru á þriggja til fimm ára fresti
- Engir hreyfanlegir hlutir
- Stærðir frá 6 - 55 persónueiningar



IÐNVER
Tunguhálsi 10 - 110 Reykjavík
Sími 517 2220 - petur@idnver.is

Gólfhitakerfi

Ekkert brot ekkert flot



- Þægilegur hiti góð hitadreifing
- Hítasveflur / Stuttur svörunartími
- Aðeins 12mm þykkar hitadreifiplötur
- Fjótlegt að leggja
- Ekkert brot ekkert flot
- Dreifiplötur límðar beint á gólf
- Gólfefni lagt beint á dreifiplötur (flísar, parket)
- Hentar vel í eldra húsnæði jafnt sem ný hús og sumarhús
- Flooré gólfhitakerfi er einfalt, fljótlegt og þægilegt



Skemmuvegur 10 (blá gata) 200 Kópavogur
Sími 567 1330 Fax 567 1345 www.hringas.is

Hringás ehf.



Tekilaskot með salti og sítrónu.

Mynd / thespruceeats.com

Slammað með tekíla

Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is



Tekíla er áfengur drykkur sem upprunninn er í Mexíkó og unninn úr gerjuðum og eimuðum safu og sykri plöntu sem kallast *Agave taquilana* 'Weber's Blue', eða blátt agvave.

Samkvæmt tekílaráði Mexíkó gilda strangar reglur um hvar og hvernig má framleiða tekíla. Æskilegur áfengisstyrkur tekíla er á bilinu 35 til 55% og það drukkið sem snafs eða blandað í hanastél.

Í dag tengja flestir tekíla við mexíkóska menningu og samkvæmt tekílaráði Mexíkó er tekíla gjöf landsins til heimsins.

Einungis er leyfilegt að framleiða drykkinn í fimm héruðum í Mexíkó, Jalisco, Nayarit, Michoacán, Guanajuato og Tamaulipas, sem öll eru í landinu miðju. Fjögur fyrstu héruðin liggja nærri strönd Kyrrahafsins en það síðastnefnda liggur að Mexíkóflóa.

Ilmur, bragð og sætleiki tekíla-drykkja er ólíkt eftir ræktunar-svæðum og sagt er að það sé meiri blómameimur af drykknum sé hann unninn úr plöntum sem vaxa í dölum frekar en upp til fjalla.

Mest er framleitt af drykknum

í fjöllum umhverfis borgina Santiago de Tequila í Jalisco héraði á vesturströnd Mexíkó. Svæðið einkennist af rauðum eldfjallajarðvegi sem henta þurrkapolinni Ageve plöntunni vel og er áætlað að þar séu uppskornar um 300 milljón plöntur á ári til framleiðslu á tekíla. Árið 2006 var hluti Jalisco héraðs settur á heimsminjaskrá UNESCO vegna sögulegs og menningarlegs gildis *Agave* ræktunar og framleiðslu tekíla þar og teygir sig aftur til sextándu aldar.

Drottning eyðimerkurinnar

Ekki eru allir á sama máli um fjölda tegunda innan ættkvíslarinnar *Agave* og hleypur fjöldinn frá 160 í 300. Allar tegundirnar eru sígrænir einkimblöðungar og eru upprunaleg heimkynni þeirra á heitum og þurrum svæðum í suðurríkjum Norður-Ameríku, Mið-Ameríku og norðurhluta Suður-Ameríku. Einstaka tegundir finnast á hitabeltissvæðum í Suður-Ameríku. *Agave* tegundir flokkast sem þykkblöðungar þar sem plönturnar safna í sig vatni til að nota á þurrkatímum og þær stundum kallaðar drottningar eyðimerkurinnar.

Blöðin eru yfirleitt stór og gróftent og eru tennur þeirra beittar, þau eru sterk, safu- og trefjarík. Á blöðunum er stuttur og nánast

ósýnilegur stilkur og mynda þau saman stóra rósettu. Plönturnar eru með grunnt liggjandi rötarnýði sem fremur gegna því hlutverki að safna vatni úr döggi og regni en að sækja vatn neðanjarðar.

Langflesti plöntur innan ættkvíslarinnar eru einblómstrandi, *monocarpic*, sem þýðir að þær blómstra einu sinni og síðan drepst sú rósetta sem blómstraði. Rósettur sumra tegunda geta þrátt fyrir það lifað lengi þar sem það tekur þær mörg ár og jafnvel marga áratugi að blómstra og mynda fræ.

Sumar tegundir mynda margar rósettur og getur plantan lifað áfram þrátt fyrir að ein eða fleiri rósettur blómstri og drepist. Einnig eru til tegundir sem mynda rósettur á blómstönglinum sem festa rætur eftir að hann fellur. Fáeinar undantekningar eru frá þessu og til eru *Agave* tegundir sem blómstra og mynda fræ oftar en einu sinni.

Við blómgun vex langur blómstöngull, eða quiote, sem þýðir mastur í Mexíkó, upp úr miðri rósetunni. Stöngullinn, sem getur orðið rúmlega níu metra hár, ber mörg stutt rörlaga blóm á löngum blómstilk sem geta verið blá, rauð, gul og hvít.

Tegundirnar eiga flestar það sameiginlegt að vaxa hægt og algengustu tegundir í ræktun eru *A. americana*, *A. tequilana* og *A. attenuata*.

A. tequilana 'Weber's Blue', eða blátt *Agave*, er mest notað til að framleiða tekíla. Plantan er upprunnin í Mexíkó og dafnar best í sendinni jörð í yfir fimmtán hundruð metra hæð. Blöðin eru gráblá og um tveir metrar að lengd. Blómin gul á allt að fimm metra háum blómstöngli og sjá leðurblökur um frjögvgun þeirra.

Goðsaga Asteka

Samkvæmt goðsögnum eiga Astekar fyrst að hafa bruggað vægt áfengi úr safu plöntunnar á árunum milli 1172 og 1291 eftir að þeir settust að í Mið-Ameríku. Astekar notuðu mjöðinn við trúarathafnir og áttu sína eigin drykkjagyðju sem kallast Mayahuel og þótti henni sopinn góður eins og getið er í söngvum og ljóðum. Til er veggmynd sem sýnir Mayahuel gefa sauðdrukknu kanínubörnum sínum brjóst. Samkvæmt goðafræði Asteka átti gyðjan 400 kanínubörn og rann mjöðurinn í æðum hennar og voru sífyllu kanínubörnin sögð vera guðir vímunnar.

Í einni goðsögn um Mayahuel segir að gyðjan hafi verið gift guðinum Petácatl sem var skapari og verndari alls plöntulífs á jörðinni. Þar segir að gyðjan hafi 400 brjóst, eitt fyrir hvert af kanínubörnum hennar. Mayahuel er sögð einstaklega lokkandi og að guðinn Quetzalcoatl, skapari mannsins, náði heilla hug hennar til framhjáalds.

Þegar Petácatl kemst að framhjáaldinu verður hann svo æfur af reiði að Mayahuel og Quetzalcoatl flúðu frá guðaheimum til jarðarinnar og földu þau sig í plöntumynd. Þegar Tzinzinmilt, langamma Mayahuel, kemst að framhjáaldinu og flóttanum eyðir hún barnabarninu með eldingu og Quetzalcoatl grefur öskuna og upp af henni óx fyrsta *Agave* plantan.



Uppruni orðsins tekíla

Talið er að orðið tekíla á spænsku, la tequila, sé komið úr máli Nahuatl-fólksins sem upphaflega bjó við strendur Mið-Ameríku frá Mexíkó til Níkaragva. Orðið þýðir staður uppskerunnar, staður vinnunnar eða staðurinn þar sem villijurtirnar vaxa og tengist vinnu við uppskeru. Samkvæmt annarri kenningu þýðir orðið beittur steinn. Tekíla er notað sem heiti á öndun, þorpum og dölum víða í Mið-Ameríku.

Saga tekíla

Fyrsti áfengi drykkurinn sem unninn var úr *Agave* innihélt 5 til 7% alkóhól og kallaðist pulque, eða oclli á spænsku. Drykkurinn var hvítur á litinn og með súru gerbragði og er talið að hans hafi verið neytt frá aldaöldi í Mið-Ameríku. Neysla á drykknum jókst umtalsvert eftir að Evrópumenn settust að í Mið-Ameríku og náði hámarki seint á nítjándu öld.

Sagan segir að tekíla hafi fyrst verið eimað úr pulque á sextándu öld, í nágrenni við borgina Tequila, eftir að brandibirgðir evrópskra landvinningamanna klárudust og að þá hafi fyrsti mið-ameríski spiritusinn orðið til. Tekíla varð því til við samruna tveggja menningarheima.

Skömmu eftir aldamótin 1600 hóf spænski landneminn Don Pedro Sánchez de Tagle, markgreifi af



Agave plöntur skornar fyrir vinnslu.

Mynd / foodprint.org



Agave tequilana 'Weber's Blue' eða blátt Agave.

Mynd / Wikipedia.org



Sennilega féll leikarinn Jonh Wayne á gólfíð á veitingahúsi einu í Durango í Mexíkó vegna stífrar tekiladrykkju og braut í sér tvö rifbein.

Mynd / esquire.com



Dýrasta flaska af tekíla sem selst hefur til þessa fór fyrir 225 þúsund Bandaríkjadali, eða tæplega 31 milljón íslenskra króna.

Mynd / gourmetdemexico.com



Gyöjan Mayahuel er verndari Agave plantna.

Mynd / MiCorazonMexico.com



Tekíla var fyrst selt í flöskum árið 1873.

Mynd / steinecker.com



Stáltankar til að gerja tekíla.

Mynd / paquitequila.com



Liturinn á tekíla ræðst að mestu af því í hvers konar tunnum það hefur verið látið eldast.

Mynd / wine.com



Tekíla er þjóðardrykkur Mexíkó.

Mynd / Unsplash

Altamira, framleiðsla tekíla í stórum stíl í Jalisco. 1758 fékk Spánverjinn Don José Antonio de Cuervo úthlutað miklu landi á svipuðum slóðum frá Ferdinandi VI Spánarkonungi til að rækta *Agave* og framleiða tekíla. Sonur de Cuervo fékk sérstakt leyfi frá Carlosi IV Spánarkonungi til að framleiða drykkinn þrátt fyrir tímabundið bann á honum í tíð Carlosar III.

Neysla á tekíla jókst mikið í sjálfstæðisstríði Mexíkó undan Spánverjum, 1910 til 1921, og er sagt að það hafi verið hluti af fastakosti hermanna beggja fylkinga. Uppreisnarmenn Mexíkóa litu á drykkinn sem karlmennsku-, þjóðar- og frelsistákn en hermenn Spánverja sturtaðu honum í sig til að sljóvga meðvitund sína og gleyma ömurlegum örlögum sínum fjarri heimalandinu.

Upphaflega kallaðist tekíla mezcal de tequila og eingöngu selt í tunnum. Árið 1880 hóf Cuervo vínbrennslan að setja það á flöskur og selja í neytendaumbúðum. Framleiðandi Sauza Tequila, stofnað 1873, var fyrsta fyrirtækið til að flytja tekíla til Bandaríkjanna og árið 1893 ákvað stjórn þess að fella mezcal-hlutann úr heitinu fyrir Bandaríkjamarkað.

Árið 1936 hóf fyrrverandi öldungadeildarþingmaður í Arizona-ríki í Bandaríkjunum Norður-Ameríku að framleiða tekíla við lítinn fögnuð Mexíkómanna og árið 1974 tókst Mexíkó að tryggja sér heitið tekíla sem þjóðlegt hugverk.

Eftirspurn eftir tekíla jókst talsvert í Bandaríkjunum í kjölfar seinni heimsstyrjaldarinnar vegna skorts á áfengi frá Evrópu.

Í dag er áætlað að yfir eitt hundrað einingahús í Mexíkó framleiði rúmlega 900 afbrigði af tekíla.

Mörg minni fyrirtækjanna eru í einkaeygu en allir stærri framleiðendur tekíla í dag eru í eigu stórra fjölbjóðlegra fyrirtækja.

Magnið af því tekíla sem selt er á Bandaríkjamarkaði er flutt í tankbílum frá Mexíkó og tappað á flöskur í Kaliforníu, Arkansas, Missouri, og Kentucky og flutt þaðan út víða um heim.

Framleiðsla og flokkun tekíla

Tekíla er unnið úr safu og sykri *Agave*-plantna og helst *A. tequilann* 'Weber's Blue'. Til að plantan nái æskilegum þroska þarf hún að vaxa í átta til tíu ár og ræktunartíminn því langur. Upphaflega var safu til framleiðslunnar safnað með því að skera burt blómstöngulinn og gerja safann sem úr sárinu rann. Í dag er tekíla aðallega unnið úr stofni plöntunnar. Eftir að blöðin hafa verið skorin burt er stofninn hæghitaður í ofni í rúman sólarhring og safinn pressaður úr honum og látinn gerjast í tré- eða stáltunnu. Því næst er safinn eimaður einu sinn eða oftar til að auka hreinleika framleiðslunnar þrátt fyrir að sumir segi að endurtekin eimun dragi úr bragðgæðum tekílasins.

Gróflega er tekíla skipt í tvo flokka. Í öðrum flokknum er tekíla sem er framleitt úr 51% sykri sem fenginn er úr *A. tequilana* 'Weber's Blue' og 49% annars konar sykri. Í hinum flokknum, sem jafnframt þykir finni, er tekíla sem unnið er 100% úr sykri *A. tequilann* 'Weber's Blue' og verður því jafnframt að vera tappað á flöskur í Mexíkó.

Báðum flokkum er skipt í undirflokkar:

Blanco o Plata, silfur, er tært óblandað tekíla sem hefur staðið í tunnum í minna en tvo mánuði.

Joven o Oro, gull, tekíla sem hefur verið blandað með sykri, litar- og bragðefnum.

Reposado er tekíla sem hefur staðið í tunnum í að lágmarki tvo mánuði og komist í samband við eik.

Anejo hefur staðið í eikartunnu í að minnsta kosti eitt ár.

Extra Anejo er tekíla sem hefur staðið í eikartunnu í að minnsta kosti þrjú ár. Fram til ársins 2004 leyfði tekílaráð Mexíkó ekki að drykkurinn væri bragðbættur með utanaðkomandi efnum, hvað þá að „tekíla“ með bragðefnum bæri heitið tekíla. Þessu var breytt 2005 að því undanskildu að ekki má bragðbæta tekíla sem unnið er úr 100% *A. tequilana* 'Weber's Blue' og kalla það tekíla.

Liturinn á tekíla ræðst að mestu af því í hvers konar tunnum það hefur verið látið eldast. Í sumum tilfellum er aftur á móti bætt í það litarefnum til að ná fram ákveðnum litatón.

Neysla

Þjóðardrykkur Mexíkó er 40% sterkt tekíla og sagt er að hanastéldrykkurinn margaríta hafi orðið til á bar í bænum Tijuana í þeim tilgangi að fá kvenkyns Ameríkana til að drekka tekíla.

Tekíla á Íslandi

Fyrsta greinin þar sem tekíla er nefnt á nafn samkvæmt tímarit.is er smáfrétt í Vísí 28. febrúar 1969 en þar segir að hinn góðkunnir leikari John Wayne hafi slasast. „Hann datt á gólfíð á veitingahúsi

einu í Durango í Mexíkó og braut í sér tvö rif. Ekki er vitað hvernig á því stóð að hetjunni varð fótasturtur, eða hvort það var að kenna þjóðardrykk Mexíkóana, tekíla“

Á Íslandi er algengara að drekka tekíla sem skot og margir eflaust skellt einu eða fleiri slíkum í sig með salti og sitrónu og slammað síðan staupinu á hvolfi á barborðið, grett sig og gefið frá sér óhljóð.

Margarítakokteill samanstendur af 60 millilítrum af tekíla og 30 millilítrum af appelsínu- eða límesafa og klaka og að sjálfsögðu saltrönd á þar tilgerðu margarítaglasi. Tekíla sólarupprás er blanda af einum og hálfum hluta tekíla, hálfum hluta af grenadín sýrópi og sex hlutum af appelsínusafa en tekíla sólsetur af þremur sentilítrum af ljósu tekíla, einum og hálfum sentilítra af sitrónusafa og einni teskeið af grenadín sýrópi.

Kæli- og frystiklefar í öllum stærðum og gerðum

Margar gerðir af vélbúnaði fyrir kæli- og frystiklefa

Mikið úrval af hillum







Kælitækni er leiðandi í sölu og uppsetningu á kerfum með náttúrlegum kælimiðlum



Kælitækni
Járnháls 2 - 110 Reykjavík
Sími 440 - 1800
www.kaelitækni.is



Þegar viðfræin þroskast öðlast þau vængi. Vængirnir eru svífhár sem líkjast ull og á þeim geta fræin borist langar leiðir með vindinum.

Myndir / Pétur Halldórsson

Gulvíðir

Ástæða er til að telja gulvíði (*Salix phylicifolia*) til innlendra trjátegunda því hann getur sannarlega náð þeirri hæð að vera skilgreindur tré.


Dæmi eru um að tegundin hafi náð allt að átta metra hæð hérlandis. Sjaldan er gulvíðir þó hærri en tveir metrar og víða aðeins jarðlægur runni.

Vaxtarlag gulvíðis er með öðrum orðum mjög breytilegt, allt frá skriðulum runna upp í einstofna tré. Í Selárdal vex til dæmis hávaxinn gulvíðir og er kallaður Strandavíðir. Oftast sjáum við gulvíði samt sem tiltölulega uppréttan, margstofna runna. Með minnkandi beit síðari ár hafa myndarlegir gulvíðibrúskar víða orðið meira áberandi í landslaginu, oft margra metra breiðir, ekki síst í frjósömum og rökum dalbotnum víða um land þar sem gulvíðirinn er til mikillar þrýði. Þar er hann líka í kjörlandi sínu sem er deiglandi með stöðugum raka. Á haustin skryðist hann ægífögum gulum lit og getur staðið þannig langt fram á haust. Sumir klónar eða einstaklingar gulvíðis halda jafnvel laufi mestallan veturinn en smám saman sölnar það og fær á sig brúnan lit.

Gulvíðir vex hægt miðað við aðrar víðitegundir. Hann getur hins vegar þrífist vel um allt land, þar á meðal á hálendinu og til fjalla, allt upp í um 600 metra hæð yfir sjó. Hann er ljóselskur og nýtur sín því best á berangri en síður í þéttum skógi þar sem hærri tré skyggja hann út.

Helsti styrkleiki gulvíðis er að hann er gjarnan fljótur að birtast þegar beit er aflétt á landi. Þetta er til marks um getu hans til að sá sér í mismunandi landgerðir. Gulvíðir er með öðrum orðum góð frumherjategund og sprettur upp í ýmiss konar jarðvegi og við ýmis skilyrði en auðvitað misjafnlega eftir aðstæðum. Tegundin getur myndað mikið fræ en það er skammlíft og þarf því að lenda á góðum stað sama sumar til að geta spírað og vaxið upp.

Víðitegundir blandast talsvert innbyrðis og getur fjölbreytnin því orðið töluverð. Brekkuvíðir er klónn af gulvíði sem talið er mögulegt að hafi orðið til með blöndun við loðvíði, ellegar þá með erfðaflæði. Brekkuvíðir var um tíma vinsæll í limgerði í gördum en




Flugur, ekki síst humlur, njóta góðs af næringu úr blómstrandi víði þegar fátt annað er í boði snemma vors.

dregið hefur úr notkun hans, meðal annars vegna þess hve viðkvæmur hann er fyrir ásókn meindýra. Hreggstáðavíðir er blendingur brekkuvíðis (gulvíðis) og víðju. Sömu sögu er að segja um hann og brekkuvíðinn. Vinsældirnar hafa minnkað vegna skaðvalda, ekki síst ryðsvepps.

Og þar komum við einmitt að helstu veikleikum gulvíðis. Á hann herja gjarnan skordýrafaraldrar og ekki er óalgennt að sjá myndarlega gulvíðibrúska lauflausa á miðju sumri þegar fiðrildalirfur ná sér vel á strik. Sömuleiðis er gulvíðir útsettur fyrir ryðsvepp sem gerir hann gulan löngu áður en haustlitirnir birtast. Á hvoru tveggja er mikill áramunur.

Gulvíðir er duglegur að blómstra og vert er að benda á að hann er sérbylstré. Það þýðir að sumir einstaklingar eru karlkyns og aðrir kvenkyns eins og gildir hjá víðiaettinni allri, þar með hjá ösp, sem er sömu ættar. Snemma á vorin byrja karl- og kvenreklar að myndast og verða jafnvel áberandi áður en trén eða runnarnir laufgast almennilega. Flugur sækja mjög í blómin eftir blómasafa, ekki síst humlur sem sjást gjarnan sveimandi í gulvíði á vorin. Flugurnar bera frjóðið af karlreklum yfir á kvenrekla. Víðitegundir eru mikilvæg fæðuuppspretta flugna þegar fátt annað er í boði í sumarbyrjun. Þegar kvenreklarnir hafa frjóvgast vaxa þeir áfram en karlreklarnir visna og detta af. Þroskuð fræin eru búin svífhárum sem geta borið þau langar leiðir.

Pétur Halldórsson.



Gulvíðir er til mikillar þrýði þegar hann skryðist gulum haustlit sínum sem heiti hans er væntanlega dregið af.



Kvenfélag Eiðapinghár fór í heimsókn í Hallormsstaðarskóla og færði skólanum peningagjöf sem Bryndís Fiona Ford skólustýra veitti móttöku.

Myndir / Aðsendar

Sambands austfirskra kvenna 95 ára:

Stiklað á stóru um sögu SAK

Í tilefni af 95 ára afmæli Sambands austfirskra kvenna (SAK) er hér stiklað á stóru yfir farinn veg og helstu verkefni sem einkennt hafa starfsemi sambandsins.

Nokkrar ástæður voru til þess að konur á Héraði ákváðu að sameina kvenfélög á Austurlandi undir einn hatt á síðustu öld. Hugmyndin var ekki ný af nálinni og hafði verið til umræðu hjá kvenfélögum á Héraði um nokkurt skeið. Þá höfðu alþjóðlegar þjóðfélagsbreytingar einnig áhrif og var áherslan á að bæta lífsskjör kvenna bæði uppeldisleg og hagræn, eins og segir í fundargerð frá þessum tíma.

Eflir samúð og félagslyndi

Sigrún Blöndal mælti fyrir stofnun Kvennasambands Austurlands á undirbúningsfundum sem haldin var árið 1926. Nefndi hún máli sínu til stuðnings að eitt af því sem einkenndi þann tíma sem þær lifðu á væri „samvinna á svo að segja öllum sviðum“. Hún vitnaði máli sínu til stuðnings í vísindin og sagði þau hafa „brúað fjarlægðir rúmsins og hefðu á þann hátt veitt samvinnu manna á milli skilyrði“. Þá taldi Sigrún slíkan félagskap „efla samúð og félagslyndi auk þess að kenna konum að sjá störf sín í nýju ljósi“. Þá nefndi hún fjögur mál sem henni fannst að slíkur félagskapur ætti að vinna að; 1. Uppeldis- og menntamál, 2. Heimilisiðnaður, 3. Garðrækt og 4. Líknarmál.

Á fundinum voru einnig reifuð mál tengd „húsmæðrafræðslu“ en víða um land var verið að festa í lög stofnun húsmæðraskóla fyrir konur. Um þetta leyti á Austurlandi er komin af stað hreyfing til að setja á fót slíka stofnun. Hafði þessi hugmynd m.a. verið rædd á aðalfundi Búnaðarsambands Austurlands. Lögðu fundarkonur áherslu á „hina uppeldislegu hlið húsmæðrafræðslunnar sem eitt öruggasta meðalið til að hefja straum ungra stúlkna úr sveitum til kaupstaða“.

Á þennan fund voru konur mættar úr Fellum, Fljótsdal, Völlum, Reyðarfirði, Seyðisfirði og Borgarfirði. Ári síðar, eða 16. júlí 1927, hélt svo Samband austfirskra kvenna stofnfund sinn að Mjóanesi á Fljótsdalshéraði. Á þeim fundi var samþykkt að standa að söfnun fyrir húsmæðraskóla að Hallormsstað og fylgja því máli vel eftir. Á þessum fundi var mikið rætt um stöðu heimilisiðnaðar og mikilvægi heimilisiðnaðarsýninga fyrir almenning.



Kvenfélagið Björk í Hjalastaðapinghá var stofnað 15. júní 1930. Hluti félagskvenna í gamla eldhúsi Hjaltaundar.



Kvenfélagið Nanna í Neskaupstað var stofnað 27. janúar 1907. Hluti félagskvenna við gróðursetningu í Lystigarði Neskaupstaðar en kvenfélagið er verndari garðsins frá 1934.

Húsmæðraskóli stofnaður

Vegna ötuls samstarfs Sambands austfirskra kvenna og Búnaðarsambands Austurlands tókst að koma skólanum á legg og var húsmæðraskóli byggður á Hallormsstað. Fyrsta skólasetningin var 1. nóvember 1930 og varð Sigrún Blöndal fyrsta forstöðukona skólans, en hún var þá jafnframt formaður Sambands austfirskra kvenna. SAK hefur frá upphafi alltaf átt fulltrúa í skólaráði Hússtjórnarskólans á Hallormsstað sem í dag gengur undir nafninu Hallormsstaðarskóli.

Sex félög stóðu í upphafi að stofnun SAK; Kvenfélag Fljótsdalshrepps, Kvenfélag Fellahrepps, Kvenfélag Hlíðahrepps, Kvenfélagið Kvik á Seyðisfirði, Kvenfélag Vestdalseyrar á Seyðisfirði og Kvenfélag Vallahrepps. Fljótlega voru kvenfélögin sem stóðu að stofnun SAK orðin 23 talsins,

en í dag, 95 árum seinna, standa eftirtalin kvenfélög að sambandinu; Kvenfélag Eiðapinghár, Kvenfélag Reyðarfjarðar, Kvenfélagið Björk, Hjalastaðapinghá, Kvenfélagið Einingin, Borgarfirði eystri, Kvenfélagið Hlíf, Breiddal, Kvenfélag Hróarstungu, Kvenfélagið Lindin, Vopnafirði, Kvenfélagið Nanna, Neskaupstað, Kvenfélagið Bláklukka, Egilsstöðum og Kvenfélagið Vaka, Djúpavogi.

Kvenfélög bæta nærsamfélög

Of langt mál er að rekja hér 95 ára sögu SAK, en það sem hefur einkennt starfsemiina er áherslan á samtakamatt kvenna í þeim tilgangi að bæta nærsamfélag viðkomandi kvenfélags, en einnig að hafa áhrif á framfarumál innan fjórðungsins.

Geta má þess að SAK stóð fyrir söfnun sem haldin var til styrktar stofnun vistheimilisins

Vonarlands á Egilsstöðum, til styrktar Fræðsluskrifstofu Austurlands, Minjasafns Austurlands, stofnaði styrktarsjóð fyrir Fjórðungssjúkrahúsið í Neskaupstað, stofnaði heilbrigðismálasjóð til styrktar sjúkrahúsins á Egilsstöðum, stofnaði styrktarsjóð Eiðaskóla og lagði sitt af mörkum við stofnun Kirkjumíðstöðvarinnar á Eiðum svo eitthvað sé nefnt.

Á 60 ára afmæli SAK 1987 var ákveðið að standa fyrir samkeppni um merki félagsins og var tillaga Sílfjar Vígþórsdóttur samþykkt. Merkið var svo vígt á Landsþingi Kvenfélagsambands Íslands sem haldið var á Egilsstöðum 1987. Í ár, á 95 ára afmæli SAK, verða gerðir borðfánar með merki félagsins og þeir vígðir við hátíðlega athöfn á aðalfundi félagsins 22. október nk. í Tungubúð hjá Kvenfélagi Hróarstungu, þar sem forseti Kvenfélagsambands Íslands, Dagmar Elín Sigurðardóttir, heiðrar okkur með nærveru sinni.

Hornsteinar framfara

Kvenfélög nútímans eru hornsteinar framfara í hverjum landshluta fyrir sig. Öll kvenfélög hafa það að markmiði að efla samfélag sitt og sínar félagskonur.

Orð Sigrúnar Blöndal frá fyrstu árum Sambands austfirskra kvenna eru enn þá í fullu gildi og hvetja okkur kvenfélagskonur til dáða, en hún sagði „félagsstarfið eflir félagsandann, kennir okkur að sjá störf okkar í nýju ljósi, hvers við erum megnugar og ekki síst, að beina störfum okkar í þann farveg að heildin njóti góðs af“. Látum þetta leiðarljós lýsa okkur áfram veginn, austfirskum kvenfélagskonum og austfirsku samfélagi til heilla.

Í tilefni af 95 ára afmælinu stendur SAK fyrir námskeiðahaldi í samstarfi við Hallormsstaðarskóla nú í haust. Boðið verður upp á tvö námskeið; annars vegar í jurtalitinu 3. september og fatasaumi 10. september nk. Þá er einnig stefnt á formannafund SAK síðla sumars í ár.

Um leið og ég óska okkur öllum innilega til hamingju með árin 95 fylgja hér myndir frá nokkrum aðildarfélögum SAK.

Helga Magnea Steinsson, formaður SAK.



Kvenfélagið Hlíf var stofnað 18. júlí 1961 að Heydölum í Breiðdal.



Kvenfélagskonur í Breiðdal á góðri stund.



Kvenfélagið Bláklukka á Egilsstöðum var stofnað 27. febrúar 1948. Hér eru kvenfélagskonur að sjá um sumargleði eldri borgara á Héraði sumardaginn fyrsta 2022. Kvenfélag Eiðápinghár tók að þessu sinni þátt í gleðinni með kvenfélagi Bláklukka.

Sumarsmellur

Stiga Combi 748 S

- Heimilissláttuvél með 140cc mótör
- Notendavæn drífvel
- Einstök vél

Verð kr. 125.000 m/vsk.

STIGA
40 ár á Íslandi

Askalind 4 | Kópavogi | Sími 564 1864 | vetrarsol.is **VETRARSÓL**

Donaldson

FILTRATION SOLUTIONS

REKI

REKI EHF ER STOLTUR UMBOÐSAÐILI DONALDSON Á ÍSLANDI. EIGUM MIKIÐ ÚRVAL AF SÍUM Á LAGER.

Reki ehf Skemmuvegur 46 200 Kópavogur
Sími: 562 2950 www.reki.is
Netfang: elfar@reki.is, kristinn@reki.is, tryggvi@reki.is

FLUGUVEIÐISETT

ORVIS Orvis - Encounter **airflo** BYRJENDASETT **ORVIS** Orvis - Clearwater

Innihald:
Orvis Encounter flugustöng
Orvis Encounter large arbor fluguhjól með Diskabremsu
Orvis flotlína og undirlína
Hólkur. Lína 6-8
Kr. 32.900

Innihald:
Carbon stöng 4 parts
Diskabremshjól með Airflo flotlinu og undirlínu
Hólkur fyrir stöng
veiðigleraugu og flugbox og 3 flugur
Lína 5/6 og 6/7
Kr. 19.900

Innihald:
Stöng í 4 pörtum
Large arbor diskabremshjól
Skotlína og undirlína
Hólkur fyrir stöng
Lína 7-8.
Kr. 69.900

Vesturröst
Sérverslun veiðimanna - Laugaveg 178 - sími: 551 6770 - www.vesturröst.is

TVÆR JARÐVARMADÆLUR TIL SÖLU

Varmadælar fyrir stærri notendur sem vilja mikinn sparnað

Hentar vel fyrir stórt húsnæði og sundlaugar

Getur notað jörð, vatn, loft o.fl. til orkuöflunar

Stærð: 60kW
Gerð: NIBE F1345

Vinsamlega hringið í síma 839-1503 fyrir frekari upplýsingar



Starfsemi RML

– Annar hluti

Í síðasta Bændablaði fjallaði ég almennt um rekstur RML, en starfsemi er gríðarlega fjölbreytt og því ekki hægt að gera henni skil í stuttri grein.

Ég mun því fara yfir einstaka fagsvið og verkefni í næstu greinum hér í Bændablaðinu. Í þessari grein verður fjallað um fagsvið búfjarræktar og þjónustu en tvo fagsvið eru í fyrirtækinu auk fjármála og tæknisviðs. Þrátt fyrir að fyrirtækinu sé sviðskipt þá er það einungis til hagræðingar stjórnunarlega séð en starfsfólk vinnur iðulega þvert á svið í sinnu vinnu.

Á búfjarræktar- og þjónustusviði eru stærstu verkefni tengd ræktunarstarfi, þjónustu við skýrsluhaldskerfin og ýmis verkefni því tengd. Grunnurinn liggur í þeim lögbundnu verkefnum sem snúa að ræktun íslensku búfjarkynjanna og eru að stórum hluta unnin af framlögum rammisamnings en þeim fylgja einnig tengd verkefni sem snúa að ráðgjöf og þjónustu við einstaklinga í tengslum við ræktunarstarfið.

Gagnasöfnun

Gagnasöfnun er grundvöllur ræktunarstarfsins. Gögnin sem liggja til grundvallar ræktunarstarfi í íslensku búfjarkynjunum koma annars vegar inn frá búfjáreigendum sjálfum í gegnum afurðaskýrsluhald og hins vegar með búfjardómum sem eru framkvæmdir á vegum RML.

Í nautgriparækt eru dómur á kvígum á fyrsta mjaltaskeiði veigamikill hluti afkvæmdanna þeirra nauta sem koma til greina til framhaldsnotkunar og árlega skoðar starfsfólk RML á milli sex og sjö þúsund kvígur. Mikilvægast er að ná nægilegum fjölda kvigna undan óreyndum nautum til að ná ásettanlegu öryggi á byggingareiginleika sem skipta máli í ræktunarstarfinu. Kvíguskóðanir eru fjármagnaðar af nautgriparæktarsamningnum á 3% af þeim lið sem ætlað er til kynbótastarfs er ætlað til þessara skoðana, eða tæpar sjö milljónir.

Í hrossarækt eru kynbótadómur grundvöllurinn að útreikningum kynbótamats. Árlega dæmir starfsfólk RML og/eða verktakar á okkar vegum um um fjórtán hundruð hross en það segir þó ekki alla söguna því ræktunarstarf íslenska hestsins hefur þá sérstöðu að það er alþjóðlegt verkefni þar sem RML er í góðu samstarfi við FEIF, bæði hvað varðar samræmda kynbótadómur á íslenskum hrossum, burtséð frá því í hvaða landi þau koma til dóms en ekki síður hvað varðar rekstur og þjónustu Worldfengs sem er í eigu Bændasamtakanna en forritadur, rekinn og þjónustaður af RML í samstarfi við FEIF.

Búfjardómur í sauðfjarrækt eru einnig stórt verkefni. Á hverju hausti dæmir og sónarskoðar starfsfólk RML og verktakar á milli sextíu og sjöttíu þúsund lömb um allt land. Fyrst og fremst gegna lambadómur því hlutverki að aðstoða sauðfjarrækt annars vegar við ásetningsval og hins vegar að skera úr um hvaða lambafæður séu bestir til framræktunar á búinu í gegnum afkvæmarannsóknir en um leið gefa dómur á lömbum okkur mikilvægar viðbótarpplýsingar um sameiginlega ræktunargripi sem eru þeir hrútar sem eru í boði til sæðinga í hvert sinn.

Reglulegir kynbótaútreikningar í nautgriparækt, sauðfjarrækt og



Karvel Karvellsson.

hrossarækt byggja á áður nefndum gögnum sem koma inn í gegnum afurðaskýrsluhald annars vegar og búfjardóma hins vegar. Útreikningar kynbótamats í íslenskum búfjarkynjum byggja á BLUP aðferðafræðinni sem innleidd hefur verið inn í ræktunarstarf héraðs. Á þeim grunni byggjum við en mikilvægt er að við séum meðvitað um bestu mögulegu aðferðafræði og rannsóknir hverju sinni.

Ráðgjöf

Gott dæmi um þróun í ræktunarstarfi er það sem hefur átt sér stað í nautgriparæktinni síðustu ár, mat á hagrænu vægi eiginleika, innleiðing mælidalgikans og einkunn fyrir firjósemi sem byggir á sæðingagögnum er gott dæmi um slíkt. Metnaðarfullt verkefni er snýr að innleiðingu erfðamengisúrvals í nautgriparækt mun án efa vera fordæmi fyrir aðrar samsvarandi verkefnum í öðrum búgreinum.

Erfðatæknir gegnir stóru hlutverki í kynbótastarfi nútímans þar sem greining á erfðamengi gripa spilar stórt hlutverk. Stórt og mikilvægt skref var tekið með samningi við Mátis um erfðagreiningar í nautgriparækt sem einfaldar alla umgjörð um innleiðingu erfðamengisúrvals í nautgriparækt. Erfðagreiningar í sauðfjarrækt og hrossarækt skila einnig mikilvægum upplýsingum inn í ræktunarstarfið og í því samhengi má nefna greiningar á skeiðgeni í hrossarækt og stór verkefni varðandi greiningar á næmi fyrir ridusmiti í íslenska sauðfjarræktunum sem nú er í framkvæmd og unnið að því hörðum höndum að koma þeim upplýsingum inn í ræktunarstarfið.

Ráðgjöf tengdri búfjarrækt og þjónustu felst í ráðgjöf tengdu ræktunarstarfi og bústjórnarlegum þáttum. Búgreinar sem byggja á innflutningi erfðafæfnis og eru þar með ekki með sérstakt miðlægt utanumhald um ræktunina eru ekki mikið að óska eftir ráðgjöf en engu að síður reynum við að sinna þeim greinum eins og hægt er. Þjónusta við bændur er mjög mikið tengt kynbótastarfinu og skýrsluhaldinu og árlega svörum við þúsundum fyrirspurna í gegnum síma eða tölvupóst, ásamt því að aðstoða bændur við skýrsluhaldskerfin eða skráningar í tengslum við eftirlits- og greiðslukerfi stjórnvalda. Upplýsingar um ráðgjöf má sjá á heimasíðu okkar, www.rml.is, ásamt því að ráðunautar RML eru ávallt til viðtals, hvort sem um er að ræða í gegnum síma eða á starfsstöðvum RML.

Karvel Karvellsson,
framkvæmdastjóri RML.

Á FAGLEGUM NÓTUM

Fagþing nautgriparæktarinnar í Danmörku – síðasti hluti



Snorri Sigurðsson
snorri.sigurdsson@outlook.com

Í maí sl. var haldið hið árlega Fagþing Nautgriparæktarinnar í Danmörku eða „Kvæggkongres“ en þeir sem til þekkja vita að þetta er einn helsti vettvangur þekkingarmiðlunar varðandi nautgriparækt í norðanverðri Evrópu.

Alls voru flutt 70 erindi að þessu sinni í 11 málstofum og hér fer síðasta greinin af þremur, sem fjalla allar um nokkur sérvalin fróðleg erindi sem flutt voru á Fagþinginu. Fyrsti og annar hluti umfjöllunar um þetta Fagþing voru birtir í tveimur síðustu Bændablaðum.

Kolefnishlutleysi 2050

Að þessu sinni var á Fagþinginu sérstök málstofa sem fjallaði einungis um sótspor landbúnaðar og hvaða leiðir væru færar til þess að ná þeim markmiðum að gera danskan landbúnað kolefnishlutlausan árið 2050. Dönsk nautgriparækt, bæði mjólkur- og kjóttframleiðsla, er með eitt lægsta sótspor framleiðslu á þessu sviði í heiminum en bændurnir vilja gera enn betur.

Kýrnar mikilvægur milliðúður


Maie Brask, frá afurðafélaginu Arla Foods, fjallaði um það hvernig félagið hefur nálgast þetta verkefni en undanfarin ár hefur Arla Foods verið leiðandi, á meðal helstu félaga og fyrirtækja í mjólkuriðnaði, þegar kemur að málefnum sem snúa að kolefnishlutleysi. Í erindinu benti hún réttilega á að kýr eru gríðarlega mikilvægur milliðúður á milli móður jarðar og mannfólks enda geta þær umbreytt jarðargröða, sem ekki nýtist til manneldis, í mjólk og kjöt. Þannig nýtist m.a. land sem ekki er nýtanlegt til beinnar matvælaframleiðslu sem beitarrand fyrir kýr og þær geta auk þess nýtt allt frá alls konar afgangum, úrgangi matvælavinnslu til auðvitað trénisríkra plantna. Þetta skýrist auðvitað af einstökum meltingarvegi en á móti kemur að við þessa vinnslu verður m.a. til metangas, vegna gerjunar, sem hefur áhrif á sótsporið.

41% frá jórtrun

Þegar horft er til sótsports kúabúa benda tölur til þess að 41% af sótspori búanna stafi frá jórtrun, 34% frá fæðingarmarkmiðum og vegna aðkeypts fæðurs, 10% frá mykjuni, 8% frá metanlosun lands og 5% vegna orkunotkunar. Arla Foods hefur þegar gert úttekt á 7 þúsund, af tæplega 9 þúsund, kúabúum sem selja mjólk til félagsins og benda tölur þess að á bak við þessi hlutföll sem hér að framan greinir sé verulegur breytileiki á milli búanna og benti Maie á að það bendi til þess að gera megi töluvert betur. Þetta á m.a. við um sótspor fæðursins, sérstaklega aðkeypts fæðurs sem hún sagði að væri með hátt sótspor vegna bæði framleiðsluáferðar fæðursins og flutningsvegalengdar þess frá upprunastað.

Fimm meginatriðin

Arla Foods hefur nú varðað leiðina sem farin verður fram til ársins 2030, en það ár er markmiðið að hafa skorið 30% af sótsporinu miðað við árið 2015. Sett hafa verið fram 5 meginatriði sem sérfræðingar félagsins telja færa til þess að ná þessum árangri:



Því fleiri sem skepnurnar eru, því fleiri verða möguleikar fyrir beinar smitleiðir á milli þeirra.

Myndir / Aðsendar



Hvert kúabú á að vera með fót og skóbúnað til skiptanna fyrir bæði starfsfólk búans og gestkomandi.

I. Föðurnýting. Bæta skal föðurnýtinguna, þ.e. fá fleiri lítra af mjólk út úr sama magni föðurþreufnis. Tölur félagsins benda til mikils breytileika hvað þetta varðar á milli félagsmanna svo afar líklegt er að þetta eigi að geta nást.

II. Próteinnýting. Of margir kúabændur virðast offóðra á próteini sem er bæði dýrt og kostar óþarfa sótspor. Reynt verður að ná tökum á þessu á komandi árum.

III. Ending kúa. Of margar kýr enda í sláturhúsi mun fyrir en þær ættu að gera. Mikil endurnýjunarþörf þýðir að setja þarf á of margar kvígur með tilheyrandi óþarfa sótspori. Þetta ætlar Arla Foods að leggja áherslu á að verði bætt m.a. með því að bæta heilbrigði kúa.

IV. Áburðarnýting. Allnokkur munur er á milli búna þegar horft er til nýtingar áburðarfæna og má bæta verulega úr þessu m.a. með betri vélbúnaði til dreifingar, notkun tölvu- og staðsetningartækni og með betri geymsluáferðum fyrir mykju svo dæmi séu tekin.

V. Landnotkun. Stuðull sem Arla Foods notar fyrir mat á landnotkun eru m²/kg mjólkur þ.e. hvað það þarf mikið landsvæði til þess að framleiða mjólkurpottinn. Meðal félagsmanna Arla Foods er allmikill breytileiki á þessu gildi, sem eins og hér að framan greinir bendir til þess að bæta megi úr.

Mikill munur á sótspori nautakjöts

Í öðru erindi þessari málstofu var horft til nautakjötsframleiðslunnar og þar kom fram að lægsta sótsporið er á nautgripakjöti frá kúabúum í mjólkurframleiðslu (um 11 kg CO₂ gilda/kg kjöts), hvort heldur sem

var á slátruðum ungnautum þaðan, kvígum eða kúm. Skýring felst einfaldlega í því að kjöt er aukaafurð með mjólkurframleiðslunni og því deilist sótsporið á mun meira en bara kjötið sem slíkt. Þá eru búin stór, en kúabú í mjólkurframleiðslu í Danmörku eru að jafnaði með um 220 kýr í dag, sem hefur jákvæð áhrif á hagræði framleiðslunnar. Þá var langhæsta sótsporið á kjöti frá holdakúabúum (um 36 kg CO₂ gilda/kg kjöts), þar sem beit er aðallega stunduð en sótspor holdakúabúa, þar sem eldistíminn var styttri og stundað þauleiddi, var lægra (um 25 kg CO₂ gilda/kg kjöts). Enn er verið að skoða hvaða leiðir eru bestar til þess að lækka sótspor holdakúabúa í Danmörku.

37% minni metanlosun

Enn eitt áhugavert erindi í þessari málstofu var rannsókn þróunar- og ráðgjafarfyrirtækisins SEGES á efninu Bovaer® frá hollenska fyrirtækinu DSM. Þetta er einskonar fæðubótarefni sem er selt með þeim formerkjum að það dragi úr metanlosun frá jórtrun. Gerð var tilraun á 350 dönskum kúm í fjóra mánuði og minnkaði metanlosun tilraunahópsins um 37%, og það nánast samdægurs og efninu var blandað í föðrið! Þá jókst losun vetnis frá jórtruninni um 406% í samanburði við mælingar frá kúm sem fengu ekki efnid. Enginn marktækur munur fannst á áti, afurðasemi eða efnainnihaldi mjólkur.

Heilbrigðismál

Síðasta málstofan sem hér verður fjallað um snerist um heilbrigðismál. Erindi þeirra Vibeke Fladjkjær

Bændablaðið
kemur næst út 25. ágúst

KVÆG-KONGRES2022



Í dag geta bændur keypt margs konar einföld heimapróf til þess að greina smitvalda í kýrsýnum.

Nielsen og Betinu B. Tvistholm var einkar áhugavert en það fjallaði um smitvarnir á kúabúum og mikilvægi þess að bændur taki þau mál föstum tókum. Þær stöllu stóðu að rannsókni á stöðu smitvarna á dönskum kúabúum og komust m.a. að því að bændur eru almennt mjög meðvitaðir um mikilvægi smitvarna en oft reynist þó erfitt í reynd að vera með öflugar smitvarnir.

Þannig reynist t.d. mörgum bændum erfitt að hindra smit á milli dýra og vex sú áskorun með auknum fjölda gripa. Þannig eru t.d. 12 mögulegar beinar smitleiðir á milli fjögurra dýra en séu þau 30 eru beinu smitleiðirnar 870!

Vinnuföt fyrir alla

Eitt af því sem þær töldu mikilvægast var að bændur tryggja að allir sem vinna við gripina, hvort heldur sem það eru heimamenn eða aðkomufólk svo sem dýralæknar, frjótæknar eða ráðunautar, noti einungis vinnuföt viðkomandi kúabús. Sé svo gert dregur það verulega úr líkum á því að smit berist í gripina. Þá nefndu þær einnig að mikilvægt væri að búið sé svo um hlutina að þeir, sem fara á milli búa eins og t.d. bílstjórar slátur-, mjólkur- eða fóðurbíla, geti athafnað sig án þess að hætta sé á því að þeir beri með sér smit á milli búa.

Ofnotkun lyfja

Ofnotkun lyfja á kúabúum er vandamál víða um heim og fjallaði einmitt eitt

erindið, flutt af Volker Krömker frá háskólanum í Kaupmannahöfn, um það hvernig draga megi úr lyfjanotkun á kúabúum. Mest notkun lyfja er tengd meðhöndlun gegn jógurbólgu en reynslan sýnir þó að oft er verið að setja lyf í kýr sem í raun geta læknað sig sjálfar og án aðkomu lyfja!

Þá gerist það einnig of oft að reynt er of mikið eða lengi að slást við þraláta jógurbólgu þegar besta leiðin í raun væri að slátra kúnni í staðinn fyrir að meðhöndla hana fyrst með heilmiklum lyfjakúr. Auðveldara sagt en gert, en hvernig má þá ná árangri? Volker nefndi m.a. að kýr, sem hafa fengið tvisvar sinnum sýnilega jógurbólgu og með kýrsýni þrisvar í röð sem er hærra en 700.000 frumur/ml eigi að senda beint í sláturhús! Þessar kýr væru með svo þraláta sýkingu að meira að segja löng geldstaða, ásamt geldstöðumeðhöndlun, gerði lítið sem ekkert fyrir þær.

Innri smitvarnir besta leiðin

Volker benti á að til þess að ná árangri í því að draga úr notkun lyfja þá þyrfti fyrst að stíga rétt skref innan búans. Þessi skref væru að draga úr líkum á smiti s.s. með því að halda kúnum tandurhreinum með því að veita þeim aðgengi að þurru legusvæði og hreinum gangsvæðum.

Þá þyrfti að halda jógri og spenum hreinum fyrir og við mjaltir auk þess að hreinsa mjaltabúnað vel milli mjalta einstakra kúa svo bakteríur

geti ekki borist á milli spena ólíkra kúa með mjaltatækjunum.

Greina sýkla fyrir meðhöndlun

Síðasta atriðið sem Volker nefndi var að aldrei ætti að meðhöndla sýkingu nema það liggi fyrir hvaða bakteríur eru að valda henni. Reynslan sýni að mótstöðukerfi kúa getur ráðið við margs konar sýkingar án hjálpar frá lyfjum og að til væru í dag ýmsar aðferðir sem nota má til þess að gera einfaldar bakteríugreiningar heima á kúabúunum sjálfum.

Þannig geti bændurnir ræktað upp sýni, frá sýktum kirtli, með einföldum og ódýrum hætti og komist þannig skjótt að því hvort ástæða sé til þess að meðhöndla með lyfjum eða ekki. Sneggstu prófin á markaðinum taka ekki nema 12 tíma að skila niðurstöðum og þegar þær liggja fyrir, megi kalla til dýralækni sé þörf á því. Þess ber þó að geta að sé sýkingin að valda sársauka þarf auðvitað að meðhöndla kúna með verkjastillandi lyfjum óháð því hvort sýkingarvaldinn þurfi að meðhöndla með öðrum lyfjum eða ekki.

Líkt og fyrr segir hefur í þeim þremur greinum, sem hafa fjallað um þetta danska Fagbing, einungis verið gripið niður í nokkur af þeim 70 erindum sem voru flutt og því af mun meiru að taka. Öll erindin er hægt er að skoða og hlada niður með því að nota eftirfarandi hlekk: <https://www.tilmeld.dk/kvaegkongres2022/praesentationer>.

Vegna aukinnar eftirspurnar óskum við eftir bújörðum á söluskrá

Vinsamlega hafið samband við Björgvin Guðjónsson, búfræðing og löggiltan fasteignasala í síma 510-3500 og 615-1020 eða á netfangið bjorgvin@eignatorg.is

Eignatorg

Skipholt 50b, 105 Reykjavík

Vetrarsól er umboðsaðili

Sláttuvélar & sláttuorf



Snjóblásarar

STIGA

Gulltryggð gæði



Sláttutraktorar

40 ár á Íslandi

VETRARSÓL

Askalind 4 | Kópavogi | Sími 564 1864 | vetrarsol.is

Vagnar og stálgrindahús frá WECKMAN Steel



STÁLGRINDAHÚS

Fjöldi stærða og gerða í boði



STURTUVAGNAR

Burðargeta 7-18 tonn

Þak og veggstál galvaniserað og lítað

- Bárað
- Kantað
- Stallað

Fjöldi líta í boði



H. Hauksson ehf

Ögurhvarfi 8 • Kópavogi • Sími 588 1130
hhaukssonehf@simnet.is

Jarðræktarstyrkir í garðyrkju

Matvælaráðuneytið vekur athygli á að opnað hefur verið fyrir rafrænar umsóknir um jarðræktarstyrki í garðyrkju vegna útiræktunar á grænmeti, kartöflum og garðávöxtum til manneldis. Gert er ráð fyrir sérstakri álagsgreiðslu á jarðræktarstyrki í garðyrkju vegna alvarlegrar stöðu í matvælaframleiðslu á Íslandi. Greiðslan verður reiknuð á grunni hefðbundinna umsókna.

Umsóknum skal skilað eigi síðar en á miðnætti 15. ágúst 2022 á afurð.is.

Til að geta sent inn umsókn í Afurð þarf að liggja fyrir skýrsla í forritinu Jörð. Vakin er sérstök athygli á að hægt er að skila skýrslu í Jörð án þess að endanleg uppskera ársins liggi fyrir. Skilyrði fyrir veitingu stuðnings eru skil á skýrsluhaldi í Jörð og fullnægjandi tunkort af ræktunarspildu sem sótt er um styrk fyrir. Þá er lögð áhersla á skráningu ræktunar, áburðargjafar, varnarefnanotkunar o.fl., í samræmi við ákvæði reglugerðar um stuðning við garðyrkju nr. 1273/2020. Framlag á hvern hektara (ha) fyrir hvert bú, tekur mið af heildarfjölda hektara sem sótt er um.

Fjöldi hektara sem sótt er um reiknast í samræmi við eftirfarandi stuðla:

Fjöldi ha sem sótt er um	Stuðull fyrir umsóttu ha
1-30 ha	1,0 fyrir rótarfurðir
1-30 ha	4,0 fyrir afurðir ræktaðar ofanjarðar
> 30 ha	0,7 fyrir rótarfurðir
> 30 ha	3,0 fyrir afurðir ræktaðar ofanjarðar



Stjórnarráð Íslands
Matvælaráðuneytið



Yfirlit yfir þá fullorönu gripi sem fundist hafa og bera arfgerðina T137 og ARR.

Mynd / Karólína Elísabetardóttir

Af átaksverkefni í arfgerðargreiningum:

Tveir bæir bætast við með T137



Eyþór Einarsson ráðunautur búfjárræktar- og þjónustusviðs ee@rml.is

Tveir bæir hafa bæst á lista yfir sauðfjárbú þar sem arfgerðin T137 finnst, það eru Reykir í Hjaltadal og Möðruvellir í Hörgárdal. Líkur á því að finna verndandi arfgerðir í gegnum átaksverkefnið fara minnkandi en senn verður búið að greina öll sýni sem bærust RML. Niðurstöður eru nú aðgengilegar í skýrsluhaldsforritinu Fjárvis.is.

Enn er staðan þannig að ARR arfgerðin hefur ekki fundist nema á Þernunesi við Reyðarfjörð. Hins vegar finnst arfgerðin T137 á nokkrum bæjum en bundnar eru vonir við að sú arfgerð veiti einnig fullkomna vernd. Tvö bú hafa nú bæst í hóp „T137 búanna“.

Á Reykjum í Hjaltadal í Skagafirði greindust nýverið fjórir gripir með T137, allir arfblendnir. Sýni höfðu verið tekin úr öllum veturgömlu ánum ásamt hrútafönu búns.

Kindurnar sem báru þessa fágætu arfgerð, þrjár ær og einn hrútur, reyndust hálfstykki. Faðir þeirra hét Birkir 15-402 en hann var kauphrútur frá Þúfnavöllum í Hörgárdal. Því eru allar líkur á því að arfgerðin hafi borist í Reyki frá Þúfnavöllum með hrútnum. Birkir, sem nú er fallinn, reyndist afbragðs lambafaðir og er lofandi sem arfaðir og hefur hann því verið hinn mesti kostgripur. Hann var sonur Bekra 12-911 frá Hesti og móðurfaðir hans var Fálki 06-834 frá Borgarfelli. Í beinan kvenlegg má rekja ættir Birkis innan Þúfnavalla 13 ætliði aftur eða allt aftur í ána

Gæfu 50-608. Hún kom í Þúfnavelli þegar fjárfstofninn var endurnýjaður í kjölfar mæðuveikiniðurskurðarins. Þúfnavellir voru ekki með í sýnatökuverkefninu í vetur og því er óljóst hversu útbreidd arfgerðin er þar í stofninum. Á Reykjum ætti að vera til nokkur hópur sem ber arfgerðina en búast má við að helmingur lambanna undan Birkissyninum veturgamla séu með T137 og þá eru til eldri dætur Birkis sem ekki hafa verið greindar né afkomendur þeirra. Á Reykjum búa þau Ástvaldur Jóhannesson og Stefánía Guðjónsdóttir.

Á Möðruvöllum 2 í Hörgárdal í Eyjafirði hefur T137 arfgerðin einnig fundist en þar stunda þau sauðfjárrækt Þórdur Sigurjónsson, Birgitta Lúdvíksdóttir, Sigmundur Sigurjónsson og Helga Steingrimsdóttir. Úr hjördinni voru tekin 20 sýni og í einni kind, Valíu 21-009, fannst arfgerðin. Valía er undan heimahrútu, Grilli 20-604. Grillir er undan Glám 16-825 frá Svartárkoti en ættir Valíu má síðan rekja til nokkurra bæja í Hörgárdal. Móðurmóðir hennar er frá Garðshorni á Þelamörk.

Í heildina eru nú búnin orðin 8 þar sem T137 hefur fundist og tilheyrja þau öll Tröllaskagahólfi utan tveggja bæja. Virðist aðalvígi þessarar arfgerðar príonpróteinsins vera að finna í vestanverðum Eyjafirði, Hörgárdal og Árskógsströnd.

Allar niðurstöður aðgengilegar í Fjárvis.is

Nú er búið að greina rúmlega 19 þúsund sýni í gegnum átaksverkefnið. Það sem enn er ógreint kemur í tveimur „niðurstöðupökkum“,

rúmlega 2 þúsund sýni í hvorum þeirra. Annar þakinn (sem er níundi niðurstöðupakkinn í verkefninu) er nánast tilbúinn og voru Möðruvallasýnin m.a. þar. Síðasti þakinn á síðan að vera tilbúinn fyrir mánaðamót og verður verkefninu að mestu lokið þá. Hugsanlega koma niðurstöður fyrir restina af þeim sýnum sem þarf að endurgreina ekki fyrir en í ágústbyrjun. Í þessum síðasta þakka eru nánast eingöngu sýni sem send voru til greiningar eftir 20. maí.

Í upphafi átaksverkefnisins voru niðurstöður sendar í tölvupósti til bænda. Eftir að Fjárvis.is var betrubættur og hægt að keyra þar inn gögnin, þá voru þessar tölvupóstsendingar aflagðar. Nú er búið að keyra inn í Fjárvis niðurstöður fyrir allar kindur sem búið er að greina og hægt var að lesa inn fyrirhafnarlaust. Hægt er að skoða þetta með því að kalla fram gripina í gripaleit.

Ein auðkenning sýnir að úr gripunum hefur verið tekið DNA sýni og ef niðurstöður eru fyrirbyggjandi eru gripirnir merktir með flöggum í mismunandi litum. Ef vantar niðurstöður á hluta gripanna getur það verið vegna þess að endurgreina hefur þurft sýnin eða ekki mögulegt að greina það.

Í haust verður svo áfram boðið upp á arfgerðargreiningar á vegum RML þar sem lagt er upp með að greina áfram þau 6 sæti á príongeninu sem horft hefur verið til í þessu verkefni. Fyrirkomulag arfgerðargreininga í haust verður kynnt þegar nær dregur, en markmiðið verður m.a. að geta komið upplýsingum hratt til skila (mun hraðar en í þessu átaksverkefni) svo nýta megi niðurstöður við ásetningsvalið.

LESENDARÝNI

Eldisleyfin: Eign eða leiga?

Í grein blaðamanns Bændablaðsins frá 4. nóvember 2021 er fjallað um fjárfestingar útlendinga í fiskeldi og sjávarútvegi.

Þar er vitnað í greinar sem undirritaður hefur skrifað og rætt m.a. við Jens Garðar Helgason, fyrrverandi framkvæmdastjóra Laxa fiskeldis ehf. og núverandi aðstoðarforstjóra Fiskeldis Austfjarða ehf. Ástæða er til að svara sumu sem þar kemur fram eða útskýra betur.



Valdimar Ingi Gunnarsson.

„Íslenskir fjárfestar höfðu ekki áhuga“

Fram kemur í máli Jens Garðars: „Þá má ekki gleyma því að við stofnum þeirra fiskeldisfyrirtækja sem eru í rekstri í dag var þrífaldlega reynt að fá íslenskt fjármagn inn í atvinnugreinina en þegar það gekk ekki og menn höfðu ekki áhuga var leitað til Noregs...“

Í þessu samhengi er vert að hafa í huga að verið var að bjóða fjárfestum mismunandi valkosti allt eftir tímasetningu tilboðanna:

- a) Fjárfesta í rekstri: Fyrir stefnumótun starfshóps sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra í fiskeldi sem gefin var út 2017 var verið að bjóða að fjárfesta í rekstrinum.
- b) Fjárfesta í eldisleyfum: Eftir stefnumótunina og ekki minnst eftir að lög um fiskeldi voru samþykkt á árinu 2019 var aðallega verið að bjóða að fjárfesta í eldisleyfum.

Það var á árinu 2016 og jafnvel fyrr að íslenski leppar erlendrar fjárfesta byrja að skoða þann möguleika að gera eldisleyfin að verðmætum með að skrá laxeldisfyrirtækin á erlendan hlutabréfamarkað. Fram til 2016/2017 var því verið að bjóða íslenskum fjárfestum að fjárfesta í rekstri laxeldisfyrirtækja.

Jarðvegurinn undirbúinn

Til að tryggja farveginn inn á erlendan hlutabréfamarkað og gera mögulegt að fá hækkan í hafi á verðmætum eldisleyfa komu stjórnarformenn Arnarlax og Fiskeldis Austfjarða sér í opinberan starfshóp sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra í stefnumótun í fiskeldi í desember 2016. Höfundur hefur skoðað fundargerðir stefnumótunarhópsins og í fundargerð frá 27. janúar 2017 er byrjað að ræða um verðmæti fyrirtækjanna. Í fundargerð frá 10. febrúar 2017 var umræða um fjármögnun og þar kom m.a. fram að stefnt væri á markað: „KÓ greindi frá að tímarammi á skráningu Arnarlax væri sumarið 2018“, en skammstöfunin stendur fyrir Kjartan Ólafsson, stjórnarformann fyrirtækisins. Jafnframt var velt fyrir sér verðmæti fyrirtækisins og fram kemur í fundargerð að „KÓ svaraði að markaðurinn mæti það hugsanlega á tugi milljarða“. Vermæti eldisleyfa Arnarlax í lok ársins 2021 voru um 40 milljarðar króna. Ekkert finnst síðan um málið

fyrir en í fundargerð frá 14. júlí 2017 þegar fram kemur: „Ákveðið að nefndarmenn fái sendar glærur og áhættumatsskýrslu eftir kl. 14 þegar hlutabréfamarkaður í Noregi hefur lokað.“

Stefnumótunin opnaði leiðina

Í skýrslu starfshóps sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um stefnumótun í fiskeldi, sem gefin var út þann 21. ágúst 2017, var leiðin vörðuð inn á erlendan hlutabréfamarkað. Það sem er athyglisvert við stefnumótunina er það sem ekki var lagt til, þ.e.a.s. enga takmörkun á erlent eignarhald eða stærð fyrirtækja sem opnaði leiðina á erlendan hlutabréfamarkað.

Leiðin var síðan fest í sessi með útgáfu laga um fiskeldi á árinu 2019. Í meginatriðum voru það norskir aðilar sem voru að fjárfesta í laxeldisfyrirtækjunum á árunum 2016/2017 þar til félögin fóru á erlenda hlutabréfamarkaðinn. Arnarlax og Fiskeldi Austfjarða fóru inn á erlendan hlutabréfamarkað á árinu 2020 og Arctic Fish á árinu 2021.

Norðmenn skildu verðmæti eldisleyfanna og gerðu sér grein fyrir að hægt væri að ná miklum ávinningi með að koma laxeldisfyrirtækjunum á erlendan markað. Á þessum tímamarki var ekki þörf á íslenskum fjárfestum nema til að bæta myndina út á við, s.s. fá lífeyrissjóðina að borðinu rétt áður en félögin fóru á erlendan hlutabréfamarkað.

Kaup á leyfum

Í máli Jens Garðars kemur jafnframt fram: „Þetta er alveg tvennt ólíkt. Sjávarútvegurinn er að nýta takmarkaða auðlind en fiskeldið ekki, nema að því leyti að við nýtum svæði sem einhver annar nýtir ekki á meðan. Við mætum með okkar eldisdýr á staðinn og getum farið með þau aftur. Leyfin okkar eru til leigu til 16 ára.“

Í samanburði má benda á að á Íslandi er kvótinn eign og í Noregi eru eldisleyfin eign. Eldisleyfin í Noregi eru varanlega eign en á Íslandi er um að ræða úthlutun eldisleyfa. Í Noregi eru leyfin keypt fyrir háar fjárhæðir en á Íslandi fást þau því sem næst ókeypis (tafla 1).

Tafla 1. Munurinn á eldisleyfi í Noregi og á Íslandi.		
Kaup á leyfum	Noregur	Ísland
Sala á leyfum	Flest eldisleyfi eru keypt fyrir háar fjárhæðir.	Leyfin fást því sem næst ókeypis.
Endurnýjun á leyfum	Leyfin hafa verið að hækka og má því gera ráð fyrir að flestir selji þau með hagnaði.	Leyfin eru ekki keypt, fást því sem næst ókeypis, en eru seld með miklum hagnaði.
	Eldisleyfin eru varanlega eign.	Það er gert ráð fyrir að 16 árum liðnum fást leyfin endurnýjuð fyrir lítið.



Sjókvíaelði á Vestfjörðum.

Sala á leyfum

Á Íslandi fást eldisleyfin því sem næst ókeypis og með að fara með laxeldisfyrirtækin á erlenda

hlutabréfamarkaði hefur verðmæti félaganna hækkað mikið í hafi. Verðmæti eldisleyfa, t.d. Arnarlax eru metin á um 40 milljarða á markaði. Fjölmargir íslenskir

frumkvöðlar og íslenskir leppar erlendra fjárfesta eru byrjaðir að leysa hagnaðinn til sín með sölu hlutabréfa.

Náðst hefur meira en tífalda þá fjárhæð sem upphaflega var lagt í fyrirtækið við sölu á eignarhlutum eftir að félögin voru komin á erlendan hlutabréfamarkað.

Endurnýjun á leyfum

Eins og fram hefur komið í ársskýrslum norskra laxeldisfyrirtækja, sem eru meiri-hlutaeigendur í laxeldisfyrirtækjum hér á landi, þá er gert ráð fyrir að auðvelt verði að endurnýja leyfin eftir 16 ár og það verði tiltölulega ódýrt.

Það er því vert að spyrja sig hvort það sé í raun einhver munur á eldisleyfum í Noregi og Íslandi þegar upp er staðið. Í þessu samhengi er bent á að eldisleyfi sem fengust frítt í Noregi urðu að varanlegri eign.

Að lokum

Höfundur vinnur nú við samfélagsverkefni gegn spillingu í hálfu starfi. Gagnrýnd hafa verið þau vinnubrögð sem hafa viðgengist við undirbúning og gerð laga um fiskeldi án þess að fá miklar undirtektir.

Nýlega hafa þó átt sér stað ákveðin tímamót í þessu máli þar sem Ríkisendurskoðun ákvað að verða við beiðni matvælaráðherra um úttekt.

*Valdimar Ingi Gunnarsson,
sjávarútvegsfræðingur.*

GRÍMSÆVINTÝRI

Á BORG 6. ÁGÚST

Dagskrá frá 13.00-16.30

TOMBÓLA - KLIFURVEGGUR - BLÚNDUKAFFI

MARKAÐUR - SIRKUS ANANAS - SLACKLINE ICELAND

TINTRON - LEIKFÉLAGIÐ BORG - POPP OG CANDYFLOSS

TOMBÓLA - MIÐAVERÐ 400KR - ENGIN NÚLL

Frítt í sund á meðan hátíðinni stendur - flott tjaldsvæði á staðnum

ÖLL VELKOMIN - Frír aðgangur



Grímsævintýri á Borg er litil sveitahátíð í umsjón Kvenfélags Grímsneshrepps. Hátíðin er styrkt af Grímsnes- og Grafningshreppi.

Magnús Leópoldsson lögg. fasteignasali

FASTEIGNAMÍÐSTÖÐIN

Hlíðasmára 17, 201 Kópavogi - Sími: 550 3000 Fax: 550 3001

Áhugaverðar jarðir

JARDIR.IS

fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is - www.fasteignamidstodin.is

Nýi Ökuskólinn - Klettagörðum 11 - 104 Rvík - meiraprof.is - meiraprof@meiraprof.is

Meirapróf

Réttindin gilda í Evrópu

NÝI ÖKUSKÓLINN

Auknir atvinnumöguleikar
Íslensk og ensk námskeið

Kíktu á meiraprof.is og skráðu þig á námskeið

D-D1-C-CE-C1-C1E-B/Far

EYJALIND GRAMMER

Sæti og varahlutir í

- Lyftara
- Vinnuvélar
- Vörubíla
- Bata

Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjaland.is

Startaðu ferðasumarið með TUDOR

Rafgeymar í húsbíla og hjólhýsi fyrir ferðalagið í sumar

TRAUST OG FAGLEG ÞJÓNUSTA - ALLA LEIÐ

SKORRI

SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bíldshöfða 12 • 110 Rvk • 577 1515 • skorri.is

Gas lykkjubýssa

Frábær í girðingavinnuna og smíðina.

GERIÐ VERÐ-SAMANBURÐ

Kíktu á www.s-j.is

SKÚLASON & JÓNSSON

SKÚTUVOGI 6 | 104 REYKJAVÍK | SÍMI 568 6544 | www.s-j.is

VÉLABÁSINN

Stærsta jarðýta landsins

– Prufuakstur á Liebherr PR 776

Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is



Áð þessu sinni var jarðýta af gerðinni Liebherr PR 776 tekin í prufuakstur sem myndi flokkast sem mjög stór jarðýta. Sambærilegar jarðýtur hvað varðar stærð eru Caterpillar D10T, en báðar þessar ýtur eru yfir 70 tonn að þyngd.

Þegar tíðindamaður komst á snoðir um að nýlega hefði verið flutt inn stærsta jarðýta landsins þá kom strax sú hugmynd að hún ætti vel heima í prufuaksturshorni Bændablaðsins. Ég var búinn að ímynda mér að um væri að ræða ferlíki á stærð við einbýlishús en þegar ég gekk að þessari Liebherr PR 776 í hliðum Ingólfsfjalls þá sá ég að hún er sannarlega stór, en í stað þess að umfangið sé eins og einbýlishús þá er hún frekar á stærð við tveggja herbergja sumarbústað með svefnlofti.

Sterklegt útlit

Tönnin framan á ýtunni er í kringum eina og hálfu mannhæð og er jarðýtan öll mjög sterklega byggð með þykku stáli hvert sem lítið er.

Það er skemmtileg tilbreyting að sjá jarðvinnutæki sem er hvítt og grátt að lit, en gulur hefur verið ráðandi litur á vinnusvæðum undanfarna áratugi.

Hvað hönnunina varðar þá myndi hinn almenni leikmaður ekki átta sig á því að þetta sé Liebherr frekar en Komatsu eða Caterpillar án þess að lesa merkingarnar. Hönnuðir flestra jarðýta horfa greinilega til nýtsamlegs útlits þar sem aðgengi til að sinna viðhaldi er óskert.

Það hefur líklegast leitt af sér að jarðýtur eru mjög einsleitir að lögun með flatar hliðar og skörp horn. Ekki það að þetta er hin stílhreinasta vél.

Gott aðgengi

Liebherr hefur greinilega séð fyrir því að þrilið upp í vélina sé eins áhyggjulaust og hægt er, en fótstig eru með grófu yfirborði og handföng alla leið. Fyrir utan ökumannshúsið er stór pallur með háu handriði og því létt að athafna sig þegar búð er að klöngrast upp á pallinn. Hægt er að ganga inn í vélina frá báðum hliðum og opnast hurðirnar vel út.

Notalegt ökumannshús

Ökumannshús vélarinnar er viðkunnanlegur staður til að vera á og rétt svo nógu stórt til að rúma ýtustjóran. Rýmið er vel hljóðeinangrað frá umheiminum þar sem allir gluggar eru með tvöföldu gleri. Þrátt fyrir að búíð sé að skrúfa upp í tólf strokka dísilmotorinum þá er gnaudið ekki meira en svo að heyrnarhlífar eru óþarfar. Greinilegt er að mikið hefur verið lagt í sætið, en það er mjúkt með fjöðrun og stillanlegt á ótal vegu. Þegar hamagangurinn er hvað mestur veltur ökumaðurinn til í sætinu og skarkali frá brotnandi bergi berst inn í húsið. Það er samt ekki við neinu öðru að búast, enda er þetta jarðýta.



Stærsta jarðýta landsins er í eigu Ingileifs Jónssonar ehf. og er hún í Þórustaðanámu í Ingólfsfjalli fyrir Fossvélar ehf.

Myndir / ÁL



Vinnustaður með útsýni.



Vel er gætt að öruggi með handriðum. Sigvaldi Emilsson ýtustjóri.



Ökumannssætið snýr aðeins til hægri til að auðveldara sé að líta aftur á riftönnina. Tveir stjórnþinnar stýra flestum hreyfingum.



Nokkuð skert útsýni aftur á riftönnina.



Ökumannshúsið er vel hljóðeinangrað og sætið vandað.

Samantekt

Liebherr PR 776 er verðugur valkostur fyrir hvern þann sem vantar afkastamikið tæki í námuvinnslu. Ökumannshúsið er friðsæll staður og má ekki búast við öðru en að gott sé að dvelja þar á löngum vöktum. Stjórnun vélarinnar er fyrirhafnarlaus og eru stjórnþækin sett upp með hámarks þægindi í huga. Liebherr vinnuvélar hafa orðspor fyrir gæði og má búast við því að það sama muni eiga við um þessa vél. Áhugasamir geta fengið frekari upplýsingar og verð hjá Rúok vinnuvélum. Sérstakar þakkir fá starfsmenn Ingileifs Jónssonar ehf. og Fossvéla ehf.

Útsýnið úr vélinni við vinnu er að mestu óhindrað og stjórnun hennar það lipur að það gleymist fljótt að sætið er uppi í ferlíki. Okostur er þó að erfitt er að ná beinni sjónlínu að ríppernum sem gerir notkun hans erfðari.

Ýtan er útbúin bakkmyndavél sem horfir yfir rípperninn, en myndin er óskýr og kemur fram á smáum skjá þannig að erfitt er að notfæra sér hana.

Lipur í hreyfingum

Flestum hreyfingum vélarinnar er stjórnað með tveimur stjórnþinnum sem eru haganlega staðsettir fyrir framan armhvílurnar. Stjórnþinnarnir falla vel í hendi og getur hver ökumaður stillt afstöðu þeirra að sínu vaxtarlagi. Með hægri þinnanum stjórnar maður hæð og halla tannarinnar og með þeim vinstri er beltunum stýrt. Að

auki eru hnappar á stjórnþinnunum þar sem hægt er að velja á milli hraðaprepa, flauta o.fl. Hægra megin við sætið er handfang sem er tileinkað ríppernum.

Handfangið sjálft hreyfist ekkert, en á því eru takkar sem stjórna hæð og halla riftannarinnar. Snúningshraða vélarinnar er stjórnað með einfaldri skífu.

Vökvastýring gefur sérstöðu

Ólíkt öðrum jarðýtum í þessum stærðarflokki þá hefur Liebherr PR 776 þá sérstöðu að ganghraða beltanna er stjórnað með vökvadælu og koma girar þar hvergi nálægt. Ökumaðurinn skrúfar því vélina upp í hámarkssnúning og heldur henni þar á meðan aksturshraðanum og stefnunni er stjórnað með vinstri stjórnþinnunum. Á hefðbundnum jarðýtum þarf að nota fótstig til þess að slá af vélinni áður en skipt

er á milli fram- og afturgíra. Fyrir þá sem nota fótstigið af gömlum vana þá hefur Liebherr útbúið þessa vél með slíku þó það sé óþarfi.

Skilvirkni vélarinnar við að ýta jarðvegi er samsvarandi öðrum vélum í þessum stærðarflokki en afköstin þegar kemur að notkun riftannarinnar nokkuð meiri. Þessi aukna afköst nást þar sem öllu er stjórnað í gegnum vökvadælu. Eyðsla vélarinnar er á bilinu 60-70 lítrar á klukkutíma. Ólíutankurinn rúmar 1.100 lítra af dísilolíu og því er nauðsynlegt að fylla á tankinn á hverjum degi.

Heildarþyngd vélarinnar er 75 tonn og getur tönnin ýtt á undan sér 22 rúmmetrum. 24,2 lítra V12 dísilmotorinn skilar hann 768 hestöflum og er hámarks hraði 10,5 km/klst. Hámarks lengd vélarinnar er 10.094 mm, mesta breiddin er 4.830 mm og er hún 4.350 mm á hæð.

Söfnin í landinu: Nýjar og gamlar sýningar í Glaumbæ

Félag íslenskra safna og safnamanna (FÍSOS) og Bændablaðið munu í samstarfi birta umfjallanir um söfn landsins í næstu blöðum. Aðstandendur Glaumbæjar ríða á vaðið.



Arfleifð íslenska þjóðbúningsins er haldið á lofti í Glaumbæ.

Torfbærinn í Glaumbæ er samstæða þrettán húsa en bærinn er sérstæður meðal íslenskra torfbæja að því leyti að mjög lítið grjót er notað í hleðslurnar og er því torfríkasti bær landsins. Búið var í Glaumbæ til ársins 1947 en þá tók Þjóðminjasafn Íslands við bænum. Bygðasafn Skagfirðinga sem stofnað var 29. maí 1948 fékk afnot af bænum og opnaði sýningu í honum 15. júní 1952, og fagnaði sýningin „Mannlíf í torfbæjum á 19. öld“ því 70 ára afmæli á dögnum.

A sýningunni í bænum má sjá yfir 800 grip, í 16 mismunandi rýmum, og er áhersla lögð á aðbúnað fólks við matargerð og daglegt líf. Sýningin hefur vissulega tekið ýmsum breytingum í gegnum árin, einna helst þegar miklar endurbætur fóru fram árið 1998 af tilefni 50 ára afmælis safnsins. Sýningin og falleg sýningarumgjörð Glaumbæjar hefur dregið að sér hundruð þúsunda manna og virðist ekkert lát á áhuganum á sýningunni.

Tvö gömul timburhús hafa verið flutt á safnlóðina í Glaumbæ. Í Áshúsi eru kaffistofa og sýningar. Hjónin Sigurlaug Gunnarsdóttir og Ólafur Sigurðsson byggðu húsið 1883-1886 í Ási í Hegranesi. Þau héldu skagfirska kvennaskólann á heimili sínu 1877, fyrsta árið sem hann starfaði. Skautbúningnum, sem Sigurlaug saumaði á sig, hefur verið komið fyrir í nýjum glerskáp í Áshúsi. Í honum má einnig skoða glæsilegan kyrtil Ólafar Guðmundsdóttur, sem var barnabarn Sigurlaugar. Hann var færður safninu til varðveislu á síðasta ári og nú standa þjóðbúningar langmæðgnanna

hlið við hlið í skápnum og hægt að dást að þeim saman. Til sýnis er jafnframt glæsilegur 20. aldar upplutur Guðrúnar Ingólfsdóttur sem hún lánaði safninu fyrir þessa sýningu, og fagran stúlknabúning Maríu Guðmundsdóttur. Loks má skoða glæstan skautbúning Bjargar Sigríðar Önnu Eiríksdóttur sem færður var safninu árið 2006. Það er vel við hæfi halda arfleifð íslenska þjóðbúningsins á lofti í þessu húsi.

Safnið gerði það jafnframt með opnun sýningarinnar „Íslenskir þjóðbúningar og Pilsaþytur“ á efri hæð Áshúss þann 19. júní sl., í samstarfi við Pilsaþyt, öflugan félagsskap kvenna í Skagafirði. Pilsaþytskonur hafa meðal annars heimsótt safnið í Glaumbæ einmitt á þessum degi, 19. júní og glatt safngesti svo um munar með því að skryðast íslenskum þjóðbúningum. Nýjasta framtak þeirra var að sauma stórglæsilegan kyrtil fyrir fjallkonu sveitarfélagsins til að nota á þjóðhátíðardaginn og er hann til sýnis í Áshúsi.

Sýningin „Torfbærinn: Heimili og vinnustaður“ er í Gilsstofu og var opnuð í samstarfi við Skottu kvikmyndafjelag.



Baðstofa.

Þar er skyggst aftur í tímann með aðstoð 360° sýndarveruleikageraugna og hægt að sjá fólk við hina ýmsa iðju sem þótti hversdagsleg í gamla daga en er okkur framandi í dag. Þar sjáum við einmitt hvernig hægt er að nota nútíma tækni til að varðveita menningararfinn og færa til komandi kynslóða. Áhorfandinn upplifir sjálfan sig sem hluta af aðstæðum horfinna tíma og fær dýpri upplifun af safnaheimsókninni, bæði til að læra og njóta.

Áhugasamir eru hvattir til að líta við í Glaumbæ í sumar. Sýningin „Torfbærinn: Heimili og vinnustaður“ stendur út ágúst og „Íslenskir þjóðbúningar og Pilsaþytur“ stendur til 20. október.




Allar almennar bílaviðgerðir



Viðurkenndur þjónustuaðili

BIFREIÐAVERKSTÆÐI KÓPAVOGS



Smíðjuvegur 68, Kópavogi | S. 587 1350 | bifreidaverkstaedi.is

TÖKUM AÐ OKKUR VERKEFNI OG VINNUM ÚR ÞEIM LAUSNIR

VHE

VHE • Melabraut 27 Hafnarfjörður • Hraun 5 Reyðarfirði
Sími 843 8804 • Fax 575 9701 • www.vhe.is • sala@vhe.is

KROSSGÁTA Bændablaðsins

	179	FNÆSA	STJÓRNA	KÚGA	STUNDA	BEYBUR	TEFJA	NAFN-GREINA	SVOLÍTÍÐ	PUKRAST
	GLEDI-MERKI									ÖHEMJU
	GÆLU-NAFN									KNEYFA
	NÝLEGA									KVARS-STEIN ÞORA
	TVEIR EINS FRJÓANGI			NÁ-SKYLDUR MATJURT						BOTN- VARPA
	↓	RÖÐ	PUÐAR HVÍLST				GÆLUNAFN GRÆNMETI			
ÓHEFLAÐUR				TVEIR EINS ÖFUGT		HRÓPA				Í RÖÐ LYFTAST
FÉMUNIR			HANGA Á AFSVAR				FÚI HREINSAD			
TVEIR EINS		EGGJA DRATTAST			TÍMABIL ÖVILJUGUR					SKYNFÆRA
ÞREYTA		FÍNGERÐ HÖLU-FISKUR				RÓTA SPILLA				
		KK. NAFN SPÝTA			EGNA TÍMASKEIÐ					SKJÓL
HLÉ				SJÚKT ÞESSI					ÖFUG RÖÐ STJÓRN-PALLUR	
HERÐA- KLÖTUR			MIDA ÖFUG RÖÐ				ÁKALL SEM			
ÞVAGA			KETIL- BUMBUR				KVK NAFN			
SEMSÉ					URMULL					

Lausn á krossgátu í síðasta blaði

	178	SNÚNINGAR	EYJA Í EVRÓPU	STUTT-NEFNI	GLÓFI	RAUST	ABSJÁLL	HJÁLÞ	STÆKKI	AUD- KENNA
	SKRIN	S	M	Á	H	I	R	S	L	A
	SNÚÐRA	N	A	S	A	NAUTNA- LYF	Ó	P	Í	U
	MELL- EINING	A	L	I	N	BRALLA BAKSA	M	A	K	K
	TVEIR EINS ATT	T	T	FRÉTTIR TÁKN	S	P	U	R	N	I
	S	IPUKAST	FLÍK OFSA- REIÐA	S	T	A	K	K	U	R
INNVILOKA	K	R	Ó	A	SKJÓUR GUSTA	R	I	Ð	HREINS- EFNI TVEIR EINS	S
RUNA	R	Ö	Ð	S	K	O	TÁLMA	A	F	T
RÓLEG	A	S	A	L	A	U	S	STRYTU HRYGGDAR	ÚLDNA HRYGGDAR	F
ÖFUG RÖÐ	U	T	I	L	L	S	K	A	FLÆDDI NUDD	R
	T	STYRKJA INN- LEIÐUR	E	F	L	A	FJALLS- NÖF REIK	E	N	N
SKIÐ- LEGGJA	H	A	N	N	A	EIGINLEIKI DVELJAST	E	I	G	I
BYLGJA	A	L	D	A	ÓLAGI Í RÖÐ	B	I	L	U	Ð
ÞREYTA	L	Ú	I	FJÓLDI	M	Ú	G	U	R	ATLAGA
EFTIRSÍÐAR	I	Ð	R	U	N	A	R	DRASL	S	K

Bændablaðið kemur næst út 25 ágúst.

Smáauglýsingar 56-30-300

LÍF & LYST – BÆRINN OKKAR

Á bænum Birnustöðum á Skeiðum búa hjónin Jóna Þórunn Ragnarsdóttir og Ólafur Hafliðason, sem reka holdakúabú með myndarbrag.

Býli: Birnustaðir, Skeiðum.

Staðsett í sveit: Í hlíðum Vörðufells.

Ábúendur: Ólafur Hafliðason og Jóna Þórunn Ragnarsdóttir.

Fjölskyldustærð (og gæludýra):

Við hjónin, Sigurjón Tristan, 13 ára, Elín Viktoría, 10 ára, Steinunn Birna, 1 árs og Herdís Vala, 3 mánaða. Hundurinn Vaskur og kötturinn Tommi.

Stærð jarðar: Um 350 hektarar, þar af 40 hektarar í túni.

Gerð bú: Holdakúabú.

Fjöldi búfjár: 20 kýr auk uppeldis og 30 naut í eldi. 3 reiðhross.

Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum? Nautin hirt kvöld og morgna. Önnur verk velta á árstíð, útigangi gefið, vélum klappað eða heyskap sinnt.



Birnustaðir Skeiðum

Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin? Skemmtilegast þegar kálfarnir skoppa um en leiðinlegast að gera við eða þegar skepnur veikjast.

Hvernig sjáid þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir 5 ár? Kýrnar orðnar riflega 30 talsins, nautin um 100 og að við þurfum ekki að stunda svona mikla vinnu utan bú. Vonandi verður búið að banna lausagöngu sauðfjár svo við getum nýtt hagana eingöngu fyrir okkar gripi og mögulega farið í smá skógrækt.

Hvar teljið þið að helstu tækifærin séu í framleiðslu á íslenskum búvörum? Heilnæmar og hreinar íslenskar afurðir eiga alltaf upp á pallborðið. Við þurfum að sýna neytendum betur að dýravelferðin sé okkur bændum mikilvæg.

Hvað er alltaf til í ísskápnum? Mjól, smjör, ostur. Ef vel ætti að vera þyrfti bóndinn að mjólka eins og eina kú til að standa undir mjólkurþambinu.

Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu? Það fúlsar enginn við nautasteik þó Tristan myndi kjósa hamborgara í öll mál.

Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin? Við höfum brallað ýmislegt misgáfulegt en ætli það sé ekki þegar kýrin Góla bar sínum fyrsta kálfi og var heldur illskeytt þegar við komum að merkja hann (settum met í 100 metra hlaupi).

Uppáhaldstæki/vél eða áhald? Óli: Fífi! (New Holland L85) Jóna: Finnst það gott frí að fá að raka á Júdasi (New Holland TS100).



Hvað finnst fólki gaman að gera þegar það er ekki í vinnunni? Frí! Hvað er það?

MATARKRÓKURINN

Grillaðar lambaframhryggjarsneiðar

Hafliði & Halldór
hafliði@icelandicdamb.is



Við höldum okkur við grillið og hér er gamla góða lambið mætt í sumarboðið.

Lamb er eflaust upphaldsgrillsteik landans enda gæðavara og mikilvægur þáttur í mataræði þjóðarinnar í gegnum tíðina. Við notum hér framhryggjarsneiðar en að sjálfsgöðu er lítið mál að skipta þeim út fyrir aðra bita af lambakjöti. Minna nýttir bitar eins og framhryggjarsneiðar eru bragðmiklar og innihalda töluverða fitu sem skilar sér í safaríkri steik. Vegna fitunnar er mjög mikilvægt að passa grillið og fylgjast með til að kjötið brenni ekki.

Íslenskt grænmeti er svo algjört skylduatriði í grillveisluna. Hnúðkál er afurð sem er á markaði í örfáar vikur sem má mæla með í einföld salöt eða eitt sér, það nýtur sín vel með ögn af sítrónusafa og góðri olíu, eða með mildu ediki. Sveppi má líka grilla, okkur finnst best að leyfa þeim að fara beint á grillið og brúna þá vel þar, án þess að fylla þá. Vilji fólk ost með sveppunum sínum er tilvalið að rífa góðan ost yfir þá að lokinni eldun. Chimmichurri er suður-amerísk grillsósa sem er í grunninn byggð á jurtum, sítrónusafa eða ediki og olíu. Við leyfum okkur að stílfæra hana að íslensku sumri og sól, með rabarbara og skessujurt úr garðinum. Svo er jú öruggara að enda þetta með skotheldri majonesósu, enda þurfa Íslendingar vel af sósu með grillmatnum.

Grillaðar lambaframhryggjarsneiðar

4 vænar framhryggjarsneiðar
2 kvistar blóðberg
1 hvítlaugsgeiri
1 msk. matarolía



Grillaðar lambaframhryggjarsneiðar með grilluðu graskeri og sveppum, hnúðkálssalati og grænpiarmajonesi.



Rabarbara „Chimmichurri“.

Kremjið og saxið hvítlauginn og blandið í olíuna ásamt garðablóðbergi.
Berið á kjötið og látið standa í

stofuhita í 1-2 klst. Hitið grillið og saltið kjötið, eldið að eigin smekk. Við kjósum meðaleldun (e. medium) fyrir lamb.

Grillað grasker

½ grasker
2 msk. matarolía

Við notum hér frekar smátt grasker sem kallast Butternut Squash á ensku. Skrælið með beittum hnif og kjarnhreinsið. Skerið í þverhandarþykkar sneiðar, penslið með olíu og grillið með kjötinu þar til er mjúkt í gegn. Athugið að eftir nokkurra mínútna eldun er betra að færa graskerið á eldfastan bakka og klára eldunina á óbeinum hita á grillinu.

Grillaðir sveppir

1 box Flúða kastaníusveppir
1 msk. matarolía
Grillpinna

Leggið grillpinnana í bleyti, þræðið sveppina á og penslið með matarolíu fyrir eldun.

Hnúðkálssalat

1-2 hnúðkál
½ sítróna, börkur og safi
1 msk. matarolía
Graslaukur

Íslenskt ferskt og gott hnúðkál er nú komið í verslanir og þess ber að njóta á meðan framboð er á því fram til hausts. Skrælið og skerið í þunnar sneiðar, rífið börk af sítrónu, kreistið safann yfir og blandið saman við kálið ásamt ögn af söxuðum graslauk og berið fram strax.

Grænpiarmajones

3 dl gott majones
1 dl grísk jógúrt
1 msk. grænpiar (niðursoðinn)
1 msk. hunang
Sítrónusafi

Notið niðursoðinn grænpiar, sem er í vatni og fæst ýmist í litlum krukum eða niðursoðudósum. Saxið fínt helmingsinn af piparnum og hrærið saman við majones, jógúrt og hunang. Smakið til með salti og sítrónusafa.

Rabarbara „Chimmichurri“

2-3 stíklar rabarbari
Lófaylli af steinselju
5-6 blöð skessujurt
½ laukur
1 hvítlaugsrif
1 dl eplaedik
2 dl matarolía

Saxið rabarbara og hvítlauk, lauk í smáa bita, steinselja og skessujurt söxuð fínt. Blandið saman og smakið til. Sósan má gjarnan fá nokkrar klst. í kæli til að brjóta sig og ná fram fullu bragði.

HANNYRÐAHORNID

Taumvettlingar

Miðstærð

100gr tvinnað ullar band frá Fjárhúsloftinu.

prjónastærð nr. 2,5

Stroff: Fitjið upp 56L (lykkjur) og deilið á 4 prjóna (14L á prjón). Prjónið 2sl (slétt) og 2br (brugðið) lykkjur þar til stroffið mælist 7 cm.

Belgur: Til að fá góða vídd í belginn þarf að taka upp lykkju á milli brugnu lykkjana og er hún prjónuð slétt.

Útaukning: Prjónið áfram stroff en aukið út um 14L í fyrstu umferð á eftirfarandi hátt:

prjónið *2L sl – 1L br-1L sl tekinn upp – 1L br* endurtakið út hringinn.

Nú eru lykkjurnar orðnar 70. Nú er belgur prjónaður *2sl – 1br – 1sl- 1br* þar til belgur mælist frá stroffi 6 cm.

Nú er band prjónað í fyrir þumli það er gert svona: fyrstu tvær L á hægri lófa eru prjónaðar sléttar síðan eru næstu 10L prjónaðar með auka bandi (síðustu 12L á vinstri lófa 10L settar á band síðustu tvær prjónaðar samkvæmt munstri). Haldið er áfram að prjóna belginn þar til hann mælist 9 cm frá stroffi.

Þá eru teknar frá síðustu 7L af á 2.prjóni og fyrstu 8L af 3. Prjónið alls 15 lykkjur fyrir litlafingur sem eru prjónaðar sér. Setjið lykkjurnar á nælu og geymið á meðan lokið er við belginn. Prjónið áfram þar til belgur mælist 15 cm frá stroffi.

Úrtaka (bandúrtaka):

1.prjónn: prjónið 1L sl. Takið 1L óprjónaða prjónið næstu L sl dragið óprjónuðu L yfir hina, prjónið hinar L samkvæmt munstri.

2.prjónn: prjónið þar til 3L eru eftir, þá eru 2Lprjónaðar slétt saman svo 1L slétt.

3.prjónn: eins og fyrsti prjónn.

4.prjónn: eins og annar prjónn.

2. umferð: prjónið samkvæmt munstri (engin úrtaka).

ATH. Allar lykkjur í úrtöku eru prjónaðar slétt.

3.umferð: takið úr eins og í 1. Umferð

4. umferð: án úrtöku.

5. umferð og allar hinar: takið úr í hverri umferð þar til 7L eru eftir.

Jafnið lykkjurnar á milli prjóna eftir því sem þeim fækkar. Þumall og litlafingur eru prjónaðir slétt.

Þumall: rekið þumalbandið úr og takið upp lykkjurnar. Takið einnig 2-3 lykkjur upp í hvoru viki.

Deilið lykkjunum á 3 prjóna. Prjónið L saman í vikum í fyrstu umferð svo alls verði 22L í þumlinum. Prjónið slétt 20 - 22 umf. Prjónið saman fyrstu 2L á prjóni þar til eftir eru 4-6L.

Litlafingur: setjið lykkjurnar af nælunni á þrjá prjóna og takið upp 4L í greipinni á milli fingurs og belgs alls 19L prjónið saman lykkjur á milli fingurs og belgs svo alls verði 17L í litlafingri. Prjónið slétt 18 - 20 umf. Takið úr eins og á þumli.

Frágangur: Klippið frá, dragið bandið í gegn og gangið frá endum.

©Jónína Þórðardóttir, 2020



Samkvæmt upplýsingum frá Þjóðháttadeild Þjóðminjasafns Íslands hefur þjóðin staðið í prjónaskap að minnsta kosti síðan á 16. öld. Að langmestu þá úr spunnu ullarbandi í stað lopans sem við þekkjum nú og voru nokkurra ára gömul börn fljótlega vanin við prjónana. Þessi iðja þótti ekki síður karlmannsverk en verk kvenna og var gjarnan setið við prjónaskap að kvöldlagi hér áður fyrr undir húslestrinum.

Vettlingar voru vinsælt prjónles en þeir hafa alla tíð verið mesta þarfaping og voru auðveldir að gerð.

Karlmenn prjónuðu sér ef til vill tvíbanda, tvíþumla vettlinga ef farið var á sjóinn eða stöguðu og bættu þá gömlu sem enn héngu saman á meðan stúlkunum þótti gaman að útbúa ísaumaða rósavettlinga eins og kallaðist. Þeir voru upp á punt, gjarnan sléttprjónaðir úr einlitu ullarbandi með skrautlegum útsaumi kölluðum fléttusaumi.

Gott garn á góðu verði!
Sendum um allt land.

Handverkskúnst
www.garn.is
Hraunbæ 102a, 110 Reykjavík - sími 888-6611

Fjárhúsloftið

Á Lækjarbotnum í Rangárþingi Ytra er opin vinnustofa og búð. Þar er hægt að fá ullarvörur unnar úr ull af okkur fé: hnakkdýnur, kerrupokar, reiðtaumar, ullarband o.fl.
Jónína Þórðardóttir, Lækjarbotnar, sími 848 2484, fb: Fjárhúsloftið

SUDOKUÞRAUTIR Bændablaðsins

Galdurinn við Sudoku-þrautirnar er að setja réttar tölur, frá 1–9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línum.

Létt

2	8							1
	4		7		5			3
	7			4	8	6		9
7		2		8	6			
		3	1		7	5		
			5	9		7		4
5		6	9	3				4
	3		6		2		1	
9							6	2

Miðlungs

1								4
	9		6		1			7
3	4							2
			1	3	5	8	4	
			5	9	7	2	6	
7	3							4
	6		8		4		1	
5								2

Þung

	5			1				9
	6	2					7	
		8			3			
2				9				1
			3		8			
3				6				4
			8			9		
	1					6	2	
9				7				5

Þyngst

	9	7	8					
1				5				8
			3	7				1
	5						6	
8					4	5		
		2						
3				9				6
					6	8	1	

FÓLKIÐ SEM ERFIR LANDIÐ



Ingunn Bára afmælisstúlka!

Ingunn Bára er hress og kát stúlka sem býr á bænum Urriðaá í Miðfirði. Hún á bráðum fimm ára afmæli, þann 23. júlí, og við sendum henni hamingjuóskir í tilefni dagsins! Á myndinni hér að ofan er hún með bróður sínum, honum Einþóri Loga, sem verður þriggja ára í október.

Nafn: Ingunn Bára Ólafsdóttir
Aldur: 5 ára.
Stjörnumerki: Ljón.
Búseta: Urriðaá í Miðfirði.
Leikskóli Ásgarður á Hvammstanga.
Skemmtilegast: Leika við vini mína og hjálpa mömmu og pabba í fjárhúsunum.
Uppáhaldsdýr: Kindur.
Uppáhaldsmatur: Píta með buffi.

Uppáhaldslag: Sumarástín úr söngleiknum Grease.
Æfir þú íþróttir eða spilar á hljóðfæri: Nei.
Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór: Læknir.
Hvað ætlar þú að gera í sumar: Leika við bróður minn, fara í útilegu og halda upp á afmælið mitt.
Áttu systkini: Já, einn bróður.

FUGLINN: FÝLL



Fýll eða múkki, besti vinur sjómannsins, er stór og gráleitur sjófugl. Hann er einn af algengustu fuglum landsins og af mörgum talinn sá næstalgengasti á eftir lundunum. Þeir eru mjög langlífir og vitað er til þess að þeir geti orðið a.m.k. 60 ára gamlir. Fýllinn heldur tryggð við makann sinn og parast ævilangt. Þeir verða seint kynþroska og dvelja fyrstu tíu árin á hafi. Fýllinn verpir einu eggi og tekur útungun tæpa tvo mánuði, eða lengst allra íslenskra fugla. Ungatíminn tekur síðan aðra tæpa tvo mánuði. Fýllinn er úthafsfugl sem unir sér best á sjó. Hann er þungur til gangs á landi, en þar þarf hann tilhlaup til að komast úr kyrrstöðu og hefja sig til flugs. Jafnvel á sjó getur hann stundum átt í erfiðleikum með að komast á loft. Fuglinn treystir á vindinn til að rífa sig upp úr hafinu en ef það er logn þarf hann að taka tilhlaup á sjónum, líkt og á landi. Þegar á flug er komið svifur fýllinn með stífum vængjum með fáeinum vængjatökum inn á milli og flakkar þannig víða um norðanvert Atlantshaf og jafnvel alla leið í Norður-Íshaf.

Mynd og texti / Óskar Andri Viðisson

UMHVERFISMÁL - TÍSKA

Barbiecore-tíska með gleðina í fyrirrími:

Heilbrigð og jákvæð sýn á líkamann

Í tískuheiminum þetta sumarið má vart snúa sér í hálfhring án þess að verða var við stefnu er kallast Barbiecore og á rætur sínar að rekja til klæðaburðar leikfangs.

Ekki eru allir hrifnir af þeirri hugmynd að Barbara Millicent Roberts, eða plastdúkkann Barbie, sé í hávegum höfð – en þess verður þó að gæta að áður en ímynd hennar er dæmd óhæf mætti líta framhjá ytra útliti hennar og einblína frekar á sterkan karakter, áhrif, afrek og aðra jákvæða punkta.

Alveg síðan Barbie var kynnt til leiks árið 1959 hefur hún án efa borið þann titil að vera tímalaus fyrirmynd. Hún hefur sýnt börnum að þau geti orðið það sem þau vilja, án tillits til þess hvernig ytra útlit þeirra er. Barbie sjálf hefur til dæmis verið í hlutverki skordýrafræðings, læknis, prinsessu og sendiherra UNICEF – auk þess að vera geimfari áður en Neil Armstrong komst til tunglsins.



Í sumar verður enginn maður með mönnum nema að fjárfesta í bleikum platformskóm.



Hönnuðurinn Betsey Johnson er ávallt með puttana á púlsinum.

Í heimi þar sem enn er stundum litið á styrk og kvenleika sem andstæða eiginleika, sýnir Barbie fram á að allt er mögulegt. Samkvæmt framleiðanda hennar, Mattel, fagnar vörumerkið fjölbreytileikanum á sem víðtækastan hátt, er fylgjandi hjónabandi samkynhneigðra og hefur nú nýverið framleitt transdúkk.

„Við teljum það mikinn heiður að fagna verðlaunaleikkonunni og LGBTQ+ réttindabaráttumanninum Laverne Cox með dúkku,“ sagði Lisa McKnight, framkvæmdastjóri og alþjóðlegur yfirmaður Barbie & Dolls hjá Mattel í viðtali við The Guardian.

Veitir fyrirtækið einnig framlag í nafni Cox félagsamtakanna TransFamilySOS, sem hafa það hlutverk að þetta samfélag trans-fjölskyldna á einn eða annan hátt.

Er rétt að kenna börnum að dæma eftir útlitinu?

Áhugavert er að samfélög víðast hvar í heiminum virðast ekki eiga



Andi Barbie sveif um palla Moschino á vorsýningunni árið 2015.

auðvelt með að líta framhjá óraunhæfum líkamshlutföllum Barbie. Dæma hana út frá útliti hennar, frekar en lífssýn, afrekum og yfir 200 starfsferlum. Jú, líkamshlutföll hennar eru ekki raunhæf, en Barbie er plastdúkk.

Barnaleikföng eru sjaldan nákvæm framsetning á raunveruleikanum, ef vel er að gáð. Börn vita það nema þeim sé bent á annað og því ekki jákvætt að foreldrar brenngli hugsunarhátt þeirra óumbeðin. Framleiðendur hafa þó tekið rólega á móti allri gagnrýni. Barbie hefur haldið sínu striki og verið áfram

hún sjálf, sem er til fyrirmyndar út af fyrir sig.

Sýn tískunnar 2022-2023

Hvað viðkemur tískuhræringum ársins er nú helst uppi á teningnum vísun í klæðaburð Barbie, sem hefur gegnum árin verið áberandi litskrúðugur öllu jöfnu, fjörugur og oft í bleikari kantinum. Slíkar áherslur má finna víða á pöllum tískunnar þessa dagana og þá undir heitinu Barbiecore – ef til vill ætlað fólk sem eru „hardcore“ aðdáendur Barbie.


Tískuveldi Valentino sem lauk haustsýningu sinni fyrir árið 2022 nú nýverið í Róm, er meðal annars undir áhrifum Barbiecore og kynnti fuchsia-bleika kjóla, buxadress og platform hæla í stíl undir stjórn hins skapandi stjórnanda Pierpaolo Piccioli.

Pönkdrottningin og hönnuðurinn Betsey Johnson er önnur sem hefur umfaðmað Barbicore og má sjá ýmsa gleði frá henni nú í ár – en hún hefur reyndar alltaf leikið sér með rokk og ról útgáfu þess sem mætti flokkast undir fjöruga tísku Barbie.

Áhrifavaldir og ýmsar stjórnur á borð við Paris Hilton, Kim Kardashian og söngkonuna Nicki Minaj hafa þó – í gegnum árin – verið óhræddar við að klæðast alklæðnaði í anda dúkkunnar margfrægu, í bleiku frá toppi til tær. Hönnuðir eru þar ekki undanskildir, t.d. ef litið er á vorsýningu Moschino árið 2015. Þar strunnsuðu módelin um tískupallana eins og klippt út úr pöntunarlista Barbiefatnaðar við mikla gleði viðstaddra. Má því segja að grunnt



Frá haustsýningu Valentínó á dögnum. Mynd / Myndskeið



Áhrifavaldurinn Kim Kardashian í bleikum alklæðnaði. Mynd / Instagram

sé á Barbídúkkunni í fólk og skilji það hver á sinn hátt.

Barbiecore-tískan er greinilega eitthvað sem gleður hjartað, opnar fyrir þann möguleika að ekki þurfi alltaf allt að vera svart og mælir óhikað með því að taka sér Barbie til fyrirmyndar.

Hún hefur a.m.k. jákvæða sýn á sjálfa sig, full lífsgleði og tekur ekki mark á hvað öðrum finnst. /SP

Svampur.is

Bjúðum uppá sérsniðnar svampdýnur og bólstrun fyrir:

- Tjaldvagninn • Fellihýsið
- Húsbílinn • Bátinn
- Hjólhýsið • Sumarhúsið
- Heimilið o.m.fl!

Fljót og góð þjónusta

Svampur.is • Vagnhöfða 14 Reykjavík
Símar 567 9550 og 858 0321

MARÁS

TOHATSU
UTANBORÐSMÓTORAR



JAPÓNSK
GÆÐI!

Léttir Kraftmiklir
Fyrirferðalitrir Sparneytnir
Hljóðlátir 3,5-250 hö

Miðhraun 13 - 210 Garðabær
Sími: 555 6444 - www.maras.is

Rafhitarar

í skip, hús og sumarhús

Ryðfrír

neysluvatnshitarar með 12 ára ábyrgð

Hitöld (element), hitastillar, hitastýringar og flest annað til rafhitunar

Við erum sérfræðingar í öllu sem viðkemur rafhitun.



Rafhitun

Kaplahrauni 19 • Hafnarfirði
Sími: 565 3265
rafhitun@rafhitun.is • www.rafhitun.is

Smáauglýsingar

Sími: 563 0300 | Netfang: augl@bondi.is | Veffang: www.bbl.is

Hægt er að skrá auglýsingar og greiða með auðveldum hætti á bbl.is

Verð: Textaauglýsing kr. 2.600 m. vsk (innan við 140 slög) og kr. 6.200 texti + mynd.

Skilafrestur: Fyrir kl. 15.00 á þriðjudegi fyrir útgáfu.



Avant 745 árgerð 2018 keyrður 887 tíma. Verð kr. 3.200.000 +vsk. Frekari upplýsingar í s. 867-4700 eða 899-2017.



Slöngubátar fyrir alhliða veiði, á lager. Litir- Woodland camo, Leaf camo. Lengd 4,5 m. Breidd 1,92 m. Álgólf, gúmmilistar undir túbum. Þyngd 100 kg, burðargeta 1.100 kg. Max stærð af mótör 30 hö. CE vottaðir og merktir. 3 þóftur, 3 stangahaldarar, 3 stór geymsluhólf. Vindsegl að framan og geymsluhólf. Nánari uppl. og myndir sendar eftir óskum. Verð kr. 348.000 m/vsk. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang- hak@hak.is



Þrýstisett fyrir neysluvatn. Til á lager, 230 V, 24 V, 12 V. Mjög öflug sjálfsgandi dæla. Dæluhljól og öxull úr ryðfríu stáli. 24 L tankur úr ryðfríu stáli. Stillanlegur þrýstingur. Hentar vel í sumarhús og báta. Hákonarson ehf. S. 892-4163, netfang, hak@hak.is



Rampar fyrir frysti/kæligáma á lager. Burðargeta 10 tonn. Dekkplata 10 mm, L 170 cm x B 200 cm x hæð 21 cm. Heitgalvaniserað stál. Lyftaratakur á þrjú vegu. Eigum einnig rampa fyrir hefðbundna sjógáma. Hákonarson ehf. S. 892-4163 www.hak.is hak@hak.is



Einföldu fjárgrindurnar. Krækt saman án aukahluta. Stærð - breidd 180 cm x 90 cm. Verð frá kr. 9.900 +vsk. Aurasel ehf. Pantanir og upplýsingar í s. 899-1776 og 669-1336.



Samasz sláttuvélar frá 1,65 m - 3,90 m í vinnslubreidd. Einnig rakstrarvélar einnar og tveggja stjörnu. Búvis - s. 465-1332 - buvis@buvis.is



Seljum vara- og aukahluti í flestar gerðir af kerrum. Sendum um land allt. Brimco ehf. S. 894-5111. Opíð frá kl. 13-16.30 - www.brimco.is



Til sölu iðnaðarhurð með rafmagnsmótör, hæð 6 cm, breidd 4 m. Tilboð kr. 500.000. Upplýsingar í s. 774-2501.




Bensíndrifnir stauraborar á lager. Öflugur 2ja hestafla Hiunday 2 stroke mótör. Borar sem fylgja, 100 mm, 150 mm og 200 mm. Bordýpt 730 mm. Hákonarson ehf. S. 892-4163, netfang- hak@hak.is



Zetor turbo 1995 til sölu. Er á nýlegum Michelin dekkjum 540/65 R34xM108, nýlegt Grammer sæti og Quicke 620 ámoksturtæki. Einungis 4.300 vinnustundir, er á Vesturl. Verð kr. 2.000.000. Nánari upplýsingar má fá í s. 897-3467.



Lambheldu hliðargrindurnar. Breidd 420 cm x hæð 110 cm. Möskevar 10 x15. Verð frá kr. 24.900 auk vsk. Sett með lömum og loku, verð aðeins kr. 3.900 +vsk. Aurasel ehf. Pantanir og upplýsingar í s. 669-1336 og 899-1776.



LANDAHREINSUN
JARÐAHREINSUN

Vind upp ónýtar girðingar og hálf ónýtar. Þarf að geta keyrt meðfram, staurað af um leið.

Sími 855 1930, Hjörtur

senmatic

Tæknibúnaður fyrir atvinnugróðurhús

Loflagsstýringar

Áburðarblandarar

Skjámyndakerfi

Gluggabúnaður

Mótorlokar

Mælitæki

LED lampar



Eyravegi 32 • 800 Selfoss

Sími 480 1160 • www.arvirkin.is

Færibanda-reimar

Eigum á lager færibandareimar í flestar gerðir rúlluvéla



GÚMMISTEYPA
Þ. LÁRUSSON EHF.

Gyðafliót 3 • 112 Reykjavík • Sími 567 4467 • gummisteypa@gummisteypa.is • www.gummisteypa.is

Margar gerðir af þýskum eins og tveggja öxla kerrum.

Úrvalið hefur aldrei verið meira.

AL-KO

QUALITY FOR LIFE



UNSIINN

Schmidt
FAHRZEUGBAU



Viðgerðir á kerrum og mikið úrval vara- og aukahluta. Skoðuðu úrvalið á www.brimco.is eða kirtu í heimsókn.

BRIMCO

Hestakerrur fyrir 2, 3 og 5 hesta.

EFRIBRAUT 6 - 270 MOSFELLSBÆ
Sími: 894 5111 - www.brimco.is

EITTHVAÐ FYRIR ALLA



CFMOTO 1000
2.690.000,-



CFMOTO 520
1.549.000,-



CFMOTO 450
1.459.000,-



CFMOTO 800
2.498.000,-



CFMOTO 650
1.370.000,-



BETA 300
1.890.000,-



KAWASAKI 450
1.899.000,-



KAWASAKI 250
1.811.000,-
KX 85 979.000,-

Allar nánari upplýsingar
www.nitro.is



Nitro - Urðarhvarfi 4 - 557 4848 - nitro.is



Faðmgreip fyrir stórar rúllur. Mesta opnun er 212 cm. Lyftir rúllum sem eru allt að 1000 kg. Eigin þyngd 190 kg. Ásoðnar euro-festingar og slöngur með kúplingum fylgja. Vönduð og sterk smíð með þykkri, dökkgrárrí duftúð (pólýhúð) Til á lager. Verð kr. 169.000 +vsk. Hákonarson ehf. hak@hak.is s. 892-4163.



Óska eftir ódýrum leirbrennslu-pottfni. +150 lítra. 3 fasa. Má þarfnast viðgerðar eða nýrra elementa. kristin@subba.is s. 895-9556.



2 stk. hljóðnemar af gerðinni Sennheiser e606 (sjá mynd) hurfu úr mínum fórum eða ég hef lánað og man ekki hverjum eða hvenær. Allar upplýsingar vel þagnar / Jóhann Rúnar - s. 861-8377



Brettgafflar með snúningi, 180° eða 360°. Festingar fyrir traktora og skotbómulyftara. Hliðarstuðningur fyrir trékassaog grindur. Burðargeta-1500 kg, 2500 kg, 3000 kg, 5000 kg. Pólsk framleiðsla. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang- hak@hak.is www.hak.is



Garðhús frá TENE - 10-14,4 fermetrar. Búvís - s. 465-1332 - buvis@buvis.is



Gámarampar á lager. Heitgalvaniserað stál. Burðargeta: 8000 kg. Stærð: 130 cm x 210 cm x 16 cm. Lykkjur í dekki fyrir lyftaragaffla. Hákonarson ehf, hak@hak.is S. 892-4163.



Sjálfsogandi dælur frá Japan (Koshin). Fyrir vatn, skolp, mjög óhreint vatn (trash), 2", 3", 4". Orginal Honda vélar með smuruliúryggi. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Vandað girðingarefni frá Bretlandi. 5 str. túnnet kr. 14.470 rl. 6 strengja túnnet kr. 16.900 rl. IOWA gaddavír kr. 8.804 rl. Motto gaddavír kr. 5.300 rl. Þanvír kr. 12.700 rl. Öll ofangreind verð m/vsk. H. Hauksson ehf - s. 588-1130.



Glussadrifnar gölfhræur. Vinnudýpt 1,9 m. Stærð á skrúfu 48 cm. Rotor 12 kW. Glussaflæði 75 L/mín. 20 m af glussaslöngum fylgja. Mesta hæð frá gólfi 2 m. Burðarvirki, heitgalv./SS stál. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang, hak@hak.is



Farþegabátur til sölu, Ölver ÍS. Báturinn er 19,12 m mesta lengd og er 77 br.tonn. Hann er með farþegaleyfi fyrir 34 farþega, björgunarbúnaður er fyrir 40 manns. Í bátum er 300 hp. Volvo og 76 hp ljósavél. Báturinn er mjög vel útbúinn fyrir farþegaflutninga. Hann var gerður út í hvalaskoðun á Ísafjarðardjúpi. Ásett verð er kr. 13.500.000. Allar upplýsingar veitir Ragnar í s. 892-0660.




Stórviðarsög á braut. Aflgjafar, 3 fasa rafmótor 5,5 KW eða Kohler bensínmótor 14 Hö. Lengd á braut, 3,8 m, hægt að lengja um 1,52 m eða meira. Mesta þykkt á trjábol 66 cm. Framleitt í Póllandi. CE merktur og vottaður búnaður. Hentar í alla stórviðarsögun. Hákonarson ehf. S. 892-4163, netfang- hak@hak.is



Diskaherfi frá POM, 3 metrar, verð kr. 1.448.000 +vsk. Búvís - s. 465-1332 - buvis@buvis.is

SMÍÐUM FRÁ GRUNNI OG GERUM VIÐ

ALLAR GERÐIR
TJAKKA



VHE

VHE • Melabraut 27 Hafnarfjörður • Hraun 5 Reyðarfirði
Sími 843 8804 • Fax 575 9701 • www.vhe.is • sala@vhe.is



Aquasport

Þú færð allt í sundið fyrir sumarið
hjá okkur



Aquasport sundverslun

Bæjarlind 1-3, 201 Kópavogi

Opið mán-fös 10-17, laugardaga 11-15

aquasport.is





2" Brunadælur á lager. FráKoshin í Japan. Sjálfsgandi og mjög háþrýstar. Vígta aðeins 37,6 kg. Henta vel fyrir slökkvilið og í vökvun. Sköffum allar dælur. Hákonarson ehf. s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Háþrýstidælur fyrir verktaða og iðnaðarmenn. Margar stærðir með bensín eða dísel. 500 Bar, flæði 21 L/mín. 700 Bar, flæði 15 L/mín. Vatnshitara fyrir háþrýstidælur. Vandaður búnaður frá Comet - www.comet-spa.com. Hákonarson ehf. hak@hak.is - s. 892-4163.



Toyota LandCruiser 90VX 3,4 bensín, 2002, ekinn 296.000 km. Dráttarkúla, nýr vatnskassi, bíll sem á nóg eftir. Nýskoðaður, verð kr. 400.000 eða tilboð s. 615-1600.

NORAMAX S5

Frábær öryggis-stígvél frá Nora!
SUPERIOR PROTECTION

Við leggjum áherslu á góða þjónustu við landsbyggðina.



Nethylur 2a, 110 Reykjavík | khvinnufot.is

nora

- Einstaklega létt og slitsterkt PU.
- Nagla- og távörn.
- Frábært grip, vörn gegn m.a. olíu, fitu og mykju.
- Góð einangrun, halda hita vel í kulda.



Verð: 11.900 kr.

Öryggi: Fyrst og fremst



Tökum að okkur hinar ýmsu viðgerðir á kerrum, hestakerrum sem og öðrum kerrum. Förum með þær í aðalskoðun. Pantíð tíma. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opíð kl. 13-16.30 - www.brimco.is



Innihærur fyrir haugkjallara. Rafdrifnar (3 fasa) eða glussadrifnar. Vinnudýpt 130 cm eða meira. Einnig hægt að fá hræurnar glussadrifnar með festingum fyrir gálga á liðléttingum. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is / www.hak.is



Glussadrifnir jarðvegsborar. Átraktora og allt að 60 tonna gröfur. Margar stærðir og gerðir af borum. Margar festingar í boði. https://www.diggaeuropa.com/ Hákonarson ehf. www.hak.is S. 892-4163. Netfang-hak@hak.is



Gúmmírampar fyrir brettatjaka. Stærð: L 100 cm x b 50 cm x h 16 cm. Þyngd 21 kg. Passa fyrir venjulega vörugáma. Burðargeta 10 tonn. Hákonarson ehf. S. 892-4163. hak@hak.is, www.hak.is



Gröfuarmar á ámoksturstaeki. Gröfudýpt, 1,5 m eða 2,0 m. Færsla til beggja hliða. Allar festingar í boði. Vandaður búnaður frá Póllandi. Hákonarson ehf. S. 892-4163 - hak@hak.is



Baggabindivél New Holland 935 lítið notuð. Zetor með ámoksturstaekjum. Zetor án tækja. Báðar vélar voru gangfærar þegar þeim var lagt. Nánari upplýsingar í s. 896-8246.



Backhoe fyrir dráttarvélar og hjólaskóflur. Margar stærðir. Gröfudýpt- 1,3-4,2 metrar. Margar stærðir af skóflum og öðrum aukabúnaði. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Nissan King Cap árg. 91. V6. Sjálfskiptur. Í finu standi miðað við aldur. Mikið safn varahluta fylgir. Verð kr. 650.000. Uppl. í s. 867-4777. Ath. Skráður fornbiill.



Tíki kerrur í úrvali, allt upp í 6 metrar að lengd. Búvís - s. 465-1332 - buvis@buvis.is

ÁSCO

BÍLARA FMAGN

OKKAR ÆR OG KÝR

– STARTARAR OG ALTERNATORAR –



Einnig á lager: Hjómflutningstæki frá Alpine. Varahlutir í startara. Rafgeymar. Aðalljósaperur. LED perur. Hátalarar. Tengi fyrir togsþil. Hléslutæki. Útvarpsloftnet. Rafhlöður. Fjarslæsingar. Fjarstart í bíla. Radarvara. Startkaplar. Áriðlar 12V og 24V í 240V. Hjóðnemar fyrir rútur, voltmælur, amperemælur, spennufellur 24V í 12V, trufanapétar, loftnetsframlingar. Kerrutenglar. Breytar fyrir 13P kerrutengla. Öryggi. Sjálvirk öryggi í bíla. Gleröryggi 20 og 32mm. Postulinsöryggi. Öryggiahöldur. Stór öryggi uppi 250A. Stelnujós fyrir Landrover. Snúrusett fyrir bassakætur. Bassakætur. Óxulhosur. Spennustíllar. Dítur. Rafgeymaskókr. Jarðbandandi. Dálkuborgir. Rásmælur fyrir alternatara. Kópplögðissaur. Stærðarkó. Lega í alternatara. Kól í alternatara. *Höfundur 10.2000 uppl. 100A. Þú mætt mætt þetta.



Glerárgata 34b við Hvannavelli • S 461 1092 • asco.is BÍLARA FMAGN

EYJALIND Belti og undirvagnshlutir

Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

ALK 150

ÞETTA SEM VIRKAR og er einstaklega gott á verkstaðið, í hesthúsið, fjárhúsið og fjósið. Umhverfisvænt sterkt alkalískt hreinsiefni fyrir erfið óhreinindi. Alhliða hreinsiefni fyrir gólf, vegg, áhöld, vélar og fl. Virkar sérstaklega vel á fitu og sót.

Verð: 5L, 3.949 kr
20L, 12.815 kr

- ✓ HREINSIEFNI - Íslensk
- ✓ SANDBLÁSTURSSANDUR
- ✓ SANDBLÁSTURSKASSAR
- ✓ SANDBLÁSTURSKÚTAR
- ✓ SANDBLÁSTURBYSSUR
- ✓ KERAMIKSPÍSSAR
- ✓ ÞVOTTAKÖR
- ✓ ULTRASONIC CLEANER
- ✓ O.m.fl.

JÁKÓ vélar og efnavörur sf.

Audbrekku 23, Kópavogi s. 564 1819, www.jako.is

SENDUM FRÍTT UM ALLT LAND MEÐ FLYTJANDA
Gildir ekki fyrir tilboðsvörur

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA
SÍÐAN 1985



ÚRVAL AF KERRUM OG KERRUVARAHLUTUM

Víkurvagnar ehf. - Hyrjarhöfða 8. - 110 Reykjavík
Sími 577-1090 - www.vikurvagnar.is - sala@vikurvagnar.is



Aukin ökuréttindi

Endurmenntun atvinnubílstjóra

Næstu námskeið

Fjarnám í rauntíma
16. ágúst
27. september
8. nóvember

Hraðnámskeið - staðnám
25. ágúst
13. október

Menntun ökumanna er okkar fag

Ökuskólinn Mjódd - Parabakka 3 - 109 Reykjavík - s:5670300 - mjodd@bilprof.is

Vistakstur

8. ágúst - 17:00 - 20:30 - hluti 1
9. ágúst - 17:00 - 20:30 - hluti 2

Umferðar öryggi

10. ágúst - 17:00 - 20:30 - hluti 1
11. ágúst - 17:00 - 20:30 - hluti 2

Farþegaflutningar

13. ágúst - 09:00 - 16:00

Vöruflytningar

15. ágúst - 17:00 - 20:30 - hluti 1
16. ágúst - 17:00 - 20:30 - hluti 2

Lög og reglur

20. ágúst - 09:00 - 16:00



Sliskjur úr áli fyrir vinnuvélar, fjórhjól o.fl. Lengdir 1,6 m, 2 m, 2,1 m, 2,5 m, 3 m, 3,5 m, 4 m, 4,5 m, 5 m. Burður fyrir þar 1,5 til 80 tonn. Einnig gúmmíklæddar að ofan fyrir valtura. Mjög hagstæð verð. Hákonarson ehf. Netfang hak@hak.is - s. 892-4163.



Eigum enn þá nokkra Palmse sturtuvagna, malarvagna og rúlluvagna. Búvís - s. 465-1332 - buvis@buvis.is



Brettagafflar með Eurofestingu. Burðargeta 2500 kg. Lengd á göfflum 120 cm. Pólsk framleiðsla. Verð kr. 147.000 +vsk. Til á lager. Hákonarson ehf. hak@hak.is s. 892-4163.



M1 ehf - Byggingaverktakar Tökum að okkur alla almenna smíðavinnu, múrvinna, málningarvinnu, alla steypuvinnu s.s. niðurlögn á steypu og vélslípun, flötun gólfa o.fl. Byggingastjóraréttindi og meistaraéttindi í múrið, málaraíð og húsmíði. Upplýsingar gefur Kolbeinn Hreinsson í s. 896-6614 eða sendið verkbeiðni á netf. m1@simnet.is. Við erum á facebook.



Klósettadælar fyrir kjallara. Inntak fyrir vask, sturtu og þvottavél. Mótur staðsettur fyrir utan votrymi. Margar stærðir sem henta fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði. Mjög öflugur og vandaður búnaður. Frárennsli, 32 mm. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Massey Ferguson diesel 1959 með númerið Ad-568. Uppgerður 2014. Uppl. S. 863-4344.



6 tonna taðdreifarar frá Metal Fach til afhendingar strax. Verð kr. 3.387.000 +vsk. Búvís - s. 465-1332 - buvis@buvis.is



Póstverslun.is

Sofðu með opinn glugga í sumar. Höfum til sölu sérhönnuð lúsmýsnet fyrir glugga íbúðarhúsa og sumarhúsa. Pantaðu á netinu og við sendum samdægurs. Postverslun.is



Brettagafflar með Euro festingum og handfærslu. Burður 2,5 tonn. Verð kr. 189.000 m/vsk. H. Hauksson ehf. s. 588-1130.



Eigum til á lager okkar vönduðu þurrkofna ásamt ýmsum öðrum tækjum fyrir heimavinnsur og veitingahús.

Beinn innflutningur, gott verð
Dæmi um verð: Þurrkofnar aðeins 59.000 kr. án vsk.
Hakkavélar frá 95.000 kr. án vsk.

Nánari uppl. í síma 8228844/ 8228832 eða vellir@vellir.is

EYJALIND Varahlutir í Bobcat

Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

Bændasamtök Íslands starfa í þágu landbúnaðarins í heild!

Bændur eru hvattir til þess að skrá veltu skv. framtali síðasta árs hið fyrsta inni á Bændatorginu. Veltuskráning þessi er forsenda fyrir félagsaðild í samtökin skv. samþykktum á síðasta Búnaðarþingi.

Það borgar sig að vera í Bændasamtökunum
Snúum bökum saman og stöndum vörð
um íslenskan landbúnað

Hefur þú spurningar varðandi það hvernig
á að gerast félagsmaður?

Fyrir okkur öll

Fulltrúar BÍ svara fyrirspurnum í síma 563-0300 á skrifstofutíma.
Hægt er að senda skilaboð í gegnum Bændatorgið og á netfangið gudrunbirna@bondi.is.





Rúllugreipar frá Metal Fach. Verð Kr. 274.315 + vsk. Einnig rúllugreip með keflum frá Göweil. Verð Kr. 349.000 + vsk. Búvís – s. 465-1332 - buvis@buvis.is

Lyftaragafflar frá Metal Fach, með Euro tengjum. Verð kr. 149.000 + vsk. Búvís – s. 465-1332 - buvis@buvis.is

Heyrúllunet 3000 metrar, verð frá kr. 24.990 + vsk. Búvís – s. 465-1332 - buvis@buvis.is

Óska eftir

Kaupi gamlar vinylplötur, kassettur og gamlar græjur og stundum CD-diska líka. Staðgreiði stór plötusöfn. S. 822-3710, olisigur@gmail.com.

Faun 1600 kartöfluupptökuvél, tinslu færiband, efsta bandið óskast, eða af eldri gerð. Nánari upplýsingar hjá Helga, s. 892-2986.

Norskur mastersnemi leitar viðmælenda sem þekkja til huldufólks og álagabletta. S. +47-414-65564 / Olinetj@stud.ntnu.no.

Óska eftir íbúðarhúsnæði til leigu í Hvolsvelli eða nágrenni. Öruggar greiðslur og trygging. Vinsamlegast hafið samband í s. 698-0048 eða aronma98@gmail.com.

Óska eftir Saab, hvaða típu sem er og í hvaða ástandi sem er. Samband í s. 857-1901, Þórður Tómasson.

Atvinna

Hópfærðabílstjóri óskast sem vill ferðast um ástkært föðurlandið. D-ökurettindi skilyrði. Möguleiki á fastráðningu eða sem aukavinnu. Fjölbreitt verkefni og nýlegur bílafloki. Nánari upplýsingar s. 865-1985/868-6784.

Einkamál

Kona, búsett á Suðurlandi, óskar eftir kynnum við kk. 40-55 ára. Þarf að vera traustur og fjárhagslega sjálfstæður. Áhugasamir vinsamlegast sendið póst á netfangið konaisveit@gmail.com, gaman væri ef mynd fylgdi.

Jarðir

Til sölu 23 ha. í landi Sands í Kjós. Nánari uppl. á visir.is og mbl.is Götuhæiti- Sandslundur

Til leigu

Geymslupláss til leigu 40 mín. frá Borgarnesi, þurr 16 °C heit geymsla í einbýlishúsi. 1,6 m breið hurð. Mjög sanngjarnt verð. Árni S. 861-5019

Þjónusta

Tek að mér viðgerðir á flestum tegundum sjálfskiptinga. Hafið samband í s. 663-9589 til að fá uppl. og tilboð. HP transmission, Akureyri. Netfang: einar.g9@gmail.com, Einar G.

Til sölu

Plast í fjárhúsgólf og stíur. Bása- og drenmottur, útileiktæki, gúmmihellur og gervigras. Heildarlausnir á leiksvæðum. jh@johannhelgi.is, s. 820-8096.

Mf 35. árg. 1962 til sölu. Upplýsingar í s. 862-7096.

Rafstöð 4,5 kw. Rafstart. Dísel. Á hjólum. Eyðslugrönn 1 cyl. Verð kr. 140.000. Uppl. í s. 690-8478.

Allt sem þarf til steinaslípunar og -sögunar. Tækifæri fyrir skapandi fólk. Tromlur og hristarar, fullt af falllegu grjóti. Verð kr. 900.000. Uppl. s. 690-8478.

75 lítra rústfrír pottur með 2,5 kw hitaelementi, einfasa. Hentar t.d. í matvælaframleiðslu og textillitun. Verð kr. 65.000. Uppl. í s. 690-8478.

Stöðuhýsi 3,70 x 11,80 til sölu, upplýsingar í s. 660-6210.

Sturtuhúðir til sölu, eru í umbúðunum. Heill veggur hægra megin, opnast vinstra megin. Verð kr. 15.000, upplýsingar í s. 866-0021

Ford Escape, hvítur, árg. 2007, 4 cyl, bensín, ekinn um 220.000 km, léleg sjálfskipting og púst en skoðaður og vel ökufer. Tveir góðir dekkjagangar, dráttarkrókur, verðhugmynd kr. 200.000. Uppl. í s. 617-7317

ALLT FYRIR VINNU OG ÖRYGGI

*Öryggisvörur - Vinnu- og öryggisfatnaður
Kiktu á úrvalið í vefverslun Dynjanda eða komdu við.
Við veitum þér faglega aðstoð.*

allt fyrir öryggið

Skeifunni 3h | Sími: 588 5080 | dynjandi.is

Smíðshöfða 12, 110 Reykjavík · sími 5868000 · www.roggi.is · verslun@roggi.is

Þjónusta við lónaðinn



BÆNDASAMTÖK
ÍSLANDS

Samtal um öryggi

Bændasamtök Íslands halda bændafundi um allt land í ágúst til að ræða stöðuna í landbúnaði, komandi búvörusamninga, afkomu, horfur og annað sem brennur á bændum.

Léttur hádegisverður á hádegisfundum og léttar kaffiveitingar á kvöldfundum.

Allir velkomnir. Tökum samtalið.

- **22. ágúst kl. 12**
Vesturland – Landnámssetið í Borgarnesi
- **22. ágúst kl. 20**
Vestfirðir – Stjórnsýsluhúsið á Ísafirði
- **23. ágúst kl. 12**
Norðvesturland – Hótel Laugarbakki
- **23. ágúst kl. 20**
Norðvesturland – Ljósheimar í Skagafirði
- **24. ágúst kl. 12**
Norðausturland – Hlíðarbær í Eyjafirði
- **24. ágúst kl. 19**
Norðausturland – Breiðamýri í Þingeyjarsveit
- **25. ágúst kl. 12**
Austurland – Bláin, Eiðavöllum 6
- **25. ágúst kl. 20**
Austur- og Suðausturland – Kirkjubæjarstofa á Kirkjubæjarklaustri
- **26. ágúst kl. 12**
Suðurland – Goðaland í Fljótshlíð
- **26. ágúst kl. 16**
Suðurland – Icelandair Hótel Flúðum

Bændasamtök Íslands er málsvari bænda og gæta hagsmuna þeirra í hvívetna. Sterk og öflug Bændasamtök eru lykillinn að því að rödd bænda heyrir skýrt og greinilega þegar teknar eru ákvarðanir um málefni þeirra. Meginmarkmið samtakanna er að beita sér fyrir bættri afkomu bænda, betri rekstrarskilyrðum í landbúnaði auk þess að miðla upplýsingum og sinna fræðslu til sinna félagsmanna. Þá halda Bændasamtökin úti einu mest lesna dagblaði landsins, Bændablaðinu, sem sent er endurgjaldslaust á öll lögbýli á Íslandi.

Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Bændasamtakanna, bondi.is

Fylgstu með samtölunum á bondi.is og bbl.is

 Facebook  Instagram – #hringferðbí